allt

Inga Björk Andrésdóttir:

*Hannar grifflur í stað vettlinga*

• tíska • ferðir • heimili

Í MIÐJU BLAÐSINS



Hús og garðar:

*Garðar, pallar, sumarhús, hellulagnir...*

Fylgir Fréttablaðinu í dag






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. apríl 2005 – 106. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

**FIMMTUDAGUR**



**SKOTINN MEÐ SKAMMBYSSU OG SKIPAÐ AÐ AFKLÆÐAST** Fórnarlambið og þeir sem verknaðinn frömdu hafa allir komið við sögu fíkniefnamála og er skotárásin talin tengjast fíkniefnaviðskiptum. **Sjá síðu 2**

**LANGSÓTTAR VANGAVELTUR** Forsætisráðherra segir vangaveltur Financial Times um að Íslendingar gætu opnað Evrópusambandinu neyðarleið út úr stjórnskipunarkreppu og boðist góð aðildarkjör fyrir vikið vera langsóttar. **Sjá síðu 4**

**SAGÐUR HAFA DREGIÐ SÉR 28 MILLJÓNIR** Verjandi Jóns Árna Rúnarssonar, fyrrverandi skólastjóra Rafiðnaðarskólans, sagði ekki hægt að sakfella hann fyrir fjárdrátt þó hann hefði ekki gefið tekjurnar upp til skatts. Jón Árni er ákærður fyrir að draga að sér 28 milljónir auk 450 þúsund króna skjalafals. **Sjá síðu 6**

**BLENDIN VIÐBRÖGÐ VIÐ PÁFAVALI** Val þýska kardinálans Josephs Ratzinger á páfastól vekur misjöfn viðbrögð um hinn kaþólska heim. Sumir óttast að ströng útlegging hans á kenningunni kunni að sundra frekar en sameina. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SUMARIÐ HEILSAR** með hægviðri og hlýindum. Bjartviðri norðaustan til, annars skýjað með köflum. Gæti dropað allra syðst og síðan vestan til síðdegis. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**SUMRI FAGNAÐ** Landsmenn fagna sumardeginum fyrsta í dag á ýmsan hátt. Skátar munu leiða skrúðgöngur, með aðstoð lúðrasveita og ekki er ólíklegt að einhverjir trúðar verði á ferð. Samkvæmt hinni íslensku hefð er þetta dagur elskenda, en vænta má að börnin leiki aðalhlutverkið.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 58 | Myndlist | 50 |
| Tónlist | 54 | Íþróttir | 42 |
| Leikhús | 50 | Sjónvarp | 60 |

**73%**

20-49 ára fólks á svhorninu lesa Fréttablaðið á laugardögum.*

Hver vill ekki fá þetta fólk í heimsókn í sína verslun?

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fjármál stjórnmálaflokka skoðuð

**Ríkisframlög til starfsemi stjórnmálaflokkanna hafa aukist um rúmar fjörutíu milljónir frá árinu 2000. Forsætisráðherra telur rétt að endurskoða löggjöf um fjármál flokkanna.**

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra vill á ný koma á fót nefnd fulltrúa stjórnmálaflokkanna sem hafi það verkefni að leggja mat á þörf fyrir lagaumbætur sem snerta fjármál stjórnmálaflokkana. Þetta kemur fram í skýrslu sem hann lagði fram á Alþingi í gær, en tilefni hennar er beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri þingmanna um skýrslu frá forsætisráðherra um fjárframlög til starfsemi stjórnmálaflokka, sem var lögð fram fyrr í vetur.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að opinberir styrkir til stjórnmálaflokka hafi aukist í 200 milljónir árið 2004 úr 136 milljónum árið 2000. Fyrirtæki og einstaklingar hafa samkvæmt lögum heimild til að draga frá tekjum sínum framlög til líknarstarfsemi, menningarmála og stjórnmálaflokka. Samkvæmt skýrslunni hefur fjöldi einstaklinga og fyrirtækja sem nýta sér þennan frádrátt meira en tvöfaldast á undanförnum sjö árum og upphæðin sem færð var til frádráttar á þessu tímabili hafði hækkað í liðlega 680 milljónir árið 2004 úr tæpum 200 milljónum árið 1998.

Í ljósi skýrslunnar telur forsætisráðherra rétt að taka til endurskoðunar ýmis atriði í löggjöf um fjármál stjórnmálaflokkanna. Hann telur jafnframt að þótt ákvæði stjórnarskrár sem fjallar um félagafrelsi feli í sér sérstaka vernd fyrir stjórnmálaflokkana sé ekki hægt að líta svo á að sú staðreynd girði fyrir að settar verði almennar reglur um fjármál og fjárreiður stjórnmálaflokka, enda samrýmist þær þeim sjónarmiðum sem lögð séu til grundvallar á alþjóðavettvangi.

**- jh**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Í SUMARLEIKJUM**
Þær Elín Edda Sigurðardóttir, Sylvía Lind Briem, Þórunn María Gissurardóttir og Nadia Ósk Ingadóttir voru ekkert að bíða eftir því að sumarið hæfist formlega til að leika sér í sólinni í Nauthólsvíkinni. Ekki er þó ólíklegt að börnin verði eitthvað fáklæddari eftir að sumarið verður komið fyrir alvöru með sól og sumaryl. Fréttablaðið óskar lesendum sínum gleðilegs sumars.

Einkareknu grunnskólarnir í Reykjavík fá meira fé:

# Fjórðungshækkun framlaga boðuð

**SKÓLAMÁL** Meirihluti Reykjavíkurlistans í menntaráði kynnti í gær tillögur um aukin framlög til einkarekinna grunnskóla. Formaður menntanefndar vonast til að sátt náist nú um málið en fulltrúi sjálfstæðismanna í nefndinni segir að ekki sé nægilega langt gengið með tillögunni.

Nái tillögurnar fram að ganga munu framlög á hvern nemanda í einkareknum grunnskólum hækka um fjórðung, úr rúmlega 330.000 krónum í 413.123 krónur. Meirihlutinn telur að með framlagi borgarinnar ásamt hóflegum skólagjöldum nemi tekjur skólanna á hvern nemanda svipaðri upphæð og meðalkostnaður á nemanda í borgarreknum grunnskóla.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, fulltrúi sjálfstæðismanna í menntaráði, segir að þótt í tillögunum felist ákveðin hækkun gangi þær ekki nógu langt. „Við teljum að öll börn eigi að fá sama framlag óháð því hvert þau sækja nám.“

Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs, bendir hins vegar á að forráðamenn allra einkareknu skólanna séu ánægðir með tillögurnar. „Ég vona að nú sé þessari framhaldssögu lokið. Nú segir maður bara gleðilegt sumar.“

**- shg**

*Gagnrýnendur ættu að óttast mig*

**Óskar Jónasson leikstýrir í fyrsta sinn á stóru sviði í leikhúsi.**

**SÍÐA 36**



*Eurovision í hálfa öld*

**Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva var haldin í fyrsta sinn.**

**SÍÐA 38**



The Sun:

## Rauðum reyk spúið

**BRETLAND** The Sun, mest lesna dagblað Bretlands, tilkynnti í gær að það myndi styðja Verkamannaflokkinn í kosningunum sem haldnar verða eftir tvær vikur. Blaðið tók sér kardinálana í Páfagarði til fyrirmyndar með því að blása rauðum reyk upp um sérsmíðan skorstein sem settur var upp á þaki höfuðstöðva blaðsins.

Stuðningur The Sun er Verkamannaflokknum afar mikilvægur en ekki verður sagt að hann komi á óvart.

Blaðið studdi flokkinn í síðustu kosningum og ljóst varð að það myndi styðja hann á ný eftir að Rupert Murdoch, eigandi þess, knúði Tony Blair forsætisráðherra til að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá Evrópusambandsins. ■

Ólga í Ekvador:

## Forsetanum bolað á brott

**QUITO, AP** Ekvadorþing samþykkti í gær að svipta Lucio Gutierrez, forseta landsins, völdum. Alfredo Palacio varaforseti hefur tekið við stjórnartaumunum í hans stað.

Róstusamt hefur verið í Ekvador að undanförnu og hafa andstæðingar Gutierrez ásakað hann um að reyna að sölsa undir sig öll völd í landinu.

Í gær sauð svo upp úr þegar kveikt var í stjórnarbyggingum í Quito og óeirðir brutust út. Þingið ákvað í kjölfarið að lýsa yfir vantrausti á Gutierrez og herinn dró stuðning sinn við hann til baka. Skömmu síðar bárust fregnir um að Gutierrez-hjónin hefðu reynt að flýja land og óskað eftir hæli í Panama. ■

Háskóli Íslands:

## Of margir nemendur

**HÁSKÓLI** Tvennt hefur haft afgerandi áhrif á fjárhag Háskóla Íslands undanfarin ár, að því er fram kemur í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Háskóla Íslands sem birt var í gær; annars vegar mikil fjölgun nemenda og hins vegar síhækkandi launakostnaður.

Aukin framlög ríkisins til skólans hafa ekki vegið upp á móti fjölgun nemenda nema að takmörkuðu leyti og eru nú um 500 fleiri nemendur við nám í skólanum en fjárlög gera ráð fyrir.

Þetta er meðal niðurstaðna ítarlegrar 117 síðna úttektar Ríkisendurskoðunar sem gerð var að beiðni menntamálaráðherra en kröfur Háskólans um meira fjármagn frá ríkinu hafa aukist undanfarin ár.

**- aöe**

**Sjá síðu 22**

Þingflokkur Framsóknarflokksins vill opinberar upplýsingar um fjárhag og eignir alþingismanna:

# Hagsmunatengsl þingmanna opinberuð

**STJÓRNMÁL** Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokks, sagði á Alþingi í gær að Framsóknarflokkurinn vildi setja reglur um fjárhag og eignir alþingismanna. Hún segir að tilgangur með slíkri upplýsingagjöf sé að auka trúverðugleika alþingismanna gagnvart almenningi og auka traust og virðingu fyrir störfum löggjafarvaldsins.

Fyrirspyrjandi um málið var Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, en hann spurði hvort ríkisstjórnin væri reiðubúin að opinbera stjórnunarleg og fjárhagsleg tengsl ráðherra við fyrirtæki eða sjóði.



**JÓNÍNA BJARTMARZ FRAMSÓKNARFLOKKI**
Þingmenn geri opinberlega grein fyrir hagsmunatengslum sínum.

Jónína segir að þingflokkur Framsóknarflokksins hafi nýverið sent forseta Alþingis bréf þar sem óskað sé eftir því að forsætisnefnd beiti sér fyrir því að reglur af þessu tagi verði settar, en þar til slíkar reglur verði settar geti þingflokkar stuðst við eigin reglur. Hún segir að málið verði líklega afgreitt frá þingflokki Framsóknarflokksins fyrir helgi.

Sem dæmi um atriði sem reglurnar geti náð til nefnir Jónína hlutabréfaeign þingmanna, aukastörf þeirra, sjálfstæða atvinnustarfsemi, séreignir þingmanna aðrar en hús, íbúðir eða sumarhús sem þeir nota og boðsferðir eða gjafir. Hún telur að reglurnar verði einnig að ná til maka þingmanna. **- jh**



## SPURNING DAGSINS

*Karl, geturðu staðið straum af kostnaðinum?*

**„Já, og án aðstoðar Straums.“**

Karl Wernersson og systkini hafa keypt meirihlutann í Sjóvá. Straumur fjárfestingarbanki er ekki sáttur við viðskiptin enda vildi hann sjálfur eignast Sjóvá.

Forsætisráðherra:

# Vill birta upplýsingar

**ALÞINGI** Einkavæðingarnefnd hefur borist erindi frá Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra um möguleika á því að birtar verði tillögur ráðgjafarfyrirtækisins Morgan Stanley um tilhögun á sölu Símans. Halldór lagði áherslu á það á Alþingi í gær að upplýsingar úr skýrslunni yrðu birtar opinberlega að því undanskildu að í henni væru trúnaðarupplýsingar gagnvart þriðja aðila sem ekki væri hægt að birta.

Forsætisráðherra upplýsti þetta í svari við fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur, þingmanni Samfylkingarinnar. Jóhanna taldi að forsætisráðherra bæri að skýra hvers vegna leynd hvíldi yfir skýrslu Morgan Stanley. **- jh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FJÓRIR Á SLYSADEILD** Um níuleytið í gærkvöld var ekið aftan á kyrrstæðan bíl í gjánni í Kópavogi. Tækjabíll og sjúkrabílar voru kallaðir á vettvang og fluttu fjóra á slysadeild. Meiðsli þeirra voru minniháttar.

**BRUNI Í HAFNARFIRÐI** Í gærkvöld kom upp eldur í húsi við Álfholt í Hafnarfirði. Húsráðendur réðu niðurlögum hans áður en slökkviliðið mætti á staðinn en hann kviknaði út frá eldavél.

**BÍLVELTA Á SNÆFELLSNESI** Bíll valt við Hoftún á Snæfellsnesvegi í gærdag og meiddust hjón sem voru í bílnum lítillega.

## SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

**BÚIÐ AÐ FINNA VEIRURNAR** Talsmaður Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar tilkynnti í gær að öll tilraunaglösin sem innihéldu skæða flensuveiru og voru send til tilraunastofa víða um heim í síðustu viku væru fundin. Aðeins ætti eftir að eyða fáeinum þeirra.

# Skotinn með skammbyssu og skipað að afklæðast

**Fórnarlambið og þeir sem verknaðinn frömdu hafa allir komið við sögu fíkniefnamála og er skotárásin talin tengjast fíkniefnaviðskiptum. Lögreglan segir neyslu fíkniefna fara vaxandi á Akureyri.**

**SKOTÁRÁS** Sautján ára piltur á Akureyri var skotinn að minnsta kosti ellefu skotum með loftskammbyssu seinni part föstudags. Gekkst hann undir aðgerð á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri daginn eftir þar sem fjarlægð voru tvö skot úr líkama hans; úr handarbaki og læri. Á mánudaginn handtók lögreglan á Akureyri tvo menn og við yfirheyrslu viðurkenndi annar maðurinn aðild sína en hinn var úrskurðaður í fimm daga gæsluvarðhald. Fórnarlambið tilkynnti ekki lögreglu um skotárásina, og vildi í fyrstu ekki upplýsa hverjir árásarmennirnir væru, en málið er talið tengjast viðskiptum með fíkniefni.

Daníel Snorrason, lögreglufulltrúi á Akureyri, vill ekki upplýsa hver tilkynnti um skotárásina en segir tilkynninguna hafa borist á laugardag og þá hafi lögreglan haft samband við piltinn. Samkvæmt frásögn piltsins tóku tveir menn hann upp í bifreið og óku með hann eins langt og þeir komust eftir gamla Vaðlaheiðarveginum, þar sem þeir skipuðu honum að fara út. Annar mannanna dró upp skammbyssu og skaut á piltinn sex skotum en síðan var honum skipað að afklæðast og að því búnu hélt maðurinn áfram að skjóta á hann.

Pilturinn var ekki í lífshættu eftir árásina en Daníel segir að illa hefði getað farið ef skotin hefðu hafnað í viðkvæmum stöðum líkamans og þá jafnvel ógnað lífi fórnarlambsins. „Þetta var mjög óhugnanleg aðför að ungum pilti og við lítum þetta mál afar alvarlegum augum. Við höfum orðið vör við aukna fíkniefnaneyslu á Akureyri upp á síðkastið og hætt er við að samhliða aukinni neyslu fylgi auðgunarbrot og jafnvel líkamsárásir,“ segir hann.

Gæsluvarðhaldskrafan byggist á 218. grein hegningarlaganna en þar segir meðal annars að ísvitandi líkamsárás sem leiði til líkamstjóns geti varðað allt að þriggja ára fangelsi.

**kk@frettabladid.is**




FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**GAMLI VAÐLAHEIÐARVEGURINN**
Piltinum var ekið eftir gamla Vaðlaheiðarveginum þar sem honum var skipað að afklæðast og skotið var á hann.




**LÖGREGLUSTÖÐIN Á AKUREYRI**
Þeim hluta rannsóknarinnar sem snýr að skotárásinni er lokið en lögreglan segir að verið sé að rannsaka hvernig skotárásin tengist viðskiptum með fíkniefni.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÞUNGUR Á BRÚN**
Bob Akitani er helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar. Hann sniðgengur fundinn í Níger þar sem Faure Gnassingbe, sonur Eyadema fyrrverandi forseta, reynir að semja við pólitíska andstæðinga sína.

Tógó:

# Allt í hnút í pólitíkinni

**LOMÉ, AP** Stríðandi fylkingar í tógóskum stjórnmálum reyna nú að setja niður deilur sínar á fundi í nágrannaríkinu Níger. Forsetakosningar verða haldnar í Tógó á sunnudaginn.

Ólga hefur verið í Tógó eftir að Gnassingbe Eyadema, einræðisherra til fjörutíu ára, andaðist í febrúar og sonur hans tók við völdum með stuðningi hersins. Vegna innlends og erlends þrýstings sagði hann af sér og boðaði til kosninga. Grunur leikur hins vegar á að brögð verði í tafli og því vilja stjórnarandstæðingar að kosningunum verði frestað.

Sjö manns létust í óeirðum í höfuðborginni Lomé um síðustu helgi. ■

## ÍSRAEL

**BROTTFLUTNINGUR FRÁ GAZA UNDIRBÚINN** Ísraelskir hermenn fluttu í gær nokkra gáma frá Gaza-ströndinni. Þetta eru fyrstu skref hersins í brottflutningi sínum frá svæðinu en vonast er til að honum verði lokið fyrir sumarlok. Ráðamenn Ísraela og Palestínumanna munu hittast í dag og ákveða hvernig brottflutningi ísraelskra landnema verður háttað.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Fyrirtæki um framleiðslu og dreifingu nýs dagblaðs:

# Nýtt fjölmiðlafélag stofnað

**FJÖLMIÐLAR** Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður og fyrrum forstjóri Norðurljósa, hefur stofnað hlutafélag um rekstur nýs fjölmiðlafyrirtækis ásamt Karli Garðarssyni, fyrrverandi fréttastjóra Stöðvar 2, og Steini Kára Ragnarssyni, fyrrverandi sjónvarpsstjóra á Popp Tíví.

Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra heitir nýja fyrirtækið Ár og dagur og er skráð sem fjölmiðlafyrirtæki til húsa að Bæjarlind í Kópavogi. Sigurður er skráður stjórnarformaður, Karl framkvæmdastjóri og Steinn Kári meðstjórnandi.

Sigurður sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær ekki hafa stofnað nýtt fyrirtæki. „Ég hef ekki stofnað neitt hlutafélag. Ég er bara lögfræðingur og hvað ég geri fyrir skjólstæðinga mína er trúnaðarmál,“ sagði hann.



**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON**
Stjórnarformaður í nýju hlutafélagi um rekstur fjölmiðlafyrirtækis sem nefnist Ár og dagur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stefna þremenningarnir að útgáfu nýs dagblaðs sem koma á út fimm daga vikunnar, þriðjudaga til laugardags. Því verður dreift frítt í um 75 þúsund eintökum á höfuðborgarsvæðinu. Þegar hafa verið ráðnir sölumenn á auglýsingadeild blaðsins, sem og fólk í umbrot og ljósmyndun.

Þegar Sigurður var spurður um það hvort hann væri að fara að gefa út dagblað svaraði hann: „Það hefur ekki verið rætt um það við mig.“

Steinn vildi ekki tjá sig um málið í gær. „Ég veit ekkert um þetta,“ sagði Steinn. Ekki náðist í Karl Garðarsson í gær.

**- sda**




# Sumarhátíð

## Dagskrá

**13.00 – 17.00** Sumarstemning á **Hard Rock** torgi: Risahoppkastali, andlitsmálun, tónlist fyrir káta krakka og fleira skemmtilegt!

**13.15** **Kalli á þakinu** kemur í stutta heimsókn

**14.00 – 16.00** Trúðarnir **Teddi og Trína** skemmta gestum á göngum Kringlunnar og gefa börnunum glaðning

**14.00 – 15.00** Skemmtilegur ratleikur

1. vinningur: 4 miðar á **Kalla á þakinu**
2.– 4. vinningur: 10 tíma kort í **Ævintýraland**
4.– 10. vinningur: 2 miðar á **Kalla á þakinu**

**14.00 – 17.00** Landslagsarkitektinn **Stanislas Bohic** gefur ráð til að gera garðinn að sumarparadís

Ævintýraland Kringlunnar

**Allir sem koma í Ævintýraland fá sumargjöf!**

**Gleðilegt sumar!**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 28119 04/2005

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 20.04.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,35 | 62,65 |
| Sterlingspund | GBP | 119,33 | 119,91 |
| Evra | EUR | 81,34 | 81,80 |
| Dönsk króna | DKK | 10,91 | 10,98 |
| Norsk króna | NOK | 9,92 | 9,98 |
| Sænsk króna | SEK | 8,85 | 8,89 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,59 |
| SDR | XDR | 94,58 | 95,14 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**111,93 -0,25%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Forsvarsmenn telja sig hafa farið að lögum:

# GT verktakar lagðir í einelti

**KÁRAHNJÚKAR** Forsvarsmenn GT verktaka segja fyrirtækið lagt í einelti af yfirtrúnaðarmanni starfsmanna Kárahnjúka, Vinnumálastofnun og verkalýðsfélögum.

Forsvarsmennirnir segja að þeim ofbjóði yfirlýsingar yfirtrúnaðarmannsins, Odds Friðrikssonar, í Fréttablaðinu í gær um aðbúnað tveggja lettneskra ríkisborgara sem átt hafi að starfa hjá fyrirtækinu. Mennirnir njóti sama aðbúnaðar og aðrir starfsmenn sem starfi á Kárahnjúkum.

„Við hjá GT verktökum teljum afskipti Odds yfirtrúnaðarmanns af fyrirtækinu vera orðin siðlaus og hafa skaðað fyrirtækið all verulega,“ segir í yfirlýsingu forsvarsmannanna. Alltaf sé talað um ólöglega starfsmenn þrátt fyrir að dómstólar hafi ekki skorið úr um hvort svo sé. Fyrirtækið telji sig hafa farið að lögum.

Starfsmenn sem búa í sama skála og lettnesku ríkisborgararnir segja mennina hafa það gott. Þeir fái sígaréttur og aðrar nauðsynjar. Mönnunum leiðist vissulega og grípi því stundum í verkin með starfsmönnunum Impregilo en aðeins að eigin vilja og án launa. - gag



**LETTNESKIR RÍKISBORGARAR Í HÉRAÐSDÓMI**
Héraðsdómur Austurlands setti tvo Letta í farbann á dögunum. Fyrirtækið sem réð þá segir að verkalýðsfélög verði að hugsa sinn gang. Erlendir starfsmenn séu vissulega á lægri launum en ekki ólöglegum launum.

Kínversk stjórnvöld:

## Hvetja fólk til stillingar

**PEKING, AP** Kínversk stjórnvöld hvöttu í gær almenning til að láta af mótmælum sínum sem staðið hafa yfir síðustu dægrin. „Tjáið ykkur á yfirvegaðan og skynsamlegan máta og umfram allt í samræmi við lög,“ sagði Li Zhaoxing utanríkisráðherra í ávarpi sínu til þjóðarinnar.



**SKEMMDARVERK**
Skemmdir voru unnar á japönsku ræðismannsskrifstofunni í Shanghai á sunnudaginn.

Kínverjar hafa mótmælt nýútkominni japanskri kennslubók þar sem fjöður er dregin yfir grimmdarverk Japana gegn Kínverjum. Þá leggjast þeir eindregið gegn áformum Japana um að fá sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Kofi Annan, framkvæmdastjóri SÞ, mun ræða við leiðtoga ríkjanna á fundi í Indónesíu um helgina. ■

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**INNBROT Í KÓPAVOGI** Brotist var inn í skemmu í Kópavogi í gær og bútasög stolið. Skemman var opin. Lögreglan hvetur fólk til að kaupa ekki þýfi af mönnum. Það ýti undir stuld.

**Á YFIR 130 KM HRAÐA** Ungur ökumaður var tekinn fyrir of hraðan akstur rétt utan við Hellu. Hann var á 131 kílómetra hraða þar sem leyfilegur hámarkshraði er 70. Hann var einn í bílnum. Lögreglan á Hvolsvelli tók einnig ferðamenn frá Spáni. Þeir voru á 139 kílómetra hraða á þjóðveginum. Lögreglan segir að þeir hafi sagst ekki vita hver hámarkshraðinn væri.

# Langsóttur leiðari

**Forsætisráðherra segir vangaveltur Financial Times um að Íslendingar gætu opnað Evrópusambandinu neyðarleið út úr stjórnskipunarkreppu og boðist góð aðildakjör fyrir vikið vera langsóttar.**

**STJÓRNMÁL** „Ég tel þennan leiðara Financial Times afskaplega langsóttan,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, spurður um mat sitt á vangaveltum breska stórblaðsins um að ein hugsanleg leið út úr þeirri kreppu sem Evrópusambandið myndi lenda í ef stjórnarskrársáttmáli þess yrði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu væri sú að „smygla“ nokkrum helstu atriðum sáttmálans inn í aðildarsamning við Ísland. Frakkar greiða atkvæði um sáttmálann í lok maí og samkvæmt skoðanakönnunum hyggst meirihluti franskra kjósenda hafna sáttmálanum.

„Ég hef ekki trú á því að þetta sé veruleikinn,“ segir Halldór. „Hins vegar finnst mér mjög gott að það skuli vera vakin athygli á sjónarmiðum Íslands, sem hefur vantað upp á að væru rædd innan Evrópusambandsins. Við höfum mikla sérstöðu að því er varðar sjávarútveg og fiskveiðar svo að ég tel að þessi leiðari sé af hinu góða, að því leytinu til að hann vekur athygli á aðstæðum Íslendinga. En ég hef ekki trú á því að menn fari að vinna mál sem þetta á þessum grundvelli,“ segir forsætisráðherra.

Að sögn Halldórs verður hins vegar mjög spennandi að fylgjast með úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Frakklandi. Þau muni hafa mikil áhrif á Evrópusambandið.

„Mér sýnist vera útséð með það að Evrópusambandið verði nokkru sinni Bandaríki Evrópu,“ ályktar Halldór. „Mér finnst vera að koma alltaf betur í ljós að Evrópusambandið er og verður samtök þjóðríkja. Og ég er mjög ánægður með þá þróun,“ segir hann.

Spurður hvort þessi þróun þýði að reikna megi með því að samstarfið innan ESB muni í framtíðinni skiptast í „harðan kjarna“ landa sem eiga nánari samvinnu en önnur aðildarríki svarar Halldór því játandi. „Það er alveg ljóst að samstarf milli einstakra ríkja er að aukast. Þannig er samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna að eflast. Og síðan samstarf þeirra við ákveðin ríki í Evrópu eins og til dæmis Þýskaland og Pólland. Þannig að það eru að myndast svona kjarnar innan Evrópusambandsins. Ég tel að það sé af hinu góða. Við höfum alltaf verið hluti af norrænum kjarna. Það viljum við vera, norræn þjóð sem á samleið með hinum Norðurlöndunum. Mér finnst þetta vera þróun sem er með þeim hætti sem ég hefði viljað sjá fyrir nokkrum árum. Þetta er þróun sem ég tel vera hagfellda Íslendingum,“ segir Halldór Ásgrímsson.

audunn@frettabladid.is



**ER OG VERÐUR SAMTÖK ÞJÓÐRÍKJA**
Nær útséð með að Evrópusambandið verði nokkurn tímann að Bandaríkjum Evrópu, segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Norsk börn:

## Fimmtungur er of feitur

**NOREGUR** Um tuttugu af hundraði norskra barna eiga við offitu að stríða. Auk þess hefur meðalþyngd þeirra aukist mjög á síðari árum.

Þetta kom fram þegar nýjar rannsóknir sem gerðar hafa verið í Björgvin í Noregi voru kynntar. Samkvæmt þeim rannsóknum eru þyngstu börnin fimm til sjö kílóum þyngri í dag en þau voru á áttunda áratug síðustu aldar.

Pétur B. Júlíusson, yfirlæknir við barnadeild Háskólasjúkrahússins í Haugalandi, segir í samtali við norska Aftenposten að heilsufari norskra barna sé verulegt hætta búin verði ekkert að gert til að stemma stigu við þessari þróun.

Þessi þróun er sýnu verst í Bandaríkjunum þar sem óttast er að næsta kynslóð muni lifa mun skemur, vegna offitu. ■

### DANMÖRK

**CLARK OLOFSSON LAUS Á NÝ** Einn þekktasti bankaræningi Norðurlanda, Svíinn Clark Olofsson, verður látinn laus úr fangelsi í Danmörku á næstunni. Olofsson, sem reyndar heitir núorðið Daniel Demuynck og er belgískur ríkisborgari, hefur setið bak við lás og slá lungann úr ævinni fyrir margs konar afbrot.

### REYKJAVÍK

**SKRÁÐ Í VINNUSKÓLANN** Skráning fyrir unglinga sem sækjast eftir vinnu hjá Vinnuskóla Reykjavíkur nú í sumar er hafin. Störfin eru fyrir unglinga sem nú eru í 8., 9. eða 10. bekk í Reykjavík. Skráning fer fram á heimasíðu Vinnuskóla Reykjavíkur á netinu: www.vinnuskoli.is og stendur til 30. apríl. Allir sem skrá sig á réttum tíma geta reiknað með vinnu.






## Veðrið

**SUMARIÐ KOMIÐ!!** Já, og það bæði á dagatalinu og þegar litið er til veðurs. Hefst á hægviðri um allt land og mildu veðri. **HVAR VERÐUR MESTA SÓLIN?** Hún mun væntanlega skína hvað skærast á Norðaustur- og Austurlandi og jafnvel einnig á Vestfjörðum og þá fyrripartinn. Annars staðar verður meira af skýjum. **RIGNIR EINHVERS STAÐAR?** Horfurnar eru hverfandi. Þó gæti dropað með suðurströndinni og síðan seinnipartinn vestantil á landinu og þar með í höfuðborginni.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag, sumardaginn fyrsta




### Á morgun




Hægviðri. Hætt við þokulofti með ströndum, einkum sunnan til.

### Laugardagur




Hægviðri. Hætt við þokusúld með ströndum, einkum sunnan til.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C | skýjað | París | 14°C | skýjað | Torrevieja | 23°C léttskýjað |
| Osló | 10°C | léttskýjað | Berlín | 9°C | léttskýjað | Milano | 14°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 8°C | léttskýjað | Frankfurt | 11°C | skýjað | New York | 16°C léttskýjað |
| Helsinki | 3°C | skýjað | Madrid | 16°C | skýjað | San Francisco | 20°C léttskýjað |
| London | 14°C | skýjað | Barcelona | 17°C | skýjað | Orlando/Florida | 29°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Sumarvöndur og glervasi

999 kr.



Rósavöndur og glervasi

999 kr.

Vordagar

Sýpris 100 sm



799 kr.

Útsæði 5 kg



599 kr.

Verð áður 775 kr.

Vorlaukar



40% afsláttur

Fræ



SUMARGLEÐI



Ís

99 kr.

Gildir í Sigtúni

blómaval

HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 28099 4/2005




## KJÖRKASSINN

*Eiga Samfylkingin og Vinstri grænir að sameinast?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 36% |
| Nei | 64% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*List þér vel á nýjan páfa?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Útflutningsverðlaun forseta Íslands:

# KB banki verðlaunaður

**VERÐLAUN** Ólafur Ragnar Grímsson afhenti í gær Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni KB banka, og Hreiðari Má Sigurðssyni forstjóra útflutningsverðlaun forseta Íslands.

Þetta er í sautjánda sinn sem útflutningsverðlaunin eru veitt en útflutningsráð Íslands hefur veg og vanda af athöfninni og valinu.

Valur Valsson, fyrrverandi bankastjóri Íslandsbanka, var formaður nefndarinnar sem úthlutaði verðlaununum í ár. „Kaupþing banki fær verðlaunin fyrir þann árangur sem fyrirtækið hefur á skömmum tíma náð á þróuðum mörkuðum erlendis. Fyrirtækið fer fremst í öflugri útrás íslenskra fjármálafyrirækja og hefur vakið athygli fyrir framsækinn og arðbæran rekstur. Djörfung og dugur einkenna fyrirtækið, starfsmenn þess og stjórnendur," er haft eftir honum í fréttatilkynningu.

Meðal fyrirtækja sem áður hafa hlotið verðlaunin eru Bláa lónið, Samherji, Bakkavör, Flugfélagið Atlanta, SÍF, Eimskip, Össur, Flugleiðir, Marel og SH.

- þk


FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**TAKA VIÐ VERÐLAUNASKJALI**
Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri og Sigurður Einarsson stjórnarformaður taka við viðurkenningarskjali úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands.


Taktu helgina
með Hertz tilboði





Toyota Land Cruiser

16.900 kr.
Innifalið: 3 dagar, 500 km akstur og kaskótrygging.
Tilboðið gildir til 30. apríl 2005

Láttu ekki áætlanir helgarinnar stranda á bílnum. Við höfum bílinn sem hentar þínum þörfum á lægra verði en þig grunar. Tilboðsverð miðast við að þú sækir bílinn á föstudegi og skilir honum á mánudagsmorgni. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki.
Hafðu samband, Hertz hjálpar þér áfram.

ICELANDAIR Vildarklúbbur
icelandair.is/vildarklubbur

Hertz
50 50 600 • hertz@hertz.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 27925 04/2005







# Sagður hafa dregið sér 28 milljónir

**Verjandi Jóns Árna Rúnarssonar, fyrrum skólastjóra Rafiðnaðarskólans, sagði ekki hægt að sakfella hann fyrir fjárdrátt þó hann hefði ekki gefið tekjurnar upp til skatts. Jón Árni er ákærður fyrir að draga að sér 28 milljónir auk 450 þúsund króna skjalafals.**

**DÓMSMÁL** Rúmum þremur árum eftir að forsvarsmenn Rafiðnaðarskólans ákváðu að víkja skólastjóranum, Jóni Árna Rúnarssyni, úr starfi og sögðu hann hafa dregið að sér tugi milljóna hillir undir lok málsins. Það var tekið fyrir í Hæstarétti í gær.

Krafist er þyngri dóms en fyrir héraði þar sem Jón var um mitt síðasta ár sýknaður af 29 milljóna fjárdrætti en sakfelldur fyrir 450 þúsund króna skjalafals. Upphæðin hefur verið lækkuð milli dómsstiganna um tæp 900 þúsund. Allt sem fallið gat undir verktakagreiðslur og laun voru afmáð úr ákærunni.

Ríkissaksóknari, Bogi Nilsson, rakti að Jón Árni hefði tekið sér laun út af reikningi Eftirmenntunar rafeindavirkja frá árinu 1994. Á þeim tíma hafi nýtt fyrirkomulag ætlað Rafiðnaðarskólanum einum að greiða launin. Hann sagði Jón Árna hafa verið ráðinn til að sjá um fjármál sjóðsins og því væri ekki hægt að draga nefnd hans til ábyrgðar þó eftirlit hennar hefði ekki verið gott. Hefði Jón Árni mátt færa peningana til eins og hann gerði hefði hann átt að halda utan um færslurnar. Það hefði hann ekki gert. Ríkissaksóknari sagði Jón Árna hafa notið trausts, nefndarmenn hefðu talið hann afbragðsstarfsmann og í skjól þess hefði hann dregið að sér féð.

Verjandi Jóns Árna, Reimar Pétursson, fellst ekki á sakirnar sem bornar eru á Jón og krefst sýknu. Hann sagði ákæruvaldið eiga á brattann að sækja þar sem mál Jóns Árna hefði áður komið fyrir Hæstarétt árið 2002. Þá hefði nefndin óskaði eftir því að Jón Árni yrði tekinn til gjaldþrotaskipa og greiddi skuld sína við sjóðinn eftir að málið vannst í einkarétti. Hæstiréttur hefði sýknaði Jón Árna þrátt fyrir að ljóst væri að hann hefði ekki gefið tekjur sínar upp til skatts eða gengið frá ársskýrslum sjóðsins. Engin ný gögn eða sannanir ættu að breyta niðurstöðu dómsins nú. Ekkert sannaði að launagreiðslur frá Endurmenntunarsjóðnum hefðu ekki átt að berast Jóni sem fyrr frá árinu 1994 eins og haldið væri fram.

Einkamál á hendur Jóni Árna verður tekið fyrir um miðjan maí.

gag@frettabladid.is

> Fyrir Hæstarétti í gær var rakið að Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, hefði harmað að enginn ráðningasamningur hefði verið undirritaður við fyrrum skólastjóra Rafiðnaðarskólans. Hefði það verið gert væri ljóst hvert starfssvið skólastjórans hefði verið. Rafiðnaðarsambandið hefði barist fyrir því að fyrirtæki gerðu slíka samninga kæmu upp mál sem þetta en forkólfar þess ekki staðið sig í þeim efnum.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VERJANDI OG SAKBORNINGUR**
Jón Árni varð framkvæmdastjóri Eftirmenntunar rafeindavirkja árið 1987 og skólastjóri Rafiðnaðarskólans árið 1994. Hann var einnig skólastjóri Viðskipta- og tölvuskólans og Margmiðlunarskólans með rétt rúmar tvær milljónir í laun á mánuði að eigin sögn en tólf hundruð þúsund að mati vinnuveitendanna.

Bandarísk stjórnvöld banna fólki að að fljúga til Bandaríkjanna:

# Yfir 30 þúsund manns á svörtum fluglista

**FLUGBANN** Fjöldi þeirra sem bandarísk yfirvöld hafa sett á svartan lista og fá ekki að fljúga til Bandaríkjanna hefur vaxið um ellefu þúsund manns á hálfu ári.

Alls eru nú 31 þúsund manns á þessari skrá bandarískra yfirvalda og nær bannið ekki eingöngu til þeirra sem ætla til Bandaríkjanna heldur gildir það einnig um flugvélar sem fljúga um bandaríska lofthelgi. Þannig varð vél frá hollenska flugfélaginu KLM á leið frá Amsterdam til Mexíkó að snúa við á dögunum þegar hún var komin til Kanada. Ástæðan var sú að um borð voru bræður frá Sádí-Arabíu sem tekið höfðu flugmannspróf frá sama flugskóla í Arizona og nokkrir þeirra sem rændu vélunum sem flogið var á tvíburaturnana í New York í september 2001.

Bandarísk stjórnvöld halda þessum svarta lista til streitu, þrátt fyrir að ítrekað hafi komið fram að upplýsingar um fólk á listanum séu bæði rangar og óáreiðanlegar.

- ssal




**HRYÐJUVERKAÓGN**
Eftir árásirnar á New York 2001 hefur stöðugt fjölgað á listum bandarískra stjórnvalda yfir þá sem meinað er að koma til Bandaríkjanna.

# Opið í dag

# 20% afsláttur

af öllum **PROSTYLE** hjólum **í dag**







Sumargjafir í úrvali

**399** kr

**Sandsett** 5 hlutir



TILBOÐ

**1.999** kr/stk

Verð áður 2.999,-

**Grillpanna,** grillaðu fitusnauðari mat á pönnunni. Pannan sem slegið hefur í gegn í Evrópu.

STERLING

## Sterling 2588

- Brennari: 13.2kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 3903cm$^2$
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



**4.499*** kr

**á mánuði í 12 mánuði**

Verð 53.988,-
verð áður 59.900,-

**FRÍ HEIMSENDING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Grillaðu um helgina á **Sterling 2588**




**30%** afsláttur við kassa

TILBOÐ

**1.467** kr/kg

Merkt verð 2.095,-

**Holta** ferskar **Kjúklingalundir**

Gildir 21. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

Utanríkisráðherrafundur NATO:

# Bandalagið horfir í austurveg

**NATO** Utanríkisráðherrar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins ræddu í gær framtíðarhlutverk þess í Vilníus í Litháen en fundinum lýkur síðar í dag. Nánari tengsl við Rússland og Úkraínu, svo og aðkoma að friðarferlinu fyrir botni Miðjarðarhaf eru á dagskránni.

Ráðherrarnir hittast af og til á óformlegum fundum eins þeim sem fram fer nú í Vilníus og því verða engar formlegar ákvarðanir teknar þar. Engu að síður fer þar fram mikilvæg stefnumótun sem síðar er fest í sessi.

Meðal mála sem eru á dagskránni er aukið hlutverk NATO utan síns hefðbundna áhrifasvæðis og horfa menn einkum til Mið-Austurlanda í því sambandi. Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri bandalagsins, lagði hins vegar áherslu á í viðtali við blaðamenn að NATO sendi tæpast herlið til Palestínu heldur yrði um annars konar stuðning að ræða.

Frekari tengsl NATO við Evrópusambandið verða jafnframt rædd svo og nánara samstarf við Rússland og Úkraínu án þess þó að um aðild þessara landa verði að ræða.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra er fulltrúi Íslands á fundinum. **-shg**



MYND/AP

**SLEGIÐ Á LÉTTA STRENGI**
Condolezza Rice utanríkisráðherra Bandaríkjanna hitti Sergey Ivanov rússneskan starfsbróður sinn í Moskvu í gær. Ivanov mun svo ræða við utanríkisráðherra NATO-ríkjanna í Vilníus í dag

# Blendin viðbrögð við páfavali

## Val þýska kardinálans Josephs Ratzinger á páfastól vekur misjöfn viðbrögð um hinn kaþólska heim. Sumir óttast að ströng útlegging hans á kenningunni kunni að sundra frekar en sameina.

**PÁFAKJÖR, AP** Benedikt XVI páfi hét því í gær, á fyrsta vinnudeginum eftir kjörið á þriðjudag, að vinna markvisst að því að sameina alla kristna menn, rétta öðrum trúarbrögðum sáttahönd og halda áfram að hrinda í framkvæmd umbótum á kaþólsku kirkjunni.

Er hinn nýi páfi kynnti stefnumál sín í ávarpi á latínu til kardinálanna í Páfagarði lagði hann sérstaka áherslu á að hann myndi leitast við að starfa áfram í anda forvera síns, Jóhannesar Páls II, sem hann kallaði raunar „hinn mikla“ í fyrsta ávarpinu sem hann flutti eftir kjörið.

Það er einmitt þessi vissa um að hinn nýi páfi hyggist fylgja mjög ákveðið fram sömu stefnu og fyrirrennarinn sem veldur því að viðbrögðin við kjöri hans hafa verið misjöfn. Gleði meðal kaþólskra um allan heim yfir því að kirkjan hefði eignast nýjan leiðtoga blandaðist áhyggjum af því að maðurinn sem valdist til starfans, íhaldssami þýski kardinálinn Joseph Ratzinger, kynni að valda frekari flokkadráttum innan kirkjunnar er hún stendur frammi fyrir áskorunum á borð við æ minnkandi áhuga fólks í ríkari löndum á að tengjast starfi kirkjunnar, „landvinningum“ mótmælendasöfnuða á borð við söfnuði sjónvarpspredikara, einkum í Rómönsku Ameríku, þrýstingi á að hún taki upp jákvæðari afstöðu til notkunar getnaðarvarna vegna eyðnifaraldursins, og þannig mætti lengi telja.

„Hann gæti reynst sundrungar- frekar en sameiningarafl,“ hefur AP-fréttastofan eftir séra Thomas Reese, ritstjóra bandaríska jesúítaritsins America.

Í heimalandi hins nýja páfa sögðu bæði kanslarinn Gerhard Schröder og forsetinn Horst Köhler að Þjóðverjum væri heiður að því að landi þeirra skyldi hafa valist á páfastól. En viðbrögðin meðal kirkjunnar manna og almennings skiptust mjög í tvö horn.

„Þetta getur ekki verið satt,“ sagði kaþólsk húsmóðir frá Bæjaralandi, uppvaxtarhéraði páfa, sem var mætt á Péturstorgið til að fylgjast með páfakjörinu. „Ég hafði svo innilega vonað að við myndum eignast góðan páfa sem myndi gera eitthvað fyrir konur ... þetta er hræðilegt!“ **aa**




MYND/AP

**LESIÐ UM PÁFAKJÖR**
Vegfarendur í bænum Onitsha í Nígeríu lesa um kjör Benedikts XVI páfa í gær. Kaþólskir Afríkumenn bundu vonir við að nígerískur kardináli yrði páfi en tóku þó valinu vel, enda hallast þeir til íhaldssemi í kirkjunnar málum.



**BENEDIKT XVI**
Síðan árið 1730 hefur páfi ekki verið eins gamall og nú þegar hann var kjörinn. Benedikt XVI er 78 ára.

## Kennimannsferill sem leiddi til páfadóms

Benedikt XVI páfi, fæddur sem Joseph Ratzinger, hóf að klífa metorðastigann innan kaþólsku kirkjunnar í prestaskóla í heimabæ sínum í Bæjaralandi og síðan með ævistarfi sem guðfræðingur.







AP


# Töfrandi smáréttur

– fyrir vini og vandamenn



## Kryddað lambakjöt með lárperum

6–700 g lambahryggvöðvi (file)
1 msk. engifer, rifið eða saxað smátt
2 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
2 tsk. kummin, malað
2 tsk. kóríanderfræ, möluð
1/2 tsk. chilipipar (eða eftir smekk)
salt
1 msk. olía

2 lárperur, vel þroskaðar
1 rauð paprika, stór
1 rauðlaukur
1 chilialdin, rautt eða grænt
safi úr 2 límónum
fersk kóríanderlauf
nýmalaður pipar

Kryddinu blandað saman og núið vel inn í lambið. Látið standa í hálfa til eina klukkustund. Olían hituð á pönnnu og kjötið saltað svolítið og steikt við góðan hita þar til það er brúnað á öllum hliðum; lengur ef það á að vera steikt í gegn. Tekið af pönnunni, álpappír breiddur yfir og látið standa í nokkrar mínútur.

Lárperurnar afhýddar og skornar í litla teninga. Paprikan fræhreinsuð og söxuð. Rauðlaukurinn skorinn í fjórðunga og þeir síðan í þunnar sneiðar. Chilialdinið fræhreinsað og skorið í örþunnar sneiðar og kóríanderlaufin söxuð. Öllu blandað saman á fati ásamt límónusafa og síðan er kjötið skorið í þunnar sneiðar á ská og sett í hrúgu ofan á. Pipar malaður yfir og skreytt með kóríanderlaufi.

Fíton/SÍA FI011955

lambakjöt – léttur réttur
Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is



# Ánægjulegt sumar framundan

Samkvæmt mælingum á ánægju viðskiptavina eru viðskiptavinir Sparisjóðsins þeir ánægðustu í öllu bankakerfinu, sjötta árið í röð. Sparisjóðurinn óskar viðskiptavinum sínum sem og landsmönnum öllum ánægjulegs sumars!

SPARISJÓÐURINN

*– fyrir þig og þína*

Fíton/SÍA

**Sexfaldur sigurvegari** | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | **spar.is**







Flutningur opinberra starfa til Eyjafjarðar:

# Stjórnvöld ekki staðið við stóru orðin

**RÍKISSTÖRF** Fjölga þarf opinberum störfum í Eyjafirði um 330 ef þau eiga að vera hlutfallslega jafn mörg og á höfuðborgarsvæðinu. Halldór Ragnar Gíslason, verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, segir að þrátt fyrir fögur fyrirheit hafi stjórnvöld ekki staðið við að flytja opinber störf og verkefni til Akureyrar. „Frá því í fyrra hefur opinberum störfum í Eyjafirði fækkað um níu og við sjáum ekkert sem bendir til að þeim sé að fjölga í bráð. Hagstofu Íslands mætti auðveldlega flytja í heild sinni til Akureyrar en þar er nú 121 starfsmaður,“ segir Halldór.

Atvinnuþróunarfélagið hefur gefið út samanburðarskýrslu um fjölda ríkisstarfa á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði og þar kemur fram að 90 prósent ríkisstarfa sem tengjast sjávarútvegi eru á höfuðborgarsvæðinu en aðeins 4,6 prósent í Eyjafirði. „Það eru ótrúlega fá opinber störf í Eyjafirði sem tengjast sjávarútvegi og annarri matvælavinnslu en þar eiga þau vel heima. Einnig væri hægt að flytja hingað stofnanir eins og Iðntæknistofnun og Orkustofnun,“ segir Halldór. **- kk**


FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**HALLDÓR RAGNAR GÍSLASON**
„Fjármálaráðuneytið gæti flutt til Akureyrar ýmsar stofnanir sem annast gagnavinnslu ef vilji væri fyrir hendi,“ segir Halldór.



**MORÐ Í STOKKHÓLMI**
Sænska lögreglan rannsakar nú þrjú morð í Stokkhólmi og nágrenni þar sem líkamsleifar fórnarlamba hafa fundist á víðavangi.

# Lík finnast á víðavangi

## Talið vera tilviljun að þrjú lík hafa fundist á víðavangi í og við Stokkhólm að undanförnu. Búið að bera kennsl á tvö líkanna. Ekki talið að samband sé milli morðanna.

**SVÍÞJÓÐ** Sænska lögreglan rannsakar nú þrjú óhugnanleg morðmál þar sem líkum fórnarlambanna hefur verið fleygt á víðavangi. Búið er að bera kennsl á tvö líkanna. Ekkert samband er talið vera milli morðanna.

Fyrsta líkið fannst sundurhlutað í mörgum hlutum í miðborg Stokkhólms um síðustu mánaðamót. Líkamshlutunum hafði verið pakkað inn í plast og þeim fleygt í sjóinn. Erfiðlega hefur gengið að bera kennsl á líkið en nú er staðfest að það er af 46 ára gömlum Stokkhólmsbúa af sænskum uppruna. Maðurinn var útigangsmaður og ljóst að banamein hans var höfuðhögg. Ekki er vitað hversu langt er síðan maðurinn var myrtur né heldur hefur neinn verið handtekinn í sambandi við morðið.

Hin líkin tvö fundust í nágrenni Stokkhólms í byrjun vikunnar, annað á skógarsvæði við bæinn Gnesta skammt sunnan við borgina og hitt á svæði sem heitir Norsborg sem er vinsælt útivistarsvæði sunnan Stokkhólms.

Líkið sem fannst við Gnesta var innpakkað í plast líkt og líkið sem fannst í Stokkhólmi. Það fannst í heilu lagi og er af 49 ára gömlum manni af kúrdískum uppruna sem hvarf í desember á síðasta ári og hefur verið leitað. Hann er tengdur mönnum í forystu kúrdíska verkamannaflokksins PKK, þannig að lögreglan útilokar ekki að morðið eigi sér pólitískan bakgrunn. Aukinheldur hefur maðurinn ítrekað verið dæmdur fyrir ofbeldisglæpi.

Þriðja líkið sem fannst í gröf við Norsborg var höfuðlaust og hefur lögreglu ekki tekist að skera úr um hvort það er að konu eða karli. Reyndar var beinagrindin ein eftir af líkinu þannig að talið er að langt sé um liðið síðan viðkomandi var myrtur. Beinist rannsóknin að mannshvörfum á svæðinu og hefur lögregla sérstaklega beint sjónum sínum að manni sem hvarf fyrir ellefu árum.

Morð er framið í Stokkhólmi um það bil þriðja hvern dag.

**ssal@frettabladid.is**

Ódæðisverkin í Írak halda áfram:

# Lík gíslanna frá Madain fundin

**BAGDAD, AP** Fimmtíu lík hafa fundist í fljótinu Tígris í Írak undanfarna daga og eru þau talin vera af mönnum sem teknir voru sem gíslar í liðinni viku. Tugir manna liggja í valnum eftir ódæði gærdagsins.

Jalal Talabani, forseti Íraks, segir að kennsl hafi verið borin á líkin fimmtíu sem fundust í Tígris, en þau eru af gíslunum sem teknir voru í bænum Madain í liðinni viku. Þegar íraskar öryggissveitir komu til bæjarins á sunnudaginn fundust hvorki gíslar né uppreisnarmenn og því töldu margir að gíslatakan hefði aldrei farið fram heldur hefði uppákoman verið áróðursbragð sjía. Nú hefur annað komið á daginn.

Þá fundust í gær sundurskotin lík 19 Íraka sem höfðu verið tekin af lífi á fótboltaleikvangi í bænum Haditha, norðvestur af höfuðborginni. Talið er að hinir látnu hafi verið hermenn sem voru á heimleið til að fagna afmælisdegi Múhameðs spámanns en ekki hafa fundist nein skilríki á þeim sem benda til þess að svo sé.

Sjö manns biðu bana þegar þrjár sprengjur sprungu í Bagdad með stuttu millibili í gærmorgun. Þá létust þrír í skotárásum víða um land. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**JALAL TALABANI**
Forsetinn var þungur á brún þegar hann tilkynnti að kennsl hefðu verið borin á líkin úr Tígris.

# FERÐALANGUR Á HEIMASLÓÐ



## SKEMMTIFERÐIR Á HEIMASLÓÐ

Skoðunarferðir með hópferðabílum um höfuðborgarsvæðið.

*Hversu vel þekkir þú þína heimaslóð? Komdu í fræðandi skemmtiferð í jaðri höfuðborgarsvæðisins í hópferðabíl og lærðu um leyndardóma Hellisheiðar, Bláfjöllin í allri sinni dýrð og Heiðmörk, vatnsból og hafnfirska álfa. Útskriftarnemar Leiðsöguskóla Íslands sjá um leiðsögn á íslensku. Frábær leið til að kynnast spennandi stöðum í nágrenni borgarinnar. Blöðrur handa börnum í Skemmtiferðum á heimslóð.*

***Hver ferð er um það bil tvær og hálf klukkustund.***

### Bláfjöll í allri sinni dýrð
**með Teiti Jónassyni ehf. og Guðmundi Jónassyni ehf.**

**Brottför** frá Þjóðminjasafni (bílastæði) kl. 11.00 og 14.00.
**Brottför** frá Mjóddinni, (skiptistöð Strætó), kl. 11.15 og 14.15.

Ekið út úr borginni upp í Bláfjöll með viðkomu í Árbæjarsafni og stuttri leiðsögn þar. Leiðsögumaður leiðir hópinn um dýrð Bláfjalla, allt frá gígnum formfagra Eldborg, niður í heillandi hella og upp á hæsta punkt fjallana í 702 m hæð. Farið er upp með Kónginum, nýju skíðalyftunni sem opnuð var rétt fyrir páska. Í góðu skyggni er útsýni allt frá Snæfellsjökli í vestri til Eyjafjalla og Heklu í austri. Eftir að komið er niður er boðið upp á kjötsúpu og kaffi í Bláfjallaskála.

Verð 500 kr. á mann, ókeypis fyrir börn undir 16 ára.

### Leyndardómar Hellisheiðar
**með Allrahanda og Hópferðamiðstöðinni-Vestfjarðaleið**

**Brottför** frá Þjóðminjasafni (bílastæði) kl. 11.00 og 14.00.
**Brottför** frá Mjóddinni (skiptistöð Strætó) kl. 11.15 og 14.15.

Ekið austur að Þrívörðum á Hellisheiði. Þaðan er haldið í 1,5 klst. göngu um hluta af gömlu vörðuðu þjóðleiðinni yfir Hellisheiði með meira en 1000 ára gömlum hófaförum. Áð í Hellukofanum, sérstæðasta sæluhúsi landsins og á Gígum þar sem er upplýsingaskilti frá OR um framkvæmdir við Hellisheiðarvirkjun. Gengið um Hellisskarð, hjá Búasteini sem Búi Andríðsson, Esjufóstri varðist Kolviði á Vatni eins og segir í Kjalnesingasögu. Göngunni lýkur á þeim fornfræga áningarstað Kolviðarhóli þar sem farið er í rútuna.

Verð 500 kr. á mann, ókeypis fyrir börn undir 16 ára.

### Heiðmörk, vatnsból og hafnfirskir álfar
**Með Hópbílum hf. og Kynnisferðum**

**Brottför** frá Þjóðminjasafni (bílastæði) kl. 11.00 og 14.00.
**Brottför** frá Mjóddinni, (skiptistöð Strætó), kl. 11.15 og 14.15.

Útivistarparadísin Heiðmörk í jaðri höfuðborgarsvæðisins er fyrsti áfangastaðurinn en þar lítum við á Gvendarbrunna, vatnsból Reykvíkinga, en förum síðan suður að Maríuhellum við Vífilsstaðahlíð. Haldið að Kaldárseli, kennt við Kaldá stystu á landsins er kemur úr Kaldárbotnum með vatnsbóli Hafnfirðinga. Stutt ganga um svæðið áður en ekið er inn í Hafnarfjörð þar sem ferðalangar þiggja kaffi og kleinur í Þjónustuverinu fyrir göngu í einn sérstæðasta skrúðgarð landsins, Hellisgerði. Þar búa álfar og aðrar huldar vættir í klettum eins og sagt verður frá áður en haldið er til baka.

Verð 500 kr. á mann, ókeypis fyrir börn undir 16 ára.

## MENNINGARTENGD FERÐAÞJÓNUSTA

**Árbæjarsafn v/Kistuhyl**
Leiðsögn um Árbæjarsafn.
Leiðsögn kl. 11.30 og kl. 14.30. Aðgangur ókeypis.

**Ásmundarsafn - Listasafn Reykjavíkur, v/Sigtún**
Ásmundur Sveinssson - Maður og efni.
Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns.
Frá kl. 13.00 - 16.00. Aðgangur ókeypis.

**Byggðasafnið í Hafnarfirði, Vesturgötu 8**
Opið hús í Byggðasafni Hafnarfjarðar.
Frá kl. 13.00 - 17.00. Aðgangur ókeypis.

**Hafnarborg, menninga og listastofnun Hafnarfjarðar, Strandgötu 34**
Íslandsmyndir danskra og íslenskra málara.
Jóhannes Dagsson: Endurheimt.
Ljósmyndir og málverk.
Frá kl. 11.00 - 17.00. Leiðsögn kl. 16.00. Aðgangur ókeypis.

**Hafnarhús - Listasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 17**
Myndheimur, einkasýning Brynhildar Þorgeirsdóttur.
Nían - Myndasögumessa.
Frá kl. 10.00 - 17.00. Aðgangur ókeypis.

**Hofsstaðir við Kirkjulund í Garðabæ**
Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur segir frá fornminjum frá Landnámsöld í miðbæ Garðabæjar. Fræðandi og skemmtilegt margmiðlunarefni.
Kl. 12.30. Aðgangur ókeypis.

**Kjarvalsstaðir - Listasafn Reykjavíkur, v/Flókagötu**
Hörður Ágústsson - Yfirlitssýning. Ljósi varpað á framlag Harðar á sviði myndlistar, hönnunar og byggingalistar.
Frá kl. 10.00 - 17.00. Aðgangur ókeypis.
Markmið XI
Samvinnuverkefni Helga Hjaltalín Eyjólfssonar og Péturs Arnar Friðrikssonar.
Frá kl. 10.00 - 17.00. Aðgangur ókeypis.

**Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7**
Archive Endangered Waters: Rúrí og Íslensk myndlist frá 1930 - 1945.
Belgískar vöfflur í kaffistofu.
Frá kl. 11.00 - 17.00. Fjölskylduleiðsögn kl. 14.00. Aðgangur ókeypis.

**Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn, Hamraborg 4**
Sýningar: Meistari glers og málma - Höggmyndir og steint gler eftir Gerði Helgadóttur.
Samræður - verk eftir Caroline Swash.
Andi manns - glerlist eftir Leif Breiðfjörð.
Frá kl. 11.00 - 17.00. Aðgangur ókeypis.

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga 70**
Sýningin „Aðföng og gjafir" öllum opin í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar.
Frá kl. 14.00 - 17.00. Aðgangur ókeypis.

**Náttúrufræðistofa Kópavogs, Hamraborg 6a**
Frá kl. 10.00 - 20.00. Aðgangur ókeypis.

**Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15**
Sumrinu fagnað með náttúrulífsmyndum Páls Steingrímssonar Þjóð og náttúra.
Sýningar: Handritin, Þjóðminjasafnið- svona var það. Skáld mánaðarins - Hallgrímur Pétursson.
Skákborð heimsmeistaraeinvígis Fischers og Spasskys 1972.
Sumarkaffi fyrir alla fjölskylduna á veitingastaðnum Matur og Menning.
Frá kl. 11.00 - 17.00. Aðgangur ókeypis.

**Þjóðminjasafn Íslands**
Leikfangasýning - gamlir leikir - hlutavelta- límonaði og lummur í veitingastofu - sumargjafir í safnbúð.
Frá kl. 11.00 - 17.00. Fjölskylduleiðsögn kl. 13.00 og kl. 15.00. Aðgangur ókeypis.

## AFÞREYING FYRIR ALLA

*Fjölbreytt og fjölskylduvæn afþreying víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu – á kostakjörum Ferðalangs.*

### Siglingar frá Reykjavíkurhöfn - Ægisgarði

**Hvalaskoðun**
**Hafsúlan og Elding**
Kl. 9.00 og 13.00.
Verð 1.500 kr.
Frítt fyrir börn yngri en 16 í fylgd með fullorðnum.

**Sjóstangaveiði**

| Andrea | Elding |
|---|---|
| Kl. 14.00. | Kl. 18.00. |
| Verð 1.000 kr. | Verð 2.000 kr. (3ja tíma sigling) |

**Skemmtisigling um sundin** með Andreu
Kl. 11.00 og 17.00.
Þátttaka ókeypis.

### Hestaferðir

**Íshestar - Hafnarfirði**
Klukkustundar hestaferð með Íshestum og teymt undir börnum.
Kl. 13.00 og kl. 15.00.
Verð 1.500 kr. í hestaferð. Ókeypis að teyma undir börnum.

**Laxnes - Mosfellsbær**
Eins og hálfs tíma hestaferð og teymt undir börnum.
Kl. 13.00 og kl. 15.00
Verð 2.000 kr. í hestaferð. Ókeypis að teyma undir börnum.

### Útsýnisflug yfir sundin blá

**Flugfélag Íslands - Reykjavíkurflugvelli**
Kl. 13.45, 14.45. 15.45, u.þ.b. 30 mín. í senn. Mæting hálftíma fyrir brottför.
Verð 1.500 kr. á mann. Ókeypis fyrir börn 15 ára og yngri.
Ath. hámark 2 börn á hvern fullorðin. Tekið á móti pöntunum í forsölu í síma 570 3030.

**Klifurhúsið, Skútuvogi 1G**
Opið hús í Klifurhúsinu
Frá kl. 13.00 - 17.00. Aðgangur ókeypis.

**Pósthúsið, Pósthússtræti í miðbæ Reykjavíkur**
Pósthúsklifur. Klifurhúsið verður fólki til halds og traust í því að klifra upp pósthúsið.
Frá kl. 13.00 - 16.00. Aðgangur ókeypis.

**Kajaksigling með Ultima Thule - Nauthólsvík**
Róið er á klst. fresti frá kl. 12.00 - 15.00.
Verð 1.000 kr. leiga á kajak.

**AVIS - bílaleiga, Knarrarvogi 2**
Avis býður 50% afslátt af bílaleigubílum í tilefni Ferðalangs. Heitt á könnunni og fagleg ráðgjöf um spennandi akstursleiðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

### Gönguferðir um höfuðborgarsvæðið

**Austurvöllur**
Menningarfylgd Birnu býður upp á gönguferð á sumarslóðum miðborgarinnar. Gangan hefst á Austurvelli kl. 14.00 og lýkur á óvæntum en afar sumarlegum stað rúmum hálftíma síðar.
Kl. 14.00.
Verð 300 kr. Frítt fyrir þátttakendur undir 16 ára.

**Laugavegsganga hin skemmri**
Gönguferð um gömlu þvottaleiðina í Reykjavík, merkar byggingar skoðaðar á leiðinni og sagt frá sögu þeirra. Lagt af stað frá Mörkinni 6 með fararstjórn.
Kl. 10.00. Þátttaka ókeypis.

**Esjan**
Gönguferð á Esjuna með Ferðafélagi Íslands. Laggt af stað frá Mógilsá.
Kl. 11.00. Mæting kl. 10.45. Þátttaka ókeypis.

**Miðborgarganga**
Litið á merka staði í miðborg Reykjavíkur í fylgd Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings og höfundar bóka um sögu Reykjavíkur. Brottför frá Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Ingólfsnausti, Aðalstræti 2.
Kl. 13.30. Þátttaka ókeypis.

## GAKKTU Í BÆINN

*Hótel, upplýsinga- og félagsmiðstöðvar bjóða alla ferðalanga velkomna.*

**Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík, Ingólfsnausti, Aðalstræti 2**
Kynning á ferðaþjónustu á landinu öllu og afþreyingu á höfuðborgarsvæðinu.
Kynningarmynd um gömlu Reykjavík. Kaffi og kleinur á 2. hæð.
Frá kl. 10.00 - 18.00.

**Hótel Reykjavík Centrum, Aðalstræti 16**
Hótel Reykjavík Centrum verður til sýnis. Boðið verður uppá kakó og kleinur.
Frá kl. 13.00 - 16.00.

**Hótel Borg, Pósthússtræti 11**
Hótel Borg verður með herbergi til sýnis. Bæklingar liggja frammi í gestamóttöku.
Tilboð verða allan daginn á veitingum í Pálmasal.
Frá kl. 13.00 - 16.00.

**Hótel Saga við Hagatorg**
Bæklingar og upplýsingar um þjónustu í gestamóttöku. Blöður og pennar fyrir börnin. Herbergi til sýnis. Grillið og Sunnusalur verða til sýnis. Mímisbar með sértilboð á kaffiveitingum. Tilboð á hádegisverði í Skrúði.
Frá kl. 12.00 - 16.00.

**Fosshótel Lind, Rauðarárstíg 18. Fosshótel Baron, Baronstíg 2-4**
Fosshótel Lind og Fosshótel Baron bjóða gesti og gangandi velkomna. Heitt á könnunni og djús fyrir börnin.
Frá kl. 12.00 - 16.00.

**Gistiheimili Sunna, Þórsgata 26**
Opið hús - herbergi til sýnis, heitt á könnunni. Myndlistasýning - verk eftir Svövu K. Egilsson í borðsal. Frá kl. 12.00 - 16.00.

**Farfuglaheimilið við Sundlaugaveg**
Opið hús og tilboð á inngöngu í Bandalag íslenskra farfugla. Skírteini sem gefa afslátt á gistingu um allan heim. Heitt á könnunni!

**Þjónustuver Hafnarfjarðar, Strandgötu 6**
Opið hús í þjónustuveri Hafnarfjarðar, kynning á ferðaþjónustu og afþreyingarmöguleikum. Kíkið í kaffi og kleinur.
Frá kl. 12.00 - 16.00.

**Fjörukráin, Strandgötu 55**
Opið hús í Fjörukránni. Tilboð á matseðli.
Frá kl. 12.00 - 17.00.

**Fræðslusetrið í hvalstöðinni við Ægisgarð**
Opið hús í fræðslusetrinu í Hvalstöðinni. Þar er hægt að skoða hvali og sjófugla í máli og myndum. Hægt er að fara niður í lest skipsins sem var áður loðnuskip, upplifa þar neðansjávar stemmningu og á þilfarinu hangir beinagrind af Hrefnu.
Aðgangur ókeypis.

### Skátar og fjölskyldudagskrá í hverfum borgarinnar

Skátamessa í Hallgrímskirkju og hátíðarhöld á sumardaginn fyrsta. Skátar ganga fylktu liði frá Arnarhóli upp Skólavörðustíg að Hallgrímskirkju kl. 10.30. Skátamessa verður í Hallgrímskirkju kl. 11.00. Séra Jón Dalbú Hróbjartsson þjónar til altaris.

**Vesturbær:** Fjölskylduskemmtun við Frostaskjól kl. 14.00 - 15.30. Skrúðganga frá Neskirkju kl. 13:30. Fjölskyldudagskrá á vegum Vesturbæjarlaugar og Sunddeildar KR kl. 10.00 - 12.00, frítt í sundlaugina meðan á dagskrá stendur.

**Austurbær:** Sameiginleg fjölskylduhátíð Tónabæjar og Þróttheima í Tónabæ, kl. 13.00 - 15.00. Fjölskylduhátíð í Víkinni kl. 14.00 - 16.00. Grill við Grímsbæ kl. 12.00 - 13.00, skrúðganga kl. 13.15 frá Grímsbæ í Bústaðarkirkju og þaðan haldið í Víkina.

**Breiðholt:** Fjölskylduskemmtun í Miðbergi kl. 14.00. Skrúðganga frá Fjölbrautarskólaum í Breiðholti kl. 13.00. með viðkomu í Fella- og Hólakirkju. Fjölskylduskemmtun í Hólmaseli kl. 14.00. Skrúðganga frá Þinni verslun kl. 13.00 með viðkomu í Seljakirkju.

**Árbær:** Ásinn í Árbænum. Fjölskylduskemmtun kl. 14.00 - 16.00. Skrúðganga frá Árbæjarsafni kl. 12.15 með viðkomu í Árbæjarkirkju.

**Grafarvogur:** Fjölskylduskemmtun við Rimaskóla í Grafarvogi kl. 13.30. Skrúðganga frá Spöng og Íþróttamiðstöð Grafarvogs kl. 13.00. Frístundaheimilin í Grafarvogi opin, uppskeruhátíð og andlitsmálun kl. 10.30 - 12.30. Fólkvangur á Kjalarnesi. Fjölskylduskemmtun kl. 13.00-17.00. Frítt í sundlaugina.

**Frítt er á fjölskylduskemmtanir í hverfum borgarinnar.**
Ath. ofangreindur listi er ekki tæmandi, nánari upplýsingar á www.itr.is.

### Sumardagurinn fyrsti í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Heimsókn frá Þjóðleikhúsinu. Atriði úr leikritinu Klaufar og Kóngsdætur úr Ævintýraheimi HC Andersen kl. 13.30.
Guðmundur A Guðmundsson Fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun heldur erindi um farfuglana í Vísindaveröldinni kl. 11.10 strax á eftir selagjöf.
Tréfuglasýning upp um öll tré í Fuglagarðinum frá krökkum úr Frístundaheimilum Tónabæjar.

Kanínu klapphorn frá kl. 13.00 - 14.00 - Hestateyming frá kl. 14.00 - 14.30
Kiðlingaklapp frá kl. 14.30 - 15.00.

Leiktæki í Fjölskyldugarðinum verða opin frá kl. 13.00 - 17.00 ef veður leyfir.
Kaffihlaðborð frá kl. 14.00 - 17.00. Ókeypis andlitsmálun.
Feluratleikur. Glúmur er týndur aftur. Leiktækjamiðar og bolir í verðlaun.
Allir barnabolir á hálfvirði. Ís í brauði á 25 kr.
2.000 fyrstu gestirnir fá ókeypis blöðru.
Plötusnúður heldur uppi fjörinu við Naglfar frá kl. 13.00 - 16.00.

**Tveir fyrir einn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn gegn framvísun dagskrár Ferðalangs 2005.**

FERÐA LANGUR 2005

HÖFUÐBORGARSTOFA
FERÐAMÁLASAMTÖK HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Ferðamálaráð Íslands www.icetourist.is
S A F

www.ferdalangur.is



**KYNSTUR AF KARTÖFLUM**
Strangtrúaður gyðingur reynir að troða sér á milli kartöflupoka sem gefnir verða fátækum í tilefni páskahátíðarinnar sem hefst á sunnudaginn. Á páskum minnast gyðingar þess þegar Drottinn leiddi þá út af Egyptalandi með Móse fremstan í flokki.

Heilbrigðisráðherra um stöðu Landspítalans:

# Telur að fjármögnun verði blönduð

**HEILBRIGÐISMÁL** „Spítalinn er undanþeginn almennri hagræðingakröfu þetta ár,“ sagði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra um Landspítala háskólasjúkrahús í umræðum á Alþingi í gær um stöðu spítalans. Hann taldi að fjármögnun spítalans yrði að einhverju leyti blönduð, til framtíðar litið.

Málshefjandi var Ásta R. Jóhannesdóttir alþingismaður. Allmargir þingmenn tóku til máls um málefni spítalans, þar á meðal meintan stjórnunarvanda, fjárheimildir hans, sparnaðargerðir, álag á starfsfólk, þjónustu við sjúklinga og svo mætti áfram telja.

Heilbrigðisráðherra sagði að sameining spítalanna væri farin að skila sér í beinum sparnaði. Aðalatriðið væri þó að hún leiddi til öflugri þjónustu og öflugri sviða og deilda. Það sæist í því að biðlistar á spítalanum væru farnir að styttast.

„Ég hygg að menn skoði það þegar DRG-kerfið er komið í gagnið að fjármögnun spítalans verði að einhverju leyti blönduð, en þetta eru hlutir sem þarf að skoða og leggja niður fyrir sér. Það er verkefni sem fram undan er.“

Ráðherra sagðist vita til þess að starfsfólk spítalans hefði fullan hug á að setja niður þær deilur sem þar hefðu verið.

- jss



**HEILBRIGÐISRÁÐHERRA**
Kveðst telja að fjármögnun LSH verði ekki bundin við fastar fjárheimildir til framtíðar litið, heldur geti hún að einhverju leyti orðið afkastatengd.

Samfylkingin:

## Landsfundur í Egilshöll

**STJÓRNMÁL** Landsfundur Samfylkingarinnar verður haldinn í Egilshöll í Grafarvogi. Fundurinn hefst föstudaginn 20. maí og stendur fram á sunnudaginn 22. maí.

Að sögn Ingvars Sverrissonar, framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar, er búist við um eitt þúsund manns á fundinn og því þurfti stærsta samkomuhús landsins til að hýsa hann.

Síðasti landsfundur Samfylkingarinnar var haldinn að Ásvöllum í Hafnarfirði.

- bþs

Neskaupstaður:

## Nýtt olíufélag

**SKIPAOLÍA** Íslensk olíumiðlun hefur látið reisa um 4000 tonna olíutank í Neskaupstað og hyggst hefja sölu á skipaolíu innan nokkurra vikna. Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir þetta eina olíufélagið með lögheimili á landsbyggðinni en hann segir aðstæður í Neskaupstað afar hentugar. „Á Norðfirði er besta höfn landsins og þar er landað um 12% af öllum þeim afla sem berst á land á Íslandi. Danska olíufélagið Malik er meðeigandi okkar og menn frá þeim koma hingað í næstu viku og í kjölfarið byrjum við að selja olíu,“ segir Ólafur.

- kk

FRÉTTABLAÐIÐ/SB



**NÝI OLÍUTANKURINN**
Íslensk olíumiðlun hefur starfsleyfi fyrir 8000 tonna birgðastöð í Neskaupstað og til að fullnýta leyfið þarf að reisa annan tank.

# Berlusconi biðst lausnar

**Valdatíma þaulsætnustu ríkisstjórnar Ítalíu frá stríðslokum lauk í gær. Silvio Berlusconi mun þó að líkindum mynda nýja stjórn á næstu dögum.**

**RÓM, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, baðst í gær lausnar fyrir ríkisstjórn sína. Ekki er þó talið að boðað verði til kosninga heldur mun Berlusconi mynda nýja hægristjórn til að styrkja stöðu sína.

Talsverð ólga hefur verið í ítölskum stjórnmálum undanfarnar vikur eftir að stjórnarflokkarnir biðu afhroð í héraðskosningum í mánaðarbyrjun. Í síðustu viku sögðu tveir smáflokkar skilið við stjórnina og þegar flokkur Gianfranco Fini utanríkisráðherra hótaði að hætta stuðningi sínum við hana á þriðjudag varð ljóst að dagar stjórnarinnar væru taldir.

Í gær tilkynnti Berlusconi ítalska þinginu að hann hygðist biðjast lausnar og setja saman nýja stjórn svo fljótt sem auðið væri. Hann kvaðst þess fullviss að hún myndi sitja fram að næstu kosningum, sem haldnar verða á næsta ári. Að því búnu hélt hann á fund Carlo Azeglio Ciampi forseta og afhenti honum afsagnarbréf sitt. Þar með lýkur valdatíma þaulsætnustu ríkisstjórnar Ítalíu frá stríðslokum en hún tók við völdum árið 2001.

Þótt Ciampi hafi vald til að ákveða hverjum hann veitir umboð til stjórnarmyndunar eða að rjúfa þing og boða til kosninga eru allar líkur taldar á því að Berlusconi muni eingöngu stokka upp valdahlutföllin í gömlu stjórninni og mynda nýja á næstu dögum enda er vilji til þess hjá leiðtogum samstarfsflokkanna.

Stjórnarandstaðan með Romano Prodi í broddi fylkingar hefur sótt hart að stjórnarliðum og virðast kjósendur vera að snúast á sveif með henni. Slæmt efnahagsástand og þátttaka Ítalíu í Íraksstríðinu eru helstu ástæður óvinsælda stjórnar Berlusconi. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**AFSÖGNIN TILKYNNT**
Berlusconi virtist ómótt þegar hann tilkynnti ítalska þinginu ákvörðun sína. Hann virðist þó ekki þurfa neinu að kvíða því búist er við að ný stjórn verði mynduð fljótlega.






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SUMARGJÖFIN FYRSTA**
Þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar virtust ánægðir með gjöf Landverndar en þingmenn annarra flokka virtust hafa annað að sýsla.

Landvernd:

## Sumargjöf til þingmanna

**LANDVERND** „Þarna vorum við að minna á að á Alþingi liggja fyrir tvær þingsályktunartillögur um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum,“ segir Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar.

Samtökin afhentu þingmönnum sumargjöf í gær á Austurvelli í Reykjavík en gjöfin var geisladiskur með fjölmörgum myndum úr Þjórsárverum. Með þessu vonast samtökin til að tillögur þær er liggja fyrir þinginu komist á rekspöl en þar hafa þær legið um allnokkurn tíma. Tryggvi segir að myndirnar ættu að auðvelda þeim sem ekki hafa komist í Þjórsárver og skoðað svæðið með eigin augum að átta sig á því hvers konar náttúruperlu sé um að ræða.

- aöe



# Nýtt happdrættisár

1. útdráttur 6. maí

## 10 Ford Mustang bifreiðar í vinninga

- Heildarverðmæti vinninga 705 milljónir
- Allir vinningar eru skattfrjálsir

Hringdu núna
561 7757

Kíktu á netið
www.das.is

HAPPDRÆTTI das
-vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DAS 27499 4/2005


GLEÐILEGT SUMAR!
OPIÐ Í DAG 13-18
AHB
ARFGENG HEILABLÆÐING
- ÍSLENSKUR SJÚKDÓMUR
STYRKTARTÓNLEIKAR · Í KVÖLD · KL. 20.00
Miðasala á tónleika til styrktar rannsóknum á arfgengri heilablæðingu er í fullum gangi á Þjónustuborðinu á fyrstu hæð. Tónleikarnir verða haldnir í Vetrargarðinum.
Miðaverð: 2.500 kr.



14.-24. apríl

# Vorútsalan
## í fullum gangi

# 15-50% AFSLÁTTUR
af völdum vörum

Nokkur sýnishorn af vörum á vorútsölunni:

| | | |
|---|---|---|
| SKEMMTILEGAR SUMARGJAFIR Í ÚRVALI, BOLTAR FRÁ 199 kr. — HAGKAUP *Skemmtilegast að versla* | 30% AFSLÁTTUR AF OAKLEY BUXUM — Optical Studio SÓL | 50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM STURTU-SÁPUM — THE BODY SHOP |
| 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BURBERRY ILMUNUM — HYGEA | 50% AFSLÁTTUR AF COSABELLA UNDIR-FATNAÐI — ISIS | 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MICELLE K SKÓM — skór.is |
| 30-50% AFSLÁTTUR AF BIKINÍUM — CHANGE OF SCANDINAVIA | 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SILKIBLÓMUM — home art | 30-50% AFSLÁTTUR AF BOLUM, GALLABUXUM OG PEYSUM — Pink |
| 50% AFSLÁTTUR AF SMOBY GARÐHÚSI — DÓTABÚÐIN | 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BELTUM OG HÚFUM — ORIGINAL LEVI'S STORE | 50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM — BLEND |
| 30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HERRA-SKYRTUM FRÁ RALPH LAUREN — RALPH LAUREN | AFSLÁTTUR AF PEYSUM NÚ 1.500 kr. ÁÐUR FRÁ 6.900 kr. — COSMO | VERO MODA BOLIR FRÁ 990 kr. — VERO MODA |
| VILA BOLIR FRÁ 690 kr. — VILA | EXIT BOLIR FRÁ 690 kr. — EXIT | 50% AFSLÁTTUR AF BLASH BOLUM, NÚNA 990 KR. — JACK & JONES |
| 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BOLUM — UNITED COLORS OF BENETTON. | 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖSUM — Hjörtur Nielsen | 40% AFSLÁTTUR AF BE ZO REGNGÖLLUM — ÚTILÍF |

ENNEMM / SÍA / NM16064

## FRAM KOMA

Hreimur úr Landi & sonum · Skítamórall · Á móti sól · Páll Rósinkranz
Páll Óskar og Monika · Hera · Edgar Smári Atlason · Íris Lind Verudóttir




Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000



FÍLAR STRUKU
Sex fílar sem struku úr dýragarði í Seúl í Kóreu náðu að valda þó nokkrum usla í höfuðborginni áður en þeir náðust. Ein kona slasaðist lítillega þegar hún varð í vegi fyrir fílunum.

Samflokksmenn Davíðs fagna áframhaldandi setu hans sem formanns:

# Fagnaðarefni fyrir alla

**STJÓRNMÁL** „Persónulega vil ég sjá Davíð sem lengst í stóli formanns enda frábær stjórnmálamaður í alla staði,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra aðspurð um þá ákvörðun Davíðs Oddssonar að bjóða sig fram til formanns Sjálfstæðisflokksins til næstu tveggja ára á næsta landsfundi.

Fréttablaðið náði tali af þremur samflokksmönnum Davíðs vegna málsins og fögnuðu þau Þorgerður Katrín og Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri flokksins ákvörðuninni.

Þorgerður undraðist alla umræðu um málið enda aldrei komið til umræðu að Davíð léti af störfum formanns. „Mestu máli skiptir auðvitað að hann er að ná heilsu og sínum fyrri styrk á nýjan leik eftir þessi erfiðu veikindi sem hann hefur gengið gegnum og á eftir að láta að sér kveða áfram í framtíðinni.“

Kjartan Gunnarsson sagðist aldrei hafa reiknað með neinu öðru en að Davíð héldi áfram formennsku og fagnaði því. „Ég hef aldrei heyrt um annað talað en að hann haldi áfram góðum störfum sínum fyrir flokkinn og það er fagnaðarefni fyrir alla.“

Geir Haarde, fjármálaráðherra og varaformaður flokksins, tjáði sig ekki þegar eftir því var leitað. - aöe



RÁÐHERRAR KOMA AF RÍKISSTJÓRNARFUNDI
Davíð Oddsson mætti á sinn fyrsta ríkisstjórnarfund í fyrradag eftir að hafa gengist undir eftirmeðferð vegna skurðaðgerðanna sem hann gekkst undir síðasta sumar.

## DANMÖRK

**BROTAJÁRNSFERJA KÖLLUÐ HEIM** Connie Hedegaard umhverfisráðherra hefur beðið kollega sinn á Indlandi um að stöðva fyrirhugað niðurrif ónýtrar danskrar ferju og senda hana aftur heim. Hedegaard segir að umhverfisvandamál eigi ekki að flytja til þróunarlandanna.

**KONA DEYR Í ELDSVOÐA** Roskin kona beið bana þegar eldur kom upp í háhýsi í Kolding á Jótlandi. Konan, sem bjó á elleftu hæð hússins, var látin þegar reykkafarar fundu hana.

## NOREGUR

**STAFANGURSMÁLIÐ Í HNÚT** Réttarmeinafræðingar hafa neitað óskum norsku lögreglunnar um að gera DNA-rannsókn á munum úr eigu fólks sem tengist Stafangursráninu. Fræðingarnir telja að sumra sönnunargagnanna hafi verið aflað ólöglega og þeir vilja ekki eiga þátt í slíku.

Söfnun Umhyggju og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna:

# Litla lirfan send á 105.000 heimili

**SÖFNUN** Alls munu 105 þúsund heimili á landinu á næstu dögum fá teiknimyndina Litla lirfan ljóta senda heim til sín með pósti. Um er að ræða sumargjöf frá Umhyggju, félagi til styrktar langveikum börnum, og UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Með disknum fylgir gíróseðill að upphæð tvö þúsund krónur þar sem viðtakanda gefst tækifæri til að styrkja Umhyggju og UNICEF.

Hagnaður átaksins er áætlaður um 45 prósent af tekjum þess. Hagnaðurinn rennur beint til Umhyggju og UNICEF, sem skipta honum á milli sín.

Umhyggja mun annars vegar nota söfnunarféð til að efla styrktarsjóð félagsins, sem hefur það hlutverk að styrkja langveik börn og fjölskyldur þeirra sem lent hafa í verulegum fjárhagserfiðleikum. Hins vegar hyggst Umhyggja nota féð til að fjármagna stöðugildi sérfræðings sem veitir fjölskyldum langveikra barna sálfélagslegan stuðning. UNICEF mun nota sinn hluta ágóðans til frekari eflingar á starfi sínu hér á landi og til að afla fjár til verkefna um heim allan.

Myndin um Litlu lirfuna ljótu hefur notið mikilla vinsælda síðan hún kom út. Myndin hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. - th



SÖFNUNARÁTAK KYNNT
Söfnunarátakið var kynnt í húsnæði Umhyggju við Háaleitisbraut í gær. Frá vinstri: Stefán Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF, Einar Benediktsson, formaður stjórnar UNICEF, Jón Kristinn Snæhólm, verkefnastjóri Umhyggju, Leifur Bárðarson, formaður stjórnar Umhyggju, og Ragna Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju.



Sjálfstæðismenn ósáttir við borgarstjórann:

# Spurningum ekki svarað

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tvisvar hófust umræður um fundarsköp á fundi borgarstjórnar í fyrradag að frumkvæði sjálfstæðismanna. Ástæðan var að sjálfstæðismenn töldu að Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hefði ekki svarað tveimur spurningum sem Guðlaugur Þór Þórðarson vísaði til hennar, auk þess sem hún hefði lítið verið í fundarsal þennan borgarstjórnarfund. Vonuðu þeir að þetta yrði ekki að vana borgarstjóra. Þær spurningar sem ekki fékkst svarað voru hvort ákvörðun hefði verið tekin um leið Sundabrautar og hvort borgarstjóri væri sáttur við tengingu Sundabrautar Grafarvogsmegin.

Í andsvari svaraði Steinunn Valdís því til að hún hefði lítið verið í fundarsal, sökum frétta um uppbyggingu Háskólans í Reykjavík í Urriðaholti. Því hefði hún verið upptekin við að svara fyrirspurnum fréttamanna. Einnig hefði hún verið upptekin við að ræða við ráðherra um samgönguáætlun þá er lögð hefur verið fram.

Hvað varðar fyrirspurnirnar hefði hún svarað þeim nokkrum sinnum áður á fundi borgarstjórnar, auk þess sem Stefán Jón Hafstein hefði efnislega svarað spurningunum síðar á fundinum.

- ss



RÆÐA ÞURFTI FUNDARSKÖP
Sjálfstæðismenn vildu að borgarstjóri svaraði spurningum. Steinunn Valdís sagðist hafa margsvarað þeim.

Samband ungra sjálfstæðismanna:

# Vilja ekki í öryggisráðið

**STJÓRNMÁL** Samband ungra sjálfstæðismanna, SUS, hvetur ríkisstjórn Íslands til að draga umsókn Íslands um aðild að Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til baka, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Í tilkynningunni segir að kostnaðurinn við aðildarferlið og kosningabaráttuna sé gríðarlegur jafnframt því sem seta í ráðinu muni hafa stóraukin útgjöld til utanríkismála í för með sér. Ekki verði séð hver ávinningurinn sé.

-sda



KJARVAL
Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar segja listamanninn Kjarval hafa gefið borginni verk og muni en aldrei skrifað upp á það.

Reykjavíkurborg:

# Stefnt fyrir meintan stuld

**DÓMSMÁL** Eftirlifandi kona listamannsins Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals og dótturdóttir hans stefndu í fyrradag Reykjavíkurborg fyrir hönd dánarbús listamannsins.

Guðrún Kjarval, eftirlifandi kona hans, og dótturdóttir fyrrverandi konu Kjarvals, Mette Still, segja borgina hafa nappað á sjötta þúsund listaverka auk muna og bóka úr dánarbúi listmálarans síðla árs 1968.

Konurnar krefjast viðurkenningar á því auk þess að verða afhentir munirnir og greiddar 200 þúsund krónur í dagsektir verði það ekki gert fimmtán dögum eftir að dómur falli.

- gag

AP/MYND



KOMST LÍFS AF
Jerzy Milewski, sem komst lífs af úr útrýmingabúðum nasista í síðari heimsstyrjöldinni, tók þátt í minningarathöfninni.

Minningarathöfn í Þýskalandi:

# 60 ár liðin frá frelsun

**ÞÝSKALAND,AP** Hundruð manna sem komust lífs af úr „vinnubúðum“ nasista í Ravensbrück, Bergen-Belsen, og Sachsenhausen í Þýskalandi, tóku þátt í minningarathöfn um síðustu helgi í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá því að búðirnar voru leystar upp.

Þrátt fyrir að allar útrýmingabúðir nasista, þar á meðal í Auschwitz, hafi verið staðsettar í Póllandi dóu tugir þúsunda gyðinga í svokölluðum „vinnubúðum“ í Þýskalandi. ■




„Ég er í hátíðarskapi í dag.
Sumar og sparifé er ómótstæðileg blanda.

Gleðilegt sumar.“




Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**



24 stundir

**EFTIRMÁL:** BLÓMAGARÐUR Á BESSASTAÐI

# *Leggja drög að garði*

Fyrir ári síðan lýsti Dorrit Moussaief forsetafrú því yfir að hana langaði í blómagarð á Bessastaði. Hún hefði mikinn áhuga á garðyrkju og blómarækt, en gæti því miður ekki sinnt þessu áhugamáli sínu sem skyldi. Forsetafrúin sagðist sérstaklega vilja rækta íslensk blóm og jurtir.



„Það er verið að leggja drög að garði," segir Ragnar Gíslason staðarhaldari á Bessastöðum. „Það er smá beð hérna við húsið og vissulega margar íslenskar jurtir í því, þó ekki allar. Við ætlum að stækka beðið og það er enn verið að hanna þetta," segir Ragnar sem býst þó ekki við að mikið flæmi fari undir blómagarðinn. Ekki liggur fyrir hvenær garðurinn verður tilbúinn.

Ragnar segir Bessastaði ekki ákjósanlegasta stað landsins til garðyrkju því þar er mjög hvasst. „Það lifir ekki hvað sem er hérna. Þetta þurfa að vera harðgerar plöntur og ég reikna með að reisa lítinn skjólvegg til að hlífa þeim." Að öðru leyti er lífið rólegt á Bessastöðum, en vorverkin eru framundan. „Það þarf að þrífa planið. Við erum líka á bersvæði og það fýkur dálítið af rusli hingað sem við þurfum að hreinsa. Við byrjum samt á því að fagna sumarkomunni."

## SVONA ERUM VIÐ



**155.800 VORU Í VINNU Á ÍSLANDI FYRSTU ÞRJÁ MÁNUÐI ÁRSINS**
Heimild: Hagstofan

## SJÓNARHÓLL
**NÝR PÁFI**



**BJÖRN THORODDSEN**
Tónlistarmaður

### *Ekki í takt við tímann*

„Ég er fullur efasemda," segir Björn Thoroddsen tónlistarmaður um kjörið á Joseph Ratzinger til páfa. „Eftir því sem maður hefur lesið er hann íhaldssamur og ekki í takt við tímann," segir Björn sem hefði heldur viljað að einhver annar hefði verið kosinn og þá jafnvel einhver frá Afríku. Björn sér ekki fram á að það verði nein breyting með kjöri nýs páfa og að afturhaldssemi ríki í Vatíkaninu áfram.

Björn segist ekki hafa verið mjög upptekinn af páfakjörinu en hann hafi þó hlustað eftir því eins og öðrum fréttum. Hins vegar hafi hann áhuga á þessu eins og hverju öðru og finnst tími til kominn að kaþólska kirkjan hífi upp um sig buxurnar. Hann telur páfaembættið hafa talsverð völd og geti hægt verulega á þróuninni í heiminum.

Þá finnst Birni skrítið að svo fullorðinn maður hafi verið settur í embættið. Átti hann von á því að yngri og frjálslyndari maður yrði fyrir valinu en honum þykir ferill Ratzingers ekki mjög glæsilegur.

# Með rörtangirnar á lofti

**Búist er við æsispennandi keppni í Perlunni í dag og næstu daga þegar Norðurlandamótið í pípulagningum fer fram. Íslenski keppandinn er sagður eiga góða möguleika á sigri.**

Vart þarf að efast um að snilldartilþrif muni sjást í Perlunni og að baráttan um Norðurlandameistaratitilinn verði hörð enda er keppt um æðstu metorð sem ungir norrænir pípulagningamenn geta komist til. Og vitaskuld er auðveldara um að tala en í að komast; íslenski keppandinn bar sigur úr býtum á Íslandsmeistaramótinu á síðasta ári og vann sér þar með keppnisrétt á Norðurlandamótinu.

Tómas Helgason heitir okkar maður og er í læri hjá meistara á Akureyri.

„Það er mikill hugur í stráknum. Hann hefur æft í allan vetur og ætlar sér sigur," segir Skarphéðinn Skarphéðinsson formaður Félags pípulagningameistara.

Sjálfur hefur Skarphéðinn staðið í ströngu að undanförnu því að undirbúningur mótsins var ekki hristur fram úr erminni á einni nóttu. „Þetta er búin að vera níu mánaða vinna," segir hann og er greinilega spenntur enda sér fyrir endann á löngu verki. Líkt og þegar pípari klárar að leggja lagnir í nýtt hús.

En þó að sigurlíkur okkar manns séu til staðar er ósanngjarnt að gera of miklar kröfur til hans. Aðstöðumunur milli landa er nokkur. „Það eru meistarafélagið og sveinafélagið sem standa straum að þessu hér, reyndar með stuðningi birgja og fyrirtækja en Skandinavarnir fá fjárhagslegan stuðning frá hinu opinbera," segir Skarphéðinn. „Leikurinn er því svolítið ójafn."

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**TÓMAS HELGASON** „Það er mikill hugur í stráknum. Hann hefur æft í allan vetur og ætlar sér sigur," segir Skarphéðinn Skarphéðinsson formaður Félags pípulagningameistara.

Keppnin stendur í 22 klukkustundir og er haldin í dag, á morgun og á laugardag. Krefst hún bæði úthalds og eljusemi auk alls annars sem góður pípulagningamaður þarf að hafa til brunns að bera.

Óhætt er að hvetja landsmenn til að fjölmenna í Perluna og fylgjast með handbrögðum keppenda enda efnilegustu pípulagningamenn Norðurlanda á ferð.

Fjölþjóðleg dómnefnd leggur mat á árangur keppenda og tekur tillit til nýtingar hráefnis, vandvirkni, gæða, frágangs, samræmis við teikningu og útsjónarsemi.

En eins og þetta sé ekki nóg þá verður líka horft til fagurfræðilega þáttarins enda fátt sem gleður augað meira en falleg lagnavinna.

bjorn@frettabladid.is



**Á RÉTTRI LEIÐ**

Ingibjörg og Össur:

## Leið

Leiðir virðast þeim Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Össuri Skarphéðinssyni hugleiknar. Bæði eru með leiðir í slagorðum sínum vegna keppninnar um formannsembætti Samfylkingar þó ekki vilji þau fara nákvæmlega sömu leið.

Á meðan Össur er „á réttri leið" ætlar Ingibjörg Sólrún „alla leið".

Í dag er sléttur mánuður þar til úrslit í formannskjörinu verða kunngjörð, það verður gert laugardaginn 21. maí. **- bþs**



**ALLA LEIÐ**


# Súpersól til Portúgal
## 25. maí í 2 vikur
## frá kr. 39.995

Í Algarve fer allt saman sem prýða má gott frí. Frábærir skemmtigarðar, gylltar strendur, úrval veitingasta og fjölbreytt afþreying. Nú bjóðum við frábært tilboð til að njóta alls þess sem þessi heillandi staður hefur að bjóða. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Kr. 39.995**
**M.v. 2 fullorðna og 2 börn. Súpersól tilboð.**
25. maí í 2 vikur. Netverð á mann.

**Kr. 55.990**
**M.v. 2 fullorðna. Súpersól tilboð.**
25. maí í 2 vikur. Netverð á mann.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík**
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri Sími: 461 1099

TERRA NOVA
-SPENNANDI VALKOSTUR


Borgarbúar vilja yl á svalir og palla:

# Gashitararnir mokast út



Óhætt er að segja að borgarbúar og aðrir landsmenn hafi tekið gashiturum, sem sumir kalla sveppi, opnum örmum. Kaupmenn sem rætt var við segja hitarana seljast ámóta og heitar lummur og af því má draga þá ályktun að hlýtt sé á velflestum svölum og pöllum þótt geisla sólar njóti ekki við.

„Það selst alltaf mjög mikið af þessu á vorin," segir Rúnar Gunnlaugsson í Byko við Hringbraut og bætir við að hitarana megi vitaskuld nota allan ársins hring. Engu að síður sé salan mest að vorlagi. Rúnar bendir líka á að nýjar gerðir hitara séu nú fáanlegar og að verðið hafi lækkað, líkt og búast mátti við. „Það er með þetta eins og annað, verðið lækkar þegar nýjabrumið fer af."

Kollegi Karls, Árni Kolbeins í Húsasmiðjunni á Granda, tekur í sama streng.

„Nú í vor höfum við selt jafn marga hitara og allt sumarið í fyrra. Þetta er semsagt á glimrandi siglingu," segir hann glaður í bragði.

Hljóðið í Kristjáni Baldvinssyni í Ellingsen var ekki alveg jafn gott. „Við höfum ekki enn fengið nýju sendinguna þannig að það er beðið eftir hiturunum hjá okkur," segir Kristján. „Við mokuðum þessu út fyrir jólin og í janúar og fáum bara aldrei nóg." **- bþs**




**Sundlaugin í Versölum verður opin almenningi til skoðunar í dag, sumardaginn fyrsta frá 12:00 til 19:00.**

**Frítt verður í laugina föstudaginn 22. og alla helgina 23 og 24. apríl.**

360 gráður

HVAÐ ER?

# Sixtínska kapellan

Athygli heimsins beindist í vikunni að Sixtínsku kapellunni í Páfagarði en völdu kardínálar Joseph Ratzinger páfa. Kapellan er eigin kapella páfa. Hún var reist á árunum 1473-1481, í tíð Sixtusar IV páfa, en við hann er hún kennd. Arkítekt og yfirsmiður kapellunnar var Giovanni dei Dolci. Frægust er kapellan fyrir meistaralegt loftmálverk Michelangelos.
Sixtínska kapellan er rétthyrnd múrsteinabygging með sex bogagluggum á sínum hvorum hliðarveggnum og háu hvolfþaki. Ytra byrði kapellunnar er lítt fyrir augað, en að innan er hún hlaðin listaverkum. Á veggjum eru freskur eftir marga meistara endurreisnartímans frá Flórens, máluð á árunum 1481-1483.
Málverk Michelangelos á vesturveggnum að baki kórnum og á hvolfloftinu þar yfir eru þó áberandi mesti athyglisegullinn fyrir þá sem inn koma. Loftfreskan var unnin að beiðni Júlíusar II páfa á árunum 1508-1512. Á því getur að líta myndir af persónum og atburðum úr Gamla testamentinu. Sá hluti myndarinnar sem sýnir sköpun Adams er eitt kunnasta og mest myndaða verk vestrænnar myndlistarsögu. Málverkið „Dómsdagur" á vesturveggnum er annað stórvirki Michelangelos, en það málaði hann að beiðni Páls III páfa á árunum 1534-1541.
Uppsafnaður skítur aldanna var hreinsaður af þessum ódauðlegu meistaraverkum Michelangelos af mikilli nákvæmni á síðustu árum, og því ljóma þau nú í sinni upprunalegu litadýrð, gestum og listunnendum öllum til yndisauka.
Mestu helgiathafnir sem haldnar eru í Páfagarði fara jafnan fram í Sixtínsku kapellunni, enda er hún skilgreind sem eigin kapella páfa.

- aa



SPURT & SVARAÐ
FJÁRMÁL ÞINGMANNA

## Uppi á borðinu

**Hvað finnst þér um að þurfa að birta opinberlega upplýsingar um fjárhag og eignir þínar samkvæmt nýrri stefnu Framsóknarflokksins fyrir þingmenn sína?** „Það segir sig sjálft að sem formaður þess þingflokks sem fyrstur samþykkir slíka ákvörðun hlýt ég að vera mjög ánægður með það enda viljum við hafa hlutina upp á borðinu svo menn þurfi ekki að vera með neinn rógburð og tilbúning."



HJÁLMAR ÁRNASON
Þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

**Finnst þér að aðrir flokkar ættu að taka þetta upp?** „Fyrir hönd þingflokks Framsóknarflokksins gekk Jónína Bjartmarz með bréf til forsætisnefndar þingsins og óskaði eftir því að það yrði gert og þar af leiðandi hvetjum við til þess."

**Hvað með hugmynd Péturs Blöndal um að opinbera einnig skuldastöðu þingmanna?** „Það er skemmtileg nálgun og eins og Pétur segir hlýtur sá sem er mjög skuldugur að vera afar háður."

**Kæmi það til greina?** „Við höfum í okkar vinnu tekið mið af dönsku reglunum og þar er það ekki gert."






# Lengra ekki komist í aðhaldsaðgerðum

**Þrátt fyrir tiltölulega krappan hag Háskóla Íslands er árangur hans engu að síður með ágætum að mati Ríkisendurskoðunar, sem gert hefur ítarlega stjórnsýsluúttekt á stofnuninni.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Komist hefur verið eins langt og hægt er í aðhaldsaðgerðum innan skólans án þess að þær fari að hafa verulega áhrif til hins verra á gæði kennslu og rannsókna sem þar fara fram.

**MENNTAMÁL** Tvennt hefur haft afgerandi áhrif á fjárhag Háskóla Íslands undanfarin ár, að því er fram kemur í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Háskóla Íslands sem birt var í gær; annars vegar mikil fjölgun nemenda og hins vegar síhækkandi launakostnaður. Aukin framlög ríkisins til skólans hafa ekki vegið upp mót fjölgun nemenda nema að takmörkuðu leyti og eru nú um 500 fleiri nemendur við nám í skólanum en fjárlög gera ráð fyrir.

Þetta er meðal niðurstaðna ítarlegrar 117 síðna úttektar Ríkisendurskoðunar sem gerð var að beiðni menntamálaráðherra en kröfur Háskólans um meira fjármagn frá ríkinu hafa aukist undanfarin ár.

**Meiri áhersla á magn en gæði**

Ríkisendurskoðun telur að fjárhagsvandi Háskólans sé í raun ekki fólginn í stöðugum hallarekstri og skuldasöfnun heldur fremur í að skólinn eigi óhægt um vik að mæta auknum kostnaði vegna fleiri nemenda, nýrra námsbrauta og dýrari starfsmanna án þess að það komi niður á gæðum kennslu og rannsókna.

Skólinn hefur hingað til gripið til ýmissa aðhaldsaðgerða eins og að stækka nemendahópa og fjölga stundakennurum á kostnað fastráðinna starfsmanna og telur Ríkisendurskoðandi að hætta sé á að slíkt komi niður á gæðum kennslunnar. Enn fremur er að hluta tekið undir þá skoðun að árangurstengingu fjárveitinga til skólans þurfi að endurskoða. Hún ýti undir að skólinn fjölgi nemendum enda miðist greiðslur við hvern nemanda. Þó að það sé í sjálfu sér jákvætt sé hættan sú að meiri áhersla sé lögð á magn en gæði.

**Eftirbátar annarra Norðurlandaþjóða**

Íslendingar verja hlutfallslega minna fé til háskóla sinna en aðrar Norðurlandaþjóðir, að því er fram kemur í stjórnsýsluúttektinni. Nærtækasta dæmið er sá mikli munur sem er á Háskóla Íslands og Háskólanum í Joensuu í Finnlandi en þar eru bæði tekjur og fjöldi starfsmanna áþekk HÍ. Tekjur beggja voru um 6,3 milljarðar króna árið 2003 og um 1.200 starfsmenn á launaskrá. Mikill munur er hins vegar á skólunum þegar kemur að fjölda nemenda. Voru þeir tæplega níu þúsund í Háskóla Íslands en rúmlega sex þúsund í þeim finnska.

Slíkur samanburður er gagnlegur að mati Ríkisendurskoðunar en þó ber að taka öllum samanburðartölum með fyrirvara enda engir tveir háskólar eins.

Engu að síður kemst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að í samanburði við níu aðra háskóla í Evrópu séu tekjur Háskóla Íslands tiltölulega lágar. Hjá öllum nema einum eru tekjur á hvern nemanda hærri en hér gerist.

Þessar tölur koma heim og saman við niðurstöður Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD, þar sem fram kemur að Íslendingar verja minnst allra Norðurlandaþjóða til menntamála og eru talsvert undir meðaltali allra þjóða Evrópu.

**Meira kapp en forsjá**

Það fjárhagslega svigrúm sem Háskólinn hefur búið við takmarkar möguleika skólans á að byggja upp öflugt framhaldsnám og rannsóknir í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Metnaður starfsmanna hans er kominn fram úr því sem raunhæft má telja enda vantar mikið upp á að tekjur skólans, starfsmannafjöldi og fjöldi útskrifaðra doktorsnema jafnist á við þá erlendu háskóla sem skólinn ber sig helst saman við.

Metnaður starfsmanna skólans kemur skýrt fram í niðurstöðum spurningakönnunar meðal starfsmannanna sjálfra en þar kemur meðal annars fram að vel yfir 90 prósent aðspurðra telja að Háskólinn eigi að leggja aukna áherslu á að gegna hlutverki rannsóknarháskóla. Önnur 85 prósent segja faglegan metnað á sviði rannsókna í hávegum hafðan.

Fram kemur að þegar eigi nokkrar deildir Háskólans í erfiðleikum með að fá hæft starfsfólk til kennslustarfa þar sem möguleikar skólans á að bjóða samkeppnishæf laun með möguleikum á framgangi séu takmarkaðir af sömu fjárhagsaðstæðum.

**Þrír kostir í núverandi stöðu**

Vaxandi samkeppni um fjármagn, nemendur og kennara kalli á skýra framtíðarstefnumörkun og þar þrfi að taka afstöðu til fjölmargra þátta innan veggja skólans.

Bent er á þrjá kosti sem í boði eru í dag; í fyrsta lagi að skólinn lagi starfsemi sína að núverandi fjárhagsstöðu með því að takmarka fjölda nemenda og fara sér hægt í uppbyggingu framhaldsnáms og rannsóknarstarfsemi. Í öðru lagi að reyna enn frekar að hemja kostnað og hagræða í rekstri með auknum kröfum og takmörkunum. Í síðasta lagi þurfi að skoða í kjölinn með hvaða hætti sé hægt að auka tekjur skólans, með auknum framlögum úr ríkissjóði, styrkjum eða skólagjöldum, en þar hafi löggjafar- og framkvæmdavaldið reyndar úrslitaáhrif.

albert@frettabladid.is

**ÁRLEG SKRÁNINGAR- OG SKÓLAGJÖLD VIÐ NOKKRA ÍSLENSKRA HÁSKÓLA Í KRÓNUM:**

| | |
|---|---|
| Háskóli Íslands | 32.500 |
| Háskólinn á Akureyri | 32.500 |
| Háskólinn í Reykjavík | 188.000 |
| Háskóli Íslands (MBA-nám) | 1.675.000 |
| Háskólinn í Reykjavík (MBA-nám) | 2.100.000 |

**Meðalárslaun starfsmanna Háskóla Íslands:**

| | |
|---|---|
| Prófessorar | 5,7 milljónir kr. |
| Dósentar | 4,2 milljónir kr. |
| Lektorar | 3,5 milljónir kr. |
| Aðjúnktar | 3,2 milljónir kr. |
| Stundakennarar | 1,2 milljónir kr. |
| Sérfræðingar | 3,6 milljónir kr. |
| Fræðimenn | 4,2 milljónir kr. |
| Vísindamenn | 5,0 milljónir kr. |

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir:

### RÍKIÐ HEFUR STAÐIÐ SIG VEL

„Ég sem menntamálaráðherra vona að menn sjái þá framsýni sem liggur í því að veita fjármunum úr ríkissjóði í menntamál og rannsóknir," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.



Þorgerður segir úttekt Ríkisendurskoðunar sýna og sanna að ríkið hafi ekki brugðist skyldum sínum gagnvart Háskóla Íslands. „Ríkið hefur þvert á móti staðið sig afar vel en því er ekki að neita að gera þarf meira en orðið er. Ég mun berjast fyrir því að svo verði og þannig tryggja að í framtíðinni geti Háskólinn staðið jafnfætis því sem best gerist erlendis."

Páll Skúlason:

### SKÓLAR EIGA AÐ VERA SVELTIR

„Það væri eitthvað að í skóla sem ekki skorti fé öllum stundum," segir Páll Skúlason, fráfarandi rektor Háskólans. Hann segir vanda skólans liggja í miklum vexti og meiri kröfur um fjármagn séu eðlilegur fylgifiskur þess.



„Vanda Háskóla Íslands mætti kalla velmegunarvanda. Við erum að bæta við okkur verkefnum á sama tíma og nemendum fjölgar og þær aðhaldsaðgerðir sem við höfum farið í merkja ekki endilega að við séum að fækka verkefnum heldur hefur þeim þvert á móti fjölgað."

Kristín Ingólfsdóttir:

### EKKI VERÐUR GENGIÐ LENGRA

„Ég er sammála skýrsluhöfundum að lengra verður ekki gengið en þegar er orðið," segir Kristín Ingólfsdóttir, arftaki Páls Skúlasonar, núverandi háskólarektors.



Kristín tekur við starfanum af Páli í júlí næstkomandi og er í kjölfar úttektar Ríkisendurskoðunar þess fullviss að hún taki við góðu búi.
„Mitt mat er að hvorki verður gengið lengra fram í hagræðingu né heldur farið fram á meira en þegar er orðið af því góða fólki sem í Háskólanum starfar og hefur oft á tíðum gengið lengra en skyldan krefst. Það verður eitt af mínum fyrstu verkum að taka á því eftir megni."


50%
afsláttur
af snakkbar
& nammibar
allir krakkar fá sumargjöf*
*meðan birgðir endast
2 fyrir 1
tilboð á
7up free 0,5 l
10-11
...þegar þér hentar

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Huga þarf vel að samgönguæðum til og frá nýja Háskólanum í Reykjavík.

# Háskólasamfélag við Hlíðarfót

Í kjölfar þeirrar ákvörðunar Háskólans í Reykjavík að byggja upp framtíðarhúsnæði fyrir skólann við Hlíðarfót á skipulagssvæði Vatnsmýrarinnar er ljóst að borgaryfirvöld og samgönguyfirvöld verða að bregðast hratt við til að leysa samgöngumál svæðisins. Það helst reyndar í hendur við fyrirhugaða samgöngumiðstöð sem á að rísa í námunda við Loftleiðahótelið. Ekki þarf aðeins að gera greiðar samgönguleiðir úr norðri að svæðinu, heldur líka að huga að samgöngum úr Kópavogi undir Fossvog, eða þá að gera jarðgöng í gegnum syðsta hluta Öskjuhlíðar. Á teikniborði skipulagsyfirvalda hefur í mörg ár verið vegur um Hlíðarfót, en honum var eiginlega slegið á frest þegar ljóst varð að Fossvogsbraut myndi fylgja í kjölfarið. Fallið var frá henni eftir mikil mótmæli, sérstaklega Kópavogsbúa, sem vildu vernda Fossvogsdalinn fyrir umferðarmannvirkjum.

**Á háskólakömpum þarf að vera margt fleira en kennslustofur og skrifstofur kennara. Ungt fólk sem þar stundar nám þarf að geta leitað sér þar lífsfyllingar utan skólaveggjanna. Það verður örstutt í Miðbæinn frá Hlíðarfæti og væntanlega er gert ráð fyrir góðum göngu- og hjólreiðaleiðum frá Öskjuhlíð og í Kvosina við færslu Hringbrautarinnar, sem óðum er að taka á sig mynd. En það er hægt að leita sér lífsfyllingar víðar en á kaffi- og kvikmyndahúsum, og þess vegna er nálægðin við Öskjuhlíðina og Fossvog mikilvæg við uppbyggingu háskólasvæðisins við Hlíðarfót.**

Það virtist ljóst strax í upphafi umræðunnar um nýjan stað fyrir Háskólann í Reykjavík að það væri heppilegra að setja hann niður við Hlíðarfót en á Urriðavatnssvæðinu í Garðabæ. Ekki aðeins að skólinn þyrfti að breyta um nafn, því það gengur ekki að Háskólinn í Reykjavík sé í Garðabæ, heldur líka af margsvíslegum öðrum ástæðum sem réttilega hafa verið tilgreindar sem rök fyrir því að hafa skólann uppi af Nauthólsvík. Þarna á að hefja framkvæmdir við háskólakamp þegar á næsta ári, og nýtt húsnæði á að vera tilbúið árið 2008. Því þarf að hafa hraðar hendur í þessu máli, en grundvallaratriði er að hefja þegar vinnu við skipulag samgangna til og frá svæðinu.

Við uppbyggingu þess þarf að huga vel að náttúrueinkennum Öskjuhlíðar og Fossvogs, því með á fjórða þúsund nemendur og starfsfólk við skólann má búast við mikilli umferð. Öskjuhlíðin og Fossvogsströndin eru miklar náttúruperlur sem verða sífellt verðmætari eftir því sem þrengir að grænum svæðum í og við Vatnsmýrina. Þegar hefur verið gert stórt og mikið átak varðandi Nauthólsvík. Þar er búið að leggja mikla vinnu og fjármuni af mörkum til að gera svæðið aðgengilegt og aðlaðandi. Innar í Fossvoginum ætti að gera sem minnst, nema að bæta þar göngustígakerfi.

Á háskólakömpum þarf að vera margt fleira en kennslustofur og skrifstofur kennara. Ungt fólk sem þar stundar nám þarf að geta leitað sér þar lífsfyllingar utan skólaveggjanna. Það verður örstutt í Miðbæinn frá Hlíðarfæti og væntanlega er gert ráð fyrir góðum göngu- og hjólreiðaleiðum frá Öskjulíð og í Kvosina við færslu Hringbrautarinnar, sem óðum er að taka á sig mynd. En það er hægt að leita sér lífsfyllingar víðar en á kaffi- og kvikmyndahúsum, og þess vegna er nálægðin við Öskjuhlíðina og Fossvog mikilvæg við uppbyggingu háskólasvæðisins við Hlíðarfót.

Háskólinn í Reykjavík ætlar að hasla sér völl við rætur Öskjuhlíðar, þar sem skólinn fær væntanlega nægt land til að byggja upp öfluga menntastofnun. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Steinkast úr glerhúsi

Framsóknarmenn hafa verið iðnir við að gagnrýna stjórnarandstöðuna, jafnt á Alþingi sem utan þess, fyrir söguburð í tengslum við sölu Símans og Búnaðarbankans. Skemmst er að minnast greinar sem þingmaðurinn Magnús Stefánsson skrifaði undir heitinu Gróa á Leiti og Smjattpattarnir um „órökstuddar dylgjur“ stjórnarandstöðunnar varðandi símasöluna.



Tala má um steinkast úr glerhúsi í þessu sambandi því flokksbróðir Magnúsar, G. Valdimar Valdemarsson, fer allharkalegum orðum um Agnesi Bragadóttur í pistli sínum sem birtist á heimasíðu Framsóknarflokksins í gær.

### „Heyrst hefur...“

G. Valdemar heldur því fram að „útspil Agnesar Bragadóttur hafi ekkert með umhyggju með almenningi að gera“. Hún sé að ganga erinda eigenda Árvakurs „í tilraun þeirra til að bjarga vonlitlum rekstri eigin blaðs“. Þetta rökstyður hann með því að segja að „heyrst“ hafi af tilraunum til þess að kaupa upp hlutafé í Árvakri „með það að markmiði að sameina rekstur Árvakurs og Skjás 1 en Síminn er jú ráðandi aðili í Skjá 1“. Þetta getur augljóslega ekki flokkast sem söguburður.

### Ljótt ef satt er

G. Valdimar heldur áfram: „Þeir sem hafa verið að skoða fjölmiðlamarkaðinn á Íslandi hafa margoft bent á þann möguleika að mynda öfluga samsteypu úr Morgunblaðinu, Skjá 1 og Símanum. Eigendur Árvakurs hafa varið vígið með oddi og egg og komið í veg fyrir að nýir eigendur næðu að kaupa sig upp í fyrirtækinu. Þeir vilja augljóslega ekki vinna með hverjum sem er. En kannski eru þeir tilbúnir að vinna með Almenningi ehf með Agnesi Bragadóttur og vini hennar við stjórnvölinn. [...]Þetta er fyrst og síðast aðferð íhaldsins til að hafa áhrif á það hverjir eignast Símann og tryggja að nýir kaupendur séu þeim þóknanlegir.
Ljótt ef satt er.“
Já, sei, sei. Ljótt ef satt er.

sda@frettabladid.is

# Persónur og saga

Í DAG
ÍSLANDSSAGAN



ÞORVALDUR GYLFASON

Hvaða stefnu ætli Ísland hefði tekið, ef aðalleiðtogi Íslendinga á síðari helmingi 19. aldar hefði ekki heitið Jón Sigurðsson? – heldur segjum t.d. Grímur Thomsen. Að sönnu kom leiðsaga Gríms ekki til greina, til þess hafði hann hvorki metnað né stuðning, þótt hann væri áhrifamikill stjórnmálamaður og virtur bókmenntafræðingur og skáld. Jón Sigurðsson kom í rauninni einn til álita sem helzti foringi þjóðarinnar þessi umbrotaár. En hugsum þessa hugsun samt til enda: hvað ætli hefði gerzt, hefði Grímur Thomsen ráðið ferðinni? Spurningin er öðrum þræði þessi: skipta einstaklingar máli fyrir framvindu sögunnar? Eða lýtur sagan eigin lögmálum, án þess að einstakir menn fái rönd við reist?

Við þekkjum framvinduna í þessu dæmi: Ísland tók fyrsta stóra skrefið inn í nútímann fyrir 150 árum, þegar landið hristi af sér ævagamlar viðjar með því að taka upp óskorað verzlunarfrelsi út á við fyrir frumkvæði Jóns forseta fyrst og fremst. Frjálslyndi og lærdómur Jóns og látlausar fortölur hans og nudd í bréfum og greinum áttu ríkan þátt í þessum umskiptum. Jón lagði með líku lagi grunninn að síðbúinni endurheimt sjálfstæðis þjóðarinnar með tilkomu heimastjórnarinnar 1904, þótt hann félli frá aldarfjórðungi fyrr.

**Hvernig ætli Grímur Thomsen hefði tekið á verzlunarmálinu og sjálfstæðismálinu, hefði hann farið fyrir Íslendingum? Því verður ekki svarað með nokkurri vissu, en við getum samt reynt að gizka í eyðurnar. Grímur Thomsen var Jóni Sigurðssyni innan handar um ýmislegt framan af ferli sínum, meðal annars við útgáfu Nýrra félagsrita í Kaupmannahöfn, en hann snerist síðan gegn Jóni í mörgum málum.**

Hvernig ætli Grímur Thomsen hefði tekið á verzlunarmálinu og sjálfstæðismálinu, hefði hann farið fyrir Íslendingum? Því verður ekki svarað með nokkurri vissu, en við getum samt reynt að gizka í eyðurnar. Grímur Thomsen var Jóni Sigurðssyni innan handar um ýmislegt framan af ferli sínum, meðal annars við útgáfu Nýrra félagsrita í Kaupmannahöfn, en hann snerist síðan gegn Jóni í mörgum málum. Grímur var embættismaður í dönsku utanríkisþjónustunni fram undir fimmtugt og þótti gerast hallur undir Dani, og hann tók ekki undir málflutning Jóns forseta í frelsisbaráttunni. Grímur Thomsen var íhaldsmaður og úrtölumaður. Hann virtist vera þeirrar skoðunar, að óbreytt ástand hentaði Íslendingum bara vel. Þegar símalagning hingað heim kom til tals, sagðist hann aldrei hafa orðið þess var, að Íslendingar hefðu beðið tjón af því að þurfa að bíða nokkrar vikur eftir fréttum utan úr heimi. Hann flæktist fyrir Jóni forseta á ýmsa lund, jafnvel út yfir gröf og dauða. Grímur átti mestan þátt í því, að Íslendingar reistu ekki styttu af Jóni Sigurðssyni strax að honum látnum, þegar Brynjólfur Bergslien, einn helzti myndhöggvari Noregs, stóð Íslendingum til boða. Líkneskið reis löngu síðar, og þá var Einar Jónsson fenginn til að vinna verkið, sem stendur á Austurvelli.

Hefðu atvikin hagað því svo, að Grímur Thomsen hefði farið fyrir Íslendingum, hefðu þá viðskiptafrelsi og síðan sjálfstæði skilað sér til Íslands með því móti, sem raun varð á? Það er ómögulegt að vita. Íhaldssemi Gríms og úrtölur hefðu hæglega getað tafið bæði málin. Jón Sigurðsson hafði annað upplag en Grímur, aðra lífsskoðun, annan stíl. Jón segir á einum stað: „Til að bægja annmörkunum þarf að halda þeim alltaf skarpt fram og sýna hvað skaðlegir þeir sé í alla átt. Með því næst um síðir það, sem maður vill, en þögnin heldur öllu í status quo – og status quo vitum við er afturför.“ Þannig var Jón: óþreytandi. En Grími hefur sennilega fundizt þetta vera heldur hvimleiður málflutningur.

Tökum annað dæmi, frá Indlandi. Hér er engrar andsögu þörf, því að rás atburðanna ber vitni. Indland og Pakistan urðu sjálfstæð ríki, þegar Bretar hurfu frá Indlandi 1947. Leiðtogi múslíma, Múhameð Alí Jinnah, krafðist þess, að þeir fengju að stofna eigið ríki. Bretar létu undan og einnig Gandí, leiðtogi þjóðfrelsishreyfingar Indverja. Þannig varð Pakistan til, og síðan einnig Bangladess 1971 að loknu blóðugu stríði. Indland hefur verið lýðræðisríki allar götur frá 1947 og tekið ýmsum framförum, en Pakistan hefur mátt lúta harðskeyttri herstjórn árum saman og vegnað verr en Indlandi. Hefðu indverskir múslímar átt framsýnni, mildari og sveigjanlegri leiðtoga en Jinnah, einhvern eins og t.d. Gandí, þá hefðu Pakistanar e.t.v. eignazt kost á lýðræði, frelsi og friði, og þá væru lífskjör þar nú e.t.v. engu lakari en á Indlandi. Indlandi hefur fleygt fram í krafti frjálslegra umbóta síðan 1990, en Pakistan hefur hjakkað í sama hjólfarinu. Ef landsfaðirinn er einstrengingslegur ofstækismaður eins og Jinnah var, þá er ekki góðs að vænta um framsókn lands og lýðs. En Gandí lofaði góðu. Hvað ætli Grími Thomsen hefði fundizt um Gandí? ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




PROFUTURA
primary action cream



**Ekki leyfa tímanum að vinna á húð þinni!**

Marbert kynnir þarfa nýjung, Profutura Primary Action, krem sem kemur í veg fyrir að fyrstu merki öldrunar geri vart við sig og verði sjáanleg á húðinni. Profutura Primary Action aðstoðar húðina við að vinna á áhrifaríkan hátt gegn öllum þáttum firstu merkja um aldurstengdar breytingar á húðinni ásamt því að vernda gegn skaða af völdum ytri þátta svo sem sól og mengun og ynnri þátta svo sem streytu og þreytu.



MARBERT
CARES FOR ME.

**Kynningar í öllum snyrtivöruverslunum Hagkaupa fimmtudag, föstudag og laugardag.**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**Fæst í öllum snyrtivöruverslunum Hagkaupa.**

# Jöfn fjölskylduábyrgð – skref í rétta átt

UMRÆÐAN
UPPELDI BARNA

FANNÝ GUNNARSDÓTTIR,
KENNARI OG NÁMSRÁÐGJAFI



Í vetur ákvað jafnréttisráð að fá IMG Gallup til að framkvæma könnun meðal útivinnandi foreldra barna á leik- og grunnskólaaldri. Könnunin var símakönnun og fór fram fyrrihluta febrúarmánaðar. Okkur í jafnréttisráði lék forvitni á að vita hvort vetrarfrí, starfsdagar eða aðrir dagar þar sem börn sækja ekki skóla raski mikið störfum foreldra. Einnig var sérstaklega spurt um áhrif kennaraverkfalls grunnskólakennara fyrr í vetur. Niðurstöður voru greindar sundur eftir kyni en með því móti er hægt að skoða hugsanlegan mun á milli kynja. Áður en við förum af stað áttum við, í ljósi fyrri kannana á heimilisábyrgð, von á því að röskunin yrði meiri hjá konum en körlum.

Því hefur verið haldið fram að ábyrgð kvenna á heimilishaldi eða fjölskylduábyrgð standi í vegi fyrir jafnri atvinnuþátttöku kynjanna og starfsframa kvenna. Vert er að hafa í huga að mun hærra hlutfall karla en kvenna er í fullu starfi og hefur sá munur m.a. verið skýrður út frá fjölskylduábyrgð sem enn hvílir frekar á konum en körlum, þó svo að þróunin hafi á undanförnum árum verið í rétta átt. Einnig er nauðsynlegt að horfa á þróun vinnutíma karla og kvenna. Ef horft er á allan vinnumarkaðinn frá 1998 til 2003 kemur í ljós að vinnutími karla hefur styst um 3 klst. á viku en vinnutími kvenna lengst um 1,2 klst.

Þegar farið er yfir niðurstöður könnunar Gallup kemur í ljós þegar skoðaðir eru dagar á borð við starfsdaga og vetrarfrí í leik- og grunnskólum að rúmlega 11% foreldra töldu þessa daga valda mjög eða frekar mikilli röskun á starfi sínu og 60% töldu mjög litla eða enga röskun fylgja þessum dögum.

Fram kom að ekki er marktækur munur á milli kynjanna, en heldur færri karlar töldu sig hafa orðið fyrir röskun í starfi. Þá kom fram að rúmlega 30% foreldra töldu sig hafa orðið fyrir mjög mikilli eða frekar mikilli röskun í starfi þær vikur sem kennaraverkfallið stóð. Hér kemur hinsvegar fram um 10% kynjamunur. Það vakti athygli mína að tæplega 50% svöruðu því til að verkfall kennara hefði haft mjög litla eða enga röskun á atvinnu í för með sér.

**Á undanförnum árum hafa fyrirtæki og stofnanir verið hvött til að setja sér sérstaka fjölskyldustefnu þar sem tekið er tillit til þarfa fjölskyldunnar og reynt að tengja sem best saman fjölskyldulíf og atvinnu. Það hafa margir vinnustaðir tekið undir þá áskorun og sett sér virka fjölskyldustefnu og það færist í vöxt að starfsfólk hafi sveigjanlegan vinnutíma sem getur nýst starfsfólki með börn í skólum sérstaklega vel.**

Frekari upplýsingar um könnunina er að finna á www.jafnretti.is.

Óneitanlega er gleðilegt að sjá að ekki er marktækur munur á svörum kynjanna, mæður og feður telja sig verða fyrir svipaðri röskun í starfi þá daga þegar skólahald fellur niður. Þessar niðurstöður eru ekki frábrugðnar reynslu minni sem umsjónarkennari í yfir 20 ár og nú sem starfandi námsráðgjafi. Þegar ég hóf kennslu var það algjör undantekning ef feður höfðu samband við kennara eða komu í foreldraviðtöl. Auðvitað hafa samskipti heimila og skóla aukist mikið á síðustu árum og réttindi og skyldur foreldra til beinnar þátttöku í skólastarfi aukist. Það er mín tilfinning að feður koma nú til jafns við mæður í nemenda- og foreldraviðtöl og þeir hafa í síauknum mæli samband við skólastjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skólans.



Þegar ég skoða niðurstöður könnunarinnar vakna ýmsar spurningar sem snúa að fjölskyldutengslum og stórfjölskyldunni. Búum við svo vel að stórfjölskyldan geti og sé tilbúin til að hlaupa undir bagga þegar börn sækja ekki skóla sökum veikinda eða þegar kennsla fellur niður vegna starfsdaga og vetrarfría? Er samstarf foreldra bekkjarfélaga með þeim hætti að þeir skipti með sér að vera heima? Eru eldri systkini heima og bera ábyrgð á yngri systkinum? Eru börn höfð ein heima hluta úr degi eða einn og einn dag? Einnig finnst mér rétt að skoða sérstaklega hvernig frístundaheimilin eða „skóladagvistin“ nýtist þá daga þegar kennsla fellur niður og hvort hægt sé að koma betur til móts við þarfir barna og foreldra.

Í könnun sem Gallup vann fyrir „Hið gullna jafnvægi“ kom fram að rúmlega 30% starfandi fólks á höfuðborgarsvæðinu hafði nýtt sér aðstoð ættingja eða vina við heimilisstörf eða umönnun barna og um 76% starfandi fólks með börn 7 ára eða yngri. Við megum ekki gleyma því að um 16% fjölskyldna í landinu eru einstæðir foreldrar með börn og að um 60% foreldra sem ekki búa saman hafa sameiginlegt forræði. Vonandi skilar sameiginlegt forræði sér í jákvæðum samskiptum sem hafa það að leiðarljósi að fullnægja sem best þörfum barnanna og tryggja þeim öryggi þá daga sem þau sækja ekki skóla.

Á undanförnum árum hafa fyrirtæki og stofnanir verið hvött til að setja sér sérstaka fjölskyldustefnu þar sem tekið er tillit til þarfa fjölskyldunnar og reynt að tengja sem best saman fjölskyldulíf og atvinnu. Það hafa margir vinnustaðir tekið undir þá áskorun og sett sér virka fjölskyldustefnu og það færist í vöxt að starfsfólk hafi sveigjanlegan vinnutíma sem getur nýst starfsfólki með börn í skólum sérstaklega vel. Það á að vera keppikefli að reka og starfa á fjölskylduvænum vinnustað og það hlýtur að vera hagur jafnt atvinnurekenda sem starfsmanna. Það kom fram í verkfalli kennara að margir vinnustaðir komu sér upp gæslu eða afdrepi fyrir börn starfsmanna og jafnvel eru til þeir vinnustaðir sem bjóða upp á svipaða þjónustu á starfsdögum. Jafnréttisráð hefur átt aðild að „Hinu gullna jafnvægi“ sem hefur það að leiðarljósi að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að setja sér fjölskyldustefnu og aðlaga sem best atvinnulíf og fjölskyldulíf. Ég vil benda lesendum á að kynna sér betur „Hið gullna jafnvægi“ með því að fara inn á heimasíðu þeirra www.hgj.is. Það er mín skoðun að aukið jafnrétti sé samofið jafnri fjölskylduábyrgð.

Eins og flestir vita þá er það lagaleg skylda fyrirtækja og stofnana með 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun. Því miður hafa fáir farið eftir þessum lögum þó svo að þau hafi verið í gildi allt frá árinu 2000. Fyrir tæpu ári sendi félagsmálaráðuneytið í samstarfi við Jafnréttisstofu út bréf til allra fyrirtækja og stofnana sem málið varðaði og fór fram á að fá upplýsingar um stöðu mála. Af svörum að dæma má gera ráð fyrir að á um 20% vinnustaða sé til jafnréttisáætlun. Til þess að jafna stöðu kynjanna og þar með jafna fjölskylduábyrgð þarf að standa hér mun betur að málum. Jafnréttisráð hélt síðastliðið haust málþing um gildi jafnréttisáætlana og vildi með því leggja áherslu á lögin og gildi þeirra. Það er hagur allra að jafna fjölskylduábyrgð, atvinnuþátttaka kvenna er mjög mikil hér á landi, vinnudagur er langur og því réttlætismál að deila daglegum störfum er til falla á heimilum og þeirri ábyrgð sem fylgir því að reka heimili og ala upp börn. Börn dagsins í dag koma til með að bera uppi samfélagið og setja mark sitt á það eftir einn eða tvo áratugi. Því er það skylda okkar að ala börn dagsins í dag upp í jafnrétti, því fyrirmyndir á heimilum og í nærsamfélaginu setja ævarandi mark sitt á lífsviðhorf barnanna.

*Höfundur er formaður jafnréttisráðs og á sæti í nefnd forsætisráðuneytisins um stöðu fjölskyldunnar.*

# Arðsemi vegaframkvæmda

UMRÆÐAN
SAMGÖNGUÁÆTLUN

BJÖRGVIN ÞORSTEINSSON
VERKFRÆÐINGUR



Við skattborgarar eigum kröfu á því að vel og skynsamlega sé farið með opinbert fé. Þegar teknar eru ákvarðanir um framkvæmdir til vegamála er stuðst við arðsemismat. Arðsemin felst í fækkun óhappa, tímasparnaði og styttingu vegalengdar sem er borin saman við stofn- og rekstrarkostnað viðkomandi umferðarmannvirkis (vega).

Það er ekki sjálfgefið að þar sem fleiri bílar aka verði arðsemin meiri. Sem dæmi um arðsemi framkvæmda má nefna að arðsemi Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð er 14%, arðsemi fyrsta áfanga Sundabrautar reiknast allt að 14%, arðsemi Héðinsfjarðarganga er allt að 15%, arðsemi vegar milli Steingrímsfjarðar og Gilsfjarðar er um 18%, arðsemi mislægra gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar er áætluð a.m.k. 20%, arðsemi Hallsvegar í Reykjavík er metin 26%, og arðsemi mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar og Nýbýlavegar er 55-60%.

Arðsemismat tekur ekki tillit til tafa sem verða vegna ákvarðana eða ákvarðanaleysis viðkomandi skipulagsyfirvalda, t.d. hvað varðar mislæg gatnamót við Kringluna eða fyrsta áfanga Sundabrautar.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008, sem kynnt var á dögunum, stendur að verið sé að fara í saumana á aðferðum við forgangsröðun framkvæmda hjá Vegagerðinni, Flugmálastjórn og Siglingastofnun. Aðferðir nágrannaþjóða eru kannaðar og lagt mat á hvort þörf sé á að endurskoða núverandi aðferðir, t.d. hvað varðar umhverfisþætti og slysatíðni. ■





Fólksbílar
Toyota Yaris
Fiat Panda
VW Polo
Toyota Corolla
Mitsubishi Lancer, sjálfskiptur
Skoda Octavia Station
Fiat Stilo Station
Dodge Caravan, 7 manna, sjálfskiptur
Kia Magentis
Fólksbílar kr. 3.900 litlir bílar
Jeppar
Toyota Rav4,
Suzuki Grand Vitara
Hyundai Santa Fe
Mitsubishi Pajero Sport,
Kia Sonento EX
Dodge Ram Pickup
Toyota Land Cruiser, sjálfskiptur
Jeppar kr. 6.900 stórir bílar
Budget bílaleiga, Sími 562 6060, Dugguvogi 10, 104 Reykjavík, www.budget.is
Budget bílaleiga er á eftirfarandi stöðum á landinu: Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Vestmannaeyjum, Þórshöfn, Þorlákshöfn og Bakka.
Concept
Budget bílaleiga: 2 verð einfalt val.
Budget Car Rental

# Er útlendingahatur afleiðing?

UMRÆÐAN
KYNÞÁTTA
FORDÓMAR



KRISTINN SNÆLAND
LEIGUBÍLSTJÓRI

Óánægja vegna aukins fjölda fólks af erlendu bergi brotið virðist fara vaxandi hér í landi. Spaklegt fólk tjáir sig í spjall- og umræðuþáttum og lýsir áhyggjum vegna fordóma sem gætir í samskiptum innfæddra og nýbúa. Athygli mína vekur að mér virðist sem það fólk sem fjallar um þessi mál sé ekki af þeim hluta landsmanna sem býr við það að hagsmunir þeirra og nýbúa skarist. Í umræður veljast félags-, sál-, hag, þjóðháttafræðingar og fleira fólk í ámóta stöðum. Þetta blessaða fólk býr síst við það að fjárhagslegir og persónulegir hagsmunir þess skerðist við fjölgun nýbúa.

Það á ekki von á að missa vinnu sína til lægra launaðra nýbúa, að ekki sé nú talað um ólöglega starfsmenn í svartri vinnu.

Ræstingar voru almennt unnar af félögum í Sókn. Greitt var eftir uppmælingu og vinnutími lagaður að því sem hentaði bæði starfsfólki og atvinnurekanda, auk þess sem starfsfólk gat samið um stærð þess svæðis sem hver tók að sér að ræsta. Algengt var að einstæðar mæður tækju að sér svæði og ynnu á þeim tíma sem hentaði, t.d. þegar ættingjar eða eldri börn gátu sinnt hinum yngri. Tekjur fyrir þessa vinnu voru almennt betri en gerðist í venjubundinni tímavinnu. Dæmi voru líka um að hjón tækju saman stykki eða vinkonur. Almennt var mikil ánægja með að komast í þessi störf. Fjármálaséní sáu sér leik á borði og buðu í þessi störf nokkuð minna en kostnaður var talinn vera. Reykjavíkurborg, ríkisstofnanir og mörg stærri og minni fyrirtæki hafa tekið þessum boðum.

Núna er staðan sú að þessi störf eru að langmestu leyti unnin af nýbúum og ræstingarfyrirtækjum sem nýta sér að nýbúar eru ekki kröfuharðir á laun. Kostnaður vegna ræstinga hefur með þessu væntanlega lækkað um tíma, á kostnað launa starfsfólks og stjórarnir þá getað hælt sér af meiri hagnaði eða lægri rekstrarkostnaði.

Undanfarna daga hefur komið æ betur í ljós að fjöldi erlendra manna stundar ólögleg störf hér í landi og jafnvel í miklum mæli svart. Í nokkur ár hefur ítrekað verið haft samband við Eflingu og bent á dæmi um erlenda menn við störf og ekki aðeins það heldur líka við illan aðbúnað. Nær ekkert hefur gerst og sorglegast er dæmið um sýslumanninn fyrir austan sem hengir haus og leggur bara kollhúfur og lætur kolólöglega menn halda störfum við Kárahnjúka. Er virðing sýslumanna suðvestan lands og röggsemi aðdáunarverð. Þeir taka myndarlega á svikaliðinu meðan sýslumaðurinn fyrir austan virðist vera með allt niður um sig, rasskelltur af ráðamönnum ríkisins sem ekki þora að refsa brotamönnum við Kárahnjúka af ótta við Impregilo. Eða hvað?

Þegar einstæð móðir með þrjú börn missir vinnuna við ræstingar og verður að segja börnum sínum að hún geti ekki veitt þeim föt eða aðgang að eftirsóttu tómstundastarfi vegna þess að ræstingafyrirtæki hefur fengið vinnuna hennar og notar nú erlent vinnuafl á lágmarkslaunum, þá er ekki undarlegt að í skólanum eða á leikvellinum kastist í kekki með börnum hennar og börnum af erlendum uppruna. Þegar verkamaðurinn sem hafði dágóðar tekjur í byggingavinnu og gat veitt sér og sínum þolanleg lífskjör situr hnípinn heima vegna þess að ólöglegir erlendir starfsmenn sem jafnvel vinna svart hafa bolað honum burtu, ætti enginn að verða hissa þótt skerist í odda milli barna af erlendum uppruna og barna verkamannsins. Þegar íslensk skipafélög skrá skip sín erlendis og ráða útlendinga á skipin, þá kyndir það undir óánægju sem getur brotist fram við ólíklegustu tækifæri. Þegar erlent fólk virðist njóta forgangs um íbúðir hjá fjölmörgum sveitarfélögum kyndir það undir óánægju innfæddra.

Á meðan opinber yfirvöld virðast ekki fá rönd við reist síauknum innflutningi erlendra verkamanna og stöðugt auknum straumi nýbúa sem ljóst og leynt draga niður lífskjör láglaunafólks í landinu hlýtur að koma til aukin andstaða og óvild í garð útlendinga, bæði nýbúa og ekki síst þeirra útlendinga sem hér dveljast og grunur er á að séu bæði ólöglega við störf og stundi þau auk þess svart.

Ég fordæmi íslensk stjórnvöld, félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra fyrir að láta nánast reka á reiðanum í innflytjendamálum en ekki síður það fólk sem hefur nánast enga eigin áhættu af stöðugri fjölgun útlendinga í landinu og finnur því ekki til þess hvernig er að missa vinnu og eða tekjur vegna stjórnlauss innflutnings erlends vinnuafls. Þetta fólk mætir í umræðuþætti algerlega skilningsvana á vaxandi núningi milli Íslendinga og útlendinga og talar um fordóma. Ég legg til að Kastljóss- og Íslands-í-dag-fólkið fái til viðtals við sig ekki fulltrúa verkalýðsfélaga, heldur fólk sem hefur misst vinnu vegna nýbúa eða annarra útlendinga, löglegra eða ólöglegra. Það gæti orðið fróðlegt og jafnvel kveikt nauðsynlegan skilning og vakið upp markviss viðbrögð. ■




SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

LEGACY
Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð áður 2.790.000
Verð nú 2.590.000





FORESTER
Subaru Forester sjálfskiptur
Verð áður 2.750.000
Verð nú 2.580.000

IMPREZA
Subaru Impreza Sedan beinskiptur
Verð áður 2.160.000
Verð nú 1.990.000





OUTBACK
Subaru Outback sjálfskiptur
Verð áður 3.680.000
Verð nú 3.540.000

ÓTVÍRÆÐIR YFIRBURÐIR

**Gerðu fyrst gæðasamanburð.** Aldrifið er sannkallað listaverk – lárétt Boxer vél og fullkomin fjórhjóladrifstækni tryggja hámarks rásfestu og veggrip á öllum hjólum. Jafnvægið ræður ríkjum og gerir Subaru einfaldlega engu líkan.



SYMMETRICAL AWD
JAFNVÆGI

**Svo skaltu gera verðsamanburð.** Athugaðu verðið á öðrum bílum í sama stærðarflokki. Berðu saman búnað, frágang, aksturseiginleika og reynslu við fjölbreytilegustu aðstæður. Og það skrítna er að það besta kostar ekki mest, heldur einna minnst!

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

**Hrísmýri 2a** 800 Selfossi 482-3100
**Eyrarlandi 1** 530 Hvammstanga 451-2230
**Sæmundargötu 3** 550 Sauðárkróki 453-5141
**Holtsgötu 52** 260 Njarðvík 421-8808
**Dalbraut 2b** 300 Akranesi 431-1376
**Víkurbraut 4** 780 Höfn í Hornafirði 478-1990
**Búðareyri 33** 730 Reyðarfjörður 474-1453
**Sindragötu 3** 400 Ísafjörður 456-4540
**Óseyri 5** 603 Akureyri 461-2960



*Nýir vinir í heimasíma og til útlanda gilda fyrir Frelsisnotendur ef þeir fylla á rafrænt og eru með 500 kr. Frelsisáskrift með kreditkorti. Afsláttur til Frelsisnotenda í GSM- og heimasímavini miðast við 60 mínútur eða SMS á dag.

**Til að njóta þeirra kjara sem Internetþjónustan býður upp á þarftu að hafa GSM áskrift eða Frelsi hjá Símanum.

800 7000 - **siminn.is**

# Þú getur valið allt þetta hjá Símanum

**Síminn hefur á boðstólum allt sem þú þarft til að vera í góðu sambandi og þú hefur frelsi til að velja þá þjónustu sem þér hentar.**

**Þitt er valið**

## GSM*

- Veldu þér vin með **GSM síma** og talaðu við hann í allt að **1200 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð. Núverandi Símavinir gilda ef þú hefur þegar skráð þig.
- Veldu þér vin með **heimasíma** og talaðu við hann í allt að **1200 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.
- Veldu þér vin með heimasíma í einu af þeim **30 löndum** sem við höfum mest samskipti við og talaðu við hann í **120 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.

## HEIMASÍMI

- Veldu þér vin með **heimasíma** og talaðu við hann í allt að **1000 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.
- Veldu þér vin með **GSM síma** og fáðu **50% afslátt** af mínútuverði.
- Veldu þér vin með heimasíma eða GSM í **útlöndum** og fáðu **50% afslátt** af mínútuverði.

## INTERNET**

Veldu þér leið:

- Leið 1
  Þú færð **ADSL 1000** með **1 GB niðurhali** og einu netfangi á **3.990 kr.** á mánuði.
- Leið 2
  Þú færð **ADSL 2000** með **3 GB niðurhali** og þremur netföngum á **4.990 kr.** á mánuði.
- Leið 3
  Þú færð **ADSL 6000** með **ótakmörkuðu niðurhali**, öryggispakka og fimm netföngum á **5.790 kr.** á mánuði.

## MEIRA

- Viðskipavinir Internet-þjónustu Símans geta spilað einn **nýjan tölvuleik** í hverjum mánuði á siminn.is. Þessi þjónusta er innifalin.
- Viðskiptavinum Símans bjóðast mánaðarlega **betri kjör og sértilboð** sem birtast í fréttabréfinu Síminn til þín.
  Allar nánari upplýsingar á siminn.is/frettabref

ENNEMM / SIA / NM16043

Kynntu þér málin á siminn.is, í næstu verslun Símans eða í síma 800 7000.

Við hjálpum þér að láta það gerast

**Síminn**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.032 **+0,38%**

**Fjöldi viðskipta:** 141
**Velta:** 1.782 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Íslandsbanki** | 2,31% | **Atorka** | -0,81% |
| **Landsbankinn** | 0,64% | **HB Grandi** | -0,63% |
| **Bakkavör** | 0,61% | **Actavis** | -0,49% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,80 -0,49% ... Atorka 6,15 -0,81% ... Bakkavör 32,80 +0,61% ... Burðarás 14,00 -0,36% ... FL Group 14,25 +0,35% ... Flaga 5,50 – ... Íslandsbanki 13,30 +2,31% ... KB banki 538,00 +0,19% ... Kögun 62,30 – ... Landsbankinn 15,70 +0,64% ... Marel 55,60 – ... Og fjarskipti 4,01 +0,50% ... Samherji 12,05 – ... Straumur 11,75 -0,42% ... Össur 84,00 +0,60%

*Tölur frá um kl. 14 í gær. Nánar á Visir.is*

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Konfektfullyrðingin rétt

Úti í viðskiptalífinu hafa menn verið að ræða viðtalið við Jónínu Benediktsdóttur í Kastljósinu. Í yfirlýsingum hennar þykir ekki standa steinn yfir steini og menn velta því fyrir sér hvernig, að hennar sögn, þriggja ára rannsóknarvinna getur skilað jafn mörgum staðreyndavillum. Finnur Ingólfsson og Ólafur Ólafsson fengu það óþvegið í málflutningi Jónínu. Þeir sendu frá sér yfirlýsingar í Kastljósið, þar sem ávirðingum hennar var vísað á bug. Frést hefur þó að Finnur hafi sagt að ein fullyrðing Jónínu væri rétt og það meira að segja hárrétt. Hún væri sú að þegar konfektkassi væri lagður fyrir hann þá fengi hann sér alltaf bestu molana.

### Týndi milljarðurinn

Rangfærslur voru fleiri, en menn hafa ekki viljað fara fram á opinberum vettvangi til að svara þeim. Þannig hafa SÍF og KB banki ekki hirt um að svara fullyrðingum Jónínu um það að milljarður hafi horfið milli ársreikninga KB banka og SÍF vegna þóknana hins fyrrnefnda við kaup á Labeyrie. Jónína fullyrti að í árskýrslu KB banka væru tveir milljarðar í þóknun, en þrír færðir sem kostnaður hjá SÍF. Þóknun KB banka er hins vegar hvergi að finna í árskýrslu KB banka og aldrei hafa opinberlega verið gefnar upp þóknunartekjur bankans af viðskiptunum. Þá má benda á að ráðgjafar sem komu að viðskiptunum voru sex talsins og meðal þeirra Royal Bank of Scotland. Þessir ráðgjafar hafa tæplega gefið vinnu sína. Fullyrðingin um týnda milljarðinn virðist því ekki standa mjög traustum fótum.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Íslandsbanki** hefur lagt fram í **Kauphöll** skýrslu um hver áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla verði á uppgjör félagsins.

Þrír stjórnendur og stjórnarmenn í **Kögun**, þeir **Gunnlaugur Sigmundsson**, **Vilhjálmur Þorsteinsson** og **Örn Karlsson**, hafa stofnað eignarhaldsfélagið **Teton** um eign sína í **Kögun**.

Hluthafar í breska matvælafyrirtækinu **Geest** hafa samþykkt yfirtökutilboð **Bakkavarar** í félagið. Kaupin munu ganga í gegn í lok maí.

Hlutabréf á markaði í Japan hækkaði í viðskiptum í gær. **Nikkei** vísitalan hækkaði um 0,21 prósent.

# Mikil fjölgun í flugi

**Icelandair flutti 249 þúsund farþega á fyrsta ársfjórðungi.**

Farþegum Icelandair fjölgaði um 22 prósent í mars miðað við sama tíma í fyrra. Farþegar í mars voru 106 þúsund og var sætanýting níu prósentum betri en á sama tíma í fyrra eða 78 prósent. Á fyrstu þremur mánuðum ársins fjölgaði farþegum um 14 prósent milli ára og voru þeir 249 þúsund í ár. Framboðið er tíu prósentum meira en í fyrra.

Farþegum hjá Flugfélagi Íslands fjölgaði um 10 prósent samanborið við mars á síðasta ári. Flutningar hjá Icelandair Cargo jukust um eitt prósent milli ára. Leigutímum hjá Loftleiðum – Icelandic ehf. fjölgaði um sjö prósent milli ára í mars. - dh




FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**FL GROUP** Farþegum fjölgar milli ára.




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BRÆÐUR Í ÍSLANDSBANKA** Benedikt og Einar Sveinssynir stjórnuðu áður Sjóvá en beita sér nú í stjórn Íslandsbanka þar sem Einar er formaður.




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**MYNDARLEGUR ARÐUR** Landssíminn greiddi í gær 6,3 milljarða til hluthafa sinna. Smærri hluthafar eins og Steingrímur J. Sigfússon fengu greiðslu upp á 50.000 krónur að meðaltali.

# 6,2 milljarðar til ríkisins

Síminn greiddi um 6.330 milljónir króna í arð til hluthafa sinna í gær. Langstærstur hlutinn rann til ríkissjóðs eða um 99 prósent. Aðrir hluthafar fengu því um 63 milljónir króna í sinn hlut. Miðað við fjölda hluthafa í Símanum má ætla að „litlu hluthafarnir“ fái um 50.000 kr. að meðaltali.

Arðgreiðsla Símans sló öll fyrri met hvað varðar upphæð arðs frá íslensku félagi. - eþa

# „Straumur ekki heppilegur meðeigandi“

**Formaður bankaráðs Íslandsbanka segir Straum samkeppnisaðila Íslandsbanka og ekki heppilegan meðeiganda í Sjóvá. Málatilbúnaður Straumsmanna í kringum sölu Sjóvár sé forkastanlegur.**

„Straumur hafði lýst yfir vilja til að ganga til viðræðna við okkur um kaup á Sjóvá en aldrei komið með tilboð. Ég mat það svo að mikilvægt væri að tryggja sölu Sjóvár á þeim hagstæðu kjörum sem buðust fremur en að hætta á að tilboðið rynni út og engir aðrir kæmu með nýtt tilboð á betri eða sambærilegum kjörum,“ segir Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka.

Stjórn Íslandsbanka ákvað á fundi sínum í fyrradag að selja Sjóvá til Þáttar, félags í eigu Karls Wernerssonar og systkina hans. Karl situr í stjórn Íslandsbanka.

Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, segir þá hafa tilkynnt formlega um áhuga á kaupum á Sjóvá. Á það var ekki hlustað og lýsir Straumur yfir vonbrigðum með hvernig staðið var að málum.

Einar bendir á að Íslandsbanki vildi eiga áfram stóran hlut í Sjóvá til að halda áfram samþættingu banka- og vátryggingarþjónustu til hagsbóta fyrir sína viðskiptavini. „Það má því segja að Straumur sé ekki heppilegur meðeigandi. Straumur er fjárfestingabanki og samkeppnisaðili Íslandsbanka í fjárfestingastarfsemi. Fyrirtækið er ekki í einstaklingsþjónustu og hefur ekki reynslu á því sviði. Einnig er Straumur sem fjárfestingabanki ekki líklegur til að vilja skuldbinda sig til lengri tíma í samstarfi við Íslandsbanka. Lokamarkmið þeirra væri líklega að selja hlutinn áfram til þriðja aðila.“

Einnig er bent á í þessu samhengi að félög tengd Landsbankanum séu stórir hluthafar í Straumi og með einn mann í stjórn.

Einar segir Þátt ehf. því hafa verið heppilegan meðeiganda. Félagið horfi til þess að eiga Sjóvá til langs tíma og deilir sömu framtíðarsýn og stjórnendur Íslandsbanka. Við undirbúning málsins hefði stjórnin verið mjög meðvituð að um innherja í bankanum væri að ræða. Því hefði verið farið mjög varlega í málinu í einu og öllu. Hann hræðist því ekki skoðun Fjármálaeftirlitsins á þessum viðskiptum komi til þeirra.

„Mér finnst þessi málatilbúnaður Straums alveg forkastanlegur, að vilja ganga inn í viðskipti sem bankinn er að gera við annan aðila, sem í þessu tilviki er hluthafi í bankanum og stjórnarmaður, á þeirri forsendu að þeir séu hluthafar. Það er einhver röksemdafærsla sem er óskiljanleg. Þá eru þeir hreinlega að óska eftir því að hluthöfum sé mismunað – þá þeim í hag. Ég tek ekki þátt í slíku,“ segir Einar.

bjorgvin@frettabladid.is

# Sameining SH og Sjóvíkur samþykkt

Samruni SH og Sjóvíkur hefur verið samþykktur og allir fyrirvarar uppfylltir. Stjórnir beggja félaga samþykktu skýrslu sérfræðinga um sameiningu félaganna og miðast sameiningin við fimmta mars. Hluthafar í Sjóvík fá 715 milljón hluti í SH og miðað við gengi SH nú er verðmæti þeirra 8,4 milljarðar króna. SH þarf að gefa út nýtt hlutafé að nafnverði 617 milljónir króna og fær fyrirtækið 7,3 milljarða miðað við gengi félagsins nú.

Eftir sameiningu félaganna eiga fyrrverandi hluthafar Sjóvíkur þriðjung í SH. - dh



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GUNNAR SVAVARSSON** Forstjóri SH.

# Reglur Kauphallar ekki brotnar

Straumur ætlar að láta athuga réttarstöðu sína vegna vinnubragða stjórnar Íslandsbanka við sölu Sjóvár. Mun Fjármálaeftirlitið fá málið til skoðunar. Ein gagnrýni Straums beinist að því að salan á sér stað rétt fyrir birtingu uppgjörs Íslandsbanka fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins. Karl Wernersson, sem er í forsvari kaupenda Sjóvár, sé fruminnherji sem stjórnarmaður í Íslandsbanka.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir að í fljótu bragði virðist ekkert benda til þess að reglur kauphallarinnar hafi verið brotnar í þessum viðskiptum. Ef eitthvað þurfi að skoða komi það miklu frekar í hlut Fjármálaeftirlitsins. Viss verkaskipting ríki á milli þessara stofnana.

Aðspurður hvort eðlilegt sé að svona stór viðskipti eigi sér stað rétt fyrir þriggja mánaða uppgjör segir Þórður svo vera. „Það er ekkert sem bannar það í okkar reglum, að viðskipti af þessu tagi, ef þau eru gerð með réttum hætti, eigi sér stað á þessum tíma.“

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir að eftirlitið þurfi að samþykkja nýja virka eigendur í Sjóvá. Hann vill ekki tjá sig frekar um málið.

Þó að Íslandsbanki er skráð félag í Kauphöll Íslands benda viðmælendur Fréttablaðsins á að salan á Sjóvá hafi ekki verið viðskipti með skráð hlutabréf. Lög um innherjaviðskipti lúti að viðskiptum með skráð bréf. Fólk geti samt haft mismunandi skoðanir á hvernig staðið var að þessari tilteknu sölu. ■

# Opinn dagur!

## Í Viðskiptaháskólanum á Bifröst,

## í dag milli kl. 13 og 16

Boðið verður upp á leiðsögn um háskólaþorpið, skemmtun fyrir börnin og kaffi og vöfflur að lokinni heimsókn.







- Allar deildir háskólans kynna námsframboð í grunn- og framhaldsnámi og bjóða umsækjendum og öðrum áhugasömum aðilum upp á viðtöl við deildarforseta, námsráðgjafa og kennara.
- Stjórnendur skólans ræða umsóknir og úrvinnslu þeirra við þá sem vilja
- Kennslufræði háskólans verður kynnt en fámennir verkefnahópar, nálægð við kennara og starfsfólk auk verkefnavinnu í tengslum við atvinnulífið skapar skólanum mikla sérstöðu.
- Íbúðir, herbergi og önnur aðstaða Nemendagarða verður til sýnis.
- Nemendur kynna nám og daglegt líf á Bifröst.
- Öll félagsleg aðstaða verður til sýnis s.s. líkamsrækt, baðsvæði, kaffihús og lestraraðstaða.
- Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg munu kynna starfsemi sína.
- Á meðan foreldrar skoða svæðið geta börnin farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu.
- Boðið verður upp á kaffi, kakó og vöfflur á Kaffi Bifröst.

**Allir velkomnir**

*Frekari upplýsingar:*

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN
BIFRÖST

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 87 ár**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

**MARK TWAIN RITHÖFUNDUR (1835-1910)**
lést þennan dag.



*Sá sem ekki vill lesa hefur ekkert fram yfir þann sem ekki kann það.*

***Mark Twain eða Samuel Clemens var þekktur bandarískur rithöfundur sem meðal annars skrifaði Tuma Sawyer og Stikkilsberja-Finn. Hann skrifaði yfir 30 bækur og hundrað smásögur, og naut mikilla vinsælda í lifanda lífi.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Romulus og Remus stofna Róm

Samkvæmt arfsögn Rómverja er talið að 21. apríl árið 753 fyrir krist, hafi tvíburabræðurnir Romulus og Remus stofnað Rómarborg. Er sá dagur nefndur afmælis- eða fæðingardagur Rómar í ítölsku almanaki.

Í goðsögunni segir að Romulus og Remus hafi verið synir Rhea Silvia, dóttur Numitor konungs af ítölsku borginni Alba Longa. Fyrir fæðingu tvíburanna hafði yngri bróðir Numitors, Amulius, hrundið honum frá völdum og sett Rheu í klaustur til að ekki gætu fæðst neinir erfingjar. Hins vegar varð Reha ófrísk eftir stríðsguðinn Mars og fæddi Romulus og Remus.

Amulius skipaði að drengjunum skyldi drekkt í ánni Tiber. Þeir lifðu þó af og skolaði á land þar sem úlfynja tók þá að sér og leyfði þeim að drekka úr spenum sínum.

Fjárhirðirinn Faustulus fann þá síðar og ól þá upp ásamt konu sinni. Þeir urðu leiðtogar fjárhirðahers og þegar þeir uppgötvuðu uppruna sinn réðust þeir á Alba Longa, drápu Amulius og komu afa sínum aftur á valdastól. Þeir ákváðu síðan að stofna borg á þeim stað þar sem úlfynjan bjargaði þeim.

Adam var þó ekki lengi í paradís og þeir bræður lentu í deilum við byggingu borgarinnar. Remus gerði grín að bróður sínum fyrir að byggja of lága borgarmúra. Í reiði sinni drap Romulus bróður sinn og varð leiðtogi borgarinnar sem var nefnd Róm, í höfuðið á honum.



**21. APRÍL 753 FYRIR KRIST**

## MERKISATBURÐIR

**1648** Snjór er í mitti á sléttlendi á Suðvesturlandi vegna mikillar snjókomu

**1800** Sex bátar úr Staðarsveit og Bjarneyjum á Breiðafirði farast í miklu norðanveðri og með þeim 37 manns

**1926** Elísabet Bretadrottning fæðist þennan dag

**1918** Þýska stríðshetjan Manfred von Richthofen, eða rauði baróninn, er skotinn niður og drepinn yfir Frakklandi

**1944** Konur í Frakklandi fá kosningaréttindi

**1971** Fyrstu handritin koma til landsins frá Danmörku með herskipinu Vædderen. Þetta eru Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða.

## ANDLÁT

**Jónína Sigurbjörg Jónsdóttir** , Klapparstíg 13, Reykavík, síðast til heimilis að Dvalarheimilinu Grund, lést þriðjudaginn 12. apríl. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Björg Antoníusdóttir**, frá Núphjáleigu, Dilksnesi, Nesjum, síðast til heimilis á Skjólgarði, Höfn, lést miðvikudaginn 13.apríl.

**Hulda G. Sigurðardóttir**, jógakennari, Tjarnarmýri 13, Seltjarnarnesi, lést miðvikudaginn 13. apríl.

## AFMÆLI



**Auður Eir Vilhjálmsdóttir** prestur er 68 ára.



**Fanný Jónmundsdóttir**, leiðbeinandi og jógakennari, er sextug.



**Stefán Friðfinnsson**, stjórnarformaður Íslenskra aðalverktaka, er 57 ára.



**Rúna Jónsdóttir**, talskona Stígamóta, er 51 árs.



**Jóhann Sigurðarson** leikari er 49 ára.



**Lúðvík Geirsson**, bæjarstjóri í Hafnarfirði, er 46 ára.



**Almar Örn Hilmarsson**, framkvæmdastjóri Iceland Express, er 32 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



1729 Katrín mikla Rússlandskeisari.



1816 Charlotte Bronte rithöfundur.



1864 Max Weber félagsfræðingur með meiru.



1915 Anthony Quinn leikari.



**SJÓSTANGAVEIÐI** Boðið verður upp á ýmsa afþreyingu á sumardaginn fyrsta

# Ferðalangur á heimaslóð

Ferðalangur á heimaslóð er haldinn í annað skipti í dag á sumardaginn fyrsta víða um land. Markmið Ferðalangs er að hvetja fólk til að kynnast breidd ferðaþjónustunnar á heimaslóð með skemmtilegum hætti. Ríflega 100 aðilar í ferðaþjónustu opna dyr sínar fyrir almenningi og bjóða fólk velkomið.

Dagskráin er fjölbreytt. Á höfuðborgarsvæðinu má meðal annars finna kynnisferðir með hópbílum og leiðsögn út fyrir borgina sem bera heitið Heiðmörk og hafnfirskir álfar, Leyndardómar Hellisheiðar og Dýrð Bláfjalla. Fjölmörg söfn og menningarstofnanir bjóða ókeypis aðgang. Þá er boðið upp á útsýnisflug, hestaferðir, kajaksiglingu, sjóstangaveiði og hvalaskoðun en auk þess klifur upp pósthúsið í Pósthústræti.

Á landsbyggðinni er almenningi einnig boðið að taka þátt í ferðaþjónustunni. Boðið verður upp á kynnisferðir, auk þess sem afsláttur er gefinn í fjölmörg söfn og ferðaþjónusta kynnt á hverjum stað.

Alla dagskrá Ferðalangs á heimaslóð er að finna á www.ferdalangur.is. ■

TÍMAMÓT: SKRÚÐGÖNGUR SKÁTA Á SUMARDAGINN FYRSTA

# Var kalt í ljósálfakjólnum

Í tæp hundrað ár hafa skátar landsins safnast saman og farið í skrúðgöngu og messu á sumardaginn fyrsta. Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi segir að margt hafi breyst í tímanna rás.

„Ég man eftir sumardeginum fyrsta þegar maður var að fá sippubönd og bolta í sumargjöf frá afa og ömmu, auk þess sem maður fékk alltaf nýja strigaskó,“ segir Margrét en fyrsta minning hennar af hátíðahöldum voru að fá sumarkaffi í skátaheimilinu á Snorrabraut þegar hún var átta ára, árið 1963. Hún man einnig eftir því að fara í ljósálfakjólinn sinn og fara í skrúðgöngu. Þá hafi oft verið mikið mál að klæða sig vel undir kjólnum, því veðrið er jú ekki alltaf upp á sitt besta á þessum degi.

„Í gamla daga gengu Friðrik Friðriksson og KFUM-skátar og sungu sálma á latínu í skrúðgöngu þannig að þetta hefur breyst talsvert.“ Nú syngi krakkar heldur hress göngulög segir Margrét sem telur að meiri stemmning sé í kringum útiskemmtanir núna en áður var. Áður var farið í skrúðgöngu, messu og í kaffi. Nú sé meiri áhersla lögð á að vera úti að leika með krökkunum í þrautum, hoppiköstulum og öðrum uppákomum.

Margrét segir klæðnað skáta í skrúðgöngum hafa breyst yfir árin. Nú orðið sé tekið tillit til veðurs og reynt að klæða börnin eins vel og hægt er undir skátaskyrtunum. Hún man vel eftir bláa skátakjólnum sínum, en stúlkur voru ávallt í sportsokkum en ekki sokkabuxum. Það var því oft napurt og kærkomið að fá sér heitt kakó eftir skrúðgönguna til að hlýja sér. ■



**MARGRÉTT TÓMASDÓTTIR** Hefur farið í skrúðgöngu á sumardaginn fyrsta í rúm 40 ár.



†

*Elskulegur faðir minn, bróðir, mágur og frændi,*

**Eðvald Magnússon**

lést á heimili sínu 13. apríl. Útför fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 22. apríl kl. 15.00.

**Þráinn Eðvaldsson**
**Erla Magnúsdóttir**
**Margrét Magnúsdóttir**
**Magnea Magnúsdóttir**
**Páll Magnússon** **Paulin Magnússon**
**og frændsystkini.**

FYRSTA STARFIÐ:

# Allra handa vinna í Hvalfirði

„Ég var tíu ára þegar ég fékk greitt fyrir unnin störf í fyrsta sinn,“ segir Eva Magnúsdóttir upplýsingafulltrúi Símans. „Þá aðstoðaði ég frænku mína við ráðskonustörf í Dölunum. En það er varla hægt að kalla það fyrsta starfið þó maður hafi fengið smá umbun fyrir að vaska upp.“

Þegar hún var sextán ára byrjaði Eva í Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi og þurfti að drýgja tekjurnar meðfram námi. „Þá byrjaði ég að vinna í Ferstikluskála í Hvalfirði meðfram skóla á veturna og á sumrin. Það var fyrsta starfið mitt.“ Eva lýsir starfinu sem allra handa vinnu. „Við gengum bara í það sem þurfti að gera, hvort sem það var almenn afgreiðsla, eldamennska og þar fram eftir götunum.“

Eva segir þetta hafa verið skemmtilega vinnu enda vann hún í skálanum öll framhaldsskólaárin. Það var svo góður andi þarna og skemmtilegt fólk sem vann með mér. Ég hugsa að þetta hafi kennt mér að leggja rækt við starfið sama hvert eðli þess er.“ -bs



**EVA MAGNÚSDÓTTIR UPPLÝSINGAFULLTRÚI SÍMANS**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.34 | 13.26 | 21.21 |
| AKUREYRI | 5.10 | 13.11 | 21.14 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


**heimili** o.fl.
Myndir á netinu
BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*
Í dag er sumardagurinn fyrsti
21. apríl, 111. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**
- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Anna spáir ekki mikið í föt en svarta peysan með breiða kraganum er í algjöru uppáhaldi.

# Uppáhaldspeysan alltaf jafn flott

***Anna Bryndís Blöndal, fyrirliði Stjörnunnar í handbolta, er ekki mikið tískufrík og á í mestu vandræðum með að finna uppáhaldsflíkina sína.***

„Ég fann uppáhaldsflíkina mína eftir mikla umhugsun en það er peysa sem ég keypti fyrir tveim árum á Kanaríeyjum. Þetta er svört bómullarpeysa með svörtum og hvítum prjónuðum kraga sem nær alveg niður á axlir. Ég sá hana í verslun og féll fyrir henni strax. Mér finnst hún frábær. Alltaf þegar ég fer í hana þá finnst mér hún jafn flott en ég nota hana reyndar ekkert voðalega mikið,“ segir Anna.

„Sumir myndu kannski nota þessa peysu hversdagslega en ég er frekar venjuleg týpa þannig að ég nota hana frekar við fínni tilefni,“ segir Anna en peysan var auðvitað hræódýr á Kanarí. „Já, hún kostaði skít og kanil.“

Anna viðurkennir fúslega að hún er ekkert tískufrík. „Ég spái alltof lítið í föt og þess háttar. Ég ætla mér samt að verða pæja einhvern daginn. Ég fer bara alltaf í gallabuxur og einhverja boli og flíspeysur eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég klæði mig kannski upp þegar ég fer í Smáralind og reyni að mála mig ef maður skyldi nú rekast á einhvern,“ segir Anna og hlær dátt.

*lilja@frettabladid.is*

# Sumarfagnaður Augnabliks

***Dagskrá sumars kynnt og menningar neytt.***



Undraveröld Jökulsár og Kringilsárrana.a

„Við ætlum að kynna í máli og myndum göngusvæðið norðan Vatnajökuls, undraveröld Jöklu og Kringilsárrana,“ segir,“ segir Ólöf Ingólfsdóttir hjá Augnabliki. „Það verður mikið um dýrðir, meðal annars sögur, söng og ljóð í tilefni sumarkomu og svo sláum við upp dansiballi með hljómsveitinni Hringjum og Möggu Stínu og dönsum inn í sumarið áður en við setjum upp gönguskóna og höldum til fjalla.

Augnablik helgar júlímánuð svæðinu norðan Vatnajökuls og öræfunum við Snæfell sem nú eru í mikilli hættu vegna virkjunarframkvæmda við Kárahnjúka. Í sumar verður sem fyrr efnt til ferða við allra hæfi á þessar slóðir.

Sumaragnaður Augnabliks verður haldin í Iðnó og hefst klukkan 20. ■

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í tísku*

**Tískusýning** með verkum fyrsta og annars árs nema í fata- og textílhönnun við Listaháskóla Íslands verður haldin í dag, sumardaginn fyrsta. Mikið verður um dýrðir á sýningunni en fjöldi erlendra blaðamanna mun sækja hana þar sem þeir eru hér í tilefni af Face North módelsamkeppninni. Tískusýningin er haldin í Klink og bank og hefst klukkan 20.30.



**Hip hop-stjarnan Jay-Z** fagnar tíu ára afmæli sínu í tónlistarbransanum um þessar mundir og ætlar að setja á markað línu af lúxusúrum í tilefni af því. Rapparinn valdi úraframleiðandann Audemars Piquet til að hanna úrin en aðeins hundrað úr verða framleidd og munu þau kosta um það bil á milli 1,4 milljóna króna og 4,1 milljónar króna. „Ég valdi Audemars út af gæðum úra hans. Þetta er eins og fullkomið hjónaband okkar á milli,“ segir rapparinn í fréttatilkynningu en Jay-Z aðstoðaði Audemars auðvitað við hönnun á úrunum.

**Fatahönnuðurinn** Miuicca Prada hefur verið heiðraður af tímaritinu Time og þykir hún ein af áhrifaríkustu manneskjunum á tuttugustu öldinni. Fyrirtæki hennar, Prada, er afar vinsælt úti um allan heim og er tveggja milljarða dollara virði. Bæði frægt fólk og konungborið klæðist fötum frá Prada en listi tímaritsins Time setur hana á svipaðan stall og Bill Clinton og rithöfundinn Dan Brown.

**Leikkonan Teri Hatcher** ætlar í samkeppni við samleikkonu sína úr þáttunum Desperate Housewives, Nicolette Sheridan, með því að setja sína eigin snyrtivörulínu á markaðinn. Sheridan er nýbyrjuð að kynna húðvörur sínar, Nu Glow, og viðurkenndi í blaðaviðtali vestan hafs að áætlanir Hatcher kæmu henni á óvart. „Hún er eftirherma. Línan hennar getur ekki verið eins góð og mín,“ segir Sheridan en ekki er enn ljóst hvenær snyrtivörur Hatcher koma á markað.

*tiska@frettabladid.is*




**Viskustykki í ramma**
Mikið er til af fallegum viskustykkjum með alls konar mynstri, bæði gamaldags og nýtískuleg. Sniðugt er að klippa þau niður í jafna ferninga og ramma inn og hengja upp í eldhúsinu.




Kristalsljósakrónur



6 ljósa 46.900 kr. 8 ljósa 47.900 kr. 12 ljósa 73.900 kr.

Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið) · Sími 567 2133 · www.arinn.is




Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir elskar að vera í eldhúsinu sínu að elda og stundum situr hún þar og saumar út.

# Finnst best að vera í eldhúsinu

***Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir, skólastýra og þáttastjórnandi, lætur sig dreyma um stórt eldhús. Hún nýtur þess að elda góðan mat og slappa af.***

„Eldhúsið mitt er voða skemmtilegt og finnst mér æðislegt bæði að elda þar og vesenast. Ég er mikið fyrir að elda, og náttúrlega hefur það verið stór hluti af mínu starfi í mörg ár,“ segir Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir, skólastýra Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, en hún hefur að undanförnu birst áhorfendum Skjás eins í þáttunum Allt í drasli.

„Verst þykir mér hvað eldhúsið er lítið, það er alltof lítið en ég ólst upp í stóru eldhúsi og læt mig dreyma um eitt slíkt, en það er ekkert verra að láta sig dreyma, “ segir Margrét sem búið hefur við þetta eldhús í ein átta ár. „Eldhúsin í þessum gömlu húsum eru oft svo ferlega lítil,“ segir Margrét. Eldhúsið er þó ekki minna en svo að hún kom fyrir einum stórum ísskáp. „Ég er mjög ánægð með ísskápinn minn, þetta er stór tvöfaldur amerískur ísskápur með klakavél. Ég bara reif einn skáp til að koma honum fyrir,“ segir Margrét og hlær.

Eldhúsið segir hún algerlega vera sinn stað þar sem henni líði mjög vel og hún sinni því sem henni finnst skemmtilegast.

„Elda, elda, elda, það er uppáhaldið mitt,“ segir Margrét og skellir upp úr. „En ég geri svo sem eitt og annað þarna, en ég slappa líka af í eldhúsinu og sit þar stundum og sauma út,“ segir Margrét.

Hún segist ekki vera með neinar sérstakar reglur í eldhúsinu en hún telur mikilvægast að þar sé hægt að vinna. „Eldhús er til að vinna í og elda góðan mat, ef það er of fínt til þess þá má bara alveg sleppa því,“ segir Margrét sposk á svip og bætir við að lokum að auðvitað skipti máli að það sé þrifalegt.

„Það má aldrei vera óvaskað upp í eldhúsinu, það er óþolandi,“ segir Margrét.

*kristineva@frettabladid.is*




Fatabúðin
Skólavörðustíg 21A Sími 551 4050

Ný sending af handklæðum, röndótt og köflótt

Íslensk list er góð gjöf



galleri
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122

Fallegar sumargjafir
Gleðilegt sumar
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

200 ára afmæli
H.C. Andersen



Plattar með myndum úr ævintýrunum fást í Gullkistunni.

GULLKISTAN
Frakkastíg 10 - sími 551 3160

DS
Pentax *ist DS

*ist DS er engin venjuleg D-SLR myndavél. *ist DS er með 6.31 milljón díla CCD flögu, sem gefur stórkostleg myndgæði, góð litaskil og litamettun. Hún skilar 6.1 milljón díla myndum (3008x2008 í 6M). Vélin er með eitt minnsta myndavélarhús sem um getur af sambærilegum vélum og vegur aðeins 505 gr. *ist DS er eldsnögg að vinna, notar allar PENTAX linsur og flöss. Kostar aðeins kr. **89.900!**



*ist DS er fullkomin ferðafélagi hvort heldur er fyrir byrjanda eða atvinnumann.

PENTAX
www.ljosmyndavorur.is



Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450 ı Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850
Myndsmiðjan Egilsstöðum ı Framköllunarþjónustan Borgarnesi ı Filmverk Selfossi
LJÓSMYNDAVÖRUR

# Málar undir ítölskum áhrifum

***Ef okkur vantar eitthvað upplífgandi á veggi heimilisins getur verið þjóðráð að tylla sér við tölvuna og panta sér litfagurt myndverk.***



Steinunn Björk sýnir og selur list sína á netinu.

Teboðið, Stólar að snæðingi, Fátækraveisla, Villiblóm og Málað fyrir Fjodor Dostojevskí. Allt eru þetta titlar á málverkum myndlistarkonunnar keflvísku Steinunnar Bjarkar Sigurðardóttur sem sýnir og selur list sína á netinu á heimasíðunni http:www.nwc.is/steinunn.

Steinunn kveðst hafa mundað pensilinn um árabil og haldið nokkrar sýningar. Þegar forvitnast er meira um hana sjálfa og ferilinn kemur í ljós að áhugi hennar á litum og formum vaknaði fyrir alvöru í Feneyjum þegar hún var þar skiptinemi og dvaldi hjá afar listelskandi konu. „Ég á þeirri konu mikið að þakka því að hún hvatti mig á hverjum degi til að njóta lista, horfa í kringum mig og heimsækja sýningar. Hún bókstaflega opnaði fyrir mér nýjar víddir,“ segir Steinunn og heldur áfram. „Að læra stærðfræði og líffræði fannst frúnni alger tímasóun því að hún vildi að ég einbeitti mér að ítölsku og málaralist. Það endaði með því að ég fór að læra að mála og enn, mörgum árum seinna, er ég undir ítölskum áhrifum.“ ■









Sýnishorn af verkunum

# Listakonur fagna sumarkomu

SUMARBLÓMVENDIR Á GÓÐU VERÐI, MYNDLIST OG SÝNIKENNSLA Í RENNSLU.



Listakonurnar þrjár í Holtablóminu – 104 listgallerí fagna sumarkomu í dag með opnu húsi. Í tilefni dagsins ætlar Inga María Sverrisdóttir, eigandi verslunarinnar, að bjóða upp á sumarblómvendi á góðu verði og Ásdís Þórarinsdóttir myndlistarmaður sýnir ný málverk unnin í olíu. Á vinnustofunni, á efri hæð verslunarinnar, verður Ingibjörg Klemenzdóttir leirlistarmaður með sýnikennslu í rennslu. Í Holtablóminu – 104 listgalleríi fæst mikið af spennandi gjafavöru fyrir flest tækifæri. Opið er frá klukkan 12-19 og heitt á könnunni allan daginn.





















**Hljóðbækur**
Hljóðbækur á geisladiskum er hægt að kaupa í bókabúðum eða fá lánaðar á bókasöfnum og eru tilvaldar á ferðalagið. Hvort sem þú ert að ferðast í flugvél eða í bíl geturðu hlustað á skemmtilega sögu meðan á ferðalaginu stendur sem styttir stundirnar.



Besti tíminn til að fara í frí er þegar þú þarft á því að halda!

Ferðalán

Það getur breytt öllu að hafa aðgang að ferðaláni á hagstæðum kjörum. Þá er aðeins spurning um að fylgja eigin innsæi og taka sér gott frí.

- Þú færð lán fyrir ferðinni
- Þú færð lán fyrir gjaldeyrinum
- Þú getur sótt um á landsbanki.is og reiknað þitt lán

Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í næsta útibúi.

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

fasteignir MÁNUDAGUR
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ

Netsmellur
Alltaf ódýrast á netinu



ICELANDAIR
www.icelandair.is

# Á reiðhjóli við Gardavatn

***Hjólaferðir eru sífellt vinsælli meðal Íslendinga og um miðjan júní verða farnar hjólaferðir að Gardavatni með ferðaskrifstofunni Úrval-Útsýn. Svæðið við Gardavatn er mjög vinsælt meðal hjólreiðamanna og hefur heimsmeistaramótið í fjallahjólreiðum meðal annars verið haldið þar.***



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Alda og Þuríður nota hjólið óspart til að komast leiðar sinnar dags daglega.

„Ég myndi segja að þessar tvær ferðir séu fyrir alla. Við hjólum í þrjár til fimm klukkustundir á hverjum degi með hléum og nestispásum og hafa ferðalangar seinni partinn alveg lausan fyrir sig. Þeim sem finnast ferðirnar léttar geta þá tekið sér aukahjólaferðir um svæðið,“ segir Alda Jónsdóttir leiðsögumaður, sem er fararstjóri í ferðunum ásamt Þuríði Gunnarsdóttur.

Í báðum ferðunum er flogið beint með Úrval-Útsýn til Feneyja og þaðan tekin rúta á hótelið Poiano sem er fjögurra stjarna. Á hótelinu er góð líkamsræktaraðstaða, staðsett í göngufæri frá Gardavatni. Hjólaðar verða fjölbreyttar leiðir á flatlendi og í hlíðum fjallsins Monte Baldo og gamli bærinn í Sirmioni, sem er frá 13. öld, verður skoðaður svo eitthvað sé nefnt.

„Við brjótum hjólreiðarnar aðeins upp með því að fara upp með kláf á Monte Baldo-fjallið og finnum síðan skemmtilegar leiðir niður. Við ætlum að halda hópinn fyrri part dags þannig að fólk fær líka skemmtilegan félagsskap út úr ferðinni. Þessar ferðir eru mjög góðar fyrir til dæmis hjón þar sem öðrum aðilanum finnst gaman að hreyfa sig en hinn langar að slappa af. Það er margt hægt að gera á hótelinu, þannig að sá sem vill ekki hreyfa sig getur slappað af við sundlaugarbakkann í sólinni á meðan hinn hjólar,“ segir Alda en hitinn á þessum tíma er um 20° C.

„Við hjólum með litla bakpoka með nesti og fötum og þetta er í raun eins og að hjóla Heiðmerkurhringinn. Við erum ekki að fara þvert yfir hnöttinn. Við mælum með að fólk taki með sér breiðan skala af fötum. Fólk á helst að klæðast mörgum þunnum flíkum til að tempra hitann og ekki vera í bómullarfötum næst sér heldur æfingafötum úr gerviefni. Fólk getur leigt sér hjól á staðnum eða komið með sitt eigið,“ segir Alda en þær Þuríður hafa mikla reynslu af hjólreiðum. „Ég er lærður leiðsögumaður og var einu sinni fararstjóri í hjólaferð til Noregs. Þuríður hefur notað hjólið mikið til ferðalaga sem og dags daglega. Við erum mjög áhugasamar um hjólreiðar og Gardavatn er náttúrulega draumur allra hjólreiðamanna. Heimsmeistaramótið í fjallahjólreiðum hefur verið haldið á þessu svæði og þangað kemur hjólreiðafólk frá ýmsum löndum á ári hverju. Þetta er mjög fjölbreytt og skemmtilegt svæði og tilvalið fyrir Íslendinga þar sem sífellt fleiri krefjast ferða sem felast ekki bara í því að fara niður á strönd heldur vill fólk hafa eitthvað fyrir stafni og vera með góða samvisku í ferðalaginu.“

Ef ferðirnar í sumar ganga vel hjá Þuríði og Öldu verða þær jafnvel með sérsniðnar ferðir á næsta ári þar sem fólk getur komið að æfa sig og verið í skemmtilegu umhverfi.

Kynningarfundur vegna hjólaferðanna verður haldinn í húsakynnum Úrvals-Útsýnar, Lágmúla 4, þriðjudaginn 27. apríl klukkan 18.00. Skráning á fundinn þarf að berast á netfangið siggigunn@uu.is fyrir 25. apríl.

*lilja@frettabladid.is*



Svæðið í kringum Gardavatn er mjög fallegt og vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

**LÉTT FERÐ**
**Hvenær:** 15. til 22. júní.
**Fyrir hverja:** Alla sem geta setið á hjóli og hjólað í þrjá til fimm tíma með hléum.

**MEÐAL LÉTT FERÐ**
**Hvenær:** 22. til 29. júní.
**Fyrir hverja:** Þeir sem treysta sér í brekkur og aðeins meira krefjandi ferð.

Hvannadalshnúkur 13- 16 maí
Lúxusferð á hnúkinn og gengið um þjóðgarðinn í Skaftafelli, gist í Freysnesi



ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

fm 98,9
BYLGJAN
-björt og brosandi

Ertu á leiðinni austur?
- leyfðu okkur að þjóna þér

- Skemmtilegar hópferðir á Kárahnjúka
- Frábærar gönguferðir um Víknaslóðir

Minnum einnig á:
Ennþá laust í sérferðir okkar:
Móseldalurinn 9.-16. júní
Rínardalurinn og Elsass 16.-23. júní
Gardavatnið 24. júní-01. júlí
Í leiðsögn Hörpu Hallgrímsdóttur





Ferðaskrifstofa Austurlands
Sími 471 2000 - info@fatravel.is



Las Vegas.

## Leigubílar í Róm og Egyptalandi

FERÐAHLUTI VEFSÍÐUNNAR BBC.CO.UK HEFUR TEKIÐ SAMAN NOKKUR FERÐARÁÐ.

**Strætó og leigubíll í Las Vegas**

Hafðu alltaf nóg af skiptimynt með þér þar sem hvorki strætó né leigubílar gefa til baka.

**Leigubílar í Róm**

Passaðu þig á svindlmælum í leigubílum. Leigubílstjórar í Róm eru þekktir fyrir að láta fólk borga alltof mikið og skilja það eftir langt frá ákvörðunarstaðnum.

**Gisting á Kúbu**

Ekki gista á hótelum heldur í húsum með Kúbverjum. Það er ódýrt, gaman og þú kynnist raunverulegu lífi á Kúbu sem er ólíkt lífinu á Íslandi.

**Fríhöfnin á Heathrow-flugvelli í London**

Ekki kaupa í fríhöfninni þar þegar þú ert að ferðast til annarra landa. Það er rosalega dýrt í fríhöfninni á Heathrow og borgar sig að bíða með að kaupa sér ýmislegt tilfallandi þangað til vélin lendir í öðru landi.

**Egyptaland**

Vertu hugrökk/akkur. Ekki fara í alltof dýrar skoðunarferðir þar sem þú ert látinn dúsa í alltof þröngum rútum. Spyrðu hótelstarfsmenn eða fólk í kringum hótelið um egypska leiðsögumenn og bílstjóra sem geta keyrt þig á alla helstu staðina. Þú færð ferðina ódýrari og efnahagur landsins styrkist um leið.



Útbúnaður verður að vera góður í jöklaferðum.

## Þriggja jökla ferð

ÚTIVIST EFNIR TIL ÞRIGGJA DAGA KREFJANDI SKÍÐAFERÐAR Á SYÐSTU JÖKLA LANDSINS DAGANA 3. TIL 5. MAÍ.

Lagt verður upp frá Reykjavík kl. 8 að morgni 3. maí og ekið austur að Sólheimajökli. Þaðan verður gengið upp á Mýrdalsjökul og gist þar í tjöldum. Síðan haldið áfram yfir jökulinn og niður á Fimmvörðuháls þar sem gist verður í skála Útivistar. Þaðan verður farið yfir Eyjafjallajökul og komið niður Skerin. Útsýnið af þessum syðstu jöklum landsins, Sólheima, Mýrdals- og Eyjafjallajökli er frábært í góðu veðri. Þaðan sést meðal annars til Vestmannaeyja, yfir Fjallabak og austur á Vatnajökul. Skíðaferðir á þessa jökla geta þó reynt á þolrifin og því eru þær aðeins fyrir vana og úthaldsgóða. Fararstjóri er Reynir Þór Sigurðsson.



Eyjafjallajökull er einn þeirra sem lagt verður á.

ICELANDAIR

Pantaðu á netinu!

Fáðu afhent um borð. Nýr bæklingur.



AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS EHF.

Tollfrjálst skýjum ofar

Pashminur 100% silki.

Verð 4.400 kr.

SAGA BOUTIQUE

Tollfrjáls verslun skýjum ofar

www.sagaboutique.is

Sími 5050 305

tíska o.fl. FÖSTUDAGUR

✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000

✓ auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Stilling – betri en bestir

Bílavarahlutir

THULE SWEDEN

Ferðabox



Ocean 100 / 360 lítrar

Apollo 100 / 350 lítrar

Tilboð 19.900.-

Ocean 600 / 330 lítrar

X1 / 450 lítrar

NÝTT

Spirit 820 / 480 lítrar

Stilling

ADALNÚMER · SÍMI 520 8000 www.stilling.is

SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001 SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004

DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003 BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005

EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006

flugfelag.is | 570 3075

Suður Grænland

- paradís útivistarmannsins







Suðvesturströnd Grænlands, Eystribyggð, er heillandi heimur fyrir þá sem vilja njóta stórkostlegrar náttúrufegurðar á sólríkum sumardögum. Þarna eru góðar laxveiðiár og kjörlendi til gönguferða.

Leitið nánari upplýsinga um það sem er í boði á Suður-Grænlandi, ferðamöguleika, skipulagðar ferðir, gistingu og aðra ferðaþjónustu á **www.flugfelag.is**

Narsarsuaq við Eiríksfjörð

í beinu flugi tvisvar í viku í sumar (17. júní til 2. sept.), á þriðjudögum og föstudögum.

Sumartilboð á netinu:

Frá aðeins 13.500 kr.*

flugfarið á manninn aðra leiðina þegar bókað er á netinu – **takmarkaður sætafjöldi**

Þessi auglýsing er styrkt af SAMIK - samstarfi Íslands og Grænlands um ferðamál.

*Innifalið: Flugfar og flugvallarskattar.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Taktu flugið

**Ferskjulitur**
Hinn fagri litur ferskjunnar er allsráðandi núna bæði í förðun og fatnaði. Liturinn er sérstaklega frísklegur og sumarlegur og fer vel með nánast hverju sem er.





Kynning
RIMA APÓTEK
Afsláttur allan daginn!
22. apríl
Sérfræðingur/ ráðleggingar
Nº7

VILTU AÐ FYRIRTÆKIÐ ÞITT FÁI MEIRI ATHYGLI?
Núna er tilboð á þjónustuauglýsingum
» Hafið samband í síma 515 7500
FRÉTTABLAÐIÐ

SUMARTILBOÐ!
Þú velur 3 sett og greiðir aðeins 6.980.-
(gildir eingöngu á sett af brjóstahaldara og buxum)
Sjáumst!
Cos s. 588-5575, Glæsibær


Thermo DynamX - Ný leið til að léttast... hratt!

Koffín: Eykur grunnbrennslu og losun fitufruma
Oolong te: Eykur fitubrennslu og lækkar slæmt kólesteról
Grænt te: Eykur fitubrennslu og vatnslosun
Cayenne fruit: Dregur úr matarlyst og eykur brennslu
Þeobrómin: Eykur vellíðan og brennslu
Hvítt te: Öflugt þráavarnarefni
Engifer extrakt: Eykur hitastig líkamans
Allar nánari upplýsingar fást á www.eas.is eða í síma 555-2866 (EAS deild).
EAS ÁSKORUN


Yfirhafnir á hálfvirði
Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar
Í DAG OPIÐ 12-16
S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16
Topp HÚSIÐ


Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 19.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 14.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Á næsta útsölustað núna!
Nº7
Nýja Intelligent meikið
Frábært aðlagast þínum húðlit



# Hannar grifflur í stað vettlinga

***Inga Björk Andrésdóttir er 22 ára Reykjavíkurmær sem hefur alltaf þótt gaman að hanna hluti og skapa. Hún útskrifaðist af myndlistarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti vorið 2003 og brautskráðist einnig af handíðabraut. Því næst eyddi hún einu ári í hönnunarskóla í Danmörku og starfar nú í verslunni KC – Kristín Cardew ehf. á Skólavörðustíg 18 í Reykjavík við ástríðu sína.***



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Saumaskapur og hönnun eru líf og yndi Ingu Bjarkar og er hún því mjög sæl í starfi sínu.

„Í versluninni er seld íslensk hönnun, aðallega peysur. Ég vinn við að sauma flíkur og sinna afgreiðslunni. Þegar ég var í skóla úti í Danmörku fékk ég mikla reynslu og lærði á atvinnuvélar sem eru ólíkar hefðbundnum saumavélum. Ég sótti um þetta starf stuttu eftir að ég kom heim frá Danmörku og fékk það. Ég er rosalega ánægð með að vera að vinna við það sem ég hef áhuga á, því ég var búin að ákveða að taka mér frí frá skóla í eitt ár,“ segir Inga Björk.

Inga Björk saumar ekki bara flíkur fyrir verslunina heldur hannar hún ýmislegt sjálf. „Ég hef verið að sauma grifflur í talsverðan tíma en ég hef aðallega gert þær fyrir fólk sem ég þekki.

En þótt ótrúlegt megi virðast þá eiga vinkonur mínar ekki mikið af þessum grifflum eða öðru sem ég hef hannað,“ segir Inga Björk sem vinnur aðallega með flís. „Ég nota afgangs flís í grifflurnar en ég hef líka verið að prófa mig áfram með blúndur sem gætu verið aðeins fínni sparigrifflur. Ég fékk hugmyndina að þessu því að ég er svo mikil vettlingamanneskja en ég týni alltaf vettlingunum mínum. Síðan þoli ég ekki að manni er yfirleitt of heitt með vettlinga og of kalt án þeirra. Ég átti einar grifflur sem maður gat sett vettling yfir en þeir voru prjónaðir og slitnuðu. Þá ákvað ég að sauma mér grifflur sem ég er alltaf með í meira en ár þó að ég sé með þær næstum alla daga,“ segir Inga Björk sem ætlar að athuga það á næstunni hvort hún geti selt grifflurnar í verslunum í höfuðborginni.



Inga Björk notar afgangs flísbúta í grifflurnar.

„Ég er alltaf að sauma á sjálfa mig, pils og kjóla og þess háttar og ég er að vinna í því að sauma nokkrar flíkur til að fara með í einhverjar verslanir og athuga hvort áhugi sé fyrir að selja þær. En það tekur tíma og ég þarf að hugsa það aðeins betur,“ segir Inga Björk sem er að spá í að sækja um í Listaháskóla Íslands á næstunni. „Ég er ekki viss um hvort mig langi í Listaháskólann en ég ætla að prófa að sækja um. Mig langar tvímælalaust í frekara nám.“

En hver ætli sé uppáhaldshönnuður Ingu Bjarkar? „Það eru voðalega margir. En það er þetta klassíska eins og Alexander McQueen og svo er ég rosalega hrifin af íslenskri hönnun.“ Hægt er að hafa samband við Ingu Björk á netfanginu inga@fa.is.

*lilja@frettabladid.is*



Klassísk köflótt kr. 4.490



Safaripálmaskyrta kr. 4.490

Safarihörskyrta kr. 3.990

Klassísk köflótt kr. 4.490

# Klassaskyrtur í kúrekastíl

***Kúrekastígvélin hafa eflaust ekki farið framhjá neinum í vetur og kúrekatískan mun halda áfram inn í sumarið og lengur.***

Víða sjást angar af henni, belti með stórum sylgjum, flottir kúrekahattar. Það vantar aðeins upp á að leðurvestin nái að festi sig í sessi en skyrturnar eru sko aldeilis komnar, – og þær eru komnar til að vera næsta misserið.

Önnur áhrif sjást líka í kúrekaskyrtunum sem gerir þær enn skemmtilegri klæðnað. Það má til dæmis sjá skyrtur í hawaii-bermuda-kúrekastíl og hvítum spariflibba-kúrekastíl – þó að köflóttu skyrturnar séu án efa vinælastar.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Fyrst skapaði Guð konuna...

Ef skoðaður er ferill margra hönnuða byrja þeir flestir á að hanna kvenföt. Hvort það er vegna þess að sá sem hefur einhverja hönnunarhæfileika byrjar að sauma á mömmu sína, systur og vinkonur eða vegna þess að konur eru stærsti hópur viðskiptavina í tískuheiminum skal ég ekki dæma.

Yfirleitt skiptist velta hjá tískuhúsi sem framleiðir fyrir bæði kynin í 75-80 prósenta sölu til kvenna og 20-25 prósenta til karlkyns viðskiptavina. Líklega er hægt að fullyrða að í kvenhönnuninni geti hönnuðurinn leyft sér fleira, hafi meira frelsi til að skapa og nálgast ákveðið listform. Þannig byrjuðu bæði Coco Chanel og Yves Saint Laurent á sínum tíma. Sama má segja um Jean-Paul Gaultier, Stellu McCartney og Alexander McQueen svo dæmi séu tekin af yngri hönnuðum. En mikið vill meira og ef vel gengur fara margir hönnuðir út í herrafatnað og svo það sem er ómissandi í dag til að auka veltuna, fylgihluti, töskur, skó, sólgleraugu og fleira. Slíkt selst eins og heitar lummur, ég tala nú ekki um þegar nafnið eða merkið sést stórum stöfum langar leiðir.

Hvert tískuhús verður svo að skapa sinn eigin ilm sem verður tákn hugarheims hönnuðarins. Reyndar eru hönnuðir misjafnlega lagnir við þetta. Til dæmis urðu aukahlutir hjá Yves Saint Laurent aldrei mjög stór hluti af sölunni, um 10 prósent, en á þeim tíma er Tom Ford hannaði fyrir YSL fór sala fylgihluta yfir 35 prósent. Aftur á móti slógu ilmvötnin frá YSL öll önnur út á gullöld tískuhússins (Opium, Paris, Y, Rive Gauche, Babydoll) og enn í dag er Opium meðal tíu mest seldu ilmvatna í heimi.

Á þessu eru þó nokkrar undantekningar því að tískuhúsin Gucci, Louis Vuitton, Prada og eflaust fleiri, voru í upphafi töskuframleiðendur, bæði hand- og ferðatösku. Þegar Miuccia Prada tók við leðurvörufyrirtækinu sem afi hennar stofnaði í Mílanó 1912 var engin fataframleiðsla hjá því tískuhúsi. Það var ekki fyrr en 1989 að hún setti á markað fyrstu fatalínuna sem reyndar vakti ekki mikla lukku. En nokkrum árum seinna hófst Pradaæðið og hefur ekki linnt síðan. Nú er fyrsta ilmvatn Prada komið á markað hér í París. Það er búið að vera niðri í skúffu í nokkur ár. Miuccia Prada sagðist í viðtali við franska tískublaðið Elle fyrir tveimur árum ekki vita hvernig hún ætti markaðssetja það, því að ilmvötn væru alltaf tengd við kynþokka og tælingu og það væri henni algjörlega á móti skapi. En nú er ilmvatnið hennar loksins komið út úr skápnum.

# Biotherm Homme í tuttugu ár

***Snyrtivöruframleiðandi fagnar nú afmæli sínu og er kominn á þrítugsaldur.***

Biotherm Homme hefur framleitt snyrtivörur fyrir karla í tuttugu ár. Síðan þá hefur Biotherm Homme stöðugt verið að rannsaka húð karlmanna til þess að uppfylla væntingar þeirra. Hjarta vörunnar er seyði sem er virkt innihaldsefni sem hefur endurnýjandi og örvandi eiginleika á starfsemi húðarinnar. Í tilefni tuttugu ára afmæli framleiðandans getur almenningur tekið þátt í léttri getraun en verðlaunin eru VIP helgarferð fyrir tvo á Formúlu 1 kappaksturinn í Mónakó 20. til 23. maí næstkomandi en einnig er mikið af aukavinningum í boði. Hægt er að nálgast getraunaseðla á útsölustöðum Biotherm Homme en þeim þarf að skila inn fyrir 3. maí.




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Biotherm Homme vörurnar eru framleiddar til að mæta þörfum karlmanna.

# Kvenleiki, fágun og fegurð

NÝJA LÍNAN FRÁ LANCÔME ER HÖNNUÐ AF FRÆGUM FÖRÐUNARFRÆÐINGI.

Nýja vor- og sumarlínan frá Lancôme var hönnuð af förðunarmeistaranum Gucci Westman. Gucci er undir miklum áhrifum frá náttúrunni og innblástur hennar fyrir nýju snyrtivörulínuna er franska Rivieran þar sem kvenleiki, fágun og fegurð er ríkjandi. Farðinn er mjög léttur og eðlilegur, varir eru náttúrulegar og ljósar og neglur eru lakkaðar með „french manicure“. Andlit línunnar er bandaríska leikkonan Drew Barrymore en hún þykir vera sterk, kvenleg og kynþokkafull.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


OPIÐ Í DAG 13-17

15% sumar-afsláttur

af öllum vörum

DIESEL

SPARKZ

JENNYFER

KILLAH

CONVERSE

ADIDAS

sautján jeans

Laugavegi 89 - s. 512 1710





OPIÐ Í DAG 13-17

15% sumar-afsláttur

af öllum vörum á **Laugavegi**






galleri sautján

Laugavegi 91 - s. 511 1717





opið í dag
kl.13-17

15%
sumar-afsláttur

eva




Sumarskór!



Mikið úrval af kínaskóm
• Litir: svartir, rauðir, bleikir, túrkis og appelsínugulir
Eitt par kr. 1290,-
tvö pör kr. 2000,-
Einnig mikið úrval af blómaskóm
Tilvalin sumargjöf
Stærð 27-41

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póstkröfu

GALLABUXNADAGAR
TICKET TO HEAVEN
Lee
oilily
Von Dutch
molo
20% afsláttur
föstudag og laugardag
stærðir 0-14 ára
Opið mán-fös frá 10-18
laugardaga frá 10-16
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

WELEDA
Birkicellolite olían var valin heilsuvara ársins 2004 á Biofach stærstu heilsusýningu heims
Mælanleg minnkun á Cellolite í húðinni á 28 dögum
• Unnið úr birkilaufum
• Losar húðina við óhreinindi
• Sléttir og styrkir húðina



Niðurstaða úr faglegri rannsókn*
Styrkir og sléttir húðina
Eftir 14 daga 15%
Eftir 28 daga 22%
Mýkir húðina
Eftir 14 daga 15%
Eftir 28 daga 21%
*Derma Consult GmbH stofnunin

Útsölustaðir:
Lyfja, Heilsuhúsið Kringlunni, Smáratorgi og Skólavörðustíg
Maður lifandi, Fræið Fjarðarkaupum, Blómaval, Heilsuhornið Akureyri, Þumalína, Lyfjaval, Árbæjarapótek og Árnesapótek.


# Fatahönnuðurinn Ford með nýtt fyrirtæki

***Fatahönnuðurinn Tom Ford, ásamt félaga sínum Domenico De Sole, eru risnir úr öskustónni eftir dramatíska uppsögn hjá tískurisanum Gucci fyrir ári.***


MYND AP
Tom Ford reyndi að verða kvikmyndaleikstjóri en sneri síðan aftur í tískubransann.

Þeir félagar hafa stofnað nýtt fyrirtæki sem ber það frumlega heiti Tom Ford. Vörur fyrirtækisins verða í tveimur flokkum og munu koma á markað á næsta ári. Annars vegar verður fyrirtækið með snyrtivörur, framleiddar í samvinnu með Estee Lauder, og hins vegar mun það framleiða gleraugu í samvinnu við Marcolin.

Tom Ford er best þekktur fyrir að blása nýju lífi í Gucci-fyrirtækið en eftir ósætti við nýjan eiganda Gucci í fyrra, Pinault-Printemps-Redoute, tók hann sér frí frá hönnun, fluttist til Los Angeles og reyndi að gerast kvikmyndaleikstjóri.

Ford verður forstjóri Tom Ford en De Sole stjórnarformaður. Fyrirtækið verður í Los Angeles og hönnunarstúdíó í London en fyrirtækið verður fjármagnað með þeim mörgu milljónum sem félagarnir Ford og De Sole þénuðu hjá Gucci.

Tom Ford fæddist árið 1962 í Austin í Texas en eyddi barnæskunni í Santa Fe í Nýju-Mexíkó. Um leið og hann hafði vit fyrir sér flutti hann til stóra eplisins, New York, og skráði sig í listasögu við New York-háskóla. En námsleiðin tók sveig þar sem hann ákvað að læra arkitektúr í Parsons hönnunarskólanum í New York og hann kláraði námið þar í París í Frakklandi.

Þegar námi lauk flutti hann aftur til New York og árið 1986 gekk hann til liðs við hönnunarteymi fatahönnuðarins Cathy Hardwick. Árið 1988 kom stóra fyrirtækið þegar hann varð hönnunarstjóri hjá Perry Ellis. Tveimur árum seinna fluttist hann til Mílanó á Ítalíu þar sem hann gekk til liðs við kvenmannsfataútibú Gucci. Árið 1992 færði hann sig upp á við og var enn og aftur orðinn hönnunarstjóri. Frægustu hönnuðir heims sáu strax að hér var um náttúruhæfileika að ræða og varð hann fljótt einn af þeim.

Ford hefur unnið til margra verðlauna síðan hann byrjaði í bransanum, þar á meðal var hann valinn alþjóðlegur hönnuður ársins 1996, hefur hlotið fern VH-1 tískuverðlaun, var valinn kvenfatahönnuður ársins 1999 og hlaut Elle Style Icon verðlaunin árið 1999.

*lilja@frettabladid.is*

Tom Ford er einn vinsælasti fatahönnuður heims og hefur gert garðinn frægan með fágaðri, stílhreinni en jafnframt ögrandi hönnun.











## Tískusýning fyrir stórar stelpur

Í KÓREU ERU HÖNNUÐIR AÐ UPPGÖTVA AÐ KONUR YFIR KJÖRÞYNGD VILJA LÍKA KLÆÐAST TÍSKUFATNAÐI.


Geðveikur glamúrkjóll fyrir vorið frá Big Cloth.

Stórt er flott var aðalþemað í tískusýningunni sem vill koma þeim boðskap á framfæri að stærð hefur ekkert með stíl að gera. Af því tilefni gengu um það bil tuttugu fyrirsætur sem eru rúmlega áttatíu kíló og fullar sjálfstrausts niður tískupallana á vortískusýningu fyrir stórar konur í Seúl í Kóreu síðasta laugardag. Stórar stelpur í Kóreu hafa hingað til ekki átt þess mikinn kost að fylgja tískustraumum. Nú eru hönnuðir í Kóreu aftur á móti að uppgötva þennan markað og hanna tískuföt á stórar stelpur sem sýnd voru um síðustu helgi. Tískusýningar fyrir stórar stelpur eru oft haldnar í Bandaríkjunum en slík sýning er nýmæli í Kóreu og áætla skipuleggjendur að rúmlega þúsund manns hafi komið og glatt augað.Tískusýningin var enn fremur haldin til að mótmæla nýju megrunar- og lýtaaðgerðaræði sem gripið hefur um sig í Kóreu.


Sætir sumarkjólar frá Big Cloth.




# Frjáls íbúðalán 4,15% vextir

100% veðsetningarhlutfall

## Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Lánin eru verðtryggð og bera fasta 4,15% vexti sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Hægt er að greiða upp án uppgreiðslugjalds þegar vextir koma til endurskoðunar. Engin hámarksupphæð og er lánstími allt að 40 árum. Krafa er gerð um fyrsta veðrétt íbúðarinnar. Lánshlutfall er allt að 80% við endurfjármögnun fasteigna (engin hámarksupphæð) og 100% við kaup fasteignar (hámarksupphæð 25 milljónir króna).
Hægt er að nota lánin til íbúðarkaupa, til að stokka upp fjármálin eða í eitthvað allt annað.

Dæmi um mánaðarlega greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*

| Lánstími | 5 ár | 25 ár | 40 ár |
|---|---|---|---|
| 4,15% vextir | 18.485 | 5.361 | 4.273 |

*Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta




Hólmgeir Hólmgeirsson
rekstrarfræðingur er lánafulltrúi
á viðskiptasviði

Ragnheiður Þengilsdóttir
viðskiptafræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði.

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

# Lúxus sem LÉTT er að flytja

***Nuddpottar og aðrir heitir pottar verða sívinsælli hér á Klakanum. Rafhitaðir nuddpottar sem nefnast Softub eru færanlegir og henta nánast hvar sem er.***



Örn segir bandarísku Softub-pottana hafa reynst vel við íslenskar aðstæður.

„Einangrunargildi þessara potta er mjög mikið sem gerir það að verkum að kostnaður við að hafa svona pott heitan allan mánuðinn er um 1.100 krónur,“ segir Örn Arnarson hjá fyrirtækinu Jón Bergsson ehf. sem hefur þessa potta til sölu.
Softub-pottarnir koma frá Bandaríkjunum. Þeir eru framleiddir úr 15 cm þykku einangrunarefni og vega aðeins um 30 kíló tómir. Fullir af vatni vega þeir hins vegar um tonn þannig að engin hætta er á að þeir fjúki. Dælubúnaðurinn er í stöpli við hliðina á pottinum og getur tengst í hvaða tengil sem er. Pottarnir fást tveggja, fjögurra og sex manna. Þeir kosta frá 260 þúsund upp í 365 þúsund eftir stærð. Lok með öryggislæsingu, hitastýribúnaður og dæla fylgir með.
Örn segir Softub-pottana hafa verið til sölu hér á landi í fimm ár og reynst sérlega vel. Algengt sé að fólk hafi þá við sumarbústaðinn að sumrinu og heima yfir vetrartímann. Það eina sem þeir biðja um er lárétt undirlag. „Fólk sér ástæðu til að hringja í okkur og láta okkur vita hversu ánægt það er með pottana,“ segir hann og bætir við. „Við vitum af fjórum svona pottum úti á svölum sömu blokkarinnar sem sýnir að þeir kynna sig sjálfir.“

# Öðruvísi GARÐSTÓLL

TÍMI ER KOMINN TIL AÐ HUGA AÐ GARÐHÚSGÖGNUM.

Sumardagurinn fyrsti er í dag og sólin er hækkandi á lofti. Tími er kominn til að huga að garðhúsgögnum og best að gera það tímanlega því að margir hafa lent í því á miðju sumri að garðhúsgögn séu uppseld í verslunum. Þessi skemmtilegi og óvenjulegi garðstóll fæst í versluninni Habitat í Kópavogi og er einstaklega þægilegt að sitja á honum þótt útlitið gefi ef til vill annað til kynna. Ásamt stólnum er hægt að fá borð sem er í sama stíl, en fóturinn á borðinu er eins og stóllinn og ofan á hann er lögð stór og myndarleg marmaraplata. Stóllinn er úr stáli og þolir vel veður og vinda og ætti að henta íslenskri veðráttu vel, auk þess sem hann safnar ekki vatni þegar rignir og auðvelt að þurrka af honum. Hann kostar 9.500 kr.



Mondo-stóllinn er skemmtilegur garðstóll úr járni sem fæst í Habitat.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fyrstu sumarblómin eru komin í Blómaval og eflaust margir sem hafa beðið þeirra með eftirvæntingu.

# Margarítur og stjúpur vinsælar

***Sumarblómin eru farin að skjóta upp kollinum og margir sennilega spenntir að fara að planta þeim í garðinn.***

Fyrstu sumarblómin koma í byrjun í maí en á meðan það er frostahætta er ekki æskilegt að planta þeim úti, því eins og með svo margt annað er það veðrið sem ræður ferðinni. Hinsvegar eru flestir búnir að koma sumarblómunum fyrir í kringum 17. júní þegar sumarið er alveg örugglega komið.
Í Blómavali eru sumarblómin farin að skjóta upp kollinum og nokkrar tegundir prýða nú garðskýlið utan við verslunina. „Í sumar verða margarítur í ýmsum litum áberandi, einnig stjúpur, dalíur, skrautkál og tóbakshorn,“ segir Margrét Ása Karlsdóttir garðyrkjufræðingur í Blómavali. Hún segir það orðið mjög algengt að fólk hafi blómin í kerum og blandi orðið nokkrum tegundum saman sem gefur skemmtilegt og skrautlegt útlit.
„Meðal nýjunga í sumar er meiri fjölbreytni í litum en sterkir litir verða vinsælir í sumar. Önnur nýjung er tilbúnar plastskálar með sumarblómablöndu sem er hentug fyrir þá sem vilja bland í poka,“ segir Margrét Ása. Sumarblómunum segir hún að sé hægt að planta nánast hvar sem er en mikilvægt sé þó að staðurinn sé sólríkur og skjólgóður og þau séu ekki sett í mold með trjám sem sýra jarðveginn.
Sumarblómum er vel hægt að koma fyrir í kerum úti á svölum fyrir þá sem hafa ekki garð og jafnvel hægt að setja þar rósir.
„Rósir er vel hægt að hafa í kerum úti á svölum, og þarf aðeins að huga að því að skjólið sé gott,“ segir Margrét Ása og bætir við að fólk þurfi að átta sig á hvað blómin þarfnast til að fá þau sem fallegust. „Hafa skal í huga að flest sumarblóm vilja mikla vökvun og því hentugt að setja vatnsgel í moldina sem drekkur í sig raka og skammtar plöntunni vatn jafnóðum,“ segir Margrét Ása.



Margrét Ása Karlsdóttir, garðyrkjufræðingur hjá Blómavali, telur að sterkir litir á sumarblómum verði vinsælir í sumar.

VERSLANIR • BLÓMABÚÐIR
KAUPMENN
SUMARVÖRURNAR ERU KOMNAR
Aldrei meira úrval



Sími: 575 0200
Fax: 575 0201
danco@danco.is
www.danco.is
DANCO
HEILDVERSLUN

ATHVARFIÐ MITT: DIDDÚ

# Af svölunum sé ég VÍTT og BREITT

***Diddú hefur ekki mikinn tíma fyrir garðinn en nýtur þess að sitja á svölunum og njóta útsýnisins.***



Söngkonan Diddú hefur ekki mikinn tíma til að stússast í stóra garðinum sínum. „Eiginmaður minn ræktar garðinn enda garðyrkjumannssonur og ég fer stöku sinnum í spariheimsóknir þangað og bið hann að klippa niður trén sem vaxa svo ört að þau byrgja stundum útsýnið sem er stórkostlegt hérna. Garðurinn er líka svo stór að mér vex hálfpartinn í augum að hugsa um hann en það er aldrei að vita hvað maður gerir þegar maður hættir söngnum.“ Diddú eyðir hins vegar meiri tíma úti á svölum sem eru margar og rúmar á húsi þeirra hjóna í Mosfellsdalnum. „Mér finnst voða notalegt að sitja úti á svölum því að útsýnið þaðan er svo gott. Það eru bæði svalir og verandir á húsinu okkar og svalirnar eru notalegar bæði að sumri og vetri. Ég týnist í skóginum í garðinum en af svölunum hef ég útsýni í allar áttir.“

# Sælureitur 2005

**Er kominn út**

Gerðu garðinn þinn að
**Sælureit**
















**Blómakassi**
Á fæti. 40x40 sm.
604030
**3.990**



**Blómakassi**
Rose. 60x60 sm.
604005
**3.980**
Rose. 51x51 sm.
604000
**2.980**



**Girðing, Vilníus**
180x80/95 sm
603300
**2.990**

# Gleðilegt sumar

**Opið í dag sumardaginn fyrsta**

| | |
|---|---|
| Grafarvogur | 10 - 18 |
| Grandi | 10 - 18 |
| Selfoss | 12 - 16 |

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# Umbun fyrir DYGGA viðskiptavini

***Garðyrkjustöð Ingibjargar býður viðskiptavinum sínum að ganga í sérstakan klúbb.***

Garðyrkjustöð Ingibjargar í Heiðmörk 38 í Hveragerði býður nú viðskiptavinum sínum að ganga í sérstakan gróskunetklúbb Ingibjargar. Klúbbnum var komið á fót til að umbuna dyggum viðskiptavinum en klúbbfélagar fá afslátt í garðyrkjustöðinni; fimm prósenta afslátt ef keypt er fyrir allt að 15.000 krónur, 10 prósenta afslátt ef upphæð fer yfir 15.000 krónur og 15 prósenta ef upphæðin fer yfir 50.000 krónur. Garðyrkjustöð Ingibjargar er nú samtals með 3.500 fermetra af gróðurhúsum undir ræktun auk 1200 fermetra í plasthúsum og ræktunarsvæða með vermireitum og sölusvæði. Frá janúar til júlí eru ræktuð sumarblóm en frá júlí til desember eru húsin nýtt undir græðlingatöku og jólastjörnuræktun. Vefsíða garðyrkjustöðvarinnar er ingibjorg.is og hægt er að gerast félagi í gróskunetklúbbnum í gegnum tölvupóstfangið ingibjorg@ingibjorg.is.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ingibjörg Sigmundsdóttir á garðyrkjustöðina ásamt manni sínum, Hreini Kristóferssyni.

S.Ó. Garðverk ehf.
**Garðyrkjufræðingur, trjáplöntusala og vélavinna**
Sigurður Ólafsson
S: 822 3650

Pólýhúðun
Innbakað Duftlakk á alla málma
Pólýhúðum:
Utanhússklæðning
álgluggar
bárujárn
stálvirki
handrið
gler
sólbekki
vatnsbretti
o.fl.
o.fl



Þessir byggja til framtíðar...
...og við hjálpuðum þeim.
Vilt þú byggja til framtíðar?
Eigum á lager 350 RAL liti
Pólýhúðun ehf
S: 544 5700 * www.polyhudun.is
Smiðjuvegi 1 * 200 Kópavogur









Marentza Poulsen nýtur þess að drekka morgunkaffið sitt út í garði og glugga í tímarit. Leikfangaskútan í tóma gosbrunninum gefur honum líf og tilfinnigu fyrir því að hann geymi góða sögu. Marentza skreytir garðinn eftir árstíðum og skreytir gjarnan með rauðlauk og velur blóm með í sömu litum. Marentza kemur garðhúsgögnun skemmtilega fyrir þannig að þau myndi notalegt athvarf fyrir spjall við góðan vin. Rauðlauk hefur verið raðað skemmtilega utan um plöntuna í miðjunni.

# Fær útrás fyrir sköpunarþörfina í garðinum

***Marentza Poulsen, sem kennd er við Café Flóru í Grasagarðinum, á ansi fagran og skemmtilegan garð heima hjá sér sem hún heldur lifandi og fallegum allt árið um kring.***



„Ég elska garðinn og nota hann ofboðslega mikið, sit úti og drekk morgunkaffið snemma árs þó að ég þurfi kannski að klæðast þykkri peysu," segir Marentza Poulsen en hún reynir að nota garðinn sinn eins mikið og hún getur. „Mublurnar er ég með úti allt árið því að ég nenni ekki að sjá tóman garð en maðurinn minn er svo indæll að fúaverja þær einu sinni á ári," segir Marentza en garðurinn blasir við henni úr stofunni og því finnst henni mikilvægt að hafa hann huggulegan og telur hún það lengja stofuna.

„Ég nota árstíðirnar og skreyti til dæmis með sítrónum og gulum blómum á páskum auk þess sem ég skreyti mikið með laukum, rauðlaukum og blómum sem eru í stíl við það og svo set ég kerti út í garð oft á veturna bara til að sjá út um gluggann," segir Marentza.

„Í garðinum er heitur pottur sem mér finnst ómissandi, við höfum setið í honum á gamlárskvöld á miðnætti og gætt okkur á kampavíni og jarðarberjum með sjónvarpið úti í dyrum," segir Marentza og hlær.

Hún segir það skipta sig miklu máli að hafa garð. „Að hafa svona garð tengir mig sterklega við húsið," segir Marentza en á sumrin eyðir hún einnig tíma sínum mikið í öðrum garði, þar sem hún rekur veitingastaðinn Flóruna í Grasagarðinum í Laugardal.

„Ég fæ náttúrlega algera útrás fyrir blóm í Grasagarðinum en hérna heima set ég blóm í ker og skipti þeim út nokkrum sinnum yfir sumarið og set þá nýja liti, en það fylgir þessari þörf minni að þurfa alltaf að vera að skapa eitthvað," segir Marentza sem hefur skapað fallegan stað með garðinum sínum sem er litríkur og líflegur allan ársins hring.


OUTBACK
Ég grilla þú vaskar upp
GRILLIÐ SENT HEIM SAMANSETT OG TILBÚIÐ
ESSO
Outback Hunter EX
39.950 kr.
Outback trooper EX
32.950 kr.
Grillaðu í kvöld!
Hjá ESSO færð þú úrval gasgrilla á sjóðheitu verði. Þú getur fengið grillið sent heim samdægurs, án endurgjalds, samansett og tilbúið til notkunar. Auðveldara getur það ekki verið. Grillaðu með ESSO í sumar!
Esso
*Boðið er upp á heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.
Fíton/SÍA

# Börnin RÓAST og SJÓNVARPIÐ gleymist

***Kamínur hafa notið mikilla vinsælda og eru þær settar upp í heimahúsum og sumarbústöðum til þess að ná fram yl og huggulegheitum.***

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Kamínur sem ganga fyrir gasi eru nýjung og hægt er að stýra eldinum með fjarstýringu.

„Uppistaðan í kamínum er viðarkamínur en gaskamínur hafa aðeins verið að koma inn núna," segir Rúnar Guðmundsson, sölustjóri hjá Funa þar sem úrvalið af kamínum er mikið. Kamínum er hægt að koma fyrir í nánast hvaða húsnæði sem er en það er hins vegar nauðsynlegt að reykrör liggi frá kamínunni og út.

„Í flestum tilfellum er verið að setja kamínur í hús þar sem ekki er gert ráð fyrir reykrörum, og sjáum við um að setja upp slík rör. Það er tiltölulega einfalt og nánast hægt að setja þau upp hvar sem er," segir Rúnar. Hann segir það orðið ansi algengt að fólk komi sér upp kamínu og gjarnan sé lagt fyrir reykrörum í hverja íbúð þegar verið er að byggja fjölbýlishús.

„Það er að aukast að búinn sé til arinn með eldstæði og tilbúnar forsteyptar einingar utan um það og þá er kamína í eldstæðinu. Þá eru hleðslurnar til í mörgum útfærslum og margar hverjar litlar og nettar og passa í nánast hvað rými sem er," segir Rúnar. Hann segir kamínur alltaf vera lokaðar þar sem eldurinn dugi lengur og betri nýting fáist á viðinn. Auk þess sé það öryggisatriði að eldurinn sé lokaður af.

„Fólk sem kemst upp á lagið með að hafa kamínu vill ekki annað enda er það mjög seiðandi að horfa í eldinn, börnin róast og sjónvarpið gleymist," segir Rúnar.



Rúnar Guðmundsson segir þá sem komast upp á lagið með að nota kamínur snúi aldrei aftur.




VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is




Talið er að um það bil 12.000 sumarbústaðir séu á landinu.

# Mörg brýn baráttumál sumarhúsaeigenda

***Samtök sumarhúsaeigenda berjast fyrir hagsmunum félagsmanna sinna. Sveinn Guðmundsson, talsmaður samtakanna, segir ekki veita af góðum málsvara hópsins. Rotþrær og forvarnir í sumarhúsabyggðum eru meðal þess sem brennur á samtökunum.***

„Það er margt að gerast núna sem við erum ósáttir við," segir Sveinn Guðmundsson, talsmaður Samtaka sumarhúsaeigenda. „Það nýjasta er að nú er verið að leggja rotþróargjald á sumarhúsaeigendur í viðbót við fasteignagjald og sorphirðugjald. Þessi ákvörðun er mjög sérstök, ekki síst í ljósi þess að gjald sveitarfélaganna er þrefalt hærra en ef sumarhúsaeigendur sjá bara um þetta sjálfir. Ef ég til dæmis kaupi þessa þjónustu sjálfur, sem ég geri á þriggja ára fresti, er ég að borga 5.000 krónur, en nú ætlar sveitarfélagið að sjá um þjónustuna og rukka um 15 þúsund krónur á þriggja ára fresti, sem sagt þrefalt hærra gjald."

Björn segir að hagsmunamál sumarhúsaeigenda séu ótalmörg og annað sem hann nefnir sem brýnt hagsmunamál lúti að forvarnarstarfi sem sveitarfélög eigi að sinna gagnvart fasteignaeigendum, þar með töldum sumarhúsaeigendum.

„Þar má til dæmis nefna brunavarnir og almenna neyðarþjónustu, en okkur finnst eðlilegt að neyðarnúmerakerfi sé sett á öll sumarhús. Ef fólk hringir í neyðarþjónustu í þéttbýli, hvort sem er í sjúkrabifreið, lögreglu eða slökkvilið kemur strax fram hvaðan er hringt. Okkur finnst eðlilegt að einhver hlutist til um þetta mál í sumarhúsabyggðum, en ráðamenn sem rætt hefur verið við sýna engan áhuga. Kannski þyrftu þeir að fá hjartaslag sjálfir í afskekktum bústað til að skilja mikilvægi málsins.

Við fórum sjálfir af stað með verkefnið og tókst að fá helming allra sumarhúsa inn í kerfið. Þeir sem vildu vera með borguðu fyrir, en svo gáfum við Fasteignamati ríkisins skrána. Nú sitjum við í skuld upp fyrir haus og enginn vill taka á málinu. Við höfum af þessu stórar áhyggjur og viljum að afgangurinn, eða rúmlega 5.000 sumarhús, verði settur inn í kerfið.



Sveinn Guðmundsson, talsmaður Samtaka sumarhúsaeigenda

Þetta er nú bara brot af þeim málum sem samtökin láta sig varða en hingað koma mánaðarlega mörg mál til úrlausnar og þörfin fyrir samtökin er gríðarleg."

Félagsmenn í Samtökum sumarhúsaeigenda eru 5.000 talsins, en sumarhús á landinu eru talin milli 11 og 12 þúsund..

# Skila þarf umsóknum í tæka tíð

***Fleiri og fleiri kjósa að tengja fyrir rafmagn í sumarhúsum sínum.***

Umsóknum um að tengja fyrir rafmagn í sumarhúsum sínum þarf að skila með góðum fyrirvara til RARIK en að jafnaði eru heimtaugar aðeins afgreiddar að sumarlagi. Hægt er að nálgast eyðublöð á heimasíðu RARIK, rarik.is. Með umsókn þarf að fylgja tilkynning um rafverktöku, útfyllt og undirrituð af löggiltum rafverktaka og húseiganda, raflagnateikning, málsett afstöðumynd af húsi á lóð, grunnmynd, sniðmynd er sýnir inntak og töflur og byggingarleyfi staðfest af byggingarfulltrúa.

Skilmálar eru fyrir rafmagnstengingu en í upphafi þurfa að minnsta kosti fimm sumarhús að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Einnig felst í tengigjaldinu að meðallengd heimtauga og stofndreifikerfis fari ekki yfir 200 metra og að lengd háspennulínu sem leggja þarf að sumarhúsahverfi verði ekki meiri en sem nemur 100 metrum á hvert hús.

Fyrir heimtaugastrenginn skal leggja 50 millimetra plastpípu að lóðarmörkum, eða að minnsta kosti 20 metra í átt að þeim, sé um meiri vegalengd að ræða.



Margir Íslendingar eiga sumarhús og sumir vilja ólmir fá nútímaþægindi, eins og rafmagn, í húsin sín.

# Bók sem hittir naglann á höfuðið!




**Bókin skiptist í átta kafla:**

- Gefandi vinna
- Endurnýjun innanhúss
- Utanhússviðhald
- Innréttingar
- Utanhússmíðar og múrverk
- Tómstundasmíðar
- Viðhald og viðgerðir á húsgögnum
- Notkun verkfæra



Bókin **Verk að vinna** er bráðskemmtileg og aðgengileg handbók um allt það helsta sem hafa þarf í huga við nýsmíðar og viðgerðir, innanhúss jafnt og utan. **Verk að vinna** er full af hugmyndum, lausnum, fróðleik og leiðbeinir jöfnum höndum um áhöld og aðferðir.

Það er því ástæðulaust að halda aftur að sköpunargáfunni, með **Verk að vinna** þér við hlið ertu með frábæran vinnufélaga.

**Sannaðu til; þetta er ekkert mál.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Almenna bókafélagið

edda.is

# Úrgangur ENDURUNNINN

***Í nútímaneyslusamfélagi verður sorp sífellt stærra vandamál, samkvæmt tölum frá Sorpu er heildarheimilisúrgangur að meðaltali um 250 til 300 kíló á mann á ári. Það eru sláandi tölur en hvert heimili getur lagt sitt af mörkum til að bæta úr þessu.***



Heimajarðgerð er tilvalin til að minnka sorpið á heimilinu og eini möguleiki almennings til að endurvinna lífrænan úrgang sem verður afgangs á heimilinu, en Sorpa áætlar að þess konar endurvinnsla minnki heimilissorp um 30 til 35 prósent. Heimajarðgerð minnkar ekki aðeins ruslið í tunnunni heldur verður til góður áburður sem nýtist til dæmis í garðinn. Svo er þetta líka einföld aðgerð sem stuðlar að útiveru og stuðlar að heilbrigði umhverfisins – gæti það verið betra?

Hægt er að jarðgera ýmislegt úr eldhúsinu en ávallt skal blanda matarleifum og grasi saman við þurrefni og garðaúrgang. Hægt er að jarðgera ávexti, grænmeti, fisk, mjólkurafurðir, egg, brauð, te, tepoka, afskorin blóm og eggjabakka svo eitthvað sé nefnt. Hins vegar er ekki hægt að jarðgera til dæmis gler, járn, gúmmí, olíu, sígarettur og kattarsand.

Gott er að hafa ílát eða bréfpoka til taks í eldhúsinu til að safna úrgangi í. Bréfpoki hleypir í gegnum sig raka og úrgangurinn verður þurrari og þá kemur síður vond lykt af honum. Æskilegt er að fara með úrganginn út í garð í þar til gerðan safnhaug eða tunnu áður en úrgangurinn fer að lykta, eða um það bil annan hvern dag. Gott er að setja garðúrgang saman við annað slagið, þó ekki mold, en grófari garðúrgang er betra að kurla. Þannig gengur rotnunin hraðar fyrir sig. Hræra verður í safnhauginum endrum og eins til að auka súrefnisflæðið en súrefnisflæði eykst einnig með því að blanda grófu efni við úrgangsmassann. Sniðugt er að setja til dæmis eina matskeið kjötmjöl saman við öðru hvoru en ef mikið af súrum úrgangi er sett í safnhauginn í einu er gott að jafna það út með kalki.

Með þessari jarðgerð þar sem rotnun fer fram með hjálp súrefnis fæst molta sem þykir heppileg til ræktunar og inniheldur mikið af næringarefnum.

HVAÐ ER HÆGT AÐ JARÐGERA?

Ávexti og grænmeti
Kjöt
Fisk og skeldýr
Mjólkurafurðir
Ostavax
Egg og eggjaskurn
Brauð
Kaffi og kaffifilter
Te og tepoka
Mjöl, hrísgrjón og pasta
Blóm og pottamold
Óbleiktan eldhúspappír
Eggjabakka
Gras
Mosa
Visnaðan gróður
Lauf
Hey og hálm
Börk
Barr
Greinar og kvisti

HVAÐ ER EKKI HÆGT AÐ JARÐGERA?

Gler
Plast
Járn og aðra málma
Gúmmí
Leður
Olíu
Bensín
Málningu
Hreinsiefni
Lyf
Ryksugupoka
Sígarettur og vindla
Tóbaksösku
Tau
Bleiur
Saur og hland úr kamri
Kattarsand

HEIMILD: Bæklingurinn Leggðu þitt af mörkum sem finna má á vefsíðu Sorpu, sorpa.is




local
Skeifan 3A – 108 Reykjavík
Sími: 517 3600
Fax: 517 3604 –
mylogo@mmedia.is




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Handverkfæri gefa færi á að hugsa við vinnuna

***Samson Bjarnar Harðarson, landslagsarkitekt og garðplöntufræðingur, hefur starfað töluvert innan Garðyrkjufélag Íslands við fræðslu um klippingar og viðhald garða.***

Það er ekki sama hvernig klippt er ef plöntur, tré og runnar eigi að fá njóta sín á náttúrulegan hátt. Það er margt sem ber að hafa í huga og nokkrir hlutir sem á að varast. „Það á til dæmis ekki að klippa ofan af runnum heldur grisja innan úr þeim gamlar greinar og ræfilslegar,“ segir Samson Bjarnar Harðarson og bætir við að alls ekki eigi að burstaklippa blómstrandi runna. Stórvaxna runna eins og sýrenu eða gulltopp á að klippa þannig að þrjár til fimm greinar fá að vaxa upp en grisja ræfilslegar greinar og krosslægjur.

„Það er útbreiddur misskilningur að aðalmálið við klippingar á limgerðum sé að klippa ofan af þeim,“ segir Samson og bætir við að limgerði séu yfirleitt ræktuð til að fá þétta og fallega veggi. „Það skiptir því máli að klippa hliðarnar skáhalt svo að þær halli lítilega innávið þegar ofar dregur,“ segir Samson. Hann segir ennfremur að breidd limgerða eigi ekki að vera meira en rúmlega einn metri og að ofan eigi það ekki að vera meira en þrjátíu til sjötíu sentimetrar. „Með þessu móti er líka auðveldara að klippa limgerðið.“

Samson segir að það geti reynst trjágróðri hættulegt þegar sólþyrstir Íslendingar fara af stað með sögina. „Það er mikilvægt að hafa í huga að það þarf ekki að vera sól í garðinum allan daginn allstaðar,“ segir Samson og bætir við að hlutverk trjágróðurs sé meðal annars að skýla umhverfinu og draga úr hávaða.

Samson segir að garðeigendur ættu að notast við handverkfæri. „Tæki eins og véllimgerðisklippur eru öflug og virðast oft taka völdin hjá þeim sem þær nota,“ segir Samson og bætir við að með handklippum geti garðeigandi klippt í ró og næði og gefið sér tíma til að hugsa.



Fólk á að varast að burstaklippa runna. Það á heldur að grisja ræfilslegar greinar og ekki klippa ofan af þeim. Samson Bjarnar segir að fólk ætti að notast við handverkfæri því oft taki véllimklippur völdin. Handverkfærin gefi líka garðeigandanum ró og næði til þess að hugsa.

tmhusgogn.is



# sófasett

sem sameinar fegurð og þægindi

sófasett

Úrval fallegra sófasetta
á frábæru verði.



**Ítalskt leðursófasett**

Alklætt leðri

Kremað, svart, rauðbrúnt.

**3-1-1 238.000 kr.**
**3-2 198.000 kr.**



**Opið**

**Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00**

**TM - HÚSGÖGN**
Síðumúla 30 - Sími 568 6822
*- ævintýri líkust*

NETHÚS FASTEIGNASALA
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur
Sími: 575 8800 • Fax: 575 880
AÐEINS 1% SÖLUÞÓKNUN
Þín sala - þinn sparnaður
Ragnar Thorarensen og Elín D.W. Guðmundsdóttir, löggildir fasteignasalar

## Sumarhús til flutnings



Afar glæsilegt 62 fm sumarhús til flutnings. 3 svefnherbergi, baðherbergi með útgengi út á verönd. Stór stofa, og eldhús opið inn í stofu. Húsið skilist fullbúið að utan en fokhelt að innan. Húsið er klætt að utan með liggjandi báruáli. Standandi viðklæðning er á þakkanti og undir skyggni.
6.900.000

NETHÚS FASTEIGNASALA
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur
Sími: 575 8800 • Fax: 575 880
AÐEINS 1% SÖLUÞÓKNUN
Þín sala - þinn sparnaður
Ragnar Thorarensen og Elín D.W. Guðmundsdóttir, löggildir fasteignasalar

## Sumarhús á Arnarstapa



Glæsilegur sumarbústaður.
Húsið er 55fm auk 15 fm svefnlofts og skilast fullbúinn að utan með palli. og fokheldur að innan. Glæsilegt útsýni
Verð: 7.000.000 kr. eða fullbúinn að öllu leyti á 10.500.000 kr

NETHÚS FASTEIGNASALA
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur
Sími: 575 8800 • Fax: 575 880
AÐEINS 1% SÖLUÞÓKNUN
Þín sala - þinn sparnaður
Ragnar Thorarensen og Elín D.W. Guðmundsdóttir, löggildir fasteignasalar

## Rjúpnabraut – Úthlíð





Glæsilegur sumarbústaður við Úthlíð í Biskupstungum. Bústaðurinn er um 60 fm og með 3 svefnherbergjum. Bústaðurinn er allur hinn vandaðasti og með stórum palli í kringum húsið og heitum potti. Á svæðinu er sundlaug, golfvöllur, verslun ofl. Gestir velkomnir sunnudaginn 24 apríl á milli 14 og 17.
Reynir sími 696 0034 og Einar sími 897 8107
Verð 14.800.000

NETHÚS FASTEIGNASALA
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur
Sími: 575 8800 • Fax: 575 880
AÐEINS 1% SÖLUÞÓKNUN
Þín sala - þinn sparnaður
Ragnar Thorarensen og Elín D.W. Guðmundsdóttir, löggildir fasteignasalar

## Birkilundur Húsafelli



Virkilega fallegt velútbúið sumarhús á yndislegum stað í Húsafelli. Birkivaxinn skógur allt um kring. bústaðurinn er alls um 38fm og skiptist í stofu svefnherb, svefnloft og viðbyggingu þar sem góð svefnaðstaða er. Góður pallur með skjólvegg ásamt heitum potti.
Verð: 6.900.000

## Ný heilsársbyggð á bökkum Sogsins




## ÁSBORGIR

### Grímsnesi

Grímsnes-og Grafningshreppur auglýsir til sölu eignarlóðir til heilsársbúsetu.

Lóðirnar eru í nýju hverfi sem kallast Ásborgir og eru á kjarri vöxnu hrauni á bökkum Sogsins. Lóðirnar eru 3.600 – 6.600 fm. að stærð á sérlega fallegum stað í um 70 km. fjarlægð frá Reykjavík. Þær eru tilbúnar til afhendingar, malbikaður vegur og gangstígur. Á svæðinu er hitaveita og háhraða þráðlaus internettenging.

Þar sem um heilsársbyggð er að ræða er hægt að fá íbúðarlán út á framkvæmdir.

Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 898-2668, netfang er gogg@gogg.is

# AUÐIR grasblettir

Besta leiðin til að fá gras til að vaxa að nýju er að koma í veg fyrir að gengið sé á því.



Sumir staðir á graflötinni verða fyrir meira álagi en aðrir sem verður til þess að grasið nær ekki að vaxa og auðir blettir myndast. Besta leiðin til að fá grasið til að vaxa aftur er að koma í veg fyrir að gengið sé á skallablettinum. Gott ráð er að taka grannar trjágreinar sem klipptar hafa verið af runnum og trjám og beygja þær ofan í moldina utan um blettinn þannig að þær myndi smá girðingu. Þá er öðrum enda trjágreinarinnar stungið ofan í moldina og hinum endanum á móti þannig að greinin myndar smá boga. Bæði er hægt að setja fjórar svona greinar svo þær myndi ferhyrning utan um blettinn eða setja tvær í kross hvor yfir aðra. Greinarnar falla vel að umhverfinu þannig að þær eru ekki lýti á grasinu og svo koma þær í veg fyrir að stigið sé á blettinn. Greinarnar eru fjarlægðar þegar grasið hefur náð að jafna sig og er farið að spretta að nýju.
Ef bletturinn hefur verið auður mjög lengi er hugsanlegt að það þurfi að sá aftur í moldina og þá er best að fá ráðleggingar frá garðyrkjufræðingi svo grasið verði sem jafnast og falli að því grasi sem vex í kringum skallablettinn.

# Allt um garðinn í einni litlli bók

Garðurinn allt árið – Gróðurinn heitir nýútkomin bók.




Bókin Garðurinn allt árið – Gróðurinn er ætluð öllu áhugafólki um garðyrkju og aðall hennar er einfaldur og hnitmiðaður texti. Hún skiptist í fjóra höfuðkafla sem hver um sig fjallar um eina árstíð og í lok bókarinnar er að finna dagatal sem garðeigendur geta nýtt sér til að skipuleggja vinnuna í garðinum. Höfundar texta eru menntaðir á sviði garðyrkju og ræktunar og myndir gegna stóru hlutverki í bókinni og auka þannig á gildi hennar. Ritstjóri er Vilmundur Hansen. Garðurinn allt árið – Gróðurinn er fyrsta bókin í ritröð sem ber yfirskriftina: Við ræktum.

# Sumarbústaðir

Lynghálsi 4, 110 Reykjavík,
akkurat@akkurat.is, www.akkurat.is
Halla Unnur Helgad. lögg. fast.sali



## HEILSÁRSHÚS - MIÐHÚSUM,

Skógarhólf 5, fyrir neðan Þjóðveg. Rétt við Úthlíð og þar er : Golfvöllur, veitingahús, bar, verslun, bensínstöð ofl. Milli Laugavatns og Geysis. 78 fm. hús. Heitur pottur er á verönd. Verönd er eingöngu lokið framan við hús, ca 70 fm. VERÐ 14,5 millj.



## AKUREYRI - VAGLASKÓGUR

Vel staðsettur sumarbústaður í Lundskógi. Húsið er fullbúið og selst með húsgögnum utan persónulegra muna. Í bústaðnum eru tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús með góðri innréttingu. Yfir svefnherbergjahluta er um 27 fm. svefnloft sem er ekki innifalið í stærðarskráningu. Úr stofu er gengið út á stóran pall. Lóð er stór og á henni er m.a. róla. VERÐ 10,8 millj.

## SUMARBÚSTAÐALÓÐIR - GRAFNINGI

Við höfum til sölumeðferðar STÓRGLÆSILEGAR 0,7-1,7 ha lóðir í landi Bíldsfells í Grafningi. Skipulagt og afgirt svæði, fjölbreytt sólríkt landslag og fallegt útsýni, m.a. yfir Þrastarskóg og Sogið. Kaldavatnslagnir að lóðarmörkum. Upplýsingar veitir Bjarni á skrifstofu Akkurat í síma 594 5000.

## VALLARHOLT - BLÁSKÓGABYGGÐ

104 fm fullbúið, glæsilegt heilsárshús. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Góð stofa og eldhús í einu rými. Heitt og kalt vatn. Frábær staðsetning. Nánari upplýsingar veitir Bjarni á skrifstofu Akkurat.



## SKORRADALUR – INDRIÐASTAÐIR

Mjög vandað 60 fm heilsárshús á steyptum grunni og með hita í plötu, ásamt 12 fm gestahúsi í landi Indriðastaða í Skorradal. Við húsin er 150 fm steypt Bomanite verönd með hitalögn. Húsin skilast fullbúin að utan og með rafmagni. Verð 11 millj

RE/MAX Mjódd

Þönglabakka 1, Reykjavík
Guðmundur Þórðarson, lögg. fast.sali, hdl.



## BERG

Fallegur bústaður á kyrrlátum stað (eignarlóð) á bökkum Norðurár. 3 svefnherbergi og svefnloft. Stór pallur og pottur. Verð 14.900.000. Upplýsingar veitir Ásdís Ósk - 8630402.



## HAFNARBRAUT 2B

Lítið einbýli á 2 hæðum, mikið endurnýjað, 2 svefnherbergi. Húsið er í útleigu með góðar leigutekjur. Frábær fyrstu kaup eða sem heilsárshús fyrir fjölskyldur og/eða félagasamtök. Verð: 7.800.000. Upplýsingar veitir Ásdís Ósk - 8630402.



## BJARKARBRAUT 13

Mikið endurnýjað einbýli á 2 hæðum, möguleiki á aukaíbúð. 4 stór svefnherbergi, stór garður. Verð: 15.000.000. Upplýsingar veitir Ásdís Ósk - 8630402.



## BJARKARBRAUT 23

3ja herbergja íbúð á efri hæð. 2 svefnherbergi, parket og flísar á gólfi. Frábær fyrstu kaup eða sem heilsárshús fyrir fjölskyldur og/eða félagasamtök. Verð: 7.900.000. Upplýsingar veitir Ásdís Ósk - 8630402.



## GRUNDARGATA 2

Lítið einbýli á 2 hæðum, 3 svefnherbergi. Húsið er í útleigu. Frábær fyrstu kaup eða sem heilsárshús fyrir fjölskyldur og/eða félagasamtök. Verð: 7.800.000. Upplýsingar veitir Ásdís Ósk - 8630402.



## INDRIÐASTAÐIR

Glæsilegt ividhaldsfrítt heilsárshú ásamt 12 fm. gestahúsi, 3 svefnherbergi. Stutt í golfvöll og aðra þjónustu. Verð: 14.800.000. Upplýsingar veitir Ásdís Ósk - 8630402.



## KLAPPARSTÍGUR 17 - HAUGANES

Einbýlishús, hæð og ris, 5 svefnherbergi, 2 baðherbergi. Frábært tækifæri fyrir einstaklinga og starfsmannafélög. Verð: 11.800.000. Upplýsingar veitir Ásdís Ósk - 8630402.



## LANGATRÖÐ

Stórglæsilegur bústaður á stórri eignalóð. Sérlega vandaður frágangur, stór pallur og pottur. 3 svefnherbergi + svefnloft. Verð: 16.500.000. Upplýsingar veitir Ásdís Ósk - 8630402.



## SYÐRA GARÐSHORN

Jörð í Svarfaðardal ásamt einbýlishúsi og útihúsum. Stutt til Dalvíkur og Akureyrar. Einstök náttúra. Frábært tækifæri fyrir einstaklinga og starfsmannafélög. Verð: 17.500.000. Upplýsingar veitir Ásdís Ósk - 863040.

## EYRAR Í EILÍFSDAL KJÓSARHREPPI

Góður bústaður byggður á staðnum árið 1992. Bústaðurinn er 50 fm ásamt tveimur svefnloftum ca. 25 fm. Stór verönd. Góð staðsetning aðeins 45 km. frá borginni. Verð 6,2 millj. Upplýsingar veitir Þorkell - 8985496.

## SKORRADALUR - VATNSENDAHLÍÐ

Glæsilegur bústaður, með fallegu útsýni yfir Skarðsheiði.Bústaðurinn er 53,7 fm, sér 12 fm. geymsla, ca. 25 fm svefnlofts. Ca. 100 fm verönd. Kjarri vaxið land ca 3000 fm, leiguland, Rafmagn og vatn. Verð 10,7 millj. Upplýsingar veitir Þorkell - 8985496.



## KLETTSFLÖT HÚSAFELLI

Mikið endurnýjaður 42,5 fm bústaður á góðum stað í Húsafelli. Rafmagn, heitt og kalt vatn. verð 7,5 milljónir. Upplýsingar veitir Stefán Páll - 8217337.



## HEYHOLT BORGARFIRÐI

Góður 37 fm bústaður í fallegu umhverfi á 3645 fm eignarlóð með flottu útsýni yfir Norðurá. Verð 6,3 milljónir. Upplýsingar veitir Stefán Páll - 8217337.



## SUMARBÚSTAÐIR Í SMÍÐUM

Töluvert til af teikningum að velja úr verð frá 4,5 milljónum. Möguleiki að fá afhent fyrir sumarið ef pantað er strax. Upplýsingar veitir Stefán Páll - 8217337.



## AUSTURLAND

Bústður smíðaður á Austulandi. 52 fm +svefnloft tilbúinn til innréttinga, afhendist í maí. Verð 5,7 milljónir.Upplýsingar veitir Stefán Páll - 8217337.



## SUMARBÚSTAÐIR OG LÓÐIR Í GRÍMSNESI

Virkilega fallegir bjálka bústaðir á eignalóðum. Stofa, eldhús, svefnherb, baðherb og svefnloft í fullri lofthæð. Vel staðsettar lóðir í fallegu landi Kerhrauns í Grímsnesi. Stærð bústaða 53fm. Verð 6,9. Stærð lóða 5-7000 fm. Verð 0,8-1,2. Nánari uppl. Jóhanna -699 5680 og Sigríður - 663 3219.

LYNGVÍK

Síðumúla 33, 108 Reykjavík
Sigrún Gissurardóttir, löggiltur fasteignasali



## SUMARHÚS MARGAR GERÐIR OG STÆRÐIR

Til sölu sumarbústaðir á byggingastað á Grandanum. Bústaðirinir eru frá 40 fm til 70 fm og uppúr. Þeir afhendast fullbúnir að utan og einangraðir, gólf verður einangrað og það klætt rakaheldum gólfplötum. Bústaðrinir eru fokheldir að innan. Þá er hægt að fá bústaðina lengra komna allt eftir ósk kaupanda. Verð er frá 2,7 m.



## SUMARHÚS-KÓNGSVEGUR GRÍMSNESI

Velviðhaldin og góður 57,2 fm sumarbústaður með stórri verönd sem stendur á 6,257 fm eingarlóð. Þrjú herbergi. Stofa. Studíoeldhús. Baðherbergi með sturtu. Heitt og kalt vatn. Rafmagn. Stutt á golfvöllinn og í alla þjónustu. Kjörin eign fyrir náttúru unnendur og aðra sem vilja njóta þess að fara í golf eða bara vera til. (2473).

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
BÆJARHRAUNI 10 HAFNARFIRÐI S:520-7500

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali



## SUMARHÚS LÆKJARHÁLS 2

Bústaðurinn er 50 fm með góðu svefnlofti. Það er 25 fm og með góðri lofthæð (2,75 m ca þar sem er hæst). Þakkalli er hátt í 40° Húsið er staðsett í landi Litlubrekku í kjarrivöxnu landi, stutt frá Langá. Næsta þéttbýli er Borgarnes í ca 5 km. fjarlægð. Verð 6,2 millj. 108582



## SUMARHÚS SVÍNADAL

(Hrísabrekka) Nýkomið fallegt fullbúið 62 fm sumarhús á þessum vinsæla stað í Eyraskógi, örstutt frá höfuðborgarsvæðinu. Ýmis skipti koma til greina. Verð 7,5 millj. 108340.



## SUMARHÚS LÓUBRAUT 5 FLÚÐUM

Bústaðurinn er 77 fm að stærð sem skiptist þannig: Aðalrými 54 fm sem er með 2 rúmgóðum svefnherbergjum, baði, samliggjandi stofu og elhúsi, manngengt 20 fm svefnloft og 3 fm geymsla. Inntak fyrir heitt og kalt vatn verður í geymslu og einnig verður komið fyrir rotþró. Bústaðurinn stendur á 6 steyptum veggjum á púða. Hann er tilbúinn til innréttinga og gólfefna, en hægt er að skila honum lengra komnum. Hann stendur á leigulóð með 50 ára samning, leigan er ca 30,000,- á ári. Verð 10 millj. 109036

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhraun 22
*Við höfum til þín*

Runólfur Gunnlaugsson, viðskiptafræðingur, löggiltur fast.- og skipasali



## SUMARHÚS GRÍMSNESI

Glæsilegt heilsárshús í byggingu að Borgarleyni 7 við Kerið. Húsið er staðbyggt á steiptir plötu með hita í gólfum. Harðviður í gluggum og hurðum, stórir pallar. 9000fm eignarlóð. Húsið skilast fullbúið að utan en fokhelt að innan. Verð 11,9 millj.



## SUMARHÚS TIL FLUTNINGS

Erum með í sölu þetta fallega 45fm sumarhús. Húsið er fullbúið að utan, panelklætt og með parketi á gólfum að innan. Svefnloft. Húsið er tilbúið til flutnings á draumalóðina þína. Verð 5,5 millj.

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN
www.eignastyring.is

Erlendur Davíðsson löggiltur fasteignasali



## SUMARBÚSTAÐUR Í LANDI MÖÐRUVELLA

er stendur á steyptum grunni og á 2500fm ræktaðri lóðarspildu. 37,3fm ásamt svefnlofti.Verönd út frá stofu\ heitur pottur ásamt útigeymslu, rafmagn,kalt vatn og hitadunkur.aðbúnaður til fyrirmyndar.Eitt glæsilegasta útsýnið í kjósinni.Verð 7.9 millj.

**Akkurat** *fyrir þig!*

**Sími 594 5000**

Lynghálsi 4 • 110 Reykjavík • akkurat@akkurat.is • www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir löggiltur fasteignasali



## HEIÐARGERÐI 1-3
## VOGAR VATNSLEYSUSTRÖND

**2JA, 3JA OG 4RA HERBERJA ÍBÚÐIR**

- Sérinngangur í allar íbúðir.
- Sérþvottahús í íbúðum
- Sérgeymsla í íbúðum
- Sérafnotaréttur af lóð eða suðursvalir.
- Vandaðar innréttingar úr eik HTH
- Falleg og vönduð tæki: Keramikhelluborð
- Fullbúnar án gólfefna.

Vogar á Vatnsleysuströnd er vinalegt bæjarfélag. Aðeins 15 mín til Hfj. Mikil menningar- og íþróttastarfsemi. Nýlegt íþróttahús og sundlaug. Góður skóli og leikskóli.

**VERÐ 10,9 MILLJ. – 16,1 MILLJ. - 80% LÁN FRÁ LÁNASTOFNUN.**





**OPIÐ SUNNUDAGA FRÁ KL. 12.00 - 14.00**

# LINNETSSTÍGUR 2 HAFNARFIRÐI

## VEL STAÐSETT LYFTUHÚS MEÐ STÆÐUM Í BÍLAGEYMSLU Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR



Nýkomnar í einkasölu glæsilegar íbúðir við Thorsplani í Hafnarfirði. Íbúðirnar eru þriggja og fjögurra herbergja auk tveggja rúmgóðra þakíbúða. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna í ágúst 2005.

Byggingaraðili Fjarðarmót ehf.

Verð frá kr. 25,0 milj.

Allar nánari upplýsingar hjá
Ás fasteignasölu sími 520-2600





**ÁS FASTEIGNASALA**

Opið virka daga kl. 9–18

Hafnarfirði
Fjarðargata 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

# Sumarið er komið



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Plastglös á 250 kr. stk.

***Í Habitat er fjöldinn allur af skrautlegum og litríkum munum sem skemmtilegir eru fyrir sumarmáltíðina úti í garði eða á pallinum í sumarbústaðnum.***

Sumarið er tíminn fyrir lautarferðir og máltíðir utandyra en ekki eru allir tilbúnir að arka af stað með leirtauið úr eldhúsinu og því tilvalið að koma sér upp glösum og skálum úr plasti sem þola hnjask, veður og vind.

Í Habitat er úrvalið heilmikið af skemmtilegum og litríkum vörum sem nýtast í lautarferðir og sumarmáltíðir í garðinum. Þar má meðal annars finna glös, kerti, skálar, körfur og óróa í öllum regnbogans litum sem gleðja augað. Með smá hugmyndaflugi og gleði í hjarta er hægt að breyta gráum garðinum, sem stendur enn ekki í blóma, í litríkan og glaðlegan stað. Óróa er hægt að hengja í trén, stinga kertum í grasið og skreyta borðið með servíettum í öllum litum og setja litríkan mat á litríka diska og á örskammri stundu er sumarið komið í næstum öllu sínu veldi.





Fallegt og traust nestisbox á 2.250 kr.

Skærbleik salatskál úr plasti á 1200 kr. og áhöld á 350 kr. Skrautlegar og líflegar servíettur á 490 kr.

Kyndlar, kerti og kertastjakar sem hægt er að stinga niður í jörðina. Verð frá 450 kr.


Sandur og grjót

Fegrar og bætir garðinn

Þú færð allskonar grjót hjá okkur, sand og sérstakan sand í sandkassann. Við mokum efninu á bíla eða kerrur og við afgreiðum líka sand í sterkum plastpokum, sem þú getur sett í skottið á bílnum þínum.

Sími: 577-2000

BJÖRGUN HF.
SÆVARHÖFÐA 33




Afgreiðslan er opin:
Mánud. - fimmtud. 7.30 - 18.30,
föstud. 7.30 - 18.00, laugard. 8.00 - 16.00.
Opið í hádeginu nema á laugardögum.






**ÆGISskyggnin** eru íslensk gæðaframleiðsla, sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu. Þau koma að góðum notum sem skjól fyrir veðri og vindum auk þess sem þau gefa heimilum og fyrirtækjum fallega andlitslyftingu!
**ÆGISskyggnin** eru fáanleg í mörgum útfærslum, litum og stærðum, rafdrifin og með handvirkum búnaði.
Kíktu til okkar og fáðu aðstoð við að finna bestu lausnina.
Við önnumst uppsetningu, viðhald og viðgerðir á skyggnunum auk þess að sjá um merkingar á skyggnin fyrir fyrirtæki.



SEGLAGERÐIN ÆGIR
STOFNAÐ 1913

www.seglagerdin.is

Eyjarslóð 5-7, sími 511 2200

# VIÐNUM haldið við

Sólpallar og skjólveggir úr tré hafa rutt sér til rúms á síðari árum. Hvort tveggja getur verið til prýði og yndisauka ef því er vel við haldið. Erlendur Þór Ólafsson hjá Gólfþjónustu Íslands er sérfróður um viðhald á timburverki.

Það þarf að slípa viðarveggi og palla á fimm til tíu ára fresti til að losa þá við sveppi og annan gróður. Sumir láta reyndar nægja að smúla þá með háþrýstikrafti en okkur reynist mun betur að pússa timbrið með mjög grófum sandpappír. Þá förum við gegnum allt og viðurinn verður alveg hreinn eftir en með háþrýstiþvotti nær maður bara því sem er laust. Þegar búið er að hreinsa allt vel fær maður 100% viðloðun á fúavörninni. En pensli maður yfir bakteríurnar og sveppina flagnar fúavörnin af strax aftur.“

Erlendur mælir með því að borið sé í tréverkið einu sinni til tvisvar á ári og segir fúavörnina skolast burt með rigningarvatninu. Hann leggur áherslu á að áburðurinn sé þurrkaður vel upp þegar búið er að bera hann á. „Það má aldrei myndast skel sem getur flagnað, þá er búið að skemma vinnuna,“ segir hann og getur þess að gott sé að þurrka áburðinn upp með handklæði. „Það á alls ekki að rúlla bæsi eða olíu á nema þá í mesta lagi fyrstu umferðina sem viðurinn drekkur auðveldlega í sig. Þetta er eins og að bera tekkolíu á húsgögn. Maður hellir henni á borðið og þurrkar svo vel. Þetta er alveg sama reglan,“ segir hann.

Hann segir fólk ýmist nota olíu eða vatnsleysanlega fúavörn. Sjálfur aðhyllist hann olíuna en vill ekki kasta rýrð á hina vörnina heldur. „Þróunin er í þá átt að öll þessi efni verði vatnsleysanleg þannig að einhverntíma verður sennilega bara boðið upp á þau,“ segir hann. „En ég nota olíuna meðan hún fæst.“



Erlendur segir sólpalla fljóta að grána sé þeim ekki vel haldið við og mælir með að þeir séu hreinsaðir upp á fimm til tíu ára fresti.








FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hér má sjá plan sem gert er að japanskri fyrirmynd. Náttúrusteinn er notaður til þess búa til náttúrulegt umhverfi og unnir, rúnnaðir steinar til þess að gera gangstíg. Hvít möl, línarit, er notuð undir vatnið og gefur umhverfinu ljóst yfirbragð. Steinarnir allir eru mjög stórir en grafnir ofan í jörðina

# Hellulagning einfaldari en margan grunar

***Þorkell Gunnarsson, skrúðgarðyrkjumeistari hjá Lystigörðum ehf., hefur verið lengi í faginu og þekkir þetta fag eins og lófann á sér.***

„Það þarf að passa að þjappa undirlagið mjög vel, því annars getur allt farið á hreyfingu,“ segir Þorkell Gunnarsson, skrúðgarðyrkjumeistari. Hann er búinn að vera lengi að og þekkir þetta fag eins og lófann á sér. Öll undirbúningsvinna þarf að vera vönduð þegar farið er út í þessar framkvæmdir en menn þurfa líka að vega og meta hvers slags hellulögn er um að ræða. Jarðvegsskipti eru mjög mikilvæg þegar kemur að hellulögn en menn þurfa þó ekki að grafa jafn djúpt alltaf. Þorkell segir að á litlum veröndum þurfi ekki að grafa mjög djúpt því að lítið álag sé á slíkum hellulögnum. „Það þarf þá ekki að grafa nema þrjátíu til fjörutíu sentimetra niður í jörðina og skipta um jarðveg.“ Hins vegar þurfi að fara öllu dýpra þegar kemur að bílaplönum því þar sé mikið álag. „Þá þarf að grafa allt að einn metra niður í jörðina og vanda vel til verks.“ Ef það er ekki gert er hætta á að hjólför myndist sem vatn getur safnast í.

Þorkell segir að fólk geti gert ýmislegt til þess að auðvelda fyrir skrúðgarðyrkjumanninum lífið og draga úr kostnaði. „Ef gömul hellulögn er fyrir er hægt að taka hana í burtu. Ef fólk þekkir einhvern gröfukarl getur það fengið hann til þess að skipta um jarðveg. Fólk getur líka hellulagt allt sjálft en það verður þá að leigja öll tæki og ef það reiknar sér tímakaup þá er það ekkert miklu ódýrara en að fá garðyrkjumann til þess,“ segir Þorkell. Hann bætir því við að hellulögn þarfnist smá viðhalds fyrstu þrjú árin en eftir það sé óhætt hægt að reikna með því að hellulögn standi í tuttugu ár.

Þorkell segir að Íslendingar séu frekar pjattaðir í kringum sínar hellulagnir. „Erlendis er náttúrunni leyft að njóta sín og hellulögnin er aukaatriði. Þar „klippa“ menn hellurnar. Hér er það hellulögnin sem er aðalatriðið og mikið lagt upp úr beinum línum og vel söguðum hellum.“



Þorkell Gunnarsson skrúðgarðyrkjumaður er með fjögurra manna fyrirtæki, Lystigarða. Hann segir Íslendinga vera frekar pjattaða í kringum hellulagnirnar sínar



Eitt af því sem krefst mikillar vinnu er sögun. Hér má sjá hvernig hellurnar hafa verið sagaðar að litlum sjávarsteinum.



Að blanda saman ólíkum efnum getur gefið planinu skemmtilegan blæ. Hér hefur venjulegum hellum verið blandað saman við kant gerðan úr timbri sem síðan er felldur að holtagrjóti.

# Bragðgott og hollt

***Nú er rétti tíminn til að forsá grænmeti innanhúss eða í garðskálann og gulrótunum beint út í garð.***



Spergilkál eða brokkólí er ein vinsælasta tegundin til heimaræktunar enda hægt að brjóta stilkana af um leið og þeir spretta og nýir bætast við jafnóðum. Það þolir líka haustkuldann vel. Spergilkál, blaðsalat, rauðkál, grænkál og hið nýlega uppgötvaða klettasalat eru tegundir sem gott er að forsá inni og færa síðan út í garð eftir um það bil fjórar vikur. En fyrst þarf að herða plönturnar með því að setja þær út yfir daginn og inn á nóttunni í um það bil eina viku. Það er slæmt fyrir grænmetisplöntur að fá næturfrost á byrjunarstigi. Flestar þeirra eru tvíærar og þegar þær lenda í frosti taka þær það sem vetrarskilaboð og fara að haga sér eins og þær séu á seinna árinu, blómstra og bera fræ.

Gulrótarfræið er það lengi að spíra að það þarf að komast í moldina í apríl og byrjun maí og þá beint út í garð, helst í sendinn jarðveg, því að hann er hlýrri. Hnúðkál er fljótsprottið og getur farið beint í garðinn. Þegar sáð er úti er gott að dreifa blákorni yfir beðið áður en það er stungið upp og þegar sáningu er lokið er akrýldúkur gjarnan breiddur yfir. Hann hleypir vatni í gegn og eykur hita í moldinni. Timjan, mynta, steinselja, graslaukur og sítrónumelissa eru kryddjurtir sem auðvelt er að rækta á sólríkum stað í garðinum.

## Mæðgurnar DEILA pallinum

EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR, LEIKKONA OG SKEMMTIKRAFTUR, ER NÝBÚIN AÐ TAKA GARÐINN SINN RÆKILEGA Í GEGN OG ÞARF EKKI AÐ HUGSA SIG TVISVAR UM HVAÐA STAÐUR ER Í UPPÁHALDI Í GARÐINUM.

„Hann er alveg æðislegur. Ég er enn að kynnast honum og ég ætla að gera það betur í sumar. Ég setti fallegan pall í garðinn og gróðursetti fullt af blómum og plöntum þannig að það verður spennandi að sjá hvað kemur undan því," segir Edda sem er mikið fyrir að hafa fínt í kringum sig og það sést svo sannarlega á fallega garðinum.

Edda ekki í neinum vafa um hvaða staður er í uppáhaldi í garðinum. „Það er náttúrlega nýi pallurinn. Hann er algjört æði! Hann er stórkostlegur, fallegur og nýtist líka mjög vel. Hann er einfaldleikinn



sjálfur og það eru engar krúsídúllur á honum eða neitt óþarfa vesen. Það er ekkert grindverk sem fylgir honum nema pínulítið útskot sem tengir pallinn við íbúðina hennar mömmu," segir Edda en þær mæðgur eru náttúrulega afar glaðar með pallinn. „Við getum annaðhvort setið saman á honum eða hvor í sínu horninu," segir Edda og hlær dátt.


GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001



SUMAR HUGMYNDIR
STEINLIGGJA

Settu skemmtilegan svip á innkeyrsluna. Við bjóðum glæsilegt úrval af hellum og steinum fyrir innkeyrslur og bílastæði. Með fjölbreyttu úrvali tegunda og lita opnast þér endalausir möguleikar í útfærslum.

Gefðu ímyndunaraflinu lausan tauminn og leyfðu okkur að hjálpa þér að láta draumainnkeyrsluna þína verða að veruleika.

Komdu og skoðaðu úrvalið í Fornalundi, kíktu á www.bmvalla.is eða pantaðu handbók okkar í síma 800 5050.

Söludeildin er opin
alla virka daga frá kl. 8 - 18
og á laugardögum frá kl. 9 - 14 í allt sumar.









www.bmvalla.is

Sumar í Fornalundi

Söludeildir:
Breiðhöfða 3
Sími 585 5050
Fax 585 5051
sala@bmvalla.is

v/Súluveg Akureyri
Sími 460 2200

Ægisgötu 6 Reyðarfirði
Sími 477 2050

BM·VALLÁ
FÚSIR TIL FRAMKVÆMDA MEÐ ÞÉR




**OPIÐ Í DAG**
**SUMARDAGINN FYRSTA**

| | |
|---|---|
| BYKO Breidd | 11-17 |
| BYKO Selfossi | 12-16 |
| BYKO Hringbraut | 11-17 |

# GLEÐILEGT SUMAR!

**Bestu BYKO kaupin**
ÞAÐ BESTA SEM VIÐ BJÓÐUM



Vnr.74890004
## Hekkklippur
BOSCH hekkklippur AHS 4-16, sverðlengd 42 cm, 390W.

**4.990**
6.900



Vnr.50632104
## Borðhitari
MR HEAT borðhitari ryðfrír, 2,7 kw, hattur 40 cm.

**9.900**



# 26" REIÐHJÓL

**18.900**

Vnr.49620212
## Fjallahjól
26" fjallahjól með tveimur dempurum, 21-gíra, Shimano gírabúnaður, gripshift skipting, álfelgur, V-bremsur.



**19.900**

Vnr.50632102
## Gasgrill
ELEGANT UNION gasgrill, 2 brennarar, pottjárn í steikargrind. Grillflötur 50x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir og efri grind.

**BYKO**
**BYGGIR MEÐ ÞÉR**

# Íslenska ullin í tísku

*Áburðarverksmiðjan stóð fyrir hönnunarkeppninni Ull á nýrri öld.*

Því má halda fram að árið 2005 sé ár íslensku lopapeysunnar og virðist vinsældum hennar ekki ætla að linna. Sprottið hafa upp ýmsar nýjar og nútímalegar útfærslur á þessari gömlu og góðu peysu á þessu ári.

Fyrir skömmu var efnt til hönnunarsamkeppni hjá Áburðarverksmiðjunni hf. um gerð peysu úr íslenskri ull þar sem unnið var út frá hinu nýja merki Áburðarverksmiðjunnar. Fyrirtækið stóð fyrir keppninni í samvinnu við Ístex og Félag sauðfjárbænda.

Peysurnar þóttu allar mjög glæsilegar og kom dómnefndin margsinnis inn á það hversu erfitt hefði verið að gera upp á milli þeirra. Öllum var heimil þátttaka og bárumst um 60 peysur. ■



**1. sæti** hlaut Sigurlína J. Jóhannesdóttir, Snartarstöðum 2, Kópaskeri. Mynstrið er einfalt, fallegt og íslenskt. Peysan er ungleg og ekki spillir að hún er í sauðalitunum. Gefur möguleika á ýmsum útfærslum fyrir bæði kynin.



**2. sætið** hlaut einnig Sigurlína J. Jóhannesdóttir, Snartarstöðum 2, Kópaskeri. Stílhrein peysa og má auðveldlega leika sér með mynstrið í litum og útfærslu.



Verðlaun fyrir **frumlegustu** peysuna hlaut Ragnhildur Jónsdóttir, Fagradal við Vík.



**3. sæti** hlaut Katrín Andrésdóttir, Reykjahlíð á Skeiðum. Rómantísk og skemmtileg peysa með óvanalegum mynsturbekk og húsdýrin allt í kring gefa henni mikið vægi.












## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

## KEYPT & SELT

## Til sölu



Okkar árlega rýmingarsala. 50-70% afsláttur af öllu í versluninni. Nú er tækifærið, ekta pelsar á hálfvirði og margt fl. Sigurstjarnan, (bláu húsin) Fákafeni. Opið frá 11-18 virka daga og 12-16 laugardaga. S. 588 4545. Vaxtalausar léttgreiðslur




Leigjum og seljum hljóðkerfi stór og smá. JBL, Crown, AKG HljóðX. Grensásvegi 12 sími 553 3050.

Bílskúrshurðaþjónustan. Bílskúrshurðir og mótorar, varahlutir - viðgerðir. Halldór S. 892 7285.

Brúnn hornsófi, nýlegur, til sölu ásamt púðum, kr. 80.000. S. 699 3274.

**Prenthylki**
Ný og bætt heimasíða www.prenta.is. Seljum áfyllingar í alla prentara. Fyllum á öll prenthylki. www.prenta.is Bolholti 6 Rvk.

Nýtt ónotað Yamaha PSR K1 hljómborð með tösku á 30þús. kostar nýtt 50 þús. Yamaha skemmtari með tveimur hljómborðum með 1,5 áttund í fótbassa á 30þús. 120 lítra fiskabúr með öllu og fiskum líka á 20þús. Fótboltakúluspil stórt alvöru á þungum löppum á 20þús. Uppl. 659 2154.

Til sölu lítil eldhúsinnrétting með öllum tækjum. Tilboð óskast. Uppl. í s. 694 1647.

Spinger Tempur dýna, lítið notuð, eins og hálfs árs gömul. Verð 70 þús. Uppl. í s. 861 2654.

Til sölu falleg Alno eldhúsinnrétting með innbyggðum nýlegum tækjum. Upplýsingar í síma 849 5411.

**Candy flos**
Hef til sölu nokkrar candy flos vélar, frábær fjáröflun. Uppl. í síma 893 0096.

## Óskast keypt

Óska eftir litlum vegavinnuskúr, má vera illa farinn. Uppl. í s. 863 6738.

**Amerísk þvottavél**
óskast keypt, helst General Electric. Má vera biluð. Sími 847 5545.

## Hljóðfæri



Píanó til sölu. Daneman 115 cm hátt á kr. 120 þús. Er staðsett á Álftanesinu á jarðhæð. Anna Lára s. 698 0488.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**KÍKTU Á ÞETTA !!!**
Frí ástandskoðun- Frí 30daga vírusvörn- Frí Rykhreinsun. Notaðar og nýjar tölvur- leitið tilboða.. Sækjum og sendum innan höfuborgasvæðisins. BMS-Tölvulausnir 565 7080, www.bms.is

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Vélar og verkfæri

Járnsmíðavélar Vélsmiðjan er hætt og vélarnar til sölu. Uppl. í s. 564 1130 & 846 6264. Vélsm. Þórðar Guðnasonar, Álfhólsv. 22, Kóp.

Járnsmíðavélar Vélsmiðjan er hætt og vélarnar til sölu. Uppl. í s. 564 1130 & 846 6264. Vélsm. Þórðar Guðnasonar, Álfhólsv. 22, Kóp.

## Til bygginga




**Steinull**
Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

Þýsk gæðavara frá SEIFERT, kónar, rósir, mótarör, plötustólalistar, ofl. Mót ehf. heildverslun, s:544 4490

## Verslun




www.rum.is frábær fermingartilboð, Amerísk fermingarrúm frá 29.900 kr. Snorrabraut 56 & Glerárgötu 34 Akureyri, s. 551 5200 & 461 5300




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.




**Kr. 5.990**
Opið 10.00-18.00 þriðjud.- föstud. Praxis S 568 2878 - 691 0808 Síðumúla 13, 108 R. www.praxis.is praxis@praxis.is




Konur athugið Vibrafem fullnægingarkremið er komið til okkar, 30 ml túpa sem dugar í yfir 50 skipti á aðeins 2990 kr. Pantanir í síma 552-2525 eða á www.venus6.is umboðsaðili Venus Erotic store Freyjugötu 1, 101 Reykjavík. Sendum í póstkröfu um land allt.



Vorútsalan hefst föstudaginn 22. apríl. 40-70% afsláttur. Opið frá 10-18 virka daga og 11-14 laugardaga. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

## Ýmislegt



**Gegnheilt plankaparket á verksmiðjuverði.**
Höfum nýhafið framleiðslu á gegnheilu hágæða plankaparketi úr amerískum harðviði. Eigum fyrirliggjandi á sérstöku kynningarverði eftirfarandi tegundir: Hvít amerísk eik - natur. Hlynur- prime Kirsuber-prime og nature. Hnota-prime Sýnishorn á staðnum.
**Fyrstir koma fyrstir fá. Allar upplýsingar í síma 426 7800.**

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Nostra - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý s. 898 9930, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

## Ræstingar

Tek að mér ræstingar í heimahúsum. Er reyklaus, ábyggileg og vön. S. 869 7241.

## Garðyrkja




Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna... Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.

**Túnþökusala**
Túnþökur til sölu. Gerum tilboð í minni og stærri verk. Steini.s. 663 6666/663 7666

Nú er rétti tíminn að leita tilboða í garðsláttinn fyrir sumarið. S. 897 5730.

Trjáklippingar. Klippi og grisja garða, tugára reynsla. Sanngjörn þjónusta. Uppl. í s. 698 7991. Gunnar, garðyrkjumaður.




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist 554-1989 www.gardlist.is .

## Bókhald

**FAGBÓK ehf. Bókhaldsstofa.**
- Bókhald/Ársreikningar - Skattframtöl fyrir lögaðila/einstaklinga - Stofnun félaga - Vsk.uppgjör - Launaútreikning ofl.
**Persónuleg þjónusta á góðu verði. Þverholti 3, 270 Mosfellsbæ, sími 566 5050. GSM 894 5050, 894 5055.**

Bókhald-skattframtöl-stofnun hlutafélaga KJARNI ehf sími 561 1212 GSM 891 7349.

## Ráðgjöf

KAFLASKIPTI

**Alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf- Skattskil og bókhaldsþjónusta. Sími 517 1030 OG 822 9670.**
Endurskipulagning fjármála, fjármálaráðgjöf, samningar við lögmenn, banka og aðra kröfuhafa. Stofnun einkahlutafélaga, bókhaldsþjónusta og skattskil. Geymið auglýsinguna.
**Kaflaskipti ehf. - Skipholti 5 - Sími 517 1030 og 822 9670 kaflaskipti@rsg.is**

## Málarar

Eðalmálun GE. getur bætt við sig verkefnum nú og fyrir sumarið. Uppl. í s. 697 6284, Guðjón Eðal.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 869 3934.

## Meindýraeyðing

Meindýraeyðing Heimilanna.
-Sérfræðiráðgjöf
-Skordýragreining
Öll meindýr - Eitt númer
Sími 822-3710

Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

MeinVarnir ehf
Sími: 898-2801
Reynsla, öryggi og fagleg þjónusta
Með starfsleyfi og í Félagi meindýraeyða

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar

**Flutningaþjónusta Brynjars. S. 898 6565.**

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.




Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

STEINSTEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
- MÚRBROT
- MALBIKSSÖGUN
SAGTÆKNI ehf
www.sagtaekni.is
S: 567 4262 & 893 3236

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. múrun, málun og tré- smíðavinnu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Ert þú að fara að flísaleggja? Get bætt við mig verkefnum. Upplýsingar í síma 843 0117.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

## Snyrting

**Flottar neglur.**
Gott verð. Opið 10-18. Tímapantanir í S. 869-8964.

## Spádómar

SPÁMIÐILL
LÆKNAMIÐILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA
905-7010 697-8602

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

**Alspá 908-6440**
Draumar, skyggni. Fyrirb. Fyrri líf. Finn týnda muni. 10-22. Y.Carlsson.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spásíminn 908-2008. Er opið mánudaga og þriðjudaga frá kl 18-23. Draumar, tarrot.

Spásíminn 902-5052. Spái í spil og Tarot spil. Opið frá kl. 20 - 23 Björk.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Spámiðlun, miðlun. Margrét, pantanir í s. 567 2478 og 863 2478 eftir kl. 17.

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

## Rafvirkjun




RAFLAGNIR OG DYRASÍMAR
Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Endurnýjum í eldri húsum
Töfluskipti
Tilboð
RAFNEISTI
Löggiltur rafverktaki
Sími 896 6025

Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Einnig innanhúsviðgerðir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Viltu léttast? Auka orku? ShapeWorks er lausnin. www.321.is s. 577 2777.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Vantar þig pening fyrir sumarið? www.diet.is/auka Hringdu strax! Margrét s:699-1060

Glæný! Skoðaðu arangur.is Þökkum frábærar viðtökur. Lífsstílsráðgjöf s. 586 8786.

## Fæðubótarefni

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting




**Thalasso therapy.**
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi og grennandi. Greifynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

## Ýmislegt

Langar þig að sýnast 2-4 kg grennri ? Er að bjóða vandaðar svartar ClaMal dömubuxur í stærðum 36-46 á heimakynningum! Einnig annan kvenfatnað st. 36-58. Jóhanna s. 895 6119 eða englagardur@mi.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Tvö sófasett til sölu Roccoco 3+1+1 og hornsófi 2-miðja-2 +stóll. Selst ódýrt. S. 892 7995.

Til sölu tveir leðurhægindastólar, hillusamstæða, sófab. Eldhúsborð og stólar, barnarúm ofl. Uppl. í s. 698 8956.

## Heimilistæki

Ísskápur til sölu, amerískur m/klakavél. Í fínu lagi. Selst á 20 þ.kr gegn flutningi. Hafsteinn, s 893 9702.

4 mánaða gömul Beko uppþvottavél til sölu. Verð 25.000-30.000. Upplýsingar í s. 845 4555.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald



Til sölu gullfallegir Enskir Springer spaniel hvolpar undan tveimur íslenskum meisturum. S. 868 0019 & ejj1@hi.is.

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæðsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Hreinræktaðir Beagle hvolpar til sölu. Uppl. pallisig@vortex.is voffi.com s. 861 4916.

Yndisleg sumargjöf! Sjö kettlingar kassavanir. Vantar góð heimili. (7 vikna). Uppl. í s. 566 8309.

## Barnavörur



Ný sending frá Ragazzi! Athugið nýtt kortatímabil. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

Brio barnavagn til sölu á 10 þús. Vel með farinn. Uppl. í s. 566 7023 og 866 4136.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is



**Lax og Silungsveiði!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 og 660 6890.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Sumarhús á Spáni. Höfum úrval af góðum íbúðum til leigu/sölu á Alicante svæðinu. Uppl. ís. 567 1596/694 7196/ e.mail.gumsig@terra.es

Til leigu glæsilegt, nýuppgert 14 fm. herb. í Bökkunum. Rebekka s. 867 0345.

Herbergi á sv. 105. Húsgögn, ísskápur, örbylgjuofn. Eldunaraðstaða, þvottavél, Stöð 2, Sýn. Uppl. í s. 898 2866.

67 fm 2ja -3ja herb. Íbúð í 110 Rvk. Til leigu frá 15 maí og yfir sumarið. Húsgögn geta fylgt með. Uppl. í s. 860 0211.

Til leigu 2ja herb. íbúð á svæði 111. Uppl. í s. 852 5559 & 845 4150.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir ódýrri 3 herb. íbúð.Frá 1 Júní '05. uppl. í s. 868 7844 & 849 0432.

SOS 23 ára kvk. óskar eftir einstaklings til 2ja herbergja íbúð helst í eða nálægt miðbænum frá 1. maí. S. 849 3310.

3 reyklausir námsmenn óska eftir 4ra herb. íbúð í 101 frá 31/5. Tobba s. 868 6532.

Óska eftir einstaklings íbúð. 2ja herb. eða stúdíó á höfuðborgarsvæðinu. Sími 862 1854.

Einstaklings eða 2ja herb. íbúð óskast í Garðabæ. S. 821 8159.

45 reglusamur karlmaður óskar eftir íbúð í Reykjavík frá 1. maí, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 867 1511.

Hjúkrunarfræðinur óskar efti 2ja-3ja herb. íbúð á svæði 101,104, 105 Rvk. frá og með 1.8. 2005. Er reglusöm og reyklaus. Uppl. í s. 865 9845.

## Sumarbústaðir



**Nú er rétti tíminn !**
Vönduð bjalkahus 23 fm og 37 fm ásamt 10-15 fm lofti til sölu. Altækni s/f 461 1111 og 869 9007 Nánari uppl. www.bjalkahus.com



**Fallegur bústaður á fallegum stað**
Til sölu glæsilegur nýbyggður sumarbústaður í landi Kalastaða í Hvalfirði, ca. 40 mínútna akstur frá Reykjavík. Bústaðurinn er 75 fm að grunnfleti með ca. 30 fm svefnlofti, á tæplega hektara, skjólgóðu, kjarrivöxnu landi. Mjög er vandað til bústaðarins, gólfefni eru gegnheill hlynur og flísar. Veröndin er stór, með góðum skjólveggjum í kringum heitan pott (hitaveita). Uppl. í s. 663 2712.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is s:568-6600

**Skrifstofu og Atvinnuhúsnæði.**
Á annarri hæð við Ármúla. 3ja herb. 104m og salur 150m (kaffiaðstaða). Uppl. í s. 553 1708 & 892 2392

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Til leigu 186 fm atvinnuhúsnæði á svæði 110. Uppl. í síma 892 1186.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna í boði.**
Aloa vera gelið fína
það ver og græðir húð og hár
Unique nýja förðunarlínan
yngir þig upp um all mörg ár
hærri tekjur meiri vinna
eða bara aukavinna
hafðu samband ég skal þér sinna.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 volare@centrum.is http://www.volares.tk**

**Ruby Tuesday**
óskar eftir hressu og duglegu fólki fæddu 1987 eða fyrr í vinnu á veitingastað okkar í Skipholti. Um er að ræða fulla vinnu og hlutastörf í sal. Hentar vel fyrir skólafólk.
**Allar nánari uppl. gefur Ási í síma 660 1143.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel.**
Bakaríið Jóa Fel Kleppsvegi óskar eftir að ráða hörkuduglegt starfsfólk í afgreiðslu.
**Uppl. S. 863 7579 Linda Rós. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**




**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Eins óskum við eftir manneskju sem er vön matreiðslu. Áhugasamir hafi samband við Önnu Sigurðardóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í gsm 822 1412. Einnig má senda umsóknir á anna@kynning.is.

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Vantar mann í vinnu á dekkjaverkstæði og á niðurif á bílum. Vaka ehf. Uppl. í s. 696 8253.

Starfsmaður óskast á minkabú á höfuðborgarsvæðinu. Stundvísi og dugnaður skilyrði. Uppl. í s. 699 7233, 566 8715 & 566 7380.

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 50% starf. Vaktavinna, unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig óskum við eftir starfskrafti í ræstingu á sv. 105 eftir kl. 16. Umsóknir berist á bonbraedur@ci.is fyrir 26. apríl.

Óska eftir gröfumönnum og verkamönnum í Reykjavík. Mjög mikil vinna framundan. Uppl. í síma 695 2399 & 695 0556.

**Verkamenn**
Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða verkamenn vana jarðvinnuframkvæmdum. S: 892 0989.

**American Style**
Í Hafnarfirði og Kópavogi óskar eftir hressum starfsmanni í grillið. Um er að ræða framtíðarstarf í reglulegri vaktavinnu. Leitum að einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, er 18 ára eða eldri og er áreiðanleg/ur. Umsóknareyðublöð á öllum American Style stöðum og á americanstyle.is

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir vönu starfsfólki til starfa við daglegar ræstingar í hverfum 101, 105, 108 og 112. Einnig óskum við eftir fólki á skrá víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Nánari upplýsingar gefur Margrét í síma 587-3111, virka daga milli kl. 13 og 16.

Kokka og pizzubakara vantar strax á Mango. Góð laun í boði. Uppl. í s. 577 1800.

Hresst og skemmtilegt starfsfólk óskast strax til starfa á Mango Grill og Pizzu. Skemmtilegur staður. Góð laun í boði. Uppl. í s. 577 1800.

Bakaríð Austurveri. Óskar eftir hressu og ábyrgu fólki í afgreiðslu. Uppl. á staðnum og í s. 860 7222.

**Sjómenn ATH!**
Háseta vantar á Steinunni Finnbogadóttur BA 325 sem stundar netaveiðar frá Grindavík. Uppl. í s. 852 2388, 863 2692 & 863 6665.

Sauma- og sníðakonur vantar LYSTADÚN - VOGUE Mörkin 4 Sími 660 4948, Grímur.

**Sumarvinna**
Vantar duglegt fólk í garðslátt með bílpróf á aldrinum 17-25 ára. Hægt er að sækja um á www.gardlist.is

Papinos Pizza. Óskum eftir hressu og duglegu starfsfólki. Umsóknarblöð í Núpalind 1 Kóp.

Rizzo Pizzeria, Rizzo Pizzeria. Vantar þig vinnu? Okkur vantar fólk! uppl. í Hraunbæ 121.

**Byggingaverkamenn**
Byggingaverkamenn óskast, góð laun í boði. Uppl. í síma 847 1816.

Okkur vantar bílstjóra í úrkeyrslu, léttan í lund og með húmor. Umsókn: atvinna2@visir.is

Óska eftir vönu fólki í málnigarvinnu. Uppl. í s. 869 3934.

# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 | 98,9 | vísir | FRÉTTABLAÐIÐ | 90,9 | 98,9 | vísir

Fiskbúðin Arnarbakki
Opið í dag frá 11-16
**Fiskbúðin Arnarbakki**

Barnaskemmtun og sumarblót sumardaginn fyrsta. Ásatrúarfélagið
**www.asatru.is**

Jeppakerrur
**Víkurvagnar**

Ofnlokar.
**Sindri.**

Lífið er dásamlegt.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Rýmingarsala á Loftaþiljum, Hurðum og Parketi verð frá kr. 600 m2.
**Parki, Dalvegi 18 Kópavogi.**

Njótið lífsins.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Endurvinnslan,
**Knarrarvogi er opin frá 10-18.**

Góðan daginn, góðan daginn.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

GP Alkaline rafhlöður á góðu verði.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Yfirhafnir frá 9900 krónur
**Herrafataverslun Birgis**

Fullt af nýjum vörum
**Herrafataverslun Birgis**

Verslanir Húsasmiðjunnar í Grafarvogi og Fiskislóð eru opnar til 18:00 í dag,
**en Húsasmiðjan Selfossi er opin frá 12 til 16.**

Mjólkurhristingur með kaffibragði, nammi nammi namm.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Sumargjöfina færðu í Húsasmiðjunni Selfossi. Við höfum opið frá 12 til 16 í dag.
Mikið úrval af leikföngum.
**Húsasmiðjan Selfossi.**

Stuttfrakkar frá 11900 krónum
**Herrafataverslun Birgis**

Stakar buxur frá 4900 krónum
**Herrafataverslun Birgis**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Cockteilsósa og franskar kartöflur.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Vegna árshátíðar starfsfólks Ræsis hf., verður þjónusta í lágmarki föstudaginn 22. apríl og lokað laugardaginn 23. apríl.
**Ræsir HF.**

Hleðslutæki.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

E-korthafar athugið! 20% afsláttur af stuttermabolum í Dorothy Perkins í apríl.
**ekort.is.**

Stakir Jakkar frá 14.900 krónum.
**Herrafataverslun Birgis**

Cockteilsósa, Cockteilsósa.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Jakkaföt frá 19.900 krónum
**Herrafataverslun Birgis**

Símarafhlöður.
**Rafhlöðubúðn Rafborg.**

Skyrtur frá 2900 krónum
**Herrafataverslun Birgis**

Cockteilsósa með frönskunum.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Verslanir Húsasmiðjunnar í Grafarvogi og Fiskislóð eru opnar til 18:00 í dag.
**Húsasmiðjan.**

E-korthafar athugið! 15% afsláttur af sundfatnaði í TopShop í apríl.
**ekort.is.**

Vant starfsfólk óskast. Hvað hentar þér. Steypusögun, kjarnaborun, múrbrot, hellulagnir, gröfuvinna, vörubílaakstur og ýmis verktakavinna. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 567 7570.

Vantar vana aðila í hellulagnir, góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. í síma 822 2661.

**Videóleiga**
Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa í kvöld og helgarvinnu. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 846 2484.

**Þakvinna**
**Verktakafyrirtæki óskar eftir aðstoðarmönnum sem fyrst. Góð laun í boði. Hörður. S. 892 5085.**

Óska eftir handlögnum vörubílstjóra og verkamönnum í hellulagnir. Uppl. í síma 869 1415 & 899 9189. Hellur & Gras ehf.

## Atvinna óskast

25 ára gamall maður með meirapróf óskar eftir framtíðarstarfi, helst við akstur. Uppl. í síma 847 5848.

25 ára gamall maður með meirapróf óskar eftir framtíðarstarfi, helst við akstur. Uppl. í síma 847 5848.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Hárstofan Gel Hverfisgötu 37 leitar eftir hármódelum fyrir myndatöku á aldrinum 22-28 ára. Þurfa að vera opin fyrir lit sem klippingu. Vertu perri og hringdu í s. 551 7733 milli 11-19 virka daga, Anna.

## Einkamál

NÝTT
á einkamál.is
18ára kvk, Norðurland
Hæ hæ ég er hress stelpa á Akureyri í leit að spjalli...
Um næstum hvað sem ...
einkamal.is




TIL LEIGU

# Húsnæði óskast til leigu.

ÍSTAK leitar að húsnæði á höfuðborgarsvæðinu og nágreni þess til leigu fyrir starfsmenn. Leigutími frá 4mán til árs. Húsnæðið þarf að vera snyrtilegt og helst með húsgögnum.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafi samband í síma 530 2700 á skrifstofutíma kl. 8:15 - 17, eða senda póst á istak@istak.is

ÍSTAK

ATVINNA

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

# Grunnskólakennari.

**Við Brúarásskóla er laus kennarastaða skólaárið 2005-2006.**

Brúarásskóli er samkennsluskóli fyrir nemendur í 1.-10.b., 23 km norðan við Egilsstaði. Í skólanum er vinna hafin við sérstaka stefnumótun í kennslu list- og verkgreina ásamt íþróttum og heilsurækt, sem miðar að því að auka veg þessara námsgreina til muna.

Afar gott og heimilislegt andrúmsloft er ríkjandi og vinnuaðstaða er jafnframt góð.
Kennslugreinar eru:

**Almenn kennsla á miðstigi.**
**Tungumál og samfélagsfræði.**
**Íþróttir.**

Við leitum að kraftmiklum og skapandi kennara sem hefur kjark og dug til að reyna nýja hluti. Í boði er nýtt og glæsilegt íbúðarhúsnæði á staðnum.

**Umsóknarfrestur er til 10. maí 2005.**

Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Sæmundsson skólastjóri í síma 4700793/4711047 eða í netfangi magnuss@egilsstadir.is

FASTEIGNIR

# Opið hús

## Daltún 23 - 200 Kópavogi

## Stórglæsilegt parhús í Fossvoginum

í dag á milli klukkan þrjú og fjögur



Glæsilegar innréttingar
Ný og vönduð gólfefni
Auka íbúð í kjallara
Friðsælt umhverfi
Útsýni yfir Fossvogsdalinn

Lárus og Guðmundur Andri taka á móti gestum í dag á milli 15:00 og 16:00 - sími: 8 200 215





HÓLL

**Verð: 47,7 millj.**

Hóll fasteignasala | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | Skúlagata 17 | 101 Reykjavík

## Varmalandsskóli í Borgarfirði

**Varmalandsskóli auglýsir eftir kennurum til að starfa við skólann.**

Okkur vantar kennara til þess að annast kennslu:

- **íþróttir og útivist í 1. – 10. bekk,**
- **íslenska, samfélagsfræði og stærðfræði á unglingastigi,**
- **sér- og stuðningskennsla,**
- **önnur almenn kennsla.**

Líttu inn á heimasíðu skólans www.varmaland.is. Þar finnur þú ýmsar góðar og gagnlegar upplýsingar um skólann og skólastarfið.

---

Upplýsingar gefur Flemming Jessen,
sími 4301502 / 4350170 / 8401520
netf. fjessen@varmaland.is

SKAUTAFÉLAG REYKJAVÍKUR
– LISTHLAUPADEILD

## Aðalfundur

Aðalfundur listhlaupadeildar Skautafélags Reykjavíkur verður haldinn í Skautahöllinni í Laugardal miðvikudaginn 27. apríl nk. kl. 20.00.

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf
Kosning stjórnar

**Stjórn LSR**

## Útboð

**Veiðifélag Laugardalsár gjörir kunnugt að Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi er laus til útleigu sumarið 2006.**

Þeim aðilum, sem kunna að hafa hug á að taka ána á leigu, er bent á að skila skriflega inn tilboðum sínum til Sigurjóns Samúelssonar, Hrafnabjörgum, 401 Ísafjörður (sími 456 4811) fyrir 10. maí n.k. Veiðifélagið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem berst fyrir tilskilinn tíma eða hafna þeim öllum.

**Fh. Veiðifélags Laugardalsár,
Sigurjón Samúelsson**

## Nýtt símanúmer

**hjá dreifingu:**




# 550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

TILKYNNINGAR



**Ert þú með fótaóeirð?**

## Klínísk lyfjarannsókn

Óskað er eftir sjálfboðaliðum á aldrinum 18-64 ára til þátttöku í klínískri rannsókn á rannsóknarlyfi sem verður prófað í fyrsta sinn við fótaóeirð. Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar, Persónuverndar og Lyfjastofnunar. Aðalrannsakandi er Þórður Sigmundsson læknir og meðrannsakendur hans eru læknarnir Albert Páll Sigurðsson og Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir.

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna öryggi og verkun rannsóknarlyfsins, SEP-226330, við fótaóeirð. Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum. Ekki er gert ráð fyrir að þátttakendur fái langvarandi bata af meðferð með rannsóknarlyfinu en niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í læknisfræðilegum rannsóknum og meðferð fótaóeirðar.

Um 120 einstaklingar með fótaóeirð munu taka þátt í rannsókninni sem verður framkvæmd á rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsókna ehf. – Encode, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík. Rannsóknin tekur yfir 6 vikna tímabil og gert er ráð fyrir 6 heimsóknum á rannsóknarsetur.

Þeir sem kynnu að hafa áhuga eru beðnir um að leita frekari upplýsinga um rannsóknina hjá Ragnheiði H. Friðriksdóttur hjúkrunarfræðingi rannsóknarinnar í síma 664 9930 eða hjá rannsakendum í síma 510 9900.

**Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Taki þeir þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.**

**Sími: 664-9904**

# Stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf.



## Forval verktaka

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE hf.) óskar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í lokuðu útboði vegna framkvæmda við norðurbyggingu flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Verkið felst í jarðvinnu og burðarvirki stækkunar til suðurs og endurgerð 2. hæðar. Ennfremur mun útboð ná til samstarfssamnings sem gerður verður við aðalverktaka vegna innri frágangs og ýmissa undirverktakasamninga.

**Helstu kennitölur eru:**

| | |
|---|---|
| Nýbygging, stækkun til suðurs: | 5.000 $m^2$ |
| Endurgerð 2. hæðar: | 6.000 $m^2$ |
| Útboðstími: | Afhending útboðsgagna í byrjun maí 2005 |
| Áætlað upphaf verks: | Byrjun júní 2005 |
| Verklok: | 1. júní 2006 |

Forvalsgögn verða afhent frá og með þriðjudeginum 19. apríl á skrifstofu Flugstöðvarinnar og hjá VSÓ Ráðgjöf, Borgartúni 20, 105 Reykjavík. Hægt er að óska eftir gögnum á rafrænu formi.

Umbeðnum upplýsingum í forvalsgögnum skal skilað á skrifstofu FLE hf. eigi síðar en miðvikudaginn 27. apríl 2005 fyrir kl. 16.00. Allt að 5 aðilum verður gefinn kostur á að taka þátt í lokuðu útboði.

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.

MÁTTURINN & DÝRÐIN 04/05

# *Nýr og heilsusamlegur lífsstíll*

# Opið hús í dag

## Sumardaginn fyrsta frá kl. 14 til 17 að Lækjarbrún 2, rétt við Heilsustofnun NLFÍ.

## Við kynnum nýjung á íslenskum fasteignamarkaði



Þjónustuhús ÍAV við Lækjarbrún í Hveragerði veita þér tækifæri til að njóta lífsins í faðmi einstakrar náttúru.

Við kaup á þjónustuíbúð ÍAV gerast kaupendur aðilar að samningi við HNLFÍ þar sem þeir fá aðgang að viðamikilli þjónustu Heilsustofnunar Náttúrulækninga-félags Íslands gegn greiðslu mánaðarlegs grunngjalds.

Húsin eru sérlega glæsileg, hönnuð af Hróbjarti Hróbjartssyni arkitekt hjá VA arkitektum. Þau eru staðsett rétt við Heilsustofnun NLFÍ.

### *Heilsustofnun NLFÍ*

Heilsustofnun rekur sögu sína til ársins 1955. Kjarninn í hugmyndafræði stofnunarinnar er að efla heilbrigði, auka vellíðan og styrkja einstaklinginn í að bera ábyrgð á eigin heilsu og velferð.

### *Blómstrandi bær til að njóta lífsins*

Rómuð náttúrufegurð, friðsæld og nálægð við hvers kyns þjónustu og heilsurækt eru nokkrir af helstu kostum Hveragerðis til að njóta lífsins. Fallegar gönguleiðir allt í kring, golfvöllur, hesthús og margvísleg afþreying á svæðinu og kyrrð smábæjarins – allt hjálpar til við að gera Hveragerði að sælureit og þjónustuhús ÍAV að ákjósanlegum stað til að búa á.

## Kaupendur þjónustuhúsanna fá aðgang að viðamikilli þjónustu Heilsustofnunar NLFÍ.




*Dæmi um 100 fm*
*3ja herbergja raðhús.*




*Dæmi um 86 fm*
*2ja herbergja raðhús.*




*Dæmi um 111 fm*
*3ja herbergja raðhús.*

**Allar upplýsingar og sölumenn á staðnum.**

ÍAV

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is

# Límónaði og lummur á Þjóðminjasafninu

Þjóðminjasafnið gefur Íslendingum sumargjöf í ár. Aðgangur verður ókeypis í allan dag og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá sem stíluð er sérstaklega á börn og fjölskyldufólk að sögn Gísla Sverris Árnasonar kynningarfulltrúa safnsins. Sett hefur verið upp sérstök sýning á gömlum leikföngum. Þá verður einnig boðið upp á gamla leiki og hlutavelta verður í safnbúð.

Fjölskylduleiðsögn verður tvisvar yfir daginn, klukkan eitt og þrjú. Rúsínan í pylsuendanum að sögn Gísla verða þjóðlegar veitingar í veitingastofunni þar sem boðið verður upp á límónaði og ekta lummur.

Búist er við töluverðum fjölda fólks í dag en þetta er í fyrsta sinn í mörg ár sem Þjóðminjasafnið er opið á sumardaginn fyrsta. Að öðru leyti segir Gísli að starfsemi safnsins gangi vel, en safnið var opnað eftir margra ára viðgerðir 1. september í fyrra. Hann horfir bjartsýnn til sumarsins, enda hefur aðsókn verið mjög góð það sem af er ári og búist er við fjölda erlendra ferðamanna í safnið í sumar.

Þjóðminjasafnið verður opið frá klukkan 11 til 17 í dag. ■



**BÖRN AÐ LEIK** Þrír drengir spila krikket á fyrri hluta 20 aldar.

# Jörvagleði um helgina

Fimmtánda Jörvagleði Dalamanna hófst í gær og stendur fram á sunnudag. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá alla daga en í kvöld verður setning Jörvagleðinnar í Dalabúð. Þar syngur Karlakór Reykjavíkur ásamt eldri félögum og einsöngvurunum Gunnari Guðbjörnssyni og Hönnu Dóru Sturludóttur.



**KARLAKÓR REYKJAVÍKUR** Eldri félagar kórsins æfa fyrir setningu Jörvagleðinnar

Meðal annarra dagskrárliða á Jörvagleði næstu daga er opið fjór á Leiðólfsstöðum og hagyrðingakvöld í Árbliki á föstudagskvöld. Síðan mun hin vinsæla hljómsveit Sálin hans Jóns míns leika á balli á laugardagskvöld. Þetta er í fyrsta sinn sem Sálin treður upp í Búðardal, sem er heimabær bassaleikara hljómsveitarinnar, Friðriks Sturlusonar. ■

# Sumri fagnað í Grafarholti

Sóknarnefndin í Grafarholti stendur fyrir hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta annað árið í röð. Skrúðganga leggur af stað frá Ingunnarskóla klukkan 13.30. Lúðrasveit Reykjavíkur leikur í göngunni og öll börn fá íslenskan fána að gjöf. Gengið verður í Þórðarsveig 3 og haldin helgistund sem sóknarpresturinn, séra Sigríður Guðmarsdóttir sér um.

Áherslan verður á börnin, með vænni blöndu af vorsöngvum og sálmum, við undirleik Gunnars Gunnarssonar, og boðið verður upp á kaffi og veitingar að helgistund lokinni. -bs




**NÍAN** Á þessari myndasögumessu koma saman um sjötíu íslenskir, skandínavískir og norður-amerískir myndasöguhöfundar og myndlistarmenn.

# Myndasögumessa og Markmið XI

Listasafn Reykjavíkur fagnar sumardeginum fyrsta með ókeypis aðgangi á fimm ólíkar sýningar í Ásmundarsafni, Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum. Í Hafnarhúsi verður haldin myndasögumessan Nían þar sem sjötíu myndasöguhöfundar og myndlistarmenn frá ýmsum löndum koma saman. Einnig sýningin Myndheimur, einkasýning Brynhildar Þorgeirsdóttur.

Á Kjarvalsstöðum er yfirlitssýning Harðar Ágústssonar, þar sem varpað er ljósi á framlag Harðar á sviði myndlistar, hönnunar og bygginglistar. Á Kjarvalsstöðum er einnig sýningin Markmið XI sem er samvinnuverkefni Helga Hjaltalín Eyjólfssonar og Péturs Arnar Friðrikssonar sem þróa hugmyndir sínar áfram á sjálfri sýningunni.

Í Ásmundarsafni er boðið upp á sýninguna Ásmundur Sveinsson – Maður og efni, sem er sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns.

Allar nánari upplýsingar um sýningarnar er að finna á heimsíðu Listasafns Reykjavíkur www.listasafnreykjavikur.is ■





# LIFIR FYRIR TÓNLISTINA

BÚI BENDTSEN Hann fílar ekki að hlutir séu gerðir með hálfum hug og á erfitt með að slaka á þegar hann tekur sér eitthvað fyrir hendur.

**Búi Bendtsen tónlistar- og útvarpsmaður hefur farið mikinn með félaga sínum Andra Frey Viðarssyni í útvarpsþættinum Capone á Xfm. *Magnús Halldórsson* reyndi að komast að því hver maðurinn á bak við röddina er.**

Það má þakka Krumma söngvara í Mínus fyrir það að Búi Bendtsen frelsaðist og fékk rokkbakteríuna. „Pabbi minn og mamma eru vinafólk Björgvins Halldórssonar og konunnar hans. Þegar við vorum svona 10 ára kynnti Krummi mig fyrir tónlistarmönnum eins og Jimi Hendrix, Led Zeppelin o.fl. Eftir það var ekki aftur snúið.“ Búi fæddist í Vesturbænum árið 1979 og var fram að tvítugsaldri fótboltastrákur með KR, en tónlistin var aldrei langt undan. „Ég man eftir fjölmörgum sumarbústaðarferðum sem strákur, þar var ekki hlustað á neitt annað en írsk þjóðlög þar sem pabbi réð tónlistarvalinu. Þar byrjaði ég fyrst að pæla fyrir alvöru í tónlist og gera hana að hugsjón, enda hef ég ekkert nema gott að segja um írska fyllibyttutónlist.“

## Kynntist Freysa í Fídel

Nú er Búi hluti af kynslóðinni þar sem hljómsveitin Nirvana tröllreið öllu, hann vill nú samt ekki meina að hann hafi dottið mikið inn í þennan svokallaða Nirvana-pakka. Hann var mikið meira fyrir hljómsveitir á borð við Soundgarden og Screaming Trees en hefur hinsvegar ekkert á móti Nirvana. Búi byrjaði að fikta á gítar 16-17 ára og spilaði í hljómsveit með þremur öðrum strákum sem nenntu ekkert að standa í þessu hljómsveitastússi. „Ég fíla ekki að hlutir séu gerðir með hálfum hug, það er annað hvort allt eða ekkert,“ segir Búi. Einn daginn var hann staddur á æfingu með þessum strákum og hann heyrir í annarri hljómsveit, sem staðsett var í æfingahúsnæðinu við hliðina á þeim. Búi sér að þarna eru þrír strákar að æfa sig, bassaleikari, trommari og gítarleikari. „Gítarleikarinn var ekkert sérstakur svo eftir æfinguna gerðist ég brattur og spurði þá hvort þeir væru ekki til í að stofna alvöruband, þeir tóku vel í það af því gítarleikarinn þeirra var á leiðinni til útlanda. Í framhaldinu rak ég strákana sem voru með mér í hljómsveit og saman stofnuðum við hinir hljómsveitina Fídel. „ Í hljómsveitinni Fídel kynntist hann svo Andra Frey Viðarssyni eða „Freysa“, en þeir áttu eftir að vinna meira saman seinna eins og flestir vita. Þegar Andri byrjaði í Fídel fóru hjólin að snúast fyrir alvöru. Þeir gáfu út diskinn Good Riddance – New Entrance, þeir fóru út til Sviss, Frakklands og Þýskalands til að spila og allt gekk eins og í sögu. En þegar Fídel var farinn að ná sínu hámarki á Íslandi skildu leiðir og hljómsveitin lagði upp laupana í kringum árin 2002-2003. Eftir Fídel byrjaði Búi svo í hljómsveitinni Manhattan, hljómsveit sem hafði spilað með Fídel á nokkrum tónleikum. Í Manhattan söng hann og spilaði á gítar og segir þá með færari tónlistarmönnum sem hann hefur leikið með. Hann var búinn að vera í Manhattan í tæp tvö ár þegar Jómbi trommuleikari í Brain Police hringdi í hann og bauð honum að ganga til liðs við hljómsveitina, þar sem gítarleikarinn þeirra ákvað að hætta. „Ég hugsaði mig um í svona hálftíma og tók boðinu enda ein stærsta rokkhljómsveit á landinu og mikill heiður að fá að spila með þeim, en ég viðurkenni það að ég var virkilega stressaður á fyrstu æfingunni og vissi ekkert hvernig þetta myndi ganga. En svo small allt bara vel saman og ég er kominn vel inn í gömlu lögin þeirra og við strax búnir að semja nýtt lag og spila saman á tónleikum. Það má segja að Brain Police sé mitt aðalbatterí þessa dagana. Ég vil ekki meina að Manhattan sé hætt enda vorum við að verða nokkuð þéttir en svo buðu strákarnir mér í Brain Police að koma og Manhattan sat á hakanum fyrir vikið.“

## Gunni Gír búinn til í Frakklandi

Búi er eins og fram hefur komið annar af tvíeykinu í Capone, morgunþætti útvarpsstöðvarinnar Xfm. Blaðamaður var forvitinn að vita hvernig það atvikaðist að hann byrjaði í útvarpi. Búi segir að það sé ansi skemmtileg saga að segja frá. „Ég og Andri vorum staddir með hljómsveitinni Fídel á hraðbraut í Frakklandi og við vorum búnir að fá okkur einn eða tvo bjóra, og ég tek upp á því að leika einhvern útvarpsmann frá FM 957, byrja að tala mjög hátt og hratt og lýsi umferðinni og öllu því sem var að gerast í kringum mig. Við enduðum allir í einhverju rosalegu hláturskasti. Svo byrjaði Andri með útvarpsþáttinn Freysa á X-inu og vantaði fastan lið í þáttinn, þá vaknaði sú hugmynd hjá Andra að byrja með karakterinn Gunna Gír sem sprottinn er upp úr Frakklandsförinni. Ég neitaði honum svona fimm sinnum áður en ég sló til og kom í þáttinn. Svo varð þetta bara svo vinsælt að ég byrjaði að fara reglulega til hans upp í stúdíó og við sprelluðum eitthvað þar. Mér var síðan boðin vinna á X-inu á helgarvöktum, en svo var stöðinni lokað og mér og Andra var boðið að koma upp á Xfm þar sem við erum núna og stjórnum þættinum Capone.“ Á einu ári hafa hlutirnir heldur betur breyst hratt hjá Búa Bendtsen. Hann er að vinna við það sem honum finnst skemmtilegt, hann er í stórri og góðri rokkhljómsveit, eignaðist barn á árinu og á konu sem heitir Brynja sem stendur við bakið á honum í gegnum súrt og sætt svo hann hefur ekki yfir neinu að kvarta. ■

### TOPP TÍU LÖG

**sem hafa haft mest áhrif á Búa frá upphafi**

| | |
|---|---|
| Rolling Stones | *Sympathy for the Devil* |
| AC/DC | *Dirty Deeds Done Dirt cheap* |
| Led Zeppelin | *Communication Breakdown* |
| Guns 'n' Roses | *Paradise City* |
| Queens of the Stone Age | *Regular John* |
| Tool | *Laterelaus* |
| America | *Horse with No *Name* |
| Neil Young | *Heart of Gold* |
| Engine Down | *Worth* |
| Black Sabbath | *Sweet Leaf* |




HREYSTI, HAMINGJA, HUGARRÓ

með Guðjóni Bergmann ... og líf þitt tekur nýja stefnu.

**Helgarnámskeið 30.apríl og 1.maí á Grand hótel**

- Markviss stefnumörkun í samræmi við ríkjandi gildi hvers og eins.
- Fyrirgefningin kynnt sem heimsins fremsti heilari.
- Þekktu sjálfan þig. Kennd einföld hugleiðsluaðferð.
- Líf í jafnvægi og helstu hætturnar á hinni andlegu braut.
- Bækurnar Hreysti, hamingja, hugarró eftir G.B. og samnefnd ný vinnubók fylgja með námskeiðinu.

**Skráning, dagskrá og verð á www.gbergmann.is eða í síma 517-3330.**

Guðjón Bergmann hefur á síðustu fjórum árum selt rúmlega 10.000 eintök af bókum sínum, slökunardiski og DVD myndbandi. Hann hefur haldið námskeið og fyrirlestra fyrir mörg hundruð Íslendinga á hverju ári síðan 1998 við góðan orðstír. Helgarnámskeiðið Hreysti, hamingja, hugarró er samantekt af öllu því besta sem hann hefur kennt hingað til.



**Raunveruleiki þinn byggist á eigin hugsunum!**

Helgarnámskeið 30.apríl og 1.maí á Grand hótel. Skráning og dagskrá á www.gbergmann.is

birta SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »




HURLEY OG NAYER Á GÓÐRI STUNDU Nayer er nú kominn í hart við fyrrverandi eiginkonu sína til þess að þrýsta á skilnaðinn þannig að hann og Hurley geti loksins gengið í hjónaband

# Kærasti Hurley í hart

Milljarðamæringurinn Arun Nayer sem er kannski þekktastur fyrir að vera verðandi eiginmaður Liz Hurley ætlar ekki að fara neinum silkihönskum um eiginkonu sína, ítölsku þokkagyðjuna Valentinu Pedroni. Nayer hefur skilað inn tuttugu og tveggja síðna harðorðum skilnaðarskjölum til lögfræðiskrifstofu sinnar í Mumbai á Indlandi. Þar sakar hann Pedroni um að hafa eyðilagt sjálfstraustið sitt með stöðugu nöldri og hafa beðið hann um „óeðlilega“ háar fjárhæðir til þess að eyða. Enn fremur kemur fram í skjölunum að Nayer hafi kviðið fyrir því að koma heim til sínöldrandi eiginkonu sinnar.

Arun reyndi fyrir tveimur árum að bjóða henni 620 þúsund pund, sem samsvara um 71 milljón íslenskra króna, svo að skilnaðurinn yrði snöggafgreiddur en Pedroni neitaði. Nú virðist Arun vera kominn í hart enda sakar hann Pedronu um að draga lappirnar í þessu máli. Hann segist reikna með því að skilnaðurinn verði kominn í gegn fyrir fimmta maí.

Flest bendir því til að Hurley og Arun muni loksins ganga í hjónaband en þau hafa verið saman í rúm þrjú ár. Hin fertuga Hurley, sem á dögunum sýndi nýju bíkini-línuna sína fyrir framan Harrods, á víst þegar að vera farin að undirbúa stórt indverskt brúðkaup sem fara á fram strax eftir skilnaðinn. ■

# Fékk ráð frá Pitt

Leikarinn Orlando Bloom fékk ráðleggingar frá kollega sínum Brad Pitt eftir að hann hætti með kærustu sinni Kate Bosworth. „Brad hjálpaði mér í gegnum erfitt tímabil sem ég átti eftir að ég hætti með Kate,“ sagði Bloom.

Bloom og Bosworth hættu saman í janúar eftir tveggja ára samband en nýverið lýstu þau því yfir að þau ætluðu að taka sér árs frí hvort frá öðru til að ná áttum og þroskast. Pitt skildi við eiginkonu sína til fjögurra ára, Jennifer Aniston, fyrr skömmu síðan. ■



ORLANDO BLOOM Hjartaknúsarinn fékk ráð frá öðrum slíkum eftir að hann hætti með Kate Bosworth.

# Ótrúlegt verð

**Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**




verð nú
**95.994kr**

**Marvin** leðursófasett 3+1+1

# Nuddstólar í úrvali

**Nýtt Hagkaupum**




Vaxtalaust 10 mán. tilboð
**4.999**kr á mánuði *
fullt verð 49.990kr

**Nuddstóll** TS-838BR
- Innbyggt útvarp
- 8 stillanleg nudd svæði
- Nudd í fótskemli
- Stillanlegt bak og sæti




Vaxtalaust 10 mán. tilboð
**9.999**kr á mánuði *
fullt verð 99.990kr

**Nuddstóll** TS-836G
- Rafknúinn stilling á baki og sæti
- 4 mótorar sem nudda
- Hægt er að stilla styrkleikann á 8 mismunandi vegu
- Nudd í baki sem gengur upp og niður bakið.




Vaxtalaust 10 mán. tilboð
**4.999**kr á mánuði *
fullt verð 49.990kr

**Nuddstóll** TS-818A
- Stillanlegt bak og sæti
- 8 nudd svæði í baki, sæti og skemmli
- Snúningur og rugga

Gildir til 25. apríl eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**ÓSKAR JÓNASSON** Fyrsta verk hans á stóru sviði verður frumsýnt í dag. Óskar segist alveg geta hugsað sér að leikstýra aftur í leikhúsi. „Það eru engin plön í gangi en þetta er eitthvað sem ég er til í að prófa aftur," segir hann.

# Gagnrýnendur ættu að óttast mig

Leikritið Kalli á þakinu verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í dag. Óskar Jónasson, sem er hvað þekktastur fyrir leikstjórn í bíómyndum og sjónvarpi, reynir fyrir sér í fyrsta sinn á stóru sviði. Í samtali við *Kristján Hjálmarsson* segir Óskar margt ólíkt með leikhúsi og kvikmyndum en hlakkar til frumsýningarinnar.

Kalli á þakinu er eitt vinsælasta ævintýri Astridar Lindgren. Samt hefur verkið ekki náð mikilli hylli hér á landi, að minnsta kosti ekki ef miðað er við önnur ævintýri eftir Lindgren, svo sem Línu langsokk og Emil í Kattholti.

Kalli er lágvaxinn og þéttholda piltur með rauðan hárlubba. Hann er kannski ekki svo ólíkur öðru rauðhærðu fólki ef frá er talinn þyrluspaðinn sem hann ber á milli herðablaðanna.

„Fólk áttar sig kannski ekki alveg á því hvort mekanisminn liggi innan eða utan á Kalla en þyrluspaðinn virkar allavega vel sem samgöngutæki," segir Óskar Jónasson sem síðustu vikur hefur setið sveittur við og leikstýrt föngulegum hópi leikara sem túlka ævintýrið um Kalla á Stóra sviði Borgarleikhússins.

Leikritið fjallar um Bróa, tíu ára strák sem langar afskaplega mikið í hund. Foreldrar hans leggjast hins vegar gegn því þar sem þau búa á fjórðu hæð í blokk og óttast að Brói muni ekki nenna að fara út að labba með hundinn. Dag einn flýgur undarlegur piltur inn um gluggann hjá Bróa. Hann segist heita Kalli og búa uppi á þaki. Kalli er óttalegur klaufi og gerir hina ýmsu skandala sem verða til þess að hann forðast þá fullorðnu og hleypur í felur þegar þeir koma. Fyrir vikið halda foreldrar Bróa að drengurinn þeirra sé að bulla, að hann hafi bara búið Kalla til þar sem hann fær ekki að eiga hund.

## Stelpubækur

Óskar las nokkrar bækur Astridar Lindgren þegar hann var lítill en fannst mismikið til þeirra koma. „Mér þótti sögurnar sem hún skrifaði eins og um Línu vera stelpubækur. Þannig var ég innréttaður en nú er ég búinn að sjá Línu-sýninguna í Borgarleikhúsinu tvisvar og þótti mjög gaman. Ég var líka mjög hrifinn af Emil í Kattholti og las meðal annars um Börnin í Ólátagarði."

Óskar segir skemmtilega stemmningu einkenna bækur sænska höfundarins. „Söguþráðurinn er oftast einfaldur en þær innihalda mikið persónugallerí og stemmningin og huggulegheitin höfða til mín," segir leikstjórinn sem finnst þó merkilegast úr hvernig umhverfi höfundur bókanna sprettur. „Bækurnar eru skrifaðar á eftirstríðsárunum í Svíþjóð þegar þar ríkti velmegun og fyrirmyndarþjóðfélag. Samt var hún frægust fyrir að skrifa bækur um börn sem voru óalandi og óferjandi. Fyrirmyndarbörnin í Svíþjóð fengu því vondar fyrirmyndir í Kalla og Línu. Það skýtur kannski skökku við en það sýnir um leið að mannlífið þarf að vera fjölbreytt og litríkt."

## Huggulegheit úti í sal

Kalli á þakinu er fyrsta stóra verkið sem Óskar setur upp á leiksviði. Hann hefur áður leikstýrt tveimur verkum hjá Herranótt, leikfélagi Menntaskólans í Reykjavík, og einu sinni hjá Stúdentaleikhúsinu. „Svo gerði ég leikmyndir í nokkrum verkum, til dæmis í Evu Lúnu og Þrúgum reiðinnar, en annars hellti ég mér bara beint út í kvikmyndir og sjónvarp," segir Óskar sem viðurkennir fúslega að það sé allt annað að leikstýra á sviði en á hvíta tjaldinu. „Það er svolítið mikið öðruvísi. Nú sit ég alla daga úti í sal í huggulegheitum og þarf ekki að færa mig spönn frá rassi. Ég læt leikarana um að hreyfa sig og leikmyndahönnuðurnir sjá um að byggja settið. Það rignir ekki á mig og væsir ekki um mig," segir Óskar heldur háðskur í tón. „En þetta er allt öðruvísi í uppbyggingu. Í leikhúsinu miðast allt við lokapunktinn sem er frumsýningin og það krefst mikillar samvinnu við allt fólkið sem kemur að sýningunni. Það eru hins vegar engar flugeldasýningar þegar maður klárar tökur fyrir bíó því þá er öll eftirvinnslan eftir."

> „Sýningin tekur líka breytingum, því að Sveppi er alltaf eitthvað að bulla. Þegar honum dettur eitthvað í hug hefur hann engan hemil á sér og það fer út í loftið. Það er furðulegt hvernig hugur hans virkar."

Óskar segist kunna vel við sig í leikhúsinu. „Það er mjög gaman og lifandi að leikstýra í leikhúsi sem ég get leikið mér með þennan miðil. Það höfðar allavega sterkt til mín núna enda á ég tvær ungar dætur sem munu áreiðanlega sjá sýninguna."

## Skari reddar málunum

Í Kalla á þakinu er sem gefur að skilja nokkuð um brellur enda flýgur Kalli endana á milli á sviðinu. „Það er mikið um brellur en þær eru í einfaldari kantinum, kannski í svona Astridar Lindgren-stíl. Brellurnar eru heimatilbúnar og augljósar en þær eiga að mínu mati vel heima í barnaleikriti," útskýrir Óskar sem hefur þurft að beita töframannshæfileikum í anda Skara skrípó til að leysa sum vandamál. „Það er ábyggilega eitthvað sem á eftir að koma fólki spænskt fyrir sjónir eða eigum við að segja sænskt fyrir sjónir," segir hann.

Óskar er sem fyrr segir að leikstýra í fyrsta sinn á stóru sviði og fær það vandasama hlutverk að leiðbeina sjónvarpsstjörnunni Sveppa og Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur á sviði. Þau hafa tekið þátt í hinum ýmsu sýningum en sennilega engri jafn stórri og Kalla á þakinu. „Sveppi og Ragnhildur eru bæði mjög klár og vön því að fást við svona vinnu. Þau skilja út á hvað hún gengur, eru fljót að tileinka sér hlutina og það er auðvelt að vinna með þeim," segir Óskar sem leikstýrir einnig sjálfum Ladda og hinum ellefu ára gamla Sigurbirni Ara Sigurbjörnssyni, sem leikur Bróa. „Hann er ótrúleg hetja. Það hefur verið mikið álag á honum en hann kvartar aldrei eða kveinar. Hann hefur staðið sig rosalega vel."

## Óttast ekki gagnrýnendur

Óskar segist hlakka til frumsýningarinnar sem verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö í dag. „Við erum búin að sýna fyrir þröngum hópi áhorfenda og sýningin mældist mjög vel fyrir. Sjálfur er ég búinn að horfa á hana mörg hundruð sinnum og skemmti mér alltaf jafn vel. Sýningin tekur líka breytingum því að Sveppi er alltaf að bulla eitthvað. Þegar honum dettur eitthvað í hug hefur hann engan hemil á sér og það fer út í loftið. Það er furðulegt hvernig hugur hans virkar," segir Óskar og hlær við þegar hann er spurður hvort hann óttist ekki gagnrýnendur. „Það eru þeir sem ættu að hræðast mig. Ég er töframaðurinn!" ■




# Fáðu þér bíl á betri vöxtum hjá S24 í gegnum ShopUSA

## Bíll á hagstæðu verði í gegnum ShopUSA

- Dollarinn er í sögulegu lágmarki
- Verð á bílum í Bandaríkjunum með því lægsta sem þekkist
- Einfalt, þægilegt og fljótlegt að versla í gegnum ShopUSA
- Starfsfólk ShopUSA er tilbúið að aðstoða þig við að finna og kaupa bílinn sem þig langar í
- ShopUSA sér um að flytja bílinn til landsins og tollafgreiðir fyrir þig

SHOPUSA.IS

Kynntu þér málið…

**www.shopusa.is**

## Í góðum gír á betri vöxtum með S24 netbílalán

- Allt að 90% lán á nýjum bílum
- Lán til allt að 7 ára
- Hægt að fá kostnað lánaðan
- Hægt að greiða inná lánið hvenær sem er
- Engin lágmarksupphæð
- Léttari greiðslubyrði
- Óverðtryggðir og breytilegir vextir

*Vertu viss um að þú sért að hagnast á þínum bankaviðskiptum…*

S24 …og þú hagnast

Sæktu um lán…

**www.s24.is** Sími 533 2424 – Kringlan

M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar

# Eurovison í hálfa öld

Í ár er hálf öld liðin síðan ákveðið var að halda fyrstu Eurovision-söngvakeppnina. Opinbert markmið var að hvetja lagahöfunda til að semja ný popplög sem gætu öðlast almennar vinsældir. *Freyr Bjarnason* renndi yfir sögu keppninnar.

Í ár er hálf öld liðin síðan ákveðið var að halda fyrstu Eurovision-söngvakeppnina. Það var Frakkinn Marcel Bezencon sem var upphafsmaðurinn að keppninni, sem var byggð á hinni vinsælu San Remo tónlistarhátíð á Ítalíu. Bezencon vildi halda þessa nýju keppni til að sameina betur þjóðir Evrópu eftir atburði síðari heimsstyrjaldarinnar. Opinbert markmið keppninnar var að hvetja lagahöfunda til að semja ný popplög sem gætu öðlast almennar vinsældir.

Í fyrstu keppninni, sem var haldin í Lugano í Sviss árið 1956, tóku sjö þjóðir þátt. Fengu þær að senda inn tvö lög sem syngja mátti á hvaða tungumáli sem er. Fyrsti sigurvegarinn í Eurovision var heimakonan Lys Assia með lagið Refrain.

Á næstu árum jókst smám saman áhuginn á keppninni og með sífellt fleiri þátttökuríkjum þurfti stöðugt að breyta reglunum. Fljótlega mátti til að mynda hver þjóð aðeins senda eitt lag í keppnina. Nú er svo komið að vegna fjölda þátttakanda þarf að halda undankeppni til að vinsa út hluta laganna þannig að á endanum verði 24 eftir í pottinum. Var þessi háttur hafður á í fyrsta skipti á síðasta ári og tókst alveg hreint ágætlega.

Það sem aldrei hefur þó breyst í áranna rás er það að keppnin er aðeins haldin á milli þeirra þjóða sem eru meðlimir í sambandi evrópska sjónvarpsstöðva, EBU, og skýrir það þátttöku landa utan Evrópu á borð við Ísrael.

Írar eru langsigursælasta þjóðin í Eurovison. Þeir hafa unnið fimmtán sinnum en á eftir þeim koma Lúxemborg og Frakkland með fimm sigra hvor. Ísland hefur aldrei unnið keppnina en komst næst því árið 1999 þegar Selma Björnsdóttir náði öðru sæti með lagið All Out of Luck. Sænska söngkonan Charlotte Nilsson marði þá sigur með lagið Take Me to Your Heaven. Síðasti sigurvegari Eurovison var Ruslana frá Úkraínu með lagið Wild Dances. Var þetta aðeins í annað sinn sem Úkraína tók þátt í keppninni, sem er svo sannarlega góður árangur.

Engar reglur gilda yfir það frá hvaða landi lagaflytjandinn er. Hin gríska Nana Mouskouri söng fyrir hönd Lúxemborgar árið 1963 og endaði í sjöunda sæti og árið 1988 steig áður óþekkt söngkona frá Kanada, Celine Dion, á svið fyrir Sviss. Söng hún lagið Ne partez pas sans moi og hreppti efsta sætið fyrir frammistöðu sína. Árið 1997 söng hin bandaríska Katrina Leskanich með bresku hljómsveitinni The Waves og bar einnig sigur úr býtum með laginu Love Shine a Light.

Aðrar reglur eru þó heldur strangari. Hvert lag í keppninni má aðeins vera þriggja mínútna langt og enginn þátttakandi má stíga upp á sviðið nema hann sé orðinn 16 ára þegar úrslitakvöldið fer fram. Hin belgíska Sandra Kim hefði því ekki getað tekið þátt í ár, en árið 1986 vann hún keppnina aðeins 15 ára gömul með laginu J'amie la vie. Það ár tók Ísland einmitt þátt í Eurovision í fyrsta sinn með laginu Gleðibankinn eftir Magnús Eiríksson. Lagið endaði í 16. sæti þrátt fyrir miklar væntingar þjóðarinnar um að sigur væri hugsanlega í vændum í fyrstu tilraun.

Keppnin í ár verður haldin í Kíev í Úkraínu og fer hún fram dagana 19. til 21. maí. Framlag Íslands til keppninnar er eins og kunnugt er If I Had Your Love í flutningi Selmu Björnsdóttur. Hver veit nema hún bæti fyrri árangur sinn í ár en öllu skiptir þó að flutningurinn takist vel og allt gangi að óskum.

freyr@frettabladid.is



SELMA Selma Björnsdóttir tekur þátt í Eurovision í annað sinn.



**RUSLANA** Ruslana frá Úkraínu kom, sá og sigraði í síðustu Eurovision-keppni.



**OLSEN-BRÆÐUR** Jorgen og Niels Olsen slógu í gegn í Eurovision fyrir fimm árum með laginu On the Wings of Love.

### FIMM SÍÐUSTU SIGURLÖG:

**2000:** On the Wings of Love Olsen-bræður frá Danmörku
**2001:** Everybody - Tanel Padar, Dave Benton og 2XL frá Eistlandi
**2002:** I Wanna - Marija Naumova frá Lettlandi
**2003:** Every Way That I Can - Certab Erener frá Tyrklandi
**2004:** Wild Dance - Ruslana frá Rússlandi

## Þrjár nýjar þjóðir taka þátt í ár

Þrjár þjóðir eru að taka í fyrsta sinn þátt í Eurovision: Búlgaría, Líbanon og Moldóva. Að auki er Ungverjaland að taka þátt í fyrsta sinn í sjö ár.

26 þjóðir af þeim 40 sem eru skráðar til leiks þurfa að taka þátt í undankeppninni og er Ísland þar á meðal. Einnig stíga þar meðal annars á stokk Noregur, Danmörk, Finnland og Írland. Á meðal þeirra fjórtán þjóða sem fara beint í úrslitin eru Svíþjóð, Bretland, Þýskaland, Frakkland, Grikkland og Úkraína.

## Einn frægasti sigurvegarinn

Sænska hljómsveitin Abba tók tvisvar sinnum þátt í Eurovision og er vafalítið ein frægasta hljómsveitin sem hefur tekið þátt í keppninni.

Abba, sem gekk fyrst undir nafninu Björn og Benny, Agnetha og Anni-Frid, tók fyrst þátt í keppninni árið 1973 með laginu Ring Ring.

Lagið endaði í þriðja sæti og náði töluverðum vinsældum. Sigurvegari það árið var Vicky Leandros frá Lúxemborg með lagið Aprés Toi.

Hin fjögur fræknu voru ekki af baki dottin og árið eftir tóku þau aftur þátt í Eurovision með lagið Waterloo í farteskinu. Höfðu þau þá breytt nafninu í ABBA, sem eru upphafsstafir nafnanna þeirra. Sigurinn var þeirra og þrátt fyrir að ná ekki heimsfrægð til að byrja með kom hún 18 mánuðum síðar er þriðja plata sveitarinnar, SOS, kom út.



**ABBA** Hljómsveitin ABBA sló í gegn í Eurovision árið 1974 með laginu Waterloo.




# VERÐHRUN Á AMERÍSKUM SÓFUM

FABRIKAN

## STÓRLÆKKAÐ VERÐ
## EN ÞÆGINDIN ÁFRAM HIN SÖMU

TEKK
COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

# Brjálaður tuddi

Hnefaleikamyndin Raging Bull er ein allra besta mynd leikstjórans Martins Scorsese en í henni fer Robert De Niro hamförum í hlutverki millivigtarboxarans Jakes LaMotta. Myndin kom út á DVD á dögunum.

Scorsese byggir myndina á sjálfsævisögu hnefaleikarans sem var svo ofsafenginn og ofbeldishneigður að hann var nánast ósigrandi í hnefaleikahringnum. Hann lét sér þó ekki nægja að lumbra á andstæðingum sínum og í einkalífinu fengu eiginkona hans og bróðir að kenna á hnefum hans.

Raging Bull kom fyrst út árið 1980 og með henni gerði Scorsese heiðarlega tilraun til þess að landa Óskarsverðlaunum fyrir leikstjórn en eins og allir vita hefur honum ekki enn hlotnast þessi eftirsóttu verðlaun þrátt fyrir að hann eigi að baki ófá meistarastykkin.



**ROBERT DE NIRO** Hafði erindi sem erfiði en hann fitaði sig hressilega fyrir hlutverkið og fékk styttu fyrir bestan leik í aðalhlutverki.

# Hómer í banastuði

**[ DVD ]**

**UMFJÖLLUN**

Sjónvarpsþættirnir um Simpson fjölskylduna eru merkilegt fyrirbæri í menningarsögunni en þessar 25 mínútna drepfyndnu þjóðfélagsádeilur um gulskinnuðu vísitölufjölskylduna hans Hómers eru enn jafn ferskar og fyndnar nú og þær voru þegar þættirnir hófu göngu sína árið 1989.

Þetta úthald er með ólíkindum en það er meira en að segja það að halda sjónvarpsþáttum lifandi í 16 ár án þess að sýna þreytumerki. Fimmti árgangurinn af ævintýrum Simpson fjölskyldunnar er kominn út á DVD og á, eins og allir árgangarnir, heima í hillum allra menningarheimila rétt eins og höfundarverk Þórbergs og Laxness.

Það eru 22 þættir á þessu fjögurra diska safni og þar á meðal eru klassíkerar eins og þátturinn um rakarakvartett Hómers, Cape Feare sem stælir tryllinn Cape Fear snilldarlega þegar Sideshow Bob (í snilldartúlkun Kelsey Grammers) reynir að koma Bart fyrir kattarnef. Þá fáum við líka að fylgjast með Hómer setjast á skólabekk og hrista upp í lífi nördanna á heimavistinni auk þess sem Lisa fer í femíníska herferð gegn barbiedúkkunni Malibu Stacey.

Þessi kassi er því vægast sagt eigulegur fyrir aðdáendur þáttanna sem geta horft á þættina aftur og aftur og aftur og endalaust fundið eitthvað nýtt til að hlæja að.

**Þórarinn Þórarinsson**




**THE SIMPSONS**

SEASON 5

**LEIKRADDIR:** DAN CASTELLANETA, JULIE KAVNER, NANCY CARTWRIGHT, YEARDLEY SMITH, HANK AZARIA

**NIÐURSTAÐA:** Fimmti árgangurinn af ævintýrum Simpson fjölskyldunnar er komin út á DVD og á, eins og allir árgangarnir, heima í hillum allra menningarheimila rétt eins og höfundarverk Þórbergs og Laxness.

## NÝTT Á DVD



**Finding Neverland** Johnny Depp fer á kostum í hlutverki Sir James Matthew Barrie sem er þekktastur fyrir söguna af eilífðarunglingnum Pétri Pan. Myndin fjallar um hugmyndina að baki Pétri og er ævintýri líkust. Depp er dyggilega studdur af Kate Winslet í þessari fallegu mynd sem rakaði saman Óskarsverðlaunatilnefningum meðal annars fyrir bestu myndina og leik Depps í aðalhlutverkinu.

**Dirty Rotten Scoundrels** - Steve Martin og Michael Caine leiða saman hesta sína í gamanmynd um tvo svikahrappa sem takast á um fé ríka fólksins á frönsku Rivierunni. Caine hefur sjaldan verið betri og Martin var enn á hátindi ferils síns þegar myndin sló í gegn.




**The Terminator** Þessi magnaði vísindatryllir er fyrir löngu orðinn sígildur enda var leikstjórinn James Cameron í toppformi þegar hann sagði þessa ruddalegu sögu af vélmenni sem ferðast úr framtíðinni til okkar tíma til þess að drepa móður byltingarleiðtoga áður en hann fæðist. Arnold Schwarzenegger fer hamförum í hlutverki vélmennisins sem gerði hann að stórstjörnu.

**Mr. Deeds goes to Town** - Sígild mynd frá meistara Frank Capra með erkitöffaranum Gary Cooper í aðalhlutverki. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 1937 og Capra vann verðlaunin fyrir bestu leikstjórn. Capra kunni öðrum fremur að gera tímalausar myndir og þessi eldist ákaflega vel og var meðal annars endurgerð með Adam Sandler í aðalhlutverkinu árið 2002.



**Daredevil – Director's Cut** Kvikmyndaútgáfan af sögunni um blindu ofurhetjuna Daredil fór frekar illa í aðdáendur kappans sem áttu ekki síst vont með að sætta sig við Ben Affleck í aðalhlutverkinu. Hér er komin hálftíma lengri leikstjóra útgáfa sem bætir þó nokkru við söguna og gefur áhorfendum tækifæri til að kynnast lögfræðingnum Matt Murdock betur en hann berst fyrir réttlætinu í dómsölum á daginn - en þegar kvöldar fer hann í rautt latex og lemur glæpamenn á götum New York.



**24 Season 3** Kiefer Sutherland stendur í ströngu í fjórðu seríunni um annasaman og lífshættulegan sólarhring í lífi leyniþjónustumannsins Jacks Bauer sem sýnd er á Stöð 2 um þessar mundir. Þriðja þáttaröðin sem rann sitt skeið í fyrra er komin út í sjö diska DVD kassa þannig að þeir sem misstu af stríði Bauers við hryðjuverkamenn sem ætluðu að gera efnavopnaárás á Los Angeles geta því rennt þessum æsilega eltingarleik í gegn á tæpum sólarhring heima í stofu. Útgáfan er ríkulega skreytt aukaefni og atriðum sem aldrei komust á skjáinn á sínum tíma.




# Eldbikar í nóvember

Nýr tölvuleikur byggður á bókinni Harry Potter og eldbikarinn er væntanlegur í nóvember á þessu ári. Á svipuðum tíma kemur út samnefnd mynd sem er byggð á þessari fjórðu bók um Harry Potter og ævintýri hans eftir breska rithöfundinn J.K. Rowlings.

Í Harry Potter og eldbikarnum er Harry dreginn út á dularfullan hátt til að taka þátt í lífshættulegri galdrakeppni. Allir þátttakendurnir stilla sér upp fyrir ofan eldspúandi dreka og þurfa að bjarga vinum sínum frá ísköldu dýpi hafsins. Einnig þurfa þeir að rata í gegnum dularfullt og lífshættulegt völundarhús. ■



**MIKIL ÆVINTÝRI** Harry Potter og félagar lenda í miklum ævintýrum í Harry Potter og eldbikarinn.

# Tuttugu þúsund lög keypt

Tónlistarsíðan Tónlist. is hefur hafið samstarf við Vífilfell og D3 sem gengur út á að neytendur Coca-Cola geti unnið frí lög að eigin vali á Tónlist.is.

Vífilfell mun kaupa 20.000 lög af Tónlist.is og bjóða viðskiptavinum sínum að sækja tónlist að eigin vali án endurgjalds með því að taka þátt í SMS-leik. Þessi leikur er í anda þess sem MyCokeMusic hefur gert með frábærum árangri í Bretlandi undanfarin tvö ár. Þess má geta að MyCokeMusic er ein af mest sóttu tónlistarsíðum Evrópu og fyrirhugað er að setja upp slíkar netsíður víðar, til dæmis í Ástralíu og Austurríki.

Tónlist.is fagnar tveggja ára afmæli um næstu mánaðamót og hefur heimasíðan vakið mikla athygli bæði heima og heiman. Skráðir notendur eru nú um 15.000 talsins og notar þriðjungur þeirra síðuna reglulega til að njóta tónlistar. ■



**HILDUR VALA** Idol-stjarnan á vinsælasta lagið á Tónlist.is um þessar mundir, Líf.

## TÖLVULEIKIR



**LEGO STAR WARS** Tölvuleikurinn Lego Star Wars er væntanlegur í lok apríl.

# Lego Star Wars í apríl

Tölvuleikurinn Lego Star Wars kemur út í lok þessa mánaðar á PC, PlayStation 2, Xbox og Gameboy Advance. Hér er á ferðinni þriðja persónu hasarleikur þar sem allar nýju Star Wars-myndirnar eru teknar fyrir og settar upp í heimi Lego.

Þarna verða meðal annars atriði og persónur úr nýju myndinni Episode 3: Revenge of the Sith, sem verður frumsýnd 19. maí. Leikurinn hefur fengið fínar viðtökur hjá erlendum gagnrýnendum og fékk meðal annars 8 af 10 mögulegum bæði hjá Games Master og Xbox World. ■



**LARA CROFT** Lara lendir í hinum ýmsu ævintýrum í Tomb Raider: Legend.

# Lara Croft snýr aftur

Tölvuleikurinn Tomb Raider: Legend er væntanlegur síðar á árinu frá fyrirtækinu Eidos. Í leiknum er farið aftur í rætur Tomb Raider-seríunnar þar sem Lara Croft leitaði að fornmunum í hinum og þessum grafhýsum.

Í leiknum hefur útliti Löru og hreyfingum verið breytt til að koma á framfæri nýjum hæfileikum hennar, drifkrafti og persónuleika. Hreyfingar hennar hafa verið gerðar eðlilegri en nokkru sinni fyrr og hreyfast augu Löru til að mynda í takt við það sem er að gerast umhverfis hana. ■





## Stendur hann við stóru orðin?

Valsmaðurinn Baldvin Þorsteinsson lýsti því yfir í viðtali á dögunum að ef það væru ekki að minnsta kosti 373 Valsarar í stúkunni á Ásvöllum á fyrsta leik Vals og Hauka þegar hann gengi á völlinn myndi hann hætta í Val. Áhorfendurnir voru um 80 þegar Baldvin hljóp út úr klefanum rétt fyrir leik. Verður forvitnilegt að sjá hvort hann standi við stóru orðin.

**sport**

sport@frettabladid.is

**HAUKAMAÐURINN ANDRI STEFAN NEFBROTINN:** SPILAR MEÐ ANDLITSGRÍMU Í ÚRSLITAKEPPNINNI

# *Horfði á sjónvarpið með grímuna*



Andri Stefan lék mjög vel fyrir Hauka í fyrsta leiknum gegn Val í undanúrslitum DHL-deildarinnar á þriðjudag. Hann skoraði sjö mörk og hélt sóknarleik Hauka á floti löngum stundum. Frammistaða Andra vekur ekki síst athygli fyrir þá staðreynd að hann er nefbrotinn og þarf að spila með andlitsgrímu, sem gerir Andra ekki auðveldara fyrir.

„Ég lenti í samstuði við félaga minn Vigni Svavarsson á æfingu og brotnaði. Það var alveg óvart en ég hljóp á olnbogann á honum. Ég fékk höggið beint á nefið þannig að það er ekki skakkt og ég þarf ekki í aðgerð," sagði Andri en hann hefur verið að æfa sig að sjá með grímunni síðan hann fékk hana.

„Ég fékk hana á föstudaginn síðasta og spilaði leik með 2. flokki með hana. Ég sá ekkert til að byrja með og var bara kominn inn á línu svo ég þvældist ekki fyrir. Svo hef ég notað hana grimmt á æfingum og þetta venst fljótlega. Hreyfingarnar breytast mikið. Augun sjá venjulega um þetta en nú þarf að beita hálsinum meira til að sjá boltann. Það getur samt verið erfitt að sjá gólfsendingar og annað álíka. Ég var samt orðinn nokkuð vanur að vera með hana þegar Valsararnir komu í heimsókn."

Andri hefur ekki bara verið að æfa með grímuna heldur hefur hún einnig verið notuð í daglega lífinu. „Ég gekk um með hana heima og prófaði líka að horfa á sjónvarpið með hana. Ókosturinn við þessa blessuðu grímu er samt hvað manni verður heitt undan henni og því svitnar maður svakalega mikið. Það er rigning undir grímunni þannig að það er erfitt að vera með hana lengi í einu," sagði Andri Stefan léttur á því og bætti við að hann hefði horft á Vanilla Sky og Silence of the Lambs með grímuna. Það væri stemning í því.

### > Við furðum okkur á ...



... skaphita leikmanna Manchester United, sem tóku tapinu gegn Everton illa og þeir Gary Neville og Paul Scholes létu báðir reka sig af velli fyrir hreinan og kláran fíflagang.

### > Við hrósum ...



... Helenu Sverrisdóttur, körfuknattleikskonu úr Haukum, sem í gærkvöldi varð yngsti leikmaðurinn í sögunni til að vera kosinn besti leikmaður ársins á lokahófi KKÍ, en Helena er aðeins 17 ára gömul.

## ÚR SPORTINU

Rúnar Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, staðfesti við Fréttablaðið í gær að félagið væri við það að landa Mývetningnum Baldri Sigurðssyni frá Völsungi á Húsavík. Baldur mun að öllum líkindum skrifa undir þriggja ára samning við Keflvíkinga.

Ríkharður Daðason, 33 ára framherji, hefur framlengt samning sinn við Fram um eitt ár og spilar því að minnsta kosti með Safamýrarliðinu út sumarið 2006. Ríkharður var markahæsti leikmaður Fram í Landsbankadeildinni í fyrra með 7 mörk í 15 leikjunum en aðeins fjórir Framarar hafa skorað fleiri mörk fyrir félagið í efstu deild.



Forráðamenn Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, segjast ætla að grípa til aðgerða verði áframhald á vandamálum með áhorfendur á knattspyrnuleikjum í framtíðinni. Samkvæmt fréttum frá aðalstöðvum UEFA þá gæti komið til greina að taka stig af félögum eða að vísa þeim úr keppni hagi áhangendur liðanna sér ófriðlega. Framkvæmdastjóri UEFA Lars-Christer Olsson lét það frá sér í gær að málin yrðu rædd á fundi framkvæmdanefndar sambandsins í Manchester í júní.



Framarar hafa samið við fyrsta leikmanninn í tíð Guðmundar Guðmundssonar, nýráðins þjálfara liðsins, því í gær var samningur við markvörðinn Egidijus Petkevicius framlengdur um eitt ár. Þessi snjalli Litháí hefur varið mark liðsins með mikilli prýði undanfarin tvö tímabil en áður hefur hann leikið með KA, FH og Val auk þess sem hann hóf ferilinn hjá Granitas í Litháen. Petkevicius er 31 árs og hefur verið einn allra besti markvörður íslensku deildarinnar undanfarin ár.

Portúgalinn Luis Figo gæti hugsanlega tekið fram landsliðsskóna á ný en hann setti þá upp á hillu eftir Evrópumótið í Portúgal síðasta sumar. Hinn 32 ára vængmaður Real Madrid er að endurskoða sína framtíð í boltanum eftir að hann missti sæti sitt í liði Real. Figo segist hafa ákveðið að einbeita sér að félagsliði sínu og þess vegna hætt með landsliðinu en nú gætu hlutirnir verið að breytast. Figo var dýrasti leikmaður heims þegar Real keypti hann frá Barcelona á sínum tíma en hann segist aðeins vilja vera áfram ef hann nýtist liðinu en það geri hann ekki ef hann sitji á bekknum og spili aðeins 10 mínútur í leik.

# Stál í stál á Brúnni

## Chelsea og Arsenal gerðu markalaust jafntefli í toppslag ensku úrvalsdeildarinnar í gær, en hrakfarir Manchester United halda áfram.

**FÓTBOLTI** Chelsea heldur ennþá ellefu stiga forystu í deildinni eftir leiki gærkvöldsins og mikið má vera ef það missir hana af hendi í síðustu fimm leikjum sínum á leiktíðinni. Barátta grannliðanna Liverpool og Everton er í hámarki, en bæði lið unnu leiki sína í gær. Liverpool sótti öll stigin á útivelli gegn Portsmouth, en Everton ætlar ekki að gefa eftir fjórða sætið í deildinni og gerði sér lítið fyrir og skellti Manchester United, 1-0 með marki frá Duncan Ferguson. Tveimur leikmönnum United var vikið af velli með rautt spjald í leiknum. Botnlið Norwich náði sér í gríðarlega mikilvæg stig þegar þeir lögðu Newcastle með dramatísku marki á lokasekúndum leiksins.

Það var ljóst frá fyrstu mínútu leiks í gær að lið Arsenal ætlaði að selja sig dýrt, enda hafði Arsene Wenger gefið það út fyrir leikinn að sínir menn hygðust leika eins og sannir meistarar gegn toppliði deildarinnar. Sú varð raunin í gær og með smá heppni hefðu leikmenn Arsenal alveg eins getað farið heim með öll stigin úr leiknum á Stamford Bridge, en honum lauk eins og áður sagði með markalausu jafntefli. Arsenal-liðið var án nokkurra lykilmanna í leiknum, en það virtist vart koma að sök því liðið hefur á að skipa frábærum ungum leikmönnum sem eiga framtíðina fyrir sér og þeir léku prýðilega í gær undir stjórn fyrirliðans Patrick Viera, sem var mjög drjúgur á miðjunni.



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Didier Drogba og félagar í Chelsea komust lítt áleiðis gegn sterkri vörn Arsenal í leik liðanna á Stamford Bridge í gær.

Lið Arsenal byrjaði betur í leiknum og aðeins um tveimur mínútum eftir að flautað var til leiks átti Robert Pires hörkuskot í þverslá og var aftur á ferðinni stuttu síðar, en náði ekki að skora. Besta færi heimamanna í fyrrihálfleik átti Didier Drogba, en Jens Lehmann sá við honum í marki Arsenal.

Síðari hálfleikurinn bauð upp á svipaða skemmtun, en þrátt fyrir að bæði lið fengju ágætis færi, náði hvorugt þeirra að gera út um leikinn og þegar á heildina er litið var jafntefli kannski sanngjörn niðurstaða. ■

Lokahóf Körfuknattleikssambandsins var haldið með glæsibrag í gærkvöldi:

# Sigurður og Helena valin best

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Þorvaldsson úr Snæfelli og Helena Sverrisdóttir úr Haukum voru valin leikmenn ársins á Lokahófi KKÍ sem fór fram með glæsibrag í Stapanum í Njarðvík í gærkvöldi.

Þetta er í fyrsta sinn sem þau bæði hljóta þessi verðlaun en Helena, sem er nýorðin 17 ára, er yngsti leikmaðurinn frá upphafi til þess að vera valin besti leikmaður 1. deildar kvenna.

Bestu ungu leikmenn deildanna voru valin Brynjar Þór Björnsson úr KR og Bryndís Guðmundsdóttir úr Keflavík en þau eru bæði á 17. ári.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari karlaliðs Fjölnis, og Ágúst Björgvinsson, þjálfari kvennaliðs Hauka, voru valdir þjálfarar ársins og Sigmundur Már Herbertsson þótti besti dómarinn.

Þau Joshua Helm hjá KFÍ og Reshea Bristol í Keflavík voru valin bestu erlendu leikmenn deildanna, bestu varnarmenn tímabilsins voru valin þau Friðrik Stefánsson úr Njarðvík og Pálína Gunnlaugsdóttir úr Haukum og þau prúðustu þóttu Sólveig Gunnlaugsdóttir úr Grindavík og Lárus Jónsson úr KR.

Snæfell átti tvo leikmenn í karlaliði ársins en ÍS og Keflavík áttu hvort um sig tvo leikmenn í kvennaliði ársins.

**LIÐ ÁRSINS HJÁ KONUM:**

| | |
|---|---|
| Alda Leif Jónsdóttir | ÍS |
| Helena Sverrisdóttir | Haukar |
| Bryndís Guðmundsdóttir | Keflavík |
| Birna Valgarðsdóttir | Keflavík |
| Signý Hermannsdóttir | ÍS |

**LIÐ ÁRSINS HJÁ KÖRLUM:**

| | |
|---|---|
| Sævar Haraldsson | Haukar |
| Magnús Þór Gunnarsson | Keflavík |
| Sigurður Þorvaldsson | Snæfell |
| Hlynur Bæringsson | Snæfell |
| Friðrik Stefánsson | UMFN |

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Enska úrvalsdeildin*

ASTON VILLA–CHARLTON 0–0

MAN. CITY–BIRMINGHAM 3–0
1–0 Maik Taylor, sjálfsm. (55.), 2–0 Richard Dunne (80.), 3–0 Antoine Sibierski, víti (86.).

NORWICH–NEWCASTLE 2–1
1–0 Youssef Safri (68.), 1–1 Patrick Kluivert (90.), 2–1 Dean Ashton (90).

PORTSMOUTH–LIVERPOOL 1–2
0–1 Fernardo Morientes (4.), 1–1 Diomansy Kamara (34.), 1–2 Luis Garcia (45.).

TOTTENHAM–WEST BROM 1–1
0–1 Zoltan Gera (24.), 1–1 Robbie Keane (52.).

BLACKBURN–C.PALACE 1–0
1–0 Morten Gamst Pedersen (45.), 2–0.

CHELSEA–ARSENAL 0–0

EVERTON–MAN. UTD. 1–0
1–0 Duncan Ferguson (55.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 33 | 25 | 7 | 1 | 62–12 | 82 |
| **ARSENAL** | **33** | **21** | **8** | **4** | **73–33** | **71** |
| MAN. UTD | 33 | 19 | 10 | 4 | 48–20 | 67 |
| **EVERTON** | **32** | **17** | **6** | **10** | **40–33** | **57** |
| LIVERPOOL | 34 | 16 | 6 | 12 | 48–35 | 54 |
| **BOLTON** | **34** | **15** | **8** | **11** | **44–38** | **53** |

### *Ítalska úrvalsdeildin*

CAGLIARI–LAZIO 1–1
1–0 Mauro Esposito (70.), 1–1 Sebastiano Seviglia (90.).

FIORENTINA–MESSINA 1–1
1–0 Dario Dainelli (61.), 1–1 Arturo Di Napoli (90.).

JUVENTUS–INTER MILAN 0–1
0–1 JulioCruz (24.).

LECCE–BOLOGNA 1–1
1–0 Guillermo Giacomazzi (19.), 1–1Claudio Bellucci (41.).

PALERMO–BRESCIA 3–3
1–0 Christian Terlizzi (13.), 1–1 Pierre Wome (16.), 1–2 Luigi Di Biagio, víti (21.), 2–2 Luca Toni, víti (39.), 3–2 Luca Toni (78.), 3–3 Andrea Caracciolo (84.).

PARMA–SAMPDORIA 1–1
0–1 Andrea Gasbarroni (34.), 1–1 Alberto Gilardino (38.).

ROMA–SIENA 0–2
0–1 Massimo Maccarone (60.), 0–2 Enrico Chiesa (88.).

UDINESE–LIVORNO 1–1
1–0 Stefano Mauri (8.), 1–1 Christiano Lucarelli (86.).

AC MILAN–CHIEVO 1–0
1–0 Clarence Seedorf (74.).

REGGINA–ATALANTA 0–0







Það eina sem er erfitt við
að kaupa nýjan bíl . . .
. . . er að velja vegi við hæfi
Þú velur hvort þú leigir bílinn með einkaleigu eða eignast hann með bílasamningi eða bílaláni. Veldu bíl sem hentar þínum þörfum og ræddu svo við ráðgjafa Lýsingar eða sölumenn bílaumboðanna sem aðstoða þig við að útbúa umsókn og ganga frá fjármögnun. Bílaumboðin eru beintengd Lýsingu í gegnum Netið þannig að svar við umsókn kemur á augabragði. Þú metur það svo í rólegheitum hvaða vegi þú vilt aka bílnum þínum.
Notaðu reiknivélina á www.lysing.is og skoðaðu hvernig þitt dæmi kemur út.
BÍLASAMNINGUR ▪ BÍLALÁN ▪ REKSTRARLEIGA ▪ EINKALEIGA
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is
Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip





# Hver borgar brúsann?

**Orð stendur á móti orði hjá fyrrum þjálfara Fram, Heimi Ríkarðssyni, og formanni handknattleiksdeildar, Kjartani Ragnarssyni, um það hver greiði laun nýráðins þjálfara félagsins, Guðmundar Guðmundssonar.**

**HANDBOLTI** Stjórn handknattleiksdeildar Fram rak þjálfara sinn, Heimi Ríkarðsson, úr starfi síðastliðinn mánudag og réð í hans stað Guðmund Guðmundsson, fyrrum landsliðsliðsþjálfara. Að sögn Heimis kom nafn Guðmundar inn í umræðuna á sérstakan hátt en að hans sögn sóttist stjórn Fram ekki eftir því að fá Guðmund til starfa heldur fékk Fram mjög freistandi tilboð frá einstaklingi sem þeir virðist ekki hafa getað hafnað.

„Kjartan formaður hringdi í mig daginn fyrir fyrsta leikinn gegn ÍBV í úrslitakeppninni og lét mig vita af því að þeir hefðu fengið tilboð frá manni sem væri tilbúinn að greiða þjálfaralaun félagsins gegn því að sá maður væri Guðmundur Guðmundsson,“ sagði Heimir við Fréttablaðið en hann telur sig vita hver stóð að baki þessu kostaboði. „Það er Tryggvi Tryggvason, fyrrum leikmaður og stjórnarmaður Fram. Hann var gjaldkeri deildarinnar þegar Guðmundur stýrði liðinu á sínum tíma og er góður vinur Guðmundar. Þetta er glæsilegt tilboð, því Tryggvi getur útvegað fé fyrir launum þjálfarans og því sleppur handknattleiksdeildin við að borga.“

Fréttablaðið bar þessar fullyrðingar Heimis undir formann handknattleiksdeildar Fram, Kjartan Ragnarsson, en hann vísar þeim á bug. „Ég hef heyrt af þessu en þetta er bara kjaftasaga sem á sér enga stoð í raunveruleikanum. Við greiðum Guðmundi laun,“ sagði Kjartan.



**VERTU VELKOMINN AFTUR** Kjartan Ragnarsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, tekur hér í höndina á nýja þjálfaranum sínum, Guðmundi Guðmundssyni. Fyrrverandi þjálfari Fram, Heimir Ríkarðsson, segir að einstaklingar út í bæ greiði laun Guðmundar en Kjartan segir það vera kjaftasögu. Hann greiði laun Guðmundar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fréttablaðið bar fullyrðingar Heimis einnig undir Guðmund. „Ég get ekki tjáð mig um þetta en það getur vel verið að svo sé. Það er fyrir utan minn samning og mína aðkomu að málinu . Ég geri samning við stjórnina og einbeiti mér síðan að þeim verkefnum sem mér eru falin. Ég væri ekki að velta mér of mikið upp úr því ef svo væri en það hefur ekkert með mig að gera hvort það koma einhverjir menn að þessu,“ sagði Guðmundur.

Ekki náðist í Tryggva Tryggvason í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

henry@frettabladid.is

Haukar missa enn einn lykilmanninn til útlanda:

## Þórir á leið til Þýskalands

**HANDBOLTI** Stjórn handknattleiksdeildar Hauka á verk fyrir höndum í sumar við að safna liði fyrir komandi tímabil enda munu nokkrir lykilmenn ganga til liðs við erlend félög í sumar. Ásgeir Örn Hallgrímsson er búinn að semja við félag Loga Geirssonar, Lemgo, og Vignir Svavarsson við danska félagið Skjern. Hornamaðurinn Þórir Ólafsson staðfesti síðan við Fréttablaðið í gær að hann myndi skrifa undir samning við þýska félagið TuS N-Lubbecke um næstu helgi.

„Þeir eru búnir að senda mér tveggja ára samningstilboð sem ég er að skoða þessa dagana. Mér líst mjög vel á þennan samning og ég á ekki von á öðru en að ég skrifi undir samninginn um helgina,“ sagði Þórir við Fréttablaðið í gær. „Við konan mín erum mjög spennt fyrir þessu. Okkur langar að prufa að búa úti og nú er tækifærið. Ef okkur líst ekkert á þetta er alltaf hægt að koma heim.“

Þórir hefur leikið einstaklega vel fyrir Haukana í vetur og frammistaða hans skilaði honum sæti í landsliðshópi Viggós Sigurðssonar. Hann segir að gamall draumur sé að rætast.

„Ég er búinn að stefna að þessu frá því ég byrjaði í boltanum og það er gaman að draumurinn sé loks að rætast,“ sagði Þórir, sem býst við því að fara út fljótlega eftir að Íslandsmóti lýkur til þess að ganga formlega frá málunum við félagið og skoða fasteignir.

- hbg



**ÞÓRIR ÓLAFSSON** Þriðji Haukamaðurinn sem fer í atvinnumennsku.



**SÖLVI GEIR OTTESEN** Mun hugsanlega missa af leik U-21 árs landsliðsins við Ungverja í byrjun júní.

Sölvi Geir Ottesen á við meiðsli að stríða:

## Gæti orðið frá í sex vikur

**FÓTBOLTI** Sölvi Geir Ottesen, atvinnumaður með Djurgården í Svíþjóð og leikmaður U-21 árs landsliðs Íslands, á við meiðsli að stríða í baki og gæti orðið frá æfingum og keppni í allt að sex vikur.

Sölvi gat ekki beitt sér af neinum krafti í æfingaleikjum Djurgården fyrir sænsku úrvalsdeildina sem hófst fyrir tveimur vikum og var hann sendur heim til Íslands í læknisskoðun um helgina. Í henni kom í ljós að Sölvi Geir er meiddur í baki og eru meiðslin þess eðlis að sársaukinn leiðir að mestu leyti niður í fætur. Að sögn forráðamanna Djurgården verður Sölvi að fá hvíld næstu vikurnar til að vinna bug á meiðslunum og segja þeir hann geta orðið frá í minnst þrjár vikur en mest sex vikur.

Það er því tvísýnt um hvort Sölvi verður orðinn leikfær þegar íslenska ungmennalandsliðið leikur gegn Ungverjum í undankeppni HM þann 3. júní næstkomandi, en sá leikur fer fram á gamla heimavelli Sölva, Víkingsvellinum. Yrði það skarð fyrir skildi ef Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 árs liðsins, yrði án Sölva í leiknum þar sem hann er einn albesti ungi miðvörður landsins.

## ÚR SPORTINU

HK hefur orðið fyrir mikilli blóðtöku því nú er ljóst að skyttan öfluga frá Lithåen, **Augustas Strazdas**, mun ekki verða áfram í herbúðum liðsins á næsta ári. Hilmar Sigurgíslason, formaður handknattleiksdeildar HK, staðfesti við Fréttablaðið í gær að **Strazdas** hefði úr nokkrum erlendum tilboðum að velja. Hilmar segir jafnframt að HK muni horfa til útlanda þegar leitað verður að arftaka **Strazdas** enda sé ekki um auðugan garð að gresja þegar kemur að rétthentum íslenskum skyttum sem eru á lausu.



Íslenska landsliðið í knattspyrnu heldur kyrru fyrir í 95. sæti styrkleikalista FIFA sem var gefinn út í gær. Íslenska landsliðið hefur ekki hækkað sig á listanum í heila ellefu mánuði eða síðan liðið komst upp í 56. sæti listans í maí 2004. Það hefur ekki hjálpað til að aðeins einn af síðustu fjórtán landsleikjum hefur unnist. Af öðrum þjóðum á listanum vekur framganga Tékka mesta athygli en þeir komust upp fyrir Frakka og Argentínumenn alla leið upp í 2. sætið. Brasilíumenn eru sem fyrr á toppnum, Argentínumenn eru í 3. sæti en Frakkar eru dottnir niður í fjórða sæti listans.

GOTT FÓLK McCANN

EF ÞÚ ERT MEÐ **HEIMASÍMANN** HJÁ SÍMANUM, **GSM** HJÁ OG VODAFONE EÐA ÖFUGT, HINSEGIN EÐA HVERNIG SEM ÞÚ VILT HAFA ÞAÐ, GETUR ÞÚ FENGIÐ 4Mb **ADSL** TENGINGU OG 2GB NIÐURHAL Á AÐEINS **3.990,-***

*M.v. 12 mánaða samning.

**VIÐ KÖLLUM ÞAÐ HIVE LITE.**

Um leið og við óskum ykkur gleðilegs sumars viljum við þakka frábærar viðtökur, en þúsundir Íslendinga hafa nú þegar svarað kallinu og fengið sér Hive - án skilyrða.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

17 18 19 **20** 21 22 23

**Fimmtudagur**

## LEIKIR

- 14.00 **Grindavík** og **ÍBV** mætast í Fífunni í 1. riðli A-deildar deildabikars karla í fótbolta.
- 16.00 **Fylkir** og **ÍBV** mætast á Fylkisvelli í 1. riðli A-deildar deildabikars karla í fótbolta.
- 16.00 **KR** og Völsungur mætast á KR-velli í 2. riðli A-deildar deildabikars karla í fótbolta.
- 19.40 **ÍR** og **ÍBV** mætast í Austurbergi í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- 19.40 **Valur** og **Haukar** mætast í Valsheimilinu í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.

## SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 13.25 **Hreysti á Akureyri** á RÚV. Mynd um **Íslandsmót í hreysti og vaxtarrækt** sem haldin voru í Íþróttahöllinni á Akureyri um páskana.
- 14.25 **Ístölt** á RÚV. Samantekt af keppni bestu knapa landsins í ístölti og gæðingakeppni á stóðhestum á ís sem fram fór í Egilshöllinni.
- 16.40 **Formúlukvöld** á RÚV. Endurtekinn þáttur.
- 18.15 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 19.30 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn. Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um **bandarísku mótaröðina** í golfi á nýstárlegan hátt.
- 19.35 **DHL-deildin í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Vals** og **Hauka** í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- 20.00 **Íslandsmótið í kraftlyftingum** á Sýn. Allir helstu kraftajötnar landsins mættu til leiks á **Íslandsmótinu í kraftlyftingum** sem haldið var á Grand Hótel.
- 20.30 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 23.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 00.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn. Endurtekinn þáttur.

## ÚR SPORTINU

Samtök ensku úrvalsdeildarliðanna hafa samþykkt rétt Chelsea á að leita eftir skaðabótum vegna mála Rúmenans Adrian Mutu, en Chelsea taldi hann hafa brotið samning sinn við Lundúnaliðið eftir að hann var dæmdur í bann vegna eiturlyfjanotkunar fyrr í vetur. Chelsea krefst þess að fá endurgreiddan helming þeirrar



upphæðar sem félagið borgaði Parma fyrir Mutu sumarið 2003, um 900 milljórnir íslenskra króna en nú hefur Mutu samið við ítalska liðið Juventus þar sem þessi 26 ára framherji hyggst byrja að spila þegar sjö mánaða bann hans rennur út 18. maí næstkomandi.

# Rúnar á leið til Þórs

## Handboltakappinn Rúnar Sigtryggsson mun að öllum líkindum taka við þjálfun Þórs á Akureyri fyrir helgi og snúa þannig á heimaslóðir.

**HANDBOLTI** Handboltakappinn Rúnar Sigtryggson er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins búinn að ná samkomulagi við Þór á Akureyri um að þjálfa liðið á næstu leiktíð og bendir allt til þess að samningur þess efnis verði undirritaður fyrir helgi. Með því mun Rúnar snúa aftur á fornar slóðir eftir áratuga spilamennsku í Reykjavík og síðar sem atvinnumaður á Spáni og í Þýskalandi, því hann á rætur að rekja til Akureyrar og hóf sinn handboltaferil með Þór.

Rúnar gekk til liðs við þýska 1. deildar liðið Eisenach fyrir þetta tímabil og spilaði með liðinu framan af móti. Á miðju tímabili var honum síðan boðin staða aðalþjálfara félagsins eftir að forveri hans ákvað skyndilega að hætta störfum. Rúnar þjálfaði liðið þó ekki í langan tíma því hann fór sömu leið nokkrum vikum síðar vegna þess að hann var ósáttur með hvernig staðið var að hinum ýmsu málum innan félagsins.

„Það gæti alveg endað þannig að hann skrifaði undir fyrir helgi,“ sagði Skapti Hallgrímsson, formaður handknattleiksdeildar Þórs, í samtali við Fréttablaðið í gær en hann vildi þó sem minnst tjá sig um málið. „Þetta er á viðkvæmu stigi í augnablikinu og ég get ekkert staðfest,“ sagði Skapti.

Rúnar hefur átt í viðræðum við nokkur lið síðan það spurðist út að hann væri líklega á heimleið. Í fyrstu benti margt til að hann myndi ganga til liðs við sitt gamla félag í Haukum en þar sem honum bauðst ekki staða aðalþjálfara þar ákvað Rúnar að leita á önnur mið. Grótta/KR, KA og Þór voru öll bendluð við hinn 33 ára gamla Rúnar en eins og áður segir bendir nú allt til þess að hann muni



**RÚNAR SIGTRYGGSSON**
Ætlar að hunsa Gróttu/KR og taka við þjálfun Þórs.

halda tryggð við sitt uppeldisfélag.

### Hvað gerir Árni?

Fari svo að Rúnar skrifi undir hjá Þór öðlast félagið sjálfkrafa stórt tromp á hendi í málum stórskyttunnar Árna Þórs Sigtryggssonar, en hann er bróðir Rúnars og einn eftirsóttasti leikmaður heims. Eins og áður hefur komið fram hefur þýska stórliðið Flensburg þegar boðið Árna Þór samning sem hann er enn með í athugun, en honum stendur til boða að leika áfram á Íslandi eitt ár til viðbótar ef hann kýs svo. Vitað er að Haukar, Valur, HK og ÍR hafa öll litið kappann hýru auga en með tilkomu Rúnars gæti Árni Þór freistast til að vera áfram í herbúðum Þórs og spila þannig undir stjórn og við hlið bróður síns á Akureyri.

Skapti segir að félagið haldi enn í vonina um að halda Árna Þór og að koma Rúnars gæti vissulega komið því til góða í þeim efnum. „Við stefnum á að hafa á að skipa mjög öflugu liði á næstu leiktíð og með það í huga stefnum við að sjálfsögðu á að halda Árna hjá okkur,“ sagði Skapti.

Hvorki náðist í Rúnar né Árna Þór í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

vignir@frettabladid.is

Einar Örn og félagar hjá Wallau Massenheim fengu engin svör í gær:

# Óttast er að félagið fari í gjaldþrot

**HANDBOLTI** Einar Örn Jónsson og félagar hans hjá þýska liðinu Wallau Massenheim þurfa að bíða áfram í óvissu um framtíð félagsins en það rambar á barmi gjaldþrots og leikmenn hafa ekki enn fengið greidd laun á þessu ári. Einar og félagar áttu von á því að fá skýr svör um framtíðina á fundi í gær en stóðu eftir litlu nær.

„Það var ekki hægt að lofa okkur miklu nema að við fengjum þrjá mánuði greidda frá ríkinu færi svo að félagið endaði í gjaldþroti. Þetta virðist ekki líta vel út,“ sagði Einar Örn í gær. „Það er verið að leita allra leiða til þess að halda félaginu gangandi. Vandamálið liggur í því að það á enga peninga til þess að greiða upp skuldir. Styrktaraðilar sem hafa verið að setja peninga í félagið eru hættir því þar sem þeir óttast að félagið fari í gjaldþrot.“

Einar segir að leikmenn séu í algjörri óvissu um framtíðina en þeir hafi um lítið annað að velja en að halda áfram að spila og vona það besta enda ekki hægt að skipta um félag á þessari stundu. Wallau hefur boðið Einari nýjan samning og hann hyggst skrifa undir þann samning takist að bjarga félaginu.

„Félög sem hafa klórað sig út úr álíka veseni eru í nokkuð góðum málum í dag. Þeir sem eru búnir að brenna sig eru ekkert að setjast á grillið aftur. Þetta er samt hið flóknasta mál og við fengum í raun ekkert nema staðfestingu á því sem við vissum fyrir,“ sagði Einar Örn.

- hbg

Fjórði formúlu-kappakstur ársins fer fram í San Marínó um helgina:

# Passaðu þig, ég mun taka áhættu

**FORMÚLA EITT** Sjöfaldur heimsmeistari formúlunnar, Michael Schumacher, er ekkert búinn að gefa Heimsmeistaratitilinn í ár frá sér þrátt fyrir skelfilega byrjun á tímabilinu. Schumacher hefur látið hafa eftir sér vel valin orð sem hann hefur beint sérstaklega til forustumannsins Fernando Alonso, sem hefur fengið 24 fleiri stig en hann í fyrstu þremur keppnunum.

„Fernando er örugglega farinn að hugsa um heimsmeistaratitilinn og reynir örugglega að keyra af öryggi. Ég hef hins vegar engu að tapa og ætla að sækja og taka áhættu,“ segir Schumacher, sem var með fullt hús (50 stig) eftir fyrstu fimm keppnirnar í fyrra.

Michael Schumacher hefur unnið San Marínó-kappaksturinn fimm sinnum á síðustu sex árum og er því líklegur til að vinna sinn fyrsta kappakstur síðan í Ungverjalandi í ágúst. „Okkar markmið er að fara að vinna á nýjan leik og ég tel möguleika okkar vera góða. Það hefur allt gengið upp hjá Renault það sem af er tímabilinu en það eru ekki miklar líkur á að sú lukka haldist endalaust,“ segir Schumacher en ökumenn Renault hafa unnið allar þrjár keppnirnar til þessa.

„Baráttan um heimsmeistaratitilinn er langt frá því að ná einhverju hámarki. Tímabilið er langt og það á margt eftir að breytast,“ segir Schumacher, sem spilaði í góðgerðarleik á Ólympíuleikvanginum í San Marínó í gærkvöldi.

## ÚR SPORTINU

Detroit Pistons vann sinn 11. sigur í röð er liðið mætti Atlanta Hawks í NBA-körfuboltanum í fyrrinótt. Svo virðist sem hin firnasterka vörn Pistons sé að smella saman því Hawks skoraði aðeins 68 stig í leiknum en lokatölur urðu 95-68. Pistons mætir að öllum líkindum **Allen Iverson** og félögum í Philadelphia 76ers í fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

Norrköping Dolphins í sænsku úrvalsdeildinni í körfuknattleik er þessa dagana á höttunum eftir bandarískum kraftframherja. Þetta þykir ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að **Anthony Glover**, leikmaður Keflavíkur í Intersportdeildinni, er ofarlega á óskalista Dolphins. **Glover** átti góðu gengi að fagna með Keflavík í vetur og átti stóran þátt í að liðið landaði Íslandsmeistaratitlinum.



**Alexander Wurz** hjá McLaren í Formúlu 1 kappakstrinum mun taka sæti **Juan Pablo Montoya** í liðinu í San Marínó-keppninni sem fram fer um helgina. **Montoya** glímir enn við meiðsli sem hann hlaut þegar hann lék tennis í síðasta mánuði.

Slagsmál knattspyrnumannanna **Lee Bowyer** og **Kieron Dyer** hjá Newcastle í ensku úrvalsdeildinni eru orðin að lögreglumáli en tvímenningarnir voru yfirheyrðir af lögreglunni í Norðymbralandi fyrr í vikunni. Samherjarnir slógust í tapleik gegn Aston Villa í byrjun mánaðarins en samkvæmt lögreglunni barst fjöldi kvartana frá fólki sem sá leikinn í sjónvarpi og frá áhorfendum leiksins.



**Dirk Nowitzki** og félagar í Dallas Mavericks eru á mikilli siglingu um þessar mundir en liðið tók á móti Seattle Supersonics í NBA-körfuboltanum í fyrrinótt. Heimamenn unnu með 5 stiga mun, 101-96, en þetta var áttundi sigurleikur liðsins í röð. Sonics hefur hins vegar átt erfitt uppdráttar og aðeins unnið þrjá af síðustu tíu leikjum. Mavericks mætir Houston Rockets í fyrstu umferð úrslitakeppninnar en Seattle mætir Sacramento Kings.

**Fabien Barthez**, markvörður Olympique Marseille í frönsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, á yfir höfði sér refsingu eftir að hann hrækti á dómara í vináttuleik við Wydad Casablanca sem fram fór í febrúar. „**Fabien** er búinn að eiga erfitt síðustu mánuði og er óþolinmóður að fá botn í málið,“ sagði **Philippe Troussier**, þjálfari Marseille.



Chelsea þarf ekki á **Rio Ferdinand**, leikmanni Manchester United, að halda. Þetta fullyrti **Steve Clarke**, aðstoðarþjálfari Chelsea, á dögunum. „Við höfum fjóra af bestu miðvörðum heims innan okkar raða; **John Terry**, **Ricardo Carvalho**, **William Gallas** og **Robert Huth**. Við þurfum ekkert að bæta við þessa stöðu,“ sagði **Clark**. **Ferdinand** var orðaður við Chelsea á dögunum eftir að hafa átt fund við **Peter Kenyon**, stjórnarmann Chelsea. Félagið fullyrti að fundurinn hefði ekki verið viðskiptalegs eðlis en Alex Fergusson, stjóri Man. Utd, brást hinn versti við og var ekki á því að trúa þeim skýringum Chelsea-manna.



# Verðsprengja á sumardekkkjum

## í Hagkaupum Skeifunni

**Þýsk gæðavara**




**13" 3.999 kr/stk**

STÆRÐIR:
- 155R13
- 155/70R13
- 165/70R13
- 175/70R13

**14" 4.999 kr/stk**

- 175/70R14
- 185/70R14
- 175/65R14
- 185/65R14
- 185/60R14

**15" 5.999 kr/stk**

- 185/65R15
- 195/65R15

**Afsláttarmiði**

HERCULES Jeppadekk — www.vdo.is — Sumardekk

Gegn framvísun þessa miða færðu umfelgun á Fólksbíll krónur 3.900

VDO Borgardekk — Fljót og góð þjónusta — Borgartún 36 s:588-9747

**VDO dekkjaverkstæði er opið í dag frá kl. 10-16**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

# Ný vídd í samlesnum auglýsingum

## eitt símtal



## fjórir sterkir auglýsingamiðlar



FRÉTTABLAÐIÐ VÍSIR BYLGJAN TALSTÖÐIN

## allir landsmenn - margföld áhrif!



**- meiri tíðni - meiri útbreiðsla - lægra verð**

**Við höfum endurskilgreint samlesnar auglýsingar:** Aldrei fyrr á Íslandi hafa samlesnar auglýsingar birst á sama tímabili í dagblaði, á netinu og á tveimur útvarpsstöðvum. Þessi nýi möguleiki gerir auglýsendum kleift að ná til fleira fólks á einfaldan og ódýran hátt.

**Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína sama daginn.**

**Þetta er einfalt.** Þú hringir inn auglýsinguna og borgar eitt fast verð á orðið. Auglýsingin er síðan samlesin á **Bylgjunni** og **Talstöðinni** og birt í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **Vísi**.

**Hringdu núna í 550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ vísir

98,9 BYLGJAN Talstöðin FM 90,9

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - FRE 28017 04/2005


## STUÐ MILLI STRÍÐA : Mýtum eytt

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** RAKST Á ÁHUGAVERÐA RANNSÓKN



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Vísindarannsóknir eiga það til að eyða mýtum. Sá fræðandi sjónvarpsþátt um daginn sem eyddi mýtunni um eyjuna Atlantis, þaðan sem öll siðmenning á að eiga uppruna sinn.

Ég sá um daginn að önnur mýta dó með vísindarannsókn. Því hefur lengi verið haldið fram að þjónusta vændiskvenna sé nauðsynleg fyrir þá sem eiga ekki annarra kosta völ. Það hefur verið talað um vesalings mennina sem eru fatlaðir eða svona ofboðslega ómyndarlegir og konur vilja bara ekki líta við þeim. Þeir hafi þarfir eins og aðrir menn og því sé þessi valkostur nauðsynlegur. Þeir (eða aðallega þær) sem hafa eitthvað við starfsemi vændiskvenna að athuga ættu því að hugsa til þessara manna, því ekki getur það verið að þær vilji vera vondar við þessa menn.

Nú um daginn var svo niðurstaða rannsóknar birt. Kannað var í Danmörku hverjir viðskiptavinir vændiskvenna væru. Í ljós kom að 71 prósent karlanna var í sambúð. 20 prósent til viðbótar voru kvæntir. 91 prósent viðskiptavina vændiskvenna hafði því annarra kosta völ og notfærðu sér vændiskonur til að halda fram hjá eiginkonum sínum eða sambýliskonum. Aðeins fáir leituðu til viðskiptavina því þar fengu þeir eitthvað sem þeir fengu ekki annars staðar. Ég leyfi mér að gera fastlega ráð fyrir að einhverjir af þessum níu prósentum sem voru einhleypir eygji einhverja von til að vera ekki einhleypir að eilífu.

Auðvitað er ekki hægt að halda því fram að hlutfallið sé alls staðar það sama. Þó rennur mann í grun að þessi vörn fyrir frjálsa þjónustu vændiskvenna án þess að vilja fjalla mikið um mansalið og eymdina sé í raun vörn manna sem eru í föstu sambandi og vilja geta gengið að þjónustunni vísri, en ekki vörn þeirra sem „minna mega sín“. Sem betur fer er ekki hægt að alhæfa þetta yfir á alla menn, því einungis fjórtán prósent svarenda í hinni frjálslyndu Danmörku sögðust hafa leitað til vændiskvenna. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott




Opnum
glæsilegt bakarí
og kaffihús
við Smáratorg
í dag,
sumardaginn fyrsta!
Tilboð
Uppákomur
Láttu sjá þig!
Kynningar
Bakarameistarinn
Suðurveri • Glæsibæ • Húsgagnahöllinni • Mjódd • Smáratorgi

**Kl. 21.00**
*Djasskvartettinn **Póstberarnir** leikur fágæta húsganga á **Múlanum** í gyllta salnum á Hótel Borg. Hljómsveitina skipa þeir **Andrés Þór** gítarleikari, **Eyjólfur Þorleifsson** saxófónleikari, **Eric Qvick** trommuleikari og **Ólafur Stolzenwald** kontrabassaleikari.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Storkar, hátíska og bökunardrottning

Í kvöld verður kvikmyndasýning með heldur óvenjulegu sniði í Hafnarhúsinu. Sýningin nefnist The Big Cry og hlaut mjög góðar viðtökur áhorfenda þegar hún var frumsýnd í London í júlí síðastliðnum.
Þarna er á ferðinni blanda af kvikmyndabrotum sem er varpað á tvo skjái og lifandi jazztónlist sem flutt er af Margréti Sigurðardóttur söngkonu og Stefáni Erni Arnarssyni kontrabassaleikara.
Margrét er einnig höfundur sýningarinnar ásamt norska leikstjóranum Wenche Torrisen og kvikmyndagerðarkonunni Tiziana Panizza frá Chile.
Í sýningunni er skyggnst inn í líf nokkurra persóna sem reyna að fóta sig í óstöðugri tilveru með ýmist dramatískum eða skondnum afleiðingum. Þar koma við sögu storkar, hátíska og bökunardrottning.
Margrét er búsett í London og lauk söngnámi frá konunglega tónlistarháskólanum þar í borg síðastliðið sumar.
Hún tók þátt í Hrafnagaldri með Sigur Rós síðastliðið haust og einnig tók hún þátt í sjónvarpsupptökum fyrir Canal+ í París og BBC í London með Björk og Schola Cantorum. Einnig söng hún á síðasta vetri hlutverk Barbarínu í Brúðkaupi Fígarós í óperuhúsinu í Cork á Írlandi.



### EKKI MISSA AF…

… ráðstefnunni **Forboðnum ávöxtum** í Lögbergi, Háskóla Íslands, á laugardaginn, þar sem fjallað verður um trú og vísindi undir margvíslegum sjónarhornum.

… ráðstefnunni **Heimur ljóðsins** sem haldin verður á viku bókarinnar um næstu helgi í Háskóla Íslands, Odda.

… píanótónleikum **Kristínar Jónínu Taylor** í Salnum í Kópavogi, sem haldnir verða á laugardaginn.

## Málar ljósmyndir

Listamaðurinn Kristján Jónsson hefur undanfarin fimmtán ár ferðast um landið og tekið ljósmyndir sem hann síðan málar á með blandaðri tækni.

Myndirnar eru ekki af neinum þekktum kennileitum heldur ýmiss konar brot af landslagi; móar, snæviþakin jörð, klettar og sandauðnir.

Í dag opnar Kristján sýningu á myndum sínum í galleríi Sævars Karls við Bankastræti. Myndirnar eru prentaðar í stóru formi á segldúk en síðan hefur listamaðurinn málað ofan í þær.

Hann segir hugmyndina um að nota ljósmyndirnar hafa blundað alllengi í sér en það er fyrst núna sem hann hefur fundið þeim farveg í myndheimi sem byggður er bæði á málverki og ljósmyndum.

Hinn málaði hluti myndanna er algerlega óhlutbundinn og myndar þannig mótsögn við ljósmyndina, sem ber þó málverkið uppi.

Sýning Kristjáns verður opnuð klukkan 17 í dag og stendur hún fram í miðjan maímánuð. ■



**KRISTJÁN JÓNSSON** Sýnir málaðar ljósmyndir í galleríi Sævars Karls.





Í Þjóðleikhúsinu þri. 26/4 kl. 16:15 og mið. 27/4 kl. 16:15

Hver þátttakandi hefur 10 mínútur til ráðstöfunar og getur nýtt þann tíma að eigin vild (leikur, söngur, dans).

Áhugasamir geta skráð sig með því að senda tölvupóst á hlin@leikhusid.is eða með símtali í s. 585 1231. Taka þarf fram nafn, símanúmer og netfang. Skráningu lýkur föstudaginn 22. apríl. Nánari upplýsingar er að finna á **www.leikhusid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


# Í kapphlaupi við tímann

Fjögur dansleikhúsverk verða frumsýnd á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld. Öll verkin eiga það sameiginlegt að takast á við augnablikið og fjalla um það hvernig lífið og tíðarandinn stjórnast af tímanum. Sameiginleg yfirskrit verkanna er „Augnablikið fangað“.

„Þetta eru minningabrot frá Finnlandi,“ segir til dæmis Ólöf Ingólfsdóttir, einn danshöfundanna, um verk sitt Hetkinen. Nafnið á verkinu þýðir „augnablik“ á finnsku og Ólöf segir efni þessi sótt í minningar hennar sjálfrar frá ýmsum tímum á Finnlandi. Síðastliðin 20 ár hefur hún margsinnis heimsótt Finnland og dvalið þar um lengri eða skemmri tíma.

„Þetta hefur einhvern veginn æxlast þannig að leiðin hefur legið þangað þó nokkuð oft, stundum mjög stutt, kannski bara í tvo daga, en stundum lengur. Einn vetur var ég þar í myndlistarnámi en ég hef líka unnið þar í skemmri tíma.“

Sjö dansarar taka þátt í að flytja verkið hennar, sem tekur um fimmtán mínútur í flutningi.

„Efniviðurinn er sóttur í atburði en ég er ekkert endilega að lýsa þessum atburðum neitt. Það sem stendur upp úr er ekki endilega hvað gerðist heldur þau áhrif sem maður hefur orðið fyrir. Maður er með svo margar minningar í hausnum að þetta er bara núll komma núll eitthvað prósent af minningabankanum.“

Önnur verk sýningarinnar eru Núna eftir Irmu Gunnarsdóttur, Kólnandi kaffi eftir Lovísu Ósk Gunnarsdóttur og Höllu Ólafsdóttur og Í ræktinni eftir Katrínu Ingvadóttur.

„Kannski liggur það í eðli verkefnisins. Eins og ég upplifi Finnland er þungur undirtónn í finnsku þjóðfélagi. Hann hefur kannski laumast inn í verkið.“

Tíu dansarar og leikarar bera sýninguna uppi, margir af okkar fremstu atvinnudönsurum yngri kynslóðarinnar. Dansleikhúsið var stofnað sem þróunarverkefni á vegum Dansræktar JSB/Jazzballettskóla Báru fyrir þremur árum. Í dag er það búið að festa sig í sessi sem vettvangur fyrir unga atvinnudansara og danshöfunda þar sem höfundar vinna við og þróa list sína.

Þesi tímabundna sýning Dansleikhússins á Nýja sviði Borgarleikhússins hefst klukkan 19 í kvöld, en næsta sýning verður á sunnudaginn og sú þriðja verður 1. maí. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MINNINGABROT FRÁ FINNLANDI** Eitt verkanna á sýningu Dansleikhússins í Borgarleikhúsinu sýnir minningabrot Ólafar Ingólfsdóttur frá Finnlandi.

# Mozart í Ýmishúsinu

Söngnemendur Nýja söngskólans „Hjartansmál“ flytja í kvöld óperuna Cosi fan tutte eða Skóli elskendanna eftir Wolfgang Amadeus Mozart í styttri gerð.

Þetta verður síðasta sýning á óperunni, sem var frumsýnd um síðustu helgi í tilefni af tíu ára afmæli skólans, sem er til húsa í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð.

„Skólinn hefur vaxið með hverju árinu. Hann byrjaði fyrst vestur í bæ með Kvennakórnum en flutti svo hingað í Ýmishúsið þegar Karlakór Reykjavíkur hóf starfsemi hér,“ segir Guðbjörg Sigurjónsdóttir skólastjóri. „Við erum að halda upp á afmælið með því að hafa þessa óperusýningu núna. Svo verðum við líka með kammertónleika 2. maí og dægurlagatónleika seinna í maí.“

Cosi fan tutte er ópera í tveimur þáttum sem eins og nafnið gefur til kynna fjallar um elskendur og reynslu þeirra á gamansaman hátt.

Leikstjóri og tónlistarstjóri er Guðbjörn Guðbjörnsson tenórsöngvari en Raúl Jiménez píanóleikari tekur að sér hlutverk hljómsveitarinnar.

Söngvarar eru Anna Klara Georgsdóttir, Katla Jörundsdóttir, Dagrún Leifsdóttir, Auður Kristinsdóttir, Þóra Dögg Jónsdóttir, Vilborg Helgadóttir, Herdís Álfsdóttir, Sæberg Sigurðsson, Páll Líndal, Elmar Þór Gilbertsson, Sævar Kristinsson og Árni S. Björnsson auk fleiri nemenda skólans. ■



**FLYTJENDUR ÓPERUNNAR** Nemendur Nýja söngskólans „Hjartansmál“ ásamt Guðbirni Guðbjörnssyni, leikstjóra sýningarinnar.

REXTON



Rexton á 33" dekkjum

# Fallegur og stenst samanburð

Nýtið ykkur hagstætt gengi !

Rexton RX 270 Diesel



Landcruiser 90 GX Diesel



## Komdu og kynntu þér muninn

| | Rexton | Landcruiser* |
|---|---|---|
| Heildarlengd | 4,72 m | 4,71 |
| Lægsti punktur | 225 mm | 220 mm |
| Vél - hestöfl | 165 hp | 166 hp |
| Hátt og lágt drif | já | já |
| Olíueyðsla blandaður akstur, lítrar/100 km | 8,9 | 9,1 |
| Sídrif | já | já |
| Skriðvörn ESP | já | nei |
| Vel búinn, lúxusjeppi með öllum helstu þægindum | já | já |
| Verð | 3.890.000 | 4.690.000 |

Bílabúð Benna

*upplýsingar af www.toyota.is

Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

hausverk / SÍA




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**KODDAMAÐURINN HRYLLILEGT OG FYNDIÐ SAKAMÁLALEIKRIT!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 23/4 **örfá sæti laus**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **uppselt**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **uppselt**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 24/4 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **uppselt**.

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
**Frumsýning mið. 27/4 örfá sæti laus**, 2. sýn. fös. 29/4 **örfá sæti laus**, 3. sýn. sun. 1/5 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 5/5 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 6/5 **örfá sæti laus**, 6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Fim. 28/4 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 **örfá sæti laus**.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir!**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Í kvöld fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**. **Sýningum að ljúka á Smíðaverkstæði.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Í kvöld fim. 21/4 **uppselt**, fös. 22/4 **uppselt**, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**, **aukasýning sun. 1/5**, fim. 5/5 **örfá sæti laus**, fös. 6/5 **nokkur sæti laus**, mið. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 28/5 **örfá sæti laus**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20, Fö 22/4 kl 20,
Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
- ***Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Frumsýning í dag kl 14 - **UPPSELT,**
Lau 23/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Su 24/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Su 1/5 kl 14, Su 1/5 kl 17, Fi 5/5 kl 14,
Lau 7/5 kl 14

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Fö 22/4 kl 20
***Síðasta sýning***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Í kvöld kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl. 20 - **UPPS.,** Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 23/4 kl 20, Su 24/4 kl 20 -**UPPS.,**
Fö 29/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,** Mi 4/5 kl 20 - **UPPS.,** Fi 5/5 kl 20 - **UPPS.,** Fö 6/5 kl 20,
Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.,** Su 8/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - ***Aukasýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 22/4 kl 20, Lau 23/4 kl 20
Lau 30/4 kl 20, Su 1/5 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**

**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Í kvöld kl 19:09 **Frumsýning**
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar 3 sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

■ **DANSLIST**



**TEKIST Á VIÐ UNGLINGSÁRIN** Dansleikhúsverk Sveinbjargar Þórhallsdóttur, Hvar ertu stúlkukind?, verður sýnt á gjörningaviku í Nýlistasafninu í dag.

# Stúlkukind á gjörningaviku

„Þetta fjallar um unglingatímann, þessi mótunarár þegar við vitum ekki alveg hvað við heitum en erum ofboðslega stórhuga,“ segir Sveinbjörg Þórhallsdóttir danshöfundur um verkið sitt „Hvar ertu stúlkukind?“, sem verður sýnt á gjörningaviku Nýlistasafnsins í dag klukkan 16.

Tónlistin er eftir Ólöfu Arnalds, sem jafnframt sér um tónlistarflutninginn en búningahönnuður er Helga Lilja Magnúsdóttir. Dansinn er síðan í höndum fjögurra dansara, sem allir eru nemendur af framhaldsbraut Listdansskóla Íslands.

„Stelpurnar eru komnar mislangt í dansinum, en ég vinn verkið sérstaklega út frá þessum stúlkum. Þetta er sérstaklega samið með getu þeirra í huga.“

Sveinbjörg segir verkið á köflum mjög fyndið en jafnframt ákaflega fallegt, með skrautlegum búningum og skemmtilegheitum.

„Þær eru mikið að rekast á veggi eins og oft gerist á þessum árum. Það er alltaf eitthvað að koma upp á. Þetta er sprenghlægilegt en undirtónninn er samt mjög alvarlegur því að þetta er oft erfiður tími fyrir krakka.“

Verkið er að miklu leyti unnið upp úr gömlum dagbókum. Ólöf les upp texta úr gamalli dagbók eftir sjálfa sig og dansararnir fara einnig með stuttan texta, sem jafnframt er tjáður í dans þeirra.

„Við höfum verið að kíkja í gamlar dagbækur og búa til ýmsar aðstæður út frá því. Þetta eru okkar eigin dagbækur og við höfum verið að skoða tilfinningar sem komu upp hjá okkur á þessum tíma. Það er allt svo hádramatískt á þessum tíma þótt við getum hlegið að því eftir á.“

Sveinbjörg fékk úthlutað listamannalaunum og hefur notað tímann meðal annars til þess að vinna að þessu verkefni. Næsta verkefni hennar verður í Berlín.

Sýningin er liður í gjörningaviku Nýlistasafnsins, sem hófst með tónleikum Stúlknakórs Reykjavíkur á mánudagskvöldið.

Á morgun verður flutt Hljóð/Orkuverk eftir Magneu Ásmundsdóttur og jafnframt verður önnur sýning á dansverki Sveinbjargar.

Á laugardaginn munu listamennirnir Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Baldur Björnsson, Massi Bjarna, Ólafur Lárusson og Sara Björnsdóttir fremja gjörninga. Dagskránni lýkur svo með tónleikum Sæborgarinnar. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

19 20 **21** 22 23

**Fimmtudagur**

### KVIKMYNDIR

- 20.00 Margmiðlunarsýningin **The Big Cry** eftir **Margréti Sigurðardóttur** söngkonu verður í Hafnarhúsinu. Kvikmyndabrotum er varpað á tvo skjái með lifandi djasstónlist.

### TÓNLEIKAR

- 17.00 **Skagfirska Söngsveitin** í Reykjavík heldur 35. vortónleika sína í Langholtskirkju ásamt einsöngvurunum **Hörpu Hallgrímsdóttur, Huldu Guðrúnu Geirsdóttur, Sigurði Skagfjörð Steingrímssyni** og **Stefáni Helga Stefánssyni**. Stjórnandi er **Björgvin Þ. Valdimarsson**.
- 17.00 Kammerhópurinn **Camerarctica** flytur ásamt **Mörtu G. Halldórsdóttur** sópran, **Hlín Pétursdóttur** sópran, **Miklósi Dalmay** píanóleikara, **Eydísi Franzdóttur** óbóleikara og **Magneu Árnadóttur** þverflautuleikara einleiks-, kammer- og söngverk **Elínar Gunnlaugsdóttur** tónskálds á tónleikum í Sigurjónssafni.
- 20.00 Nemendur Nýja söngskólans "Hjartans mál" flytja gamanóperuna **Cosi fan tutte** eftir Mozart í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð. Stjórnandi er **Guðbjörn Guðbjörnsson** og píanóleikari **Raúl Jiménez**.
- 21.00 Djasskvartettinn **Póstberarnir** leika á Múlanum í gyllta salnum á Hótel Borg. Þeir **Andrés Þór** gítarleikari, **Eyjólfur Þorleifsson** saxófónleikari, **Eric Qvick** trommuleikari og **Ólafur Stolzenwald** kontrabassaleikari flytja fágæta húsganga úr ameríska fimmundarhringnum.
- 22.00 **Tríó Sunnu Gunnlaugs** leikur á Pravda Bar. Ásamt Sunnu, sem mun leika á Wurlitzer, spila þeir **Róbert Þórhalls** á kontrabassa og **Scott McLemore** á trommur.

■ **LEIKSÝNING**



**ÚR ÆVINTÝRUM ÞUMALÍNU** Sólheimaleikhúsið frumsýnir í dag leikrit eftir ævintýri H.C. Andersen um hina örsmáu Þumalínu.

# Þumalína á Sólheimum

Sólheimaleikhúsið frumsýnir í dag leikritið Ævintýri Þumalínu eftir H. C. Andersen. Nú eru liðin 200 ár frá fæðingu þessa merka manns og leikhúsinu þótti því við hæfi að heiðra minningu hans með uppsetningu leikverks.

Sérstaða Sólheimaleikhússins er sú að fatlaðir og ófatlaðir vinna saman að uppsetningum leikverka. Allir íbúar Sólheima sem hafa áhuga eru velkomnir að taka þátt, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna. Leikverkið er þá aðlagað fjölda og getu leikenda.

Tuttugu og einn leikari kemur fram í þessari sýningu, en auk þess tók tíu aðrir þátt í verkinu með því að sjá um grímugerð, búninga og tæknivinnu.

Leikhópurinn byggist upp á kór, sögumönnum og Þumalínu, en leikararnir stíga fram úr kórnum til skiptis og leika þá ýmsar persónur.

TIl þess nota þeir karaktergrímur en tal þeirra er leikið af bandi.

Leikstjóri verksins er Ása Hlín Svavarsdóttir en hún vann leikgerðina eftir þýðingu Steingríms Thorsteinssonar og er sögumannatextinn að nokkru leyti tekinn beint upp úr þýðingu hans. Tónlist frumsamdi Magnús Kjartansson og söngtexta samdi Kristján Hreinsson, stórskáldið úr Skerjafirðinum. ■

# Klámhögg

## [ LEIKLIST ]

UMFJÖLLUN

Það er ótrúlega leiðinlegt að leiðast í leikhúsi. Sem betur fer er það sjaldgæft en kemur þó fyrir, nú síðast á sýningu Leikfélags Akureyrar á Pakkinu á móti. Af hverju? Jú, það gekk bara ekkert upp.

Í fyrsta lagi er erfitt að átta sig á af hverju LA valdi þetta verk til sýningar. Hvaða erindi það á við áhorfendur í þessu samfélagi á þessum tíma? Erfitt er að gera sér grein fyrir hvert höfundurinn er að fara með verkinu nema þá helst að gefa skít í allt eins og fram kemur í viðtali við hann í leikskrá. En hvaða tilgang Leikfélag Akureyrar sér í því að leggja honum lið í þeim skítmokstri er ofar mínum skilningi.

Er verkið djarft, ögrandi og beitt í þjóðfélagsrýni sinni, og þar með líklegt til að vekja frjóa umræðu í samfélaginu? Nei. Hæfir verkið vel leikhópnum sem við það fæst og er líklegt til að þroska og efla meðlimi hans sem listamenn? Nei. Er líklegt að það sogi til sín áhorfendur í stórum stíl og verði þannig léttum kassa leikhússins til þyngingar? Nei. Fékk ekki verkið verðlaun á Edinborgarhátíð? Jú, en það segir raunar það eitt að úrvalið það árið hefur ekki verið stórbrotið.

Hafi hugmyndin verið að laða að leikhúsinu unga og óreynda áhorfendur sem þekkja betur teiknimyndir, tölvuleiki og tónlistarmyndbönd en leikhús hefði verið sjálfsögð kurteisi að vanda til verka í uppsetningunni. Fyrirgefið, þessa sýningu skortir algjörlega þá fagmennsku og vandvirkni sem við áhorfendur á Norðurlandi hljótum að krefjast af eina atvinnuleikhúsi okkar.

Leikstjórinn virðist ekki hafa sett sér neina stefnu eða stíl í vinnu sinni og eigi sýningin að vinna gegn fordómum í garð þeirra sem eru ekki eins og við heldur „pakkið á móti“ þá mistekst það hrapalega.

Raunar svo mjög að klisjukenndar persónurnar virðast á stundum vera byggðar á fordómum frekar en samúð og skilningi. Persónuleikstjórnin er í molum og leikstjóranum mistekst að laða fram og aðstoða leikarana við trúverðuga og heilsteypta persónusköpun.

Rýmisnotkun, innkomur og útgöngur persónanna eru ruglandi og ómarkviss, oft að þeim punkti að leikararnir virtust einfaldlega fara syðstu leið út ef losna þurfti við þá af sviðinu og koma inn í leikrýmin eftir tilviljanakenndum hugdettum hverju sinni. Þessi sýning var frekar eins og drög, skissa að sýningu, augnabliksugmyndum skellt saman án þess að velja og hafna, sérstaklega hafna.

Leikmynd Sigurjóns olli mér vonbrigðum, studdi á engan hátt við verkið né gaf því aukna dýpt né vídd. Tilfinningin sem hún vakti var að leikmyndarhönnuðurinn og leikstjórinn hefðu ekki náð saman um hvert stefna skyldi. Það sama má segja um búninga.

Leikurunum er svo vorkunn í þessari óreiðu allri og ekki bætir úr skák að val á leikurum í hlutverkin hefur mistekist með öllu hjá leikstjóranum. Enginn leikaranna var að fást við hlutverk sem hæfði honum eða hann átti möguleika á að ráða við.

Hildigunnur var að leika fjörgamla konu og gervið og hollningin og bara allt gerði það að verkum að manni fannst maður staddur á framhaldsskólasýningu slakri. Alls ekki Hildigunni að kenna, sem gerði margt vel innan þessa glórulausa ramma. Hún á betra skilið af leikfélaginu sínu en þetta. Hvers vegna var þetta verk valið fyrir þennan leikhóp?

Jón Páll leikur enskan Pakistana sem er að reyna að temja sér talsmáta og framkomu Jamaíkubúa. Hlutverk sem býður upp á fullt af gildrum og leikarinn fellur í þær allar. Datt úr karakter aftur og aftur svo maður vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið langtímum saman. Sérstaklega bagalegt af því að sé höfundurinn að reyna að segja eitthvað með þessu verki þá á það að kristallast í þessari persónu. En samúðin kviknaði aldrei og þessi ágæti maður kom manni bara ekkert við. Maður trúði ekki á þessa persónu.

Víkingur lögu, persónu sem leikstjórinn virðist ekki hafa gert upp við sig hvaða hlutverki gegndi í sýningunni. Teiknimyndapersóna, trúður eða tröll, ég veit ekki, en Víking skorti aldur, örugglega, reynslu eða getu, kannski, til að skapa persónu sem vekti viðbjóð og ógn, sem virðist þó hafa verið hugmynd höfundarins.

Guðjón Davíð var öfugt við Hildigunni að leika of langt niður fyrir sig og engin leið að leggja mat á getu hans sem leikara út frá þessu hlutverki. En túlkunarleiðin minnti óþægilega mikið á Stundina okkar.

Lýsingin hjá Birni var raunar það eina sem ég sætti mig við í þessari sýningu, stælalaus og unnin af fagmennsku. **Arnór Benónýsson**



**PAKKIÐ Á MÓTI**

**HÖFUNDUR:** HENRY ADAM
**ÞÝÐING:** ÚLFUR ELDJÁRN
**LEIKSTJÓRN:** AGNAR JÓN EGILSSON
**LEIKMYND OG BÚNINGAR:** SIGURJÓN JÓHANNSSON
**LÝSING:** BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON
**TÓNLIST OG HLJÓÐMYND:** ÚLFUR ELDJÁRN
**LEIKARAR:** HILDIGUNNUR ÞRÁINSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON, JÓN PÁLL EYJÓLFSSON OG GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON
FRUMSÝNT AF LEIKFÉLAGI AKUREYRAR 15. APRÍL 2005

**NIÐURSTAÐA:** Vont leikhús þar sem skortur á fagmennsku og vandvirkni er móðgun við áhorfandann og leiklistina.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

19 20 **21** 22 23

### Fimmtudagur

☐ 22.00 **Luther Thomas** frá Bandaríkjunum spilar á Grand Rokk ásamt **Birgi Baldurssyni, Eðvarð Lárussyni** og **Þórði Högnasyni**.

### OPNANIR

☐ 13.00 **Pétur Pétursson** opnar málverkasýningu í Norska húsinu í Stykkishólmi. Myndirnar eru sautján að tölu og allar unnar með akríllitum á striga á árunum 2003 til 2005.

☐ 14.00 **Kristján Jónsson** myndlistarmaður opnar sýningu í Gallerí Sævars Karls.

☐ 17.00 Sýning á verkum eftir **Odd Nerdrum** og **Stefán Boulter** verður opnuð í Gallery Terpentine, Ingólfsstræti 5.

### SKEMMTANIR

☐ 21.00 Trúbadorakeppni Suðurnesja verður haldin á Ránni í Keflavík. Að henni lokinni hefst harmonikuball.

### SAMKOMUR

☐ 15.00 Fjölskyldustemning verður á Minjasafninu á Akureyri á barnaskemmtun með leikjum og föndri.

☐ 20.30 Nemendur fyrsta og annars árs við fata- og textílhönnunardeild Listaháskólans sýna verk sín á tískusýningu í Klink og Bank.

### DANSLIST

☐ 16.00 Dansleikhúsverkið "**Hver ertu stúlkukind**" eftir **Sveinbjörgu Þórhallsdóttur** sýnt á gjörningaviku Nýlistasafnsins. Höfundur tónlistar og flytjandi er **Ólöf Arnalds**.

☐ 19.09 **Dansleikhúsið** frumsýnir fjögur tímabundin dansleikhúsverk á Nýja sviði Borgarleikhússins.

### VIKA BÓKARINNAR

☐ 13.30 Bókaverðir frá Foldasafni verða á fjölskylduhátíð í Rimaskóla.

☐ 14.00 Barnabókahöfundar koma að lesa fyrir börnin í Iðu við Lækjargötu.

☐ 14.00 Möguleikhúsið sýnir **Landið vifra** í Kvennó í Grindavík, að Víkurbraut 21.

☐ 14.00 **Bókaverðlaun barnanna** verða afhent í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. Leikarar úr leikritinu **Klaufar og kóngsdætur** sem Þjóðleikhúsið sýnir koma í heimsókn og **Felix Bergsson** skemmtir gestum og segja ævintýri.

☐ 14.00 Nemendur á leikskólabraut KHÍ sýna þrívíddarverk á Borgarbókasafninu við Tryggvagötu unnin út frá ævintýrum H.C. Andersen undir handleiðslu **Svölu Jónsdóttur**.

☐ 15.00 Dagskrá helguð verkum **Halldórs Laxness** verður á Gljúfrasteini. **Pálmi Gestsson** leikari les úr völdum skáldsögum og kvæðum Halldórs.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


GERÐUBERG
LOKAÐ
SUMARDAGINN FYRSTA
GLEÐILEGT SUMAR
www.gerduberg.is









Apótekarinn eftir Haydn
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar

29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

Tenórinn
Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar
Laugardaginn 23. apríl kl. 20 - *Uppselt*
*Auka aukasýning*
Laugardaginn 7. maí kl. 20
IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is
Tjarnarbakkinn restaurant











> Billy Idol


> Oasis

## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Oasis:** Don't Believe the Truth,
**Out Hud:** Let Us Never Speak Of It Again,
**Stereophonics:** Language, Sex, Violence, Other?,
**Billy Idol:** Devil's Playground,
**British Sea Power:** Open Season og
**New Order:** Waiting For the Sirens' Call.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Sálin tekur upp í Danmörku

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns er á leiðinni til Jótlands í Danmörku í júní til að taka upp sína nýjustu plötu. Þar mun sveitin dvelja í hinu þekkta hljóðveri, Puk, þar sem tónlistarmenn á borð við George Michael og Elton John hafa hljóðritað í gegnum tíðina. Einnig hefur hljómsveitin Mezzoforte stigið þar inn fæti. Síðasta plata Sálarinnar, Vatnið, kom út fyrir jólin 2003 en þar lék hún með Sinfóníuhljómsveit Íslands við góðar undirtektir. Tvö lög með Sálinni, „Aldrei liðið betur" og „Tíminn og við" hafa hljómað ótt og títt á öldum ljósvakans undanfarið en þau verða bæði á nýju plötunni. Ekki mun vera langur tími í að enn eitt lagið af plötunni fái að heyrast í útvarpinu.

Að loknum upptökum á plötunni fer Sálin í tónleikaferð um landið þar sem hún treður upp á öllum helstu tónleikastöðunum. Þess má geta að á laugardag spilar sveitin í fyrsta skipti í heimabæ bassaleikarans Friðriks Sturlusonar, Búðardal. Tónleikarnir eru liður í því sem kallað er Jörvagleði, en það er hátíð Dalamanna sem haldin er árlega.


**SÁLIN** Sálin hans Jóns míns er á leiðinni til Danmerkur til að taka upp sína nýjustu plötu.

## > Plata vikunnar ...



**TRABANT: Emotional**

*„Tregablandið gleðipoppið gengur fullkomlega upp. Emotional er mögnuð plata þar sem ástin, glimmer, gloss og gleði ráða ríkjum."* - **KH**

## > Popptextinn ...

*„We come from the land of the ice and snow,
From the midnight sun where the hot springs blow."*

Robert Plant sótti innblástur sinn til Íslands fyrir lagið Immigrant Song af plötunni Led Zeppelin III sem kom út 1970.






## [ X-Dominoslistinn ]

*TOPP 20 LISTI X-FM - 20. APRÍL*

| | |
|---|---|
| 1 | **B.Y.O.B** System of a Down |
| 2 | **DAFT PUNK IS PLAYING IN MY H..** LCD Soundsystem |
| 3 | **BE YOURSELF** Audioslave |
| 4 | **LYLA** Oasis |
| 5 | **THE HAND THAT FEEDS** Nine Inch Nails |


**SYSTEM OF A DOWN** Rokksveitin öfluga heldur toppsæti sínu á X-Dominoslistanum með lagið B.Y.O.B.


**ANDREA JÓNSDÓTTIR** Andrea hefur alla tíð verið mikill aðdáandi Led Zeppelin. Hún vill hvetja alla til að fara á tónleikana annað kvöld til að sjá Robert Plant.

# Plant hélt sætinu volgu

**Fyrrverandi söngvari Led Zeppelin, Robert Plant, heldur sína aðra tónleika hér á landi annað kvöld. Freyr Bjarnason ræddi við útvarpskonuna Andreu Jónsdóttur, Zeppelin-aðdáanda númer eitt á Íslandi, og fræddist nánar um þessa frægu rokkstjörnu.**

Robert Plant, fyrrverandi söngvari rokksveitarinnar goðsagnarkenndu Led Zeppelin, þykir í fínu formi þessa dagana og er nýju plötu kappans beðið með eftirvæntingu. Lög af plötunni hafa verið meðal efnis á tónleikadagskrá kappans og verið vel tekið. Á efnisskrá Plant eru þó ekki aðeins ný lög og lög frá farsælum sólóferli hans heldur má þar líka finna rjómann af því besta sem Led Zeppelin gerði. Á efnisskránni eru að jafnaði sex til níu Led Zeppelin lög og hver veit nema tónleikagestir fái til dæmis að heyra Stairway to Heaven, Whole Lotta Love, Black Dog eða Black Dog í Laugardalshöllinni annað kvöld?

Útvarpskonan Andrea Jónsdóttir hefur alla tíð verið mikill Zeppelin aðdáandi og er að sjálfsögðu afar spennt fyrir tónleikum kappans. Hún segist vera ánægð með feril Plant eftir að Zeppelin lagði upp laupana 1980, við fráfall trommuleikarans John Bonham. „Hann er búinn að eiga fínan og virðingarverðan sólóferil," segir Andrea. „Hún hefur reyndar aðeins lækkað röddin, sem er bara eðlilegt."

Að mati Andreu er nýjasta plata Plant, The Mighty Rearranger, mjög góð og hans besta til þessa í heildina séð. „Hann á einfaldlega besta sólóferilinn af Zeppelin-piltunum þremur. Hann á til dæmis betri og skemmtilegri feril en Jimmy Page þó að hann hafi átt stóran hluta í músíkinni hjá Zeppelin. Mér finnst Plant hafa tekist vel að sigla milli þess að gera sína eigin tónlist og gera það sem fólk vill heyra með smá Zeppelin-áhrifum."

Andrea hlær þegar hún minnist þess að hafa hitt Robert Plant einu og hálfu sinni. Fyrst hitti hún Plant er hún sat hjá meðlimum Zeppelin í flugvél á leið frá Íslandi eftir tónleika þeirra í höllinni 1970, sem hún hafði einmitt farið á. „Þetta voru mjög fínir náungar. Þeir voru eiginlega eins og vinkonur að tala saman um landið. Þeir voru ánægðir með móttökurnar og töluðu um hvað Gunni Þórðar væri góður flautuleikari. Þeir voru líka gjörsamlega karlrembulausir. Þeir reyndu aðeins við mig, örugglega bara til að halda í við rokkstjörnuímyndina, en létu mig svo alveg í friði," segir hún.

Um tuttugu árum síðar hitti Andrea Plant aftur í hálft skipti eins og hún orðar það. Þá var hún stödd í London og pantaði leigubíl heim til að fara á Heathrow. Í spjalli við leigubílstjórann kom upp úr krafsinu að hann væri nýbúinn að skutla Plant í bílnum. Bætti hann því við að rokkarinn hefði setið á sama stað og hún og því haldið sætinu volgu fyrir hana.

Andrea vill hvetja alla til að fara og sjá tónleikana annað kvöld. „Plant er einn af stórstjörnum allra tíma. Það eru ekkert margar sem endast svona og eru á þessum kaliber. Zeppelin voru risaeðlur í rokkinu og ég trúi því varla að það sé nokkur tónlistaráhugamaður sem hafi ekki tékkað á þeim."

Tónleikar Roberts Plant og hljómsveitar hans The Strange Sensation hefjast klukkan 20.00 og mun hljómsveitin Ske hita upp.

freyr@frettabladid.is


**ROBERT PLANT** Hinn heimsfrægi rokkari Robert Plant heldur sína aðra tónleika á Íslandi á morgun.



# Coldplay á hljóðhraða

Fyrsta smáskífulag bresku sveitarinnar Coldplay af sinni þriðju plötu, X&Y, fór í almenna spilun síðastliðinn mánudag. Lagið nefnist Speed of Sound og verður það gefið út á smáskífu 23. maí. Platan sjálf kemur síðan út þann sjötta júní.

Speed of Sound hljómar eins og rökrétt framhald af síðustu plötu sveitarinnar, A Rush of Blood to the Head. Hugljúfir píanóhljómar með nokkuð áberandi trommutakti einkenna lagið, sem setur væntanlega tóninn fyrir enn eina frábæru plötuna frá sveitinni. ■



**COLDPLAY** Breska hljómsveitin Coldplay lauk nýverið upptökum á sinni þriðju plötu.

# Plötusafnið á MP3-form

Þeir tónlistaráhugamenn sem vilja stíga skref inn í framtíðina og setja alla geisladiska sína á stafrænt MP3-form án mikillar fyrirhafnar geta nú sent diskana til fyrirtækisins Ripdigital.

Fyrst þarftu að senda upplýsingar á ripdigital.com um hversu marga geisladiska þú vilt færa yfir á MP3. Því næst sendirðu diskana þína í pósti til Bandaríkjanna. Eftir að Ripdigital hefur þjappað þeim saman í stafrófsröð á stafræna DVD-diska eru þeir sendir aftur til þín, ásamt auðvitað öllum diskunum þínum. Verðið er um það bil einn dollari fyrir hvern geisladisk, eða um 63 krónur. ■



**DISKASTAFLI** Sífellt fleiri vilja setja diskana sína á stafrænt form.

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

**The Bravery: The Bravery**
„The Bravery er líklegast hljómsveit sem þú átt annaðhvort eftir að elska eða hata. Frumraun þeirra er vandað sykurhúðað bílskúrsrokk sem ætti að koma rokkáhugamönnum í gott skap, a.m.k. að fá þá til að brosa.“ BÖS

**Moby: Hotel**
„Moby gefur út enn eina plötuna, og hverjum er ekki sama? Merkilega sálarlaust, ódýrt og óáhugavert. Tími Moby er liðinn.“ BÖS

**Nick Cave and the Bad Seeds: B-Sides and Rarities**
„Meistari Cave gefur út þriggja diska box, fullt af efni sem endaði ekki á þrettán breiðskífum hans af einhverjum ástæðum. Sýnir ótrúlega skarpa mynd af listamanninum og er skyldueign í safnið.“ BÖS

**Bright Eyes: I'm Wide Awake, It's Morning**
„Undrabarnið Bright Eyes skilar af sér yndislegri plötu sem á eftir að eldast eins og vín.“ BÖS

**Queens of the Stone Age: Lullabies to Paralyze**
„Queens of the Stone Age skila af sér stórkostlegri rokkplötu sem þeir eiga eftir að minnast á í sögubókunum. Frábær plata, frá upphafi til enda.“ BÖS

**Jennifer Lopez: Rebirth**
„Fjölmargar kynæsandi myndir á umslaginu ná því miður ekki að dreifa athyglinni frá slakri tónlistinni.“ FB

**50 Cent: The Massacre**
50 Cent gefur aðdáendum sínum það sem þeir vilja á fylgifisk hinnar geysivinsælu Get Rich or Die Tryin. Þetta er nánast sama kaffið, Nesquick með allt of miklum sykri. Aðdáendur verða sáttir, hinir halda áfram að hrista hausinn. BÖS

**Daft Punk: Human After All**
„Daft Punk náðu loksins að sannfæra mig um að hér séu tilfinningaríkir og skapandi menn á ferð. Bráðskemmtileg plata sem rennur þægilega í gegn frá upphafi til enda.“ BÖS

Birgir Örn Steinarsson
Freyr Bjarnason





Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is









# Það er enginn heilagur á Cannes

**Stjörnurnar flykkjast til Cannes í maí þegar kvikmyndahátíðin þar hefst. Það er yfirleitt mikill handagangur í öskjunni enda safnast þar saman um fimmtíu þúsund manns sem allir hafa eitthvað til málanna að leggja.**



**MICHAEL MOORE MEÐ VERÐLAUNIN Í FYRRA** Myndin hans Fahrenheit 9/11 bar sigur úr býtum á Cannes-hátíðinni í fyrra en þá var Quentin Tarantino formaður dómnefndar.

Franska sólskinsparadísin Cannes umbreytist iðulega í maímánuði. Þá flykkjast þangað kvikmyndastjörnur og leikstjórar til að sýna sig og sjá aðra. Ljósmyndarar eru á hverju strái og vonast til þess að fanga eitthvað sérstakt og spennandi sem þeir geta selt til slúðurblaðanna. Cannes er kvikmyndahátíð sem á sér engan sinn líka og kvikmyndir ganga kaupum og sölum á hverju horni. Ef þú ert ekki á Cannes ertu ekki í kvikmyndageiranum.

Cannes er umdeild og oftar en ekki hefur dómnefndin farið sínar eigin leiðir og niðurstöðurnar ekki verið í samræmi við það sem áhorfendur hafa valið. Ákvarðanir hennar hafa verið umdeildar og sigurvegarar baulaðir niður. Það er eitt af því sem gerir Cannes einmitt svo heillandi. Þrátt fyrir rósrauðan bjarma kraumar keppnisandinn undir niðri og fólkið sýnir óhikað óánægju sína ef því líkar ekki það sem það sér. Það er nefnilega enginn heilagur á Cannes-hátíðinni.

### Gus Van Sant með rokkaramynd

Á síðasta ári var lögð megináhersla á heimildarmyndir og teiknimyndir. Stórar bandarískar kvikmyndir eins og The Ladykillers eftir Coen-bræður, Fahrenheit 9/11 eftir Michael Moore og Shrek 2 voru áberandi og formaður dómnefndar var Quentin Tarantino. Í ár ætlar Cannes-hátíðin að snúa aftur til rótanna og kvikmyndir eftir leikstjóra í sjálfstæða kvikmyndageiranum verða áberandi.

Ferill Gus Van Sant hefur verið upp og niður undanfarin ár. Hann vakti fyrst athygli fyrir kvikmyndir á borð við Drugstore Cowboy og My Own Private Idaho. Hann leikstýrði síðan þeim félögum Ben Affleck og Matt Damon í Good Will Hunting og var tilnefndur til Óskarsverðlauna. Hann reyndi síðan að endurgera Psycho með misheppnuðum hætti og leikstýrði Sean Connery í Finding Forrester. Voru margir farnir að halda að Van Sant hefði snúið baki við uppruna sínum og ætlaði að hasla sér völl meðal hinna „stóru“ í Hollywood. Hann blés þó á allar slíkar raddir með kvikmyndinni Elephant, sem vann einmitt Gullpálmann í Cannes árið 2003.

Hann mætir á hátíðina með sína nýjustu mynd, Last Days, en hún er lauslega byggð á ævi Kurt Cobain. Kvikmyndin þykir sigurstrangleg en skartar engum þekktum leikurum.

### Furðufuglinn Von Trier og goðsögnin Wenders

Lars von Trier er annar fyrrum sigurvegari sem kemur á hátíðina með sína nýjustu afurð. Trier á sér sérstakan stað í hugum Íslendinga eftir að hafa keyrt Björk Guðmundsdóttur út í Dancer in the Dark. Hann mætti einnig með fyrsta hlutann í þríleik sínum um Bandaríkin, Dogville, fyrir tveimur árum og ætlar í ár að bjóða gestum hátíðarinnar upp á annan hlutann, Manderlay. Kvikmyndin lýsir þrælahaldi á öðrum áratugi síðustu aldar og skartar leikurum á borð við Danny Glover, Willem Dafoe og Lauren Bacall auk þess sem hirðleikari Trier, Jean-Marc Barr, fer með lítið hlutverk í myndinni.

Annar fyrrum sigurvegari er Wim Wenders en hann hreppti Gullpálmann 1984 fyrir Paris, Texas. Wenders er allt að því goðsögn í sjálfstæðri kvikmyndagerð og hefur haft mikil áhrif á seinni tíma kvikmyndagerðarmenn. Þetta er þó í fyrsta skipti síðan 1997 sem Wenders mætir á hátíðina. Nýjasta mynd hans, Don't Come Knocking, segir frá rosk-inni kúrekastjörnu sem gengur af tökustað og hefur leitina að sjálfum sér. Sam Shepard, sem einnig skrifar handritið að myndinni, fer með aðalhlutverkið ásamt þeim Jessicu Lange og Tim Roth.

### Star Wars og Woody Allen

Mikil spenna ríkir í kringum nýjustu mynd Jim Jarmusch, Broken Flowers, en þar leikur Bill Murray mann sem heldur af stað í ferðalag um Bandaríkin þver og endilöng til þess að leita uppi son sem hann vissi ekki að hann ætti. Þá ætlar leikarinn Tommy Lee Jones að frumsýna frumraun sína í leikstjórastólnum en það er myndin The Three Burials of Melquiades Estrada.

Einnig verður nýjasta Star Wars-myndin, Revenge of the Sith, sýnd á hátíðinni en hún og Match Point eftir Woody Allen taka ekki þátt í sjálfri keppninni.

Þó að frægu sjálfstæðu kvikmyndagerðamennirnir séu áberandi á listanum er aldrei að vita upp á hverju dómnefndin tekur og alls óvíst hvort ákvörðun hennar verður í samræmi við vilja áhorfenda. Eitt er þó víst, að dagana 11.-22. maí verða augu alheimsins á sólskinsparadísinni Cannes.

freyrgigja@frettabladid.is






**ÞORFINNUR ÓMARSSON** Segist hafa skammast sín fyrir að vera Íslendingur þegar Björk tók við verðlaununum. Aðeins einn fulltrúi íslenskra fjölmiðla var á svæðinu.

# Miklu meira en bara kvikmyndahátíð

Þorfinnur Ómarsson, framkvæmdastjóri BaseCamp, framleiðsludeildar Dagur Group, hefur aðeins misst úr eina hátíð síðan hann fór fyrst sem blaðamaður á hátíðina 1989. „Auðvitað varð ég pínulítið heillaður af þessum glamúr en þegar það veðraðist af manni var þetta miklu meiri vinna en skemmtun.“ Þorfinnur hefur upplifað tvo sigra Íslendinga á hátíðinni; þegar mynd David Lynch, Wild at Heart, sem Sigurjón Sighvatsson framleiddi, bar sigur úr býtum 1990 og þegar Björk Guðmundsdóttir fékk verðlaun fyrir leik sinn í Dancer in the Dark. „Íslendingahjartað sló mjög hratt þegar Björk kom upp á sviðið en ég hálfskammaðist mín fyrir að vera Íslendingur. Það var aðeins einn fulltrúi frá íslenskum fjölmiðli í salnum,“ segir Þorfinnur.

Hann hefur á undanförnum árum farið til Cannes í viðskiptaerindum enda segir hann að hátíðin snúist í raun um miklu meira en bara kvikmyndahátíðina. „Þarna er hægt að mynda viðskiptatengsl sem endast út allt árið því þangað koma í kringum tuttugu þúsund fagmenn.“ Þorfinnur segir enn fremur að þetta sé sú kvikmyndahátíð sem best sé fylgst með því yfir fjögur þúsund blaðamenn mæti á svæðið. „Það eru aðeins Ólympíuleikarnir eða heimsmeistarakeppnin í fótbolta sem fá meiri athygli, en þær eru haldnar fjórða hvert ár. Cannes er einu sinni á ári.“

Nýjasta kvikmynd Dags Kára, Voksne mennesker, verður á hátíðinni en hún er aðeins önnur myndin sem Íslendingur gerir og kemst þetta langt á hátíðinni. Hin myndin var Sódóma Reykjavík. „Þetta er glæsilegur árangur og hefur ótrúlega mikla þýðingu fyrir Dag Kára. Þetta er svona svipað og Eiður Smári að spila úrslitaleik í Meistaradeildinni,“ segir Þorfinnur, sem segist reikna með því að fara á hátíðina í ár. ■

# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!



Verð 795,-
Algengt verð 1.405,-

Verð 295,-
Algengt verð 595,-

Verð 495,-
Algengt verð 714,-

**OPIÐ Í SKEIFUNNI Í DAG SUMARDAGINN FYRSTA FRÁ 12-17!**

# NÝ SENDING AF TÍMARITUM!



Verð 145,-
Algengt verð 490,-

Verð 695,-
Algengt verð 1.295,-

Verð 225,-
Algengt verð 595,-

Verð 695,-
Algengt verð 1.055,-

Verð 395,-
Algengt verð 800,-

# SUMARGLEÐI!



**Af tilefni sumardagsins fyrsta og frábærum móttökum á sölu tímarita í verslunum okkar bjóðum við til sumarfagnaðar í verslun okkar Skeifunni 17!**

Gleðilegt sumar!!!

Kjörís & Fanta & Bakarameistarinn

**Láttu sjá þig í Office 1!**

**Office 1 Superstore**

Frábær tilboð á sumarleikföngum hjá okkur!









## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þegar athygli blaðaljósmyndara beinist að söngkonunni **Charlotte Church** þá verður hún afar niðurdregin að sögn móður hennar sem kallaði ljósmyndarana „algjöra asna“ sem áreiti dóttur hennar „á kvöldin, í hádeginu og á morgnana.“ „Ég hef verið með Charlotte þegar okkur hefur verið ýtt, það hefur verið trampað á okkur – allt til þess að fá mynd. Ég ber nákvæmlega enga virðingu fyrir ljósmyndurunum og finnst þetta ekki vera alvöru starf sem þeir gegna,“ sagði Maria Church bálreið.








## KVIKMYNDIR



**JODIE FOSTER** Leikkonan virta hefur tekið að sér hlutverk í næstu mynd Spike Lee.

# Foster í mynd Spike

Leikkonan Jodie Foster hefur tekið að sér hlutverk í næstu kvikmynd leikstjórans virta Spike Lee, Inside Man. Myndin fjallar um bankaræningja sem ætla að fremja hið fullkomna rán og lögreglumenn sem reyna að hafa hendur í hári þeirra.

Foster mun leika lögfræðing í myndinni en með önnur hlutverk fara Bretinn Clive Owen og Denzel Washington. Myndin er væntanleg á hvíta tjaldið á næsta ári. Önnur mynd frá Spike Lee er væntanleg á næsta ári. Hún nefnist The Night Watchman og skartar Keanu Reeves í aðalhlutverki. ■

# Collymore á hvíta tjaldið



Þeir sem fylgdust með fótbolta á tíunda áratugnum muna sennilega eftir honum. Stan Collymore var á sínum tíma eitt allra heitasta nafnið í enskri knattspyrnu. Hann var fyrsta ofurstjarnan úr boltanum og ruddi brautina fyrir menn eins og David Beckham. Hann lék lengi vel með Liverpool en eftir að hafa lent í vandræðum í einkalífinu fór ferill hans á knattspyrnuvellinum hratt niður. Hann átti á sínum tíma í eldheitu ástarsambandi við Rebeccu Loos og var kærður fyrir heimilisofbeldi gegn þáverandi unnustu sinni, sjónvarpsþulunni Ulriku Johnson.

Líkt og Eric Cantona gerði eftir að ferlinum á græna vellinum lauk ætlar Collymore nú að reyna fyrir sér í kvikmyndaleik en það hefur verið draumur hans að hasla sér völl á hvíta tjaldinu. Þetta er ekki stórt hlutverk en eftirvæntingin eftir myndinni er hins vegar meiri því þetta er önnur myndin um Catherine Tramell sem tældi Michael Douglas í Basic Instinct.

Sharon Stone mun sem fyrr leika Tramell en atriði Collymore er bílslys við Thamesána. Það veldur því að persóna Collymore deyr en Tramell lifir af. Það á að standa yfir í þrjátíu sekúndur og er Collymore himinlifandi yfir þessu hlutverki enda ætti hann að geta skilað því mjög vel. Hann á að leika útbrunna knattspyrnuhetju sem á í fíknefnavanda. Ætlað er að tökur hefjist í Pinewood í næstu viku. ■

**STAN COLLYMORE Á FULLRI FERÐ** Þessi fyrrverandi framherji Liverpool og Aston Villa ætlar að reyna að lífga upp á ferilinn og reyna fyrir sér á hvíta tjaldinu.

## SKRÝTNA FRÉTTIN

### Argentínumaður finnur stórfé í skyrtuvasa:

# Skilaði fénu til eigandans

Argentínumaður nokkur sem dreif sig inn í verslun sem selur notuð föt í Buenos Aires fann hvorki meira né minna en seðlabúnt upp á 250 þúsund krónur í skyrtuvasa á flík sem hann keypti sér í búðinni. Skyrtumaðurinn, sem heitir Claudio, var fljótur að drífa sig aftur í búðina til að skila peningunum. Sagði hann búðarmanninum frá málavöxtum og saman lögðu þeir mikla vinnu í sig til að finna fyrrverandi eiganda skyrtunnar og skila honum fénu. Hin réttmæti eigandi peninganna, Patricia Grieco, hafði selt skyrtuna, sem faðir hennar heitinn hafði áður átt, vegna peningaleysis og léttrar buddu.

„Ég er sannfærð um að heimur batnandi fer og að manneskjan er í eðli sínu góð, eftir þessa ánægjulegu lífsreynslu,“ sagði Patricia, alveg bit á heiðarleika Claudio. ■



**LUKKUSKYRTA** Í vasa skyrtu á flóamarkaði fannst kvartmilljón sem skilað var til fátæks eigandans.








■ TÓNLIST

# Tónleikarnir teknir upp

Trúbadorinn Halli Reynis spilar á sínum fyrstu tónleikum í sérstakri tónleikaröð á Café Rósenberg í kvöld. Hefur hann í hyggju að taka tónleikana upp ásamt þeim sem á eftir fylgja og gefa út plötu með afrakstrinum. Mun hún væntanlega koma út fyrir næstu jól.

„Mér finnst bara eðlilegt að gera þetta svona,“ segir Halli aðspurður um uppátækið. „Mig langar að fanga kaffihúsafílinginn. Ég hef verið það mikið úti að spila í gegnum tíðina og langaði að gera þetta á svona litlum stað. Það er svo mikil nálægð og sérstök stemmning sem myndast sem heillar mig.“

Halli verður einn með kassagítarinn á tónleikunum í kvöld sem hefjast klukkan 22.00. Mun hann spila mörg ný lög í bland við þau eldri. Hljómsveit hans fær því frí í kvöld, en hún spilaði undir á síðustu plötu hans, Við erum eins, sem kom út fyrir síðustu jól og fékk prýðisgóðar viðtökur. ■



**HALLI REYNIS** Trúbadorinn Halli Reynis heldur tónleika á Café Rósenberg í kvöld.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Victoria Beckham** virðist ekki vera sú liðtækasta í eldhúsinu því það eina sem hún kann að elda er spænsk ommeletta. Það var **David Beckham** sem ljóstraði upp leyndarmálinu um hæfileika stúlkunnar í eldhúsinu. „Hún eldaði eina frábæra um daginn. Ég var yfir mig hrifinn,“ sagði hann en fótboltakappinn er þekktur fyrir að vera kokkurinn á heimili sínu.









# VIÐ TÆKIÐ

## Ingibjörg, Össur og Benedikt XVI

**EDDA JÓHANNSDÓTTIR** HORFÐI Á VIÐUREIGN INGIBJARGAR OG ÖSSURAR.

Ég var búin að missa af fréttum á Stöð 2 þegar ég kom heim úr ræktinni á þriðjudagskvöldið og lenti í hræðilegu dílemma um hvort ég ætti að horfa á fréttir á RÚV eða fylgjast með fyrstu sjónvarpsviðureign Ingibjargar og Össurar í Íslandi í dag. (Tíminn sem fer í ræktina hefur sett frístundir og sjónvarpsgláp algjörlega úr skorðum og ef djöfulgangurinn á brettinu skilar mér ekki ríkum og föngulegum manni fyrir sumarlok heimta ég endurgreitt.)
Nema hvað, ég gat ekki stillt mig um að horfa á fyrstu frétt á RÚV, sem var að sjálfsögðu um nýjan páfa. Ég veit ekki af hverju ég var svona spennt fyrir þessu kjöri. Ég var enginn sérstakur aðdáandi gengins páfa og ekki er sá nýi skárri. Það er náttúrlega fráleitt að þessir gömlu íhaldshaugar séu beintengdari við guð en aðrir dauðlegir menn. Og þaðan af síður að nýkjörinn páfi leiði kaþólsku kirkjuna af einhverju viti inn í nýja öld. Svo aftur að Ingibjörgu og Össuri. Einhvern veginn fannst mér hálferfitt að horfa á þau kljást. Ég var vandræðalega meðvituð um hvernig þau tengjast fjölskylduböndum og svo fannst mér Össur brjóstumkennanlegur. Það hefur mér aldrei þótt um Össur áður. Kannski var það vegna þess að Ingibjörg hafði undirtökin, en þannig er bara Ingibjörg. Mér fannst allt í lagi að horfa á hana taka Björn Bjarnason í nefið á sínum tíma, ég vil bara ekki að hún geri það við Össur. Úrslitin úr skoðanakönnun í lok þáttar voru þó Össuri í hag. Það er ósennilegt að sú verði lokaniðurstaðan. Ekki að mér sé ekki sama, þannig séð. Ég hef ekki sérstaka trú á að Samfylkingin leiði þjóðina inn í nýja og betri tíma frekar en Benedikt kaþólsku kirkjuna.


Ingibjörg og Össur mættust í Íslandi í dag og kölluðu fram blendnar tilfinningar.


▶ 22.45 *Drama*

**Desperate Housewives. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum.**


▶ 21.25 *Bíó*

**Hollywood Homicide. Morð á meðlimum rappsveitar vekur óhug og félagarnir KC og Joe þurfa að leysa málið.**


▶ 22:00 *Raunveruleiki*

**The Swan. Lokaþáttur í þessum veruleikaþætti þar sem konur keppa um titilinn Fegursti svanurinn.**

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.45** Í klakaböndum **10.00** Ökuþórinn **11.30** Hlé

**13.25** Hreysti á Akureyri **14.25** Ístölt í Egilshöll 2005 **15.05** Í brennidepli **15.50** Í Austurdal **16.40** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Spæjarar (8:26)** (Totally Spies I)

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35** **Íslandsmótið í handbolta** Úrslitakeppnin, undanúrslit karla, 2. leikur, bein útsending frá öllum leiknum.

**21.15** **Músíktilraunir 2005** Upptaka frá úrslitakvöldi hljómsveitakeppninnar Músíktilrauna 2005 sem fram fór í Reykjavík í mars. Dagskrárgerð: Ragnar Santos.

**22.00** **Sporlaust (7:24)** (Without A Trace II) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.

▶ **22.45** **Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.30** Soprano-fjölskyldan (2:13) **0.25** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 **11.40** Oprah Winfrey

**12.25** The Block 2 (20:26) **13.10** Fear Factor (1:31) **14.35** Jag (12:24) (e) 15.20 **55** Degrees North (6:6) (e) **16.15** Punk'd 2 (e) **16.40** Andre Riou (e) **17.45** David Blaine: Magic Man (e)

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**19.00** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)

**19.25** **Norah Jones and the Handsome Band** (Norah Jones í Nashville) Upptaka frá tónleikum í Nashville þar sem Grammy-verðlaunahafinn Norah Jones flytur sín þekktustu lög.

**20.25** **American Idol 4 (30:41)** (Aðeins sjö keppendur eru eftir.)

**21.05** **American Idol 4 (31:41)**

▶ **21.25** **Hollywood Homicide** (Morð í Hollywood) Joe og KC eru rannsóknarlögreglumenn í morðdeildinni í Los Angeles. Starfið er þeim ekki allt því Joe selur fasteignir í frístundum en KC dreymir um að slá í gegn á leiksviði. En nú verða áhugamál þeirra að víkja fyrir vinnunni. Morð á meðlimum rappsveitar vekur óhug og félagarnir verða að leggja sig alla fram til að leysa þetta ógeðfellda mál. Aðalhlutverk: Harrison Ford, Josh Hartnett, Lena Olin. 2003. Bönnuð börnum.

**23.20** Guarding Tess (e) **0.55** Medium (6:16) (Bönnuð börnum) **1.40** Raising Arizona (Bönnuð börnum) **3.10** Jungle Fever (Stranglega bönnuð börnum) **5.20** Fréttir **5.50** Tónlist frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** The King of Queens (e) **7.30** Djúpa laugin 2 (e) **8.20** America's Next Top Model (e) **9.10** Þak yfir höfuðið (e)

**17.50** Cheers – 2. þáttaröð (12/22) **18.20** Fólk – með Sirrý (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið**

**19.30** **Will & Grace (e)**

**20.00** **Malcolm In the Middle** Kitty snýr aftur og biður Lois um hjálp við að fá eiginmann sinn aftur til sín. Francis kemur heim og tekur Dewey í hræðilega busavígslu.

**20.30** **The King of Queens** Vinirnir reyna að fá Denise kærustu Spence til að falla fyrir honum á ný. En allt fer í hundana er Danny fær í kjálkann og hópurinn eyðir öllum peningunum sem hann hafði tekið út á kreditkortin sín.

**21.00** **Boston Legal** Lori hjálpar fyrrverandi uppljóstrara sínum sem var skotinn er hann rændi sjoppu og vill ekki láta fjarlægja kúluna úr sér.

▶ **22.00** **The Swan – lokaþáttur**

**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** America's Next Top Model (e) **0.15** The Mountain (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (12/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Spy Kids **8.00** Little Secrets **10.00** Lloyd **12.00** MVP: Most Valuable Primate **14.00** Spy Kids **16.00** Little Secrets **18.00** Lloyd **20.00** Frailty (Stranglega bönnuð börnum) **22.00** Thirteen Ghosts (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** The Pit and the Pendulum (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Misery (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Thirteen Ghosts (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny Hinn **8.00** Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Í leit að vegi Drottins **10.00** Joyce M. **10.30** Maríusystur **11.00** Ísrael í dag **12.00** Blandað efni **14.00** Joyce M. **14.30** Freddie Filmore **15.00** Samverustund (e) **16.00** Christian Fellowship **17.00** Ron Phillips **17.30** Gunnar Þorst. (e) **18.00** Joyce M. **19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna **21.30** Joyce M. **22.00** Acts Full Gospel **22.30** Joyce M. **0.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó. Who is Cleits Tout? **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Weightlifting: European Championship Sofia **14.00** Snooker: World Championship Sheffield **15.00** Weightlifting: European Championship Sofia **16.30** Snooker: World Championship Sheffield **17.30** Weightlifting: European Championship Sofia **19.30** Snooker: World Championship Sheffield **20.30** Boxing **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Fight Sport: Free Fight

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Step Inside **14.25** Bill and Ben **14.35** Intergalactic Kitchen **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** Eastenders **18.00** Keeping Up Appearances **18.30** My Hero **19.00** Clocking Off **20.00** Kathleen Ferrier: an Ordinary Diva **21.00** Mastermind **21.30** Celeb **22.00** Two Thousand Acres of Sky **23.00** Ray Mears' Extreme Survival

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Great Bear Rainforest **14.00** Amazon Claws **15.00** The Bonecrushers **16.00** Battlefront **17.00** Explorations **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** The Bonecrushers **20.00** Battle of the Arctic Giants **21.00** Blue Realm **22.00** Quest for Noah's Flood **23.00** Forensic Factor **0.00** Explorations

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Dolphinmania **13.00** A Man Called Mother Bear **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** That's My Baby **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** Return of the Cheetah **19.00** Dolphinmania **20.00** Miami Animal Police **21.00** Chimpanzee Diary **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Cell Dogs

**DISCOVERY**
**12.00** Mummy Autopsy **13.00** Flying Heavy Metal **13.30** Rivals **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Stress Test **17.00** Wheeler Dealers **18.00** Mythbusters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Tanks

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Damage Control **19.00** Punk'd **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Dirty Sanchez **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** Fabulous Life Of **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Ross's BBQ Party **12.40** Race to the Altar **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Race to the Altar **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Sex Tips for Girls **20.45** Sex and the Settee **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Great Gardens **23.10** Art and Soul **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Behind the Scenes **13.00** E! Entertainment Specials **14.00** Style Star **14.30** Love is in the Heir **15.00** 101 Reasons the '90s Ruled **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** Extreme Close-Up **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Style Star **20.30** Fashion Police **21.00** Scream Play **22.00** 101 Most Shocking Moments in... **23.00** E! News **23.30** Life is Great with Brooke Burke **0.00** Stunts

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Scooby-Doo **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.10** Matchless **13.55** Hills Run Red, the **15.25** Some Girls **17.00** Romantic Comedy **18.40** Man Who Fell to Earth **20.20** Starcrossed **21.55** Killer Klowns from Outer Space **23.20** Caveman **0.50** Koyaanisqatsi

**TCM**
**19.00** Mutiny on the Bounty **21.55** Seven Faces of Dr Lao

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### TWO AND A HALF MEN

Stöð 2 kl. 21.25

**Þátturinn hefur slegið í gegn vestan hafs.**

## Stjörnuprýddur þáttur

Nú eru Reykjavíkurnætur farnar í smá frí og í staðinn kemur gamanmyndaflokkurinn Two and a Half Men. Þátturinn fjallar um piparsveininn Charlie Harper sem skyndilega verður að hugsa um fleira en hið ljúfa líf. Alan bróðir hans stendur í skilnaði og flytur til Charlies ásamt Jake syni sínum.

Í aðalhlutverkum eru Charlie Sheen, Jon Cryer og Angus T. Jones. Fjöldi gestaleikara kemur við sögu í myndaflokknum en í þætti kvöldsins fá áhorfendur að sjá Sean Penn, Elvis Costello, Harry Dean Stanton og Bobby Cooper spreyta sig.



Við tökur á þætti kvöldsins.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„No, I am just talking about dinner. Wear make-up, put on a dress. Panties are optional."**

**Svar:** Doktor Benjamin Stone úr kvikmyndinni Doc Hollywood frá árinu 1991.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Lolla finnur Ameríku – Pistlar Ólafíu Hrannar Jónsdóttur e. **10.03** Tónlistarþáttur Dr. Gunna e.

**12.10** Hádegisútvarpið Umsjón: Kristján Hjálmars. og Þórarinn Þórarins. **13.00** Af lífi og dauða Umsjón: Ragnheiður Gyða e. **15.03** Spáðu í mig – Megas sextugur e.

**18.00** Úr sögusafni Hitchcocks, Konfekt og kærleikur e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.10** Nú er sumar, gleðjist gumar **9.03** Laufskálinn **9.40** Úr ævintýrum H. C. Andersens **10.15** Í heimi listanna **11.00** Skátamessa í Hallgrímskirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Hvar er barnamenningin? **13.50** Dimmalimm **14.40** Smásaga **15.10** Vel er mætt til vinafundar **16.10** Únglíngurinn í skóginum

**18.00** Kvöldfréttir **18.22** Vorsónatan **19.00** Vitinn **19.28** Ungir einleikarar **20.40** Tryggð hennar og staðfesti **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Líf

**23.10** Um lágnættið

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Sumardagurinn fyrsti með Lísu Pálsdóttur

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Sumardagurinn fyrsti með Margréti Blöndal **16.08** Hljómsveitin Hjálmar og KK í Loftkastalanum

**18.00** Kvöldfréttir **18.22** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.35** Handboltarásin **21.05** Konsert **22.10** Óskalög sjúklinga

**0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurflutningur frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**20:30** *Íþróttir*

**Þú ert í beinni! Umræðuþáttur um allt sem er efst á baugi í íþróttaheiminum.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.45** **David Letterman**
**19.30** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi)
**20.00** **Íslandsmótið í kraftlyftingum 2005**
**20.30** **Þú ert í beinni!**
**21.30** **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Hér er fjallað jafnt um nýja sem notaða bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu.
**22.00** **Silungur á Íslandi (2:2)** Nú er haldið til veiða í Eyjafjarðará sem þykir ein besta bleikjuá í Evrópu. Sigurður Gestsson, kunnur líkamsræktarfrömuður, er einn þeirra sem spreytir sig með stöngina ásamt félaga sínum, Hermanni Brynjarssyni stórveiðimanni. Áhorfendur fá líka að kynnast Gylfa Kristjánssyni og flugunum hans. Gylfi er meistari þegar öflugar silungsflugur eru annars vegar enda á kappinn ekki langt að sækja hæfileikana.
**22.30** **David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni! **0.15** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Íslenski popp listinn **21.30** I Bet You Will **22.03** Jing Jang **22.40** Kenny vs. Spenny **23.10** Sjáðu (e)

**23.35** Flight Command **1.35** Dr Jekyll and Mr Hyde **3.10** Kisses

**HALLMARK**

**12.45** A Promise Kept: The Oksana Baiul Story **14.15** Seventeen Again **16.00** Early Edition **16.45** A Child's Cry For Help **18.15** The Runaway **20.00** Law & Order Vi **20.45** Reversible Errors **22.15** The Runaway **0.00** Law & Order Vi **0.45** A Child's Cry For Help **2.15** State of Mind

**BBC FOOD**

**12.00** Rick Stein's Fruits of the Sea **12.30** Ready Steady Cook **13.00** New Scandinavian Cooking **13.30** Chefs at Sea **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Friends for Dinner **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Nigella Bites **16.30** Nigel Slater's Real Food **17.00** United States of Reza **17.30** James Martin: Yorkshire's Finest **18.30** Ready Steady Cook **19.00** New Scandinavian Cooking **19.30** Galley Slaves **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Tyler's Ultimate **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.00** Nationen **12.20** Hammerslag **12.50** Rabatten **13.20** Hvad er det værd? **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.00** Konrad og Bernhard **15.10** Tintin **15.30** Kim Possible **16.00** Fandango – med Chapper **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Lægens bord **18.00** Hokus Krokus **18.30** Konsum **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Kapring på åbent hav **21.10** Blind terror **22.35** Boogie

**SV1**

**13.00** Wild Kids **14.00** Rapport **14.05** Djursjukhuset **14.35** Perspektiv **15.05** Anslagstavlan **15.10** Karamelli **15.45** Pi **16.00** BoliBompa **16.01** Max och Ruby **16.25** Dagens visa **16.30** Mobilen **16.45** Lilla Aktuellt **17.00** Raggadish **17.30** Rapport **18.00** Mat/Niklas **18.30** Helt historiskt **19.00** Naturfilm – Det stora fiskafänget **20.00** Dokument utifrån: Soldater till salu **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Orka! Orka! **22.05** Sändningar från SVT24




# SUMARDAGURINN FYRSTI
## FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ Í HVERFUM BORGARINNAR

**VESTURBÆR:**
Fjölskylduskemmtun við Frostaskjól kl. 14:00-15:30. Skrúðganga frá Neskirkju kl. 13:30.
Fjölskyldudagskrá á vegum Vesturbæjarlaugar og Sunddeildar KR kl. 10-12, frítt í sundlaugina meðan á dagskrá stendur.

**AUSTURBÆR:**
Sameiginleg fjölskylduhátíð Tónabæjar og Þróttheima í Tónabæ kl. 13:00-15:00.
Fjölskylduhátíð í Víkinni kl. 14-16. Grill við Grímsbæ kl. 12-13, skrúðganga kl. 13:15 frá Grímsbæ í Bústaðarkirkju og þaðan haldið í Víkina.

**BREIÐHOLT:**
Fjölskylduskemmtun í Miðbergi kl. 14. Skrúðganga frá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti kl. 13 með viðkomu í Fella- og Hólakirkju.
Fjölskylduskemmtun í Hólmaseli kl. 14. Skrúðganga frá Þinni verslun kl. 13 með viðkomu í Seljakirkju.

**ÁRBÆR:**
Fjölskylduskemmtun í Ásnum kl. 14:00-16:00. Skrúðganga frá Árbæjarsafni kl. 12.15 með viðkomu í Árbæjarkirkju.

**GRAFARVOGUR:**
Fjölskylduskemmtun við Rimaskóla í Grafarvogi kl. 13:30. Skrúðganga frá Spöng og Íþróttamiðstöð Grafarvogs kl. 13:00.
Frístundaheimilin í Grafarvogi opin, uppskeruhátíð og andlitsmálun kl. 10:30-12:30.

**FÓLKVANGUR Á KJALARNESI:**
Fjölskylduskemmtun kl. 13:00-17:00. Frítt í sundlaugina.

**FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN:**
Meðal þess sem er í boði:
Heimsókn frá Þjóðleikhúsinu. Atriði úr leikritinu Klaufar og Kóngsdætur úr Ævintýraheimi H.C. Andersen kl 13.30.
Guðmundur A. Guðmundsson fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun heldur erindi um farfuglana í Vísindaveröldinni kl. 11.10 strax á eftir selagjöf.
Tréfuglasýning upp um öll tré í Fuglagarðinum frá krökkum úr frístundaheimilum Tónabæjar.
Nánari upplýsingar á: www.mu.is

FRÍTT ER Á FJÖLSKYLDUSKEMMTANIR Í HVERFUM BORGARINNAR.

ATH. OFANGREINDUR LISTI ER EKKI TÆMANDI, NÁNARI UPPLÝSINGAR Í NÆSTU FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ EÐA Á www.itr.is.

ÍTR



## HRÓSIÐ

*...fær Oddgeir Gylfason sem hljóp maraþon um síðustu helgi, sex árum eftir að nýra var grætt í hann.*

## AÐ MÍNU SKAPI

**HRUND ÓSK ÁRNADÓTTIR, SIGURVEGARI Í SÖNGVAKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA 2005**

# *Lolita, djass, rauðvín og Reykjavík*

**TÓNLISTIN** Djass með sitt af hvoru í bland. Á fóninum núna er *St. Germain* sem er hálfgerður tölvudjass, og svo *Miles Davis, John Coltrane* og *Billie Holiday*. Mér líkar allur djass, utan harðasta be-bopsins, og kynntist honum í gegnum vinkonu mína en faðir hennar er tónlistarmaður og spilaði oft fyrir okkur djass í uppvextinum.

**BÓKIN** *Lolita* eftir Vladimir Nabokov. Sumir hafa gagnrýnt hana vegna viðfangsefnisins, en eldri maður fær þráhyggju fyrir ungri stúlku. Bókin er ótrúlega vel skrifuð og virkilega sannfærandi ástarsaga, ef maður lítur framhjá vafasömu umfjöllunarefninu.

**BÍÓMYNDIN** Mig langaði í gott rauðvín eftir að hafa séð *Sideways*. Það er æðisleg mynd með raunsæjan húmor um venjulegt fólk í leit að sjálfu sér. Mynd um lífið eins og það er. Vínmenningin í myndinni höfðaði líka til mín því ég var skiptinemi í Frakklandi og hef mikinn áhuga á góðum vínum.

**BORGIN** Reykjavík á sólríkum degi, með sínu litskrúðuga mannlífi þegar fólk reynir að vera léttklætt úti við, þótt enn sé ótrúlega kalt.

**BÚÐIN** *Oni* er skemmtileg og sömuleiðis *Illgresi*, báðar í portinu mót Máli og menningu. Þar er kósí stemmning og hægt að tylla sér niður með kaffibolla, auk þess að finna öðruvísi fatnað og fleiri varning. Bókabúðir eru líka yndislegar að grúska í.

**VERKEFNIÐ** Ég lýk fimmta stigi í Nýja söngskólanum í maí og ligg í leiðinni yfir skólabókunum í MR. Þegar tími gefst til reyni ég svo að hlúa að hljómsveitinni *The Moods*, sem vonandi fær meiri alúð og rækt í sumar, en við fundum nafnið áður en við stofnuðum hljómsveitina.





**Lárétt: 1** neyða, **6** skinn, **7** belti, **8** málm, **9** tunna, **10** hestur, **12** hrein, **14** loka, **15** ull, **16** bogi, **17** stefna, **18** skítur.

**Lóðrétt: 1** stífni, **2** væl, **3** hreyfing, **4** gott á bragðið, **5** fæða, **9** væntumþykja, **11** vind, **13** gramsa, **14** skordýr, **17** tímabil.

**Lausn**

**Lárétt: 1** þvinga, **6** roð, **7** ól, **8** ál, **9** áma, **10** ess, **12** tær, **14** lás, **15** tó, **16** ýr, **17** átt, **18** saur.

**Lóðrétt: 1** þrái, **2** vol, **3** ið, **4** gómsætt, **5** ala, **9** ást, **11** kára, **13** róta, **14** lýs, **17** ár.






**JÚRÓVISJÓNFARARNIR BIRTA OG BÁRÐUR** Taka þátt í að kynna Selmu og framlag Íslendinga í Júróvisjón-söngvakeppninni á barnasjónvarpsstöð BBC, en bresk börn völdu lag Selmu sem eitt af sínum uppáhalds Júróvisjónlögum í ár.

Birta og Bárður í Stundinni okkar: Koma fram á CBBC vegna Júróvisjón

# Mikil ábyrgð, en gerum okkar besta!

Langþráður daumur er um það bil að rætast hjá þeim Birtu og Bárði í Stundinni okkar. Árum saman hefur þau dreymt um að verða fulltrúar Íslands í Júróvisjón söngvakeppninni, en ekki enn tekist að koma með rétta lagið eða hlotið náð ráðamanna í þeim efnum.

Það var svo barnastöð breska ríkissjónvarpssins CBBC sem teygði sig mót draumi Birtu og Bárðar með því að fá bresk börn til að velja uppáhalds Júróvisjónlögin sín þetta árið í viðleitni til að efla áhuga barnanna á söngvakeppninni.

„Bresku krakkarnir völdu lagið hennar Selmu sem eitt af sínum uppáhalds og til að kynna lagið og Selmu betur voru barnasjónvarpsstjörnur víðs vegar úr Evrópu fengnar til að kynna lag síns lands og segja eitthvað skemmtilegt í breska sjónvarpið,“ segir Birta, sem er bókstaflega að rifna úr stolti, ásamt auðvitað Bárði sem veit vart í hvorn fótinn hann á að stíga fyrir spenningi.

„Við Bárður urðum fyrir valinu, okkur til mikillar gleði, og á mánudaginn munum við taka upp myndband sem við sendum til CBBC og sýnt verður í barnatímanum. Við lítum að sjálfsögðu á þetta sem mikinn heiður því við höfum reynt að troða okkur í Júróvisjón í mörg ár og finnst þetta greinilegt skref upp á við. Við munum tala ensku, sem okkur finnst voða flott, og erum nú að semja fyndinn og sniðugan texta til að segja á spólunni,“ segir Birta, en myndbandið verður sýnt í aðdraganda keppninnar á Bretlandseyjum.

„Annars erum við að spá í að kynna okkur sem mest sjálf því við erum mjög ánægð með okkur, en kannski ef veður verður gott á mánudaginn munum við fara út og taka upp myndbandið í dæmigerðu íslensku umhverfi. En ef það verður rok er það ekki hægt því þá fýkur skikkjan hans Bárðar og við verðum í tómu tjóni,“ segir Birta alvarleg í bragði en alveg himinlifandi glöð með allt saman.

„Við erum viss um að Selmu tekst að vinna í ár með okkar hjálp, því okkar framlag mun örugglega hjálpa til við stigaveiðar í Bretlandi. Það er náttúrlega mikið á okkur Bárð lagt, en mögulega spurning um sigur ef þetta verður jafn tæpt og í Jerúsalem. Við erum þannig alveg að missa okkur úr spenningi en gerum okkur jafnframt grein fyrir þeirri ábyrgð sem á herðar okkar er lögð og munum að sjálfsögðu gera okkar besta!“ ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Skáksnillingurinn sérlundaði **Bobby Fischer** hefur fundið sér athvarf hjá **Braga Kristjónssyni**, fornbókasala í Bókavörðunni á Hverfisgötu. Fischer er nánast orðinn daglegur gestur hjá Braga og rótar í gömlum skruddum. Kappinn mun vera nokkuð klunnalegur og á það til að ryðja niður bókastöflum en eins og þeir vita sem verslað hafa hjá Braga teygja bókahrúgurnar sig upp í rjáfur. Viðskiptavinahópur Braga er ansi litríkur og hann státar af því að fastagestirnir eru allt frá ráðherrum til morðingja þannig að Fischer er síður en svo í slæmum félagsskap við Hverfisgötuna. **Halldór Blöndal**, forseti Alþingis, er til dæmis tíður gestur hjá Braga sem og utanríkisráðherrann **Davíð Oddsson** þannig að Fischer gæti vel rekist á þennan velgjörðarmann sinn innan um bókastaflana. Á þessum nöfnum má sjá að það eru ekki síst miklir skapmenn sem sækja til Braga og Fischer er því vel geymdur í Bókavörðunni þar sem Bragi er þekktur fyrir að senda alla út með bros á vör, enda svífur óvenjunotalegur andi yfir vötnum í návist bóksalans.





**Halldór Ásgrímsson** forsætisráðherra virðist hafa náð ákveðnum stjörnustatus þótt hann eigi í fljótu bragði ekki margt sameiginlegt með **Jónsa** og **Birgittu Haukdal** en þegar hann spókaði sig á Bankastræti á þriðjudagssíðkveldi fyrr í vikunni hópuðust að honum unglingsstúlkur og smelltu myndum af honum í gríð og erg. Atgangurinn og skrækirnir voru slíkir að fólk hefði frekar átt von á að poppstjarna væri að laða stúlkurnar að sér en ekki ráðsettur stjórnmálamaður á besta aldri. Halldór kippti sér þó hvergi upp við þetta enda ýmsu vanur, brosti landföðurlegu brosi og hélt sínu striki eins og ekkert hefði í skorist.






# Perlman fékk gámaklósett

Tökum á spennumyndinni The Last Winter lauk á laugardaginn var og gengu þær vonum framar að sögn Þórs S. Sigurjónssonar, annars framleiðenda myndarinnar.

Tökur fóru að hluta til fram á Mývatni og helmingurinn í stúdíói í Hafnarfirði. Bandaríski leikarinn Ron Perlman fer sem kunnugt er með aðalhlutverkið í myndinni. Hann er þekktur fyrir að gera ákveðnar kröfur um salernisaðstöðu á tökustöðum en það var fulllangt í næsta vatnssalerni frá Hólasandi.

Þór segir aðstöðuna á Mývatni hafa verið ágæta en þó þurfti að flytja gámaklósett á tökustað til þess að fólk þyrfti ekki að ferðast alla leið að hótelinu til þess að sinna þörfum sínum. „Við tókum upp á Hólasandi á milli Mývatns og Húsavíkur, um tuttugu mínútur frá hótelinu,“ segir Þór, sem virðist hafa staðist kröfur Perlmans með þessari lausn.

Þór segir aðspurður að erlendu leikararnir hafi kunnað vel við sig á landinu. „Það er þetta vanalega að það vilja allir flytja hingað og eru ástfangnir af landi og þjóð,“ segir hann og hlær.

Þegar talið berst að eftirminnilegum atvikum á tökustað hefur Þór þetta að segja: „Við vorum með litla sérsmíðaða flugvél sem við keyrðum á hjólum á Mývatni og sprengdum hana í loft upp. Við fengum bara eitt tækifæri til þess að gera það og hefði það klikkað hefðum við þurft að byggja hana aftur. En þetta gekk og það meira að segja kviknaði í einum manni, sem kom mjög vel út.“

Áhugasamir geta fræðst meira um myndina og skoðað myndir frá tökum á heimasíðu leikstjórans, Larry Fessenden, á slóðinni www.glasseypix.com. ■



**RON PERLMAN** Sagan segir að hann geri ákveðnar kröfur til salerna og vilji geta sturtað niður. Á Mývatni var honum boðið upp á gámaklósett.

# SUMARDAGAR

## Í SMÁRABÍÓI 21.-24. APRÍL!

**Aðeins 400 kr. í bíó á allar myndir alla helgina í boði bíó.is**
**og aðeins 1.000 kr. í Lúxussal!***

MELINDA MELINDA - CURSED - IN GOOD COMPANY - BE COOL - HITCH - ROBOTS/ VÉLMENNI

FRUMSÝNINGAR × VÆNTANLEGAR MYNDIR × SÝNISHORN × KVIKMYNDAFRÉTTIR × SÝNINGARTÍMAR





Skráðu þig í Bíóklúbbinn á www.bíó.is
Þú gætir komist á forsýningu á xXx2 fimmtudaginn
28. apríl eða Kingdom of Heaven þriðjudaginn 3. maí
– í boði bíó.is

BÍÓ.IS
– allt á einum stað

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Ath! 25% afsláttur!
Allar EGO kvittanir veita 25% afslátt í Laugarásbíó
LAUGARÁS BÍÓ
eGO
Meira fyrir peninginn




BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## PÁFINN

Þá er kominn nýr páfi, Joseph Ratzinger, sem hefur tekið sér páfanafnið Benedict sextándi. Ég er sáttur við hann. Ég hélt reyndar með Nígeríumanninum. Ég hefði alveg verið til í svartan páfa. Það mundi líka gera kirkjunni gott. Eða þá einhverjum frá Suður-Ameríku. En Benedict er líka frábær. Þetta er góður kall sem á örugglega eftir að reyna að gera sitt besta.

**SÍÐASTI PÁFI,** Jóhannes Páll annar, hafði mikil áhrif á fólk um allan heim. Ekki bara þann kaþólska. Hann var mannvinur. En hann var ákveðinn í skoðunum og fastheldinn. Margir segja að hann hafi verið íhaldssamur og staðið gegn framförum. En hann var líka mikill friðarsinni enda hafði hann kynnst hörmungum stríðs af eigin raun. En hvað sem fólki finnst um hann þá var hann einn mesti andlegi leiðtogi 20 aldarinnar og skrifaði fjölda bóka. Samt eru fár bækur þýddar eftir hann á Íslensku. Fullt af bókum eftir Dalai Lama en ekkert eftir páfann. Kannski af því að páfinn þorði að segja sannleikann og standa við hann. Það er sjaldnast vinsælt. Það er miklu auðveldara að segja það sem er vinsælt og allir eru sammála enda eru flestir að gera það.

**EN PÁFINN** er ekki heilagur. Hann er ekki fullkominn. Hann er bara maður. Hann er arftaki Péturs postula sem var líka maður og reyndar mjög breyskt eintak af manni. Þannig að páfinn er ekki óskeikull. Hann getur gert mistök. En hann er maður sem reynir, eftir fremsta megni, að lifa í nánu samfélagi við Guð.

**KAÞÓLSKA KIRKJAN** er elsta stofnun í öllum heiminum, helmingi eldri en Alþingi Íslendinga. Hún er ekki úrelt. Hún byggir á reynslu og stendur með sannfæringu sinni. Og hjarta hennar slær ekki endilega í Vatíkaninu heldur hvar sem hún starfar um allan heim. Líka hér á Íslandi. Hún byggir ekki á kreddum. Og kirkjan tekur ekki þátt í vinsældakosningum til að kaupa sér fylgi. Hún er fylgin sjálfri sér og trú sinni.

**VIÐ MEGUM** ekki falla í þá gryfju að halda að sannleikurinn sé það sama og vilji meirihlutans. Hann er það sjaldnast. Sumt er bara satt hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Og sannleikurinn er svo oft eitthvað sem við viljum alls ekki sjá. Og þá þarf að vera einhver sem hefur hugrekki til að standa vörð um hann.




**Og1** er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

**GSM**

**0 KR. HEIM**

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútugjöld í allt að 60 mínútur á dag.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr.
Gildir fyrir Frelsisnotendur með
500 kr. Frelsisáskrift.

**Heimasími**

**0 KR. INNANLANDS**

500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútugjald.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

**Internet**

**MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐÞAK**

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði **Og Vodafone**.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM áskrift, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**. Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.

og vodafone™

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

Heyrumst!



BRIDGESTONE Firestone

FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA



Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Gleðilegt SUMAR! DEKK

**Bridgestone D694**
eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.

**Firestone F590** er að öllum líkindum **langódýrasta ALVÖRU fólksbíladekkið** sem þér stendur til boða í sumar.

VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-



HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

BRÆÐURNIR ORMSSON

**LÁGMÚLA 9** (ekið inn af Háaleitisbraut) · **SÍMAR 530-2846 / 530-2842 / 530-2800**